allt

ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON

*Alsæll með metangas-bílinn sinn*

bílar ferðir tíska

Í MIÐJU BLAÐSINS



## SKÓLAR OG NÁMSKEIÐ

HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN

*Gamlar aðferðir á nýjum tímum*

SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU




QUENTIN TARANTINO

*Yfirlýsingar hans mælast ekki vel fyrir*

Góðvinur hans, Eli Roth, er ekki sáttur við hann

FÓLK 54




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. janúar 2006 — 6. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


### Á öll mín bestu ár eftir



Leikarinn Forest Whitaker ræðir við Fréttablaðið um A Little Trip to Heaven og samstarfið við Baltasar.

VIÐTAL 22

### Rússneskt jólaball

Félagið MÍR heldur jólaball í dag enda hófust jólin í gær samkvæmt tímatali sem rússneska rétttrúnaðarkirkjan miðar við.

TÍMAMÓT 20



### Myndar ofurfyrirsæturnar

Kjartan Már hefur tekið þátt í myndatökum með Matt Dillon, Jennifer Lopez og Hilary Swank, en samt sem áður sækir hugurinn heim.

VIÐTAL 34

### Dagur hefur áhuga



Dagur Sigurðsson er einn þriggja þjálfara sem orðaðir eru sem eftirmenn Alfreðs Gíslasonar hjá félaginu. Dagur kveðst ekkert hafa heyrt frá félaginu en hefur að sjálfsögðu áhuga á starfinu.

ÍÞRÓTTIR 48

### VEÐRIÐ Í DAG




**FREMUR HÆG SUÐVESTANÁTT** fram eftir degi en síðdegis má búast við heldur meiri vindi og strekkingi á Vestfjörðum. Lítilsháttar él vestanlands og frost 0-5 stig.

VEÐUR 4

# Sérsveit fangavarða réðst til atlögu á Kvíabryggju

**Sérsveit lögreglumanna og fangavarða gerði allsherjarleit í klefum allra fanga á Kvíabryggju í gær. Leitað var að fíkniefnum, nettengdum tölvubúnaði og farsímum. Ástæða aðgerðarinnar var bloggsíða sem nokkrir fangar hafa haldið úti um skeið, í óþökk fangelsismálayfirvalda.**

**FANGELSISMÁL** Sérsveit fangavarða frá Litla-Hrauni, tölvusérfræðingar lögreglunnar í Reykjavík og lögregla með fíkniefnahund gerðu ítarlega leit í klefum allra fanga á Kvíabryggju í gærdag. Hófst aðgerðin í gærmorgun og stóð fram eftir degi, að sögn Valtýs Sigurðssonar, forstöðumanns Fangelsismálastofnunar.

„Undirrótin að þessari aðgerð, sem hefur staðið yfir í dag, er bloggsíða sem haldið hefur verið úti í nafni tiltekinna fanga þarna,“ sagði Valtýr, þegar Fréttablaðið ræddi við hann síðdegis í gær. Átti hann þar við bloggsíðu undir kenniorðinu „kraftajotnar“ sem haldið hefur verið úti um skeið. Valtýr sagði enn fremur tilgang aðgerðarinnar þann að athuga hvort einhver nettenging leyndist innan veggja fangelsins. Athygli hefði vakið hversu fljótir fangarnir væru að koma efni inn á síðuna og því hefði Fangelsismálastofnun tekið þá ákvörðun að láta fara fram allsherjarleit.

„Það fer ekkert á milli mála að við erum óánægðir með þetta,“ bætti Valtýr við. „Þetta er uppfullt af klámi, rangfærslum og vitleysu. Við höfum fengið upphringingar þar sem kvartað hefur verið yfir þessu. Við vildum fyrst og fremst ganga úr skugga um að lögum væri framfylgt um að fangar væru ekki nettengdir né farsímar í gangi innan veggja fangelsins. Aðgerðin beindist fyrst og fremst að því, auk þess sem um leið var gerð almenn leit að fíkniefnum.“

Spurður hvort spjallsíðu fanganna yrði lokað sagði Valtýr að það væri erfitt um vik. Einhver utan fangelsins skrifaði inn á síðuna fyrir viðkomandi fanga samkvæmt símtölum eða sendibréfum. Ekki væri verið að hefta málfrelsi fanganna með því að stöðva skilaboð þeirra inn á síðuna. Ef þeir vildu vinna með þeim hætti sem raun bæri vitni, og gera þar með sjálfum sér og fangelsismálayfirvöldum þann óleik, þá væri það í þeirra valdi að meta það.

„Við erum búnir að reyna að fá þá til þess að hætta þessu því við teljum að þetta vinni gegn þeirri stefnu sem við erum að vinna eftir, sé neikvætt fyrir staðinn og þá vinnu sem við erum að vinna í fangelsinu og öllum til ama nema einhverjum fáum einstaklingum,“ bætti hann við.

Leitin og skýrslutökurnar á Kvíabryggju stóðu enn yfir síðdegis í gær. jss@frettabladid.is



**JÓLIN KVÖDD** Líf og fjör var á þrettándagleði á Akureyri í gærkvöldi og voru alls kyns púkar, álfar og tröll á ferli. Þar var líka álfakonungurinn og drottning hans og svo auðvitað jólasveinarnir sem héldu til fjalla að gleðinni lokinni. Íþróttafélagið Þór gekkst fyrir hátíðinni líkt og mörg undanfarin ár og kveðja fjölmargir Akureyringar jólin á þrettándagleðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/KJK

Al-Zawahri á al-Jazeera:

## Brotthvarfi hersins fagnað

**KAÍRÓ, AP** Ayman al-Zawahri, hægri hönd Osama bin Laden, leiðtoga Al Kaída, lýsti yfir innilegri ánægju sinni með heimkvaðningu bandarískra hermanna frá Írak. Yfirlýsingin birtist á arabísku sjónvarpsstöðinni al-Jazeera í gær og vakti að vonum mikla athygli enda fátítt að al-Zawahri komi fram.

„Í dag óska ég allri íslömsku þjóðinni til hamingju og blessa íslamskan sigur í Írak,“ sagði al-Zawahri í myndbandinu. Hann var íklæddur gráum serk og með sjálfvirkan riffil í hönd.

Formælandi al-Jazeera sjónvarpsstöðvarinnar telur að myndbandið sé frá því í desember en þá lýsti Donald Rumsfeld, landvarnaráðherra Bandaríkjanna, að hermönnum yrði fækkað verulega í Írak á árinu 2006. ■

Tæplega tveggja punda gullfiskur fannst í heitri tjörn við Húsavík:

# Risagullfiskur við Húsavík

**SKRAUTFISKAR** Risagullfiskur fannst á nýársdag í baðlóninu við Kaldbak sunnan Húsavíkur og mældist hann 34 sentimetrar að lengd og vó 850 grömm. Jón Sverrisson, gullfiskasérfræðingur Dýraríkisins í Reykjavík, segir þetta að líkindum stærsta gullfisk sem lifað hefur á Íslandi og ljóst að hann hafi fengið nægа og góða fæðu í baðlóninu.

Fuglaáhugamaðurinn Gaukur Hjartarson fann fiskinn dauðan en bróðir hans, Hreinn Hjartarson veitustjóri Orkuveitu Húsavíkur, segir að um hálfum tug gullfiska hafi verið sleppt í lónið fyrir rúmu ári. „Það er á huldu hverjir stóðu að sleppingunni en vitað er að fiskarnir voru þá einungis nokkrir sentimetrar að stærð. Kælivatn frá orkustöð Orkuveitu Húsavíkur rennur í lónið og er vatnið í því 20 til 30 gráðu heitt en það er kjörhitastig fyrir gullfiska,“ segir Hreinn.



**HÚSVÍSKA TRÖLLIÐ** Gullfiskurinn í baðlóninu við Húsavík er á stærð við karfa, en svo stórir verða gullfiskar ekki nema við rétt hitastig í tjörnum þar sem gnægð er af fæðu. Fréttablaðið/KK

Gullfiskar eru algengir skrautfiskar á Íslandi en Jón Sverrisson segir þá geta orðið allt að þrjú kíló að þyngd ef þeir lifa við gott atlæti í tjörnum. „Þessir fiskar voru fluttir frá Asíu til Evrópu um 1550 en Kínverjar ræktuðu þá upphaflega til matar,“ segir Jón.- kk


MEÐAL LESTUR 12-49 ÁRA

**Fólk undir fimmtugu velur Fréttablaðið!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



**Þökkum landsmönnum frábærar viðtökur**





## SPURNING DAGSINS

*Geiri, finnst stelpunum ekki gott að búa í Kópavogi?*

„Jú, stelpunum finnst gott að búa í Kópavogi, en miðbærinn er miðbærinn“.

Ásgeir Davíðsson, eða Geiri á Goldfinger eins og hann er betur þekktur, keypti á dögunum hús í miðbænum því hann sagði að stelpurnar sínar vildu búa í miðbænum.

Verktakafyrirtækið Eykt fær 80 hektara byggingaland í Hveragerði:

# Greitt fyrir landið með leikskóla

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hveragerðisbær og verktakafyrirtækið Eykt hafa gert með sér samkomulag um skipulag og byggingu á 78 hektara eignarlandi bæjarins.

Verkefnið var ekki boðið út enda er ráðist í það að frumkvæði Eyktar. Það gagnrýnir Aldís Hafsteinsdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins, sem er í minnihluta bæjarstjórnar. Hún bendir meðal annars á viðkomandi byggingasvæði sé um 90 prósent af óbyggðu eignarlandi Hveragerðisbæjar. Því sé verið að færa einum aðila gríðarlega hagsmuni á silfurfati.“

Aldís segir ennfremur að það sem svona sé staðið að málum sé með öllu óvitað hvert raunverulegt verðmæti landsins sé.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR** Framtíðarbyggingaland Hveragerðisbæjar liggur í hlíðinni í kringum Ölfusborgir og að sveitabænum Gljúfurholti.

Í stað byggingaréttar á landinu ætlar Eykt að reisa á því leikskóla fyrir Hveragerðisbæ sem metinn er á 80 milljónir króna. Félagið mun ekki greiða annað eða meira fyrir landið.



**ORRI HLÖÐVERSSON** Hveragerðisbær skuldar 600 milljónir í árslok og því er 400 milljóna framkvæmd á nýju byggingasvæði fullstór biti, að mati Orra Hlöðverssonar bæjarstjóra.

Orri Hlöðversson bæjarstjóri Hveragerðisbæjar segir bæinn njóta tekna af lóðaúthlutun upp á 250-300 milljónir króna auk þess sem bærinn fái landið aftur afhent að þrettán árum liðnum.

Aðalskipulag svæðisins hefur verið auglýst og verður borið upp til samþykktar eftir tæpar þrjár vikur. Á svæðinu á að rísa blönduð byggð fyrir 2.100 íbúa á næstu tólf árum og tvöfaldast þar með íbúafjöldi bæjarins. Samningurinn verður tekinn fyrir í bæjarstjórn eftir tvær vikur. Í honum er einnig gert ráð fyrir að bærinn byggi grunnskóla fyrir um 924 milljónir króna og fjórar deildir við leikskólann.

Aldís Hafsteinsdóttir segir mikilvægt að raunverulegt virði landsins sé fundið út og það gerist með útboði. Sjálf segir hún verðmætið geta verið allt að 800 hundruð milljónir króna. **- ghs**



**JÓN KRISTJÁNSSON HEILBRIGÐISRÁÐHERRA** Þiggur aðeins gjafir í embættisverkum sínum. Fréttabladið/GVA

Gjafir heilbrigðisráðherra:

## Fékk postulínshana að gjöf

**GJAFIR** Ungliðahreyfingu Samfylkingarinnar hefur borist svar frá heilbrigðisráðherra um gjafir sem ráðherrann fékk í starfi á árinu 2005.

Á meðal þeirra gjafa sem hann þáði voru postulínshani, bók um kínverska tónlist og lítil bambuskarfa.

Eina persónulega gjöfin sem ráðherra fékk á árinu sem leið voru mólitir ullarsokkar, sem hann fékk að gjöf frá þingkonum. **- æþe**

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Líf Sharons hangir á algerum bláþræði

**Skapadægur Ariels Sharon, forsætisráðherra Ísraels, virðist rétt handan við hornið en batahorfur hans versnuðu mjög í gær þegar heilablæðing tók sig upp á ný. Fylgi Kadima, flokks Sharons, hefur ekki dalað þrátt fyrir veikindin.**

**JERÚSALEM, AP** Enn syrtir í álinn hjá Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, en hann fékk aðra heilablæðingu í gær svo að langrar skurðaðgerðrar var þörf. Honum verður haldið sofandi að minnsta kosti fram á sunnudag.

Batahorfur Ariels Sharon dvínuðu verulega í gærmorgun þegar blæðingar í heila hans hófust á ný. Læknar á Hadassah-sjúkrahúsinu í Jerúsalem ákváðu þegar í stað að leggja hann undir hnífinn og fimm klukkustundum síðar náðu þeir að stöðva blæðingarnar.

Að sögn Shlomo Mor-Yosef, forstjóra sjúkrahússins, tókst að fjarlægja blóðkekki úr höfði Sharons og við það varð líðan hans stöðugri. Hann bætti því við að heilalínurit sem gerð voru eftir aðgerðina bentu til „verulegra framfara“ án þess að útskýra þær rannsóknir frekar. Ron Krumer, annar talsmaður sjúkrahússins sagði að Sharon yrði haldið sofandi að minnsta kosti fram á hádegi á sunnudag. Engar frekari upplýsingar verða gefnar um líðan hans fyrr en helgi hvíldardagsins er úti, við sólsetur í kvöld.

Erlendir læknar eru ekki eins bjartsýnir á að Sharon komist til heilsu á ný. „Þetta hljómar eins og örvæntingarfull tilraun til að bjarga því sem bjargað verður en batahorfurnar hljóta að teljast hörmulegar,“ sagði Anthony Rudd, sérfræðingur í hjarta- og æðasjúkdómum í Lundúnum í samtali við AP-fréttastofuna.



**ÚTLITIÐ ER DÖKKT** Shlomo Mor-Yosef, forstjóri Hadassah-sjúkrahússins, reyndi að gera gott úr stöðunni en vonleysissvipurinn á andliti hans segir allt sem segja þarf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brotthvarf Sharons virðist ekki hafa teljandi áhrif á fylgi Kadima, hins nýstofnaða flokks hans, því skoðanakönnun dagblaðsins Yediot Ahronot bendir til að hann fengi 39 af 120 þingsætum á Knesset undir stjórn Ehud Olmert, starfandi forsætisráðherra. Verkamannaflokkurinn fengi 20 sæti og Likud-bandalagið 16 samkvæmt sömu könnun. Ef hinn aldni Shimon Peres leiddi Kadima fengi flokkurinn 42 þingsæti en talið er ólíklegt að hann taki við formannsembættinu. Ráðamenn í flokknum lýstu í það minnsta eindregnum stuðningi við Olmert í gær.

Viðbrögð við veikindum Sharons létu ekki á sér standa. Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði Sharon „mann mikillar hugdirfsku“ en hún aflýsti för sinni til Asíu og Ástralíu í gær vegna málsins. Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, hringdi í Olmert í gær og bað fyrir bataóskir til Sharons. Hann kvaðst mjög áhyggjufullur vegna veikindanna.

sveinng@frettabladid.is



**SYSTKININ SYRGÐ** Þrjú tyrknesk systkini liggja í valnum eftir að hafa fengið fuglaflensu. Bróðir þeirra, sem einnig veiktist, er hins vegar óðum að ná sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fuglaflensan í Tyrklandi:

## Þrjú systkini dáin úr flensu

**TYRKLAND, AP** Hulya Kocyigit, ellefu ára gömul tyrknesk stúlka frá tyrkneska bænum Van, dó í gær úr fuglaflensu, að því er talið er. Bresk rannsóknarstofa staðfesti í gær að banamein bróður hennar og systur væri fuglaflensa af H5N1-stofni en þau létust fyrr í vikunni. Auk þeirra liggur stúlka þungt haldin á sjúkrahúsi í Van, smituð af H5N1-stofninum.

Dauðsföllin eru þau fyrstu af völdum flensunnar í Evrópu en þegar hafa rúmlega sjötíu látist í Suðaustur-Asíu af þessum sökum.

Necdet Unuvar, aðstoðarheilbrigðisráðherra Tyrklands sagði í gær að ekkert benti til þess. ■

## EGILSSTAÐIR

**400 Pólverjar til Bechtel** Tvær þotur lentu á Egilsstaðaflugvelli í gær en þær fluttu 400 pólska starfsmenn, sem voru ýmist að koma til baka úr jólafríi eða koma nýir til starfa hjá Bechtel í Reyðarfirði. Um 20 manns þurfti til að tollafgreiða fólkið.






Vinnumálastofnun tekur við rekstri fæðingarorlofssjóðs:

# Starfsemin flutt út á land

**STJÓRNSÝSLA** Félagsmálaráðuneytið hefur sagt upp þjónustusamningi við Tryggingastofnun um rekstur fæðingarorlofssjóðs frá og með næstu áramótum.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra segir uppsögn samningsins ekkert hafa með stórf Tryggingastofnunar að gera heldur sé um endurskipulagningu að ræða. Starfsemi sjóðsins sé frekar vinnumarkaðstengd en heilbrigðismálatengd þess vegna muni Vinnumálastofnun taka við rekstri hans.

„Það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að efla atvinnulífið úti á landsbyggðinni og þarna er tækifæri til að flytja tólf til fjórtán störf út á land,“ segir Árni. „Vinnumálastofnun er meðal annars með starfsstöðvar á Norðvesturlandi þar sem atvinnulífið hefur átt undir högg að sækja. Ég reikna því með að störfin muni flytjast þangað og koma Skagaströnd, Hvammstangi og Blönduós öll til greina. Jafnvel gæti verið möguleigt að dreifa störfunum á þessa staði.“

Árni segir að um sé að ræða sérfræði- og skrifstofustörf. Aðspurður hvort ekki þurfi að segja upp fólki hjá Tryggingastofnun vegna þessa segist hann ekki endilega telja það en forstjóri stofnunarinnar verði að svara því. Árni segir að Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri hafi átt fund með Karli Steinari Guðlaugssyni, forstjóra Tryggingastofnunar í gærmorgun og að Karl Steinar sýndi þessum breytingum skilning. **- th**

**ÁRNI MAGNÚSSON** Fyrir Alþingi liggur frumvarp félagsmálaráðherra um aðstoð við langveik börn. Hann segir að ef frumvarpið verði samþykkt þýði það einhverja umsýslu og að störf sem henni tengist muni flytjast út á land.






**Það fylgir því stórkostleg tilfinning að vinna en stundum er bara einfaldara að halda því út af fyrir sig. Á þessu ári drögum við út yfir 200 milljónamæringa. Tryggðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is. Við látum þig vita þegar þú vinnur – en engan annan.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.01.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,94 | 61,24 |
| Sterlingspund | 106,96 | 107,48 |
| Evra | 73,66 | 74,08 |
| Dönsk króna | 9,872 | 9,93 |
| Norsk króna | 9,285 | 9,339 |
| Sænsk króna | 7,901 | 7,947 |
| Japanskt jen | 0,5242 | 0,5272 |
| SDR | 88,17 | 88,69 |

*Gengisvísitala krónunnar*
103,1916

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Starfsmenn leikskóla í Kópavogi ósáttir við bæjaryfirvöld:

# Annars flokks samfélag

**KJARAMÁL** Leikskólastarfsmenn í Kópavogi eru ekki sáttir við starfshætti yfirvalda þar í bæ. Jenný Gunnarsdóttir, leikskólakennari á Fagrabrekku, segir að starfið hafi verið mjög erfitt í allt haust. „Það má í raun segja að þegar um fjölskyldumál er að ræða þá er Kópavogur annars flokks samfélag. Starfsmenn eru mjög óánægðir með ástandið og ef það kemur ekkert jákvætt frá bæjarstjórninni eftir launamálaráðstefnuna þá eru góðar líkur á að við hverfum allar frá störfum,“ segir hún.

Leikskólastjórinn á Álfaheiði, Elísabet Eyjólfsdóttir, segir eitt af einkennum gæðastarfs vera stöðugleika í starfsmannamálum en að leikskólarnir hafi hins vegar þurft að glíma við mikla óvissu í þeim málum. Hún segir að það þurfi að finna heildstæða lausn í leikskólamálum.

Þröstur Brynjarsson, varaformaður Félags leikskólakennara, segir að félagið leggi áherslu á að fólk staldri aðeins við því að stutt sé þangað til launamálaráðstefnan hefst. „Við bíðum bara bjartsýn eftir niðurstöðum launamálaráðstefnunnar,“ segir hann. - sk



**LEIKSKÓLINN RJÚPNAHÆÐ** Deildum á Rjúpnahæð er lokað daglega vegna starfsmannaeklu. Leikskólastarfsmenn segja ástandið óviðunandi.

Ungir sjálfstæðismenn:

# Ósammála forystunni

**STJÓRNMÁL** Samband ungra sjálfstæðismannaskoraráþingmenn og ráðherra Sjálfstæðisflokksins að beita sér aldrei gegn friðsömum mótmælendum til að vernda hugarró erlendra harðstjóra.

Ályktun þessa efnis var samþykkt á fundi stjórnar í vikunni. Var það gert í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis í Falun Gong málinu svokallaða, sem telur að annmarkar hafi verið á þeirri ákvörðun stjórnvalda að synja iðkendum Falun Gong landgöngu á sínum tíma.

Meðlimir Falun Gong hyggja á málaferli til að fá hlut sinn réttan. - sk



**HAFNARFJÖRÐUR** Tvö fíkniefnamál komu þar upp með stuttu millibili í fyrrinótt.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fíkniefni tekin í Hafnarfirði:

# Tveir teknir með fíkniefni

**FÍKNIEFNAMÁL** Tvö óskyld fíkniefnamál komu upp með stuttu millibili í Hafnarfirði um miðnætti í fyrrakvöld. Tveir ungir menn voru handteknir.

Sá fyrri var handtekinn eftir að í fórum hans fundust tveir neysluskammtar, einn af kókaíni og annar af amfetamíni. Hinn hafði smáræði af amfetamíni á sér.

Að yfirheyrslum loknum var mönnunum sleppt og eru málin upplýst að sögn lögreglu. - æþe

## NÝJA-SJÁLAND

**Lágmarkslaun hækka** Atvinnurekendur á Nýja-Sjálandi segja áætlanir stjórnvalda um að hækka lágmarkslaun í landinu koma sér afar illa á sama tíma og verðbólga hefur gert vart við sig. Vilja yfirvöld hækka lágmarkslaun á tímann í 557 krónur.

**Þola ekki jarðskjálfta** Flestir af stærri spítölum í stærstu borgum landsins munu ekki þola harða jarðskjálfta ef slíkar náttúruhamfarir verða. Kom þetta í ljós þegar ný og strangari byggingalög voru sett og eru spítalar því dauðagildrur ríði skjálfti yfir.

**Hundrað prósent árangur** Árangur lögreglunnar í Christchurch á Nýja-Sjálandi við að upplýsa morð er hundrað prósent annað árið í röð, en handtökur hafa verið gerðar vegna allra þeirra 24 morða sem átt hafa sér stað í borginni síðustu tvö árin.

# Foreldrar missa vinnuna

**Ófremdarástand hefur ríkt í leikskólum Kópavogsbæjar undanfarna mánuði. Tugir starfsmanna hafa sagt upp störfum og leikskólastjórar hafa neyðst til að loka deildum. Foreldrar leikskólabarna hafa misst vinnuna vegna ástandsins. Þeir eru undrandi og reiðir vegna slælegra viðbragða bæjarstjórnar.**

**KJARAMÁL** Hátt í 50 starfsmenn á leikskólum Kópavogsbæjar, eða rúmlega 12 prósent allra leikskólastarfsmanna í bænum, hafa sagt upp störfum. Á fimm leikskólum hefur þurft að grípa til lokana deilda eða foreldrar hafa verið beðnir um að sækja börnin fyrr. Í þessum skólum eru samtals um 500 börn og því ljóst að daglegt líf margra fjölskyldna er í uppnámi vegna málsins.

Mikil óánægja er meðal starfsmanna með launakjör og foreldrar barna á leikskólunum segjast undrandi og reiðir vegna slælegra viðbragða bæjarstjórnar Kópavogs. Launamálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er framundan og yfirvöld í Kópavogi hafa sagt að þau vilji bíða með viðræður við starfsmenn þangað til að henni er lokið.

Þorvaldur Daníelsson, talsmaður foreldrafélaga á leikskólum Kópavogsbæjar, segir ástandið slæmt og hann segist ekki skilja þá ákvörðun að bíða eftir niðurstöðum launamálaráðstefnunnar. „Það leysir ekki vandann sem nú er fyrir hendi, á sama tíma og menn eru að ræða málin þar og sama hver útkoman verður þá er fólk að hætta,“ segir Þorvaldur. „Hvað á að líða langur tími þangað til að þetta ágæta fólk áttar sig á því að það er ekki við þetta unað? Það er reyndar þannig að starfsfólk kemur og fer á leikskólum en við foreldrarnir finnum sérstaklega fyrir óróanum og hvernig hann kemur fram hjá börnunum.“

Þorvaldur segir að foreldrar barna á leikskólum hafi misst af atvinnutækifærum vegna ástandsins. „Ég veit um dæmi um að fólk hafi verið að ganga frá ráðningarsamningum og sagt frá því að þeir væru með barn á leikskólaaldri og fengið þau svör frá fyrirtækjunum að þar sé verið að leita að starfsfólki í 100 prósent stöðu. Einnig hef ég heyrt að aðrir hafi hreinlega misst vinnuna vegna þess að þeir eiga barn á leikskóla í Kópavogi.“

Laufey Dís Ragnarsdóttir er foreldri tveggja barna á leikskólanum Rjúpnahæð, en þar hefur þurft að loka deildum vegna starfsmannaeklu frá því í september. Að hennar sögn kemur það henni og eiginmanni hennar mjög vel að hafa sveigjanlegan vinnutíma, en það auðveldar þeim að fást við vandann sem skapast vegna lokana og uppsagna. Samt sem áður segir hún að mikið stress fylgi eilífum lokunum. „Það er mjög erfitt að skipuleggja dagana því það er alltaf óvissa með næsta dag og maður getur rétt ímyndað sér hvernig aðstæður einstæðra foreldra eru,“ segir hún.

steinar@frettabladid.is



**LEIKSKÓLINN NÚPUR** Fimmtán starfsmenn hafa sagt upp störfum á Núpi.

**SMÁRAHVAMMUR**

Engir starfsmenn hafa sagt upp á Smárahvammi en þó hefur þurft að senda börn heim vegna starfsmannaeklu. Samtals eru 95 börn á Smárahvammi.




**FÍFUSALIR**

Alls hafa 12 starfsmenn sagt upp á leikskólanum Fífusölum. Þar var deildum lokað í september og október. 119 börn eru í leikskólanum.



**RJÚPNAHÆÐ**

Sjö starfsmenn hafa skilað inn uppsagnarbréfi á Rjúpnahæð. Þar eru 103 börn. Pláss er fyrir 119 börn en vegna starfsmannavanda eru ekki fleiri börn í skólanum. Loka hefur þurft deildum frá því í september.




**NÚPUR**

Alls hafa 15 starfsmenn ákveðið að segja upp á Núpi. Heildarfjöldi barna í leikskólanum er 104 og vegna starfsmannaeklu hefur deildum verið lokað. Einnig hefur þurft að senda börnin heim áður en skóladeginum lýkur.



**KÓPASTEINN**

Sex starfsmenn hafa sagt upp störfum á leikskólanum. Þar hefur þurft að senda yngri börnin heim vegna þess að starfsmenn hafa ekki verið nógu margir. Heildarfjöldi barna á Kópasteini er 75.









## VEÐURSPÁ



Guðríður Amardóttir
Náttúrufræðingur

**Skaplegt veður!** Vindur verður víðast nokkuð skaplegur í dag, hann blæs áfram úr suðvestri en það bætir í vind í kvöld á Norðvesturlandi. Það er að kólna og stöku él geta fallið í dag vestanlands og allra austast.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur hægur vindur fram eftir degi og fremur bjart en lítilsháttar él af og til. Bætir heldur í vind síðdegis. Hiti við frostmark.

*um hádegi »*




*» á morgun*




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C | léttskýjað | París | 4°C | sk.m.köflum | Alicante | 14°C | skýjað |
| Osló | -1°C | léttskýjað | Berlín | -1°C | léttskýjað | Mílanó | 7°C | sk.m.köflum |
| Stokkhólmur | 2°C | skýjað | Frankfurt | 2°C | léttskýjað | New York | 4°C | sk.m.köflum |
| Helsinki | -2°C | léttskýjað | Madríd | 8°C | sk.m.köflum | San Francisco | 14°C | rigning |
| London | 4°C | léttskýjað | Barcelona | 14°C | sk.m.köflum | Orlando/Flórída | 18°C | heiðskírt |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




# Stærsta útsalan er hafin!

**Misstu ekki af fyrstu dögum útsölunnar**

Gerðu góð kaup á stærstu útsölu landsins.

Yfir 100 verslanir, troðfullar af flottum vörum!

## Opið frá 10 til 18

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200




## KJÖRKASSINN

*Ferðu á útsölur eftir jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 40% |
| Nei | 60% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Á að ráðast í gerð Norðlingaölduveitu?*

Svaraðu spurningunni á vísi.is

Charles Kennedy, leiðtogi frjálslyndra demókrata, berst fyrir pólitísku lífi sínu:

# Tveir þingmenn hóta afsögn

**BRETLAND** Tveir þingmenn frjálslyndra demókrata hóta að segja af sér embætti stígi Charles Kennedy, leiðtogi þeirra, ekki úr stóli sínum.

Charles Kennedy, leiðtogi frjálslyndra demókrata, virðist hafa glatað trausti lykilmanna í þingflokki sínum en ellefu þeirra hafa skrifað undir ályktun þar sem skorað er á hann að segja af sér. Í gær hótuðu þeir Andrew George og Norman Lamb, talsmenn flokksins í þróunar- og viðskiptamálum, að segja af sér þingmennsku tæki Kennedy ekki poka sinn þegar í stað.

Kennedy nýtur talsverðrar hylli meðal almennings en hans eigin flokksmenn hafa lengi haft horn í síðu hans. Drykkjuvandamál leiðtogans er á allra vitorði enda hefur hann ítrekað misst af mikilvægum umræðum í þinginu. Í fyrradag viðurkenndi hann að hafa farið í áfengismeðferð fyrir tveimur mánuðum og sagðist hann tilbúinn að mæta hverjum sem væri í leiðtogakjöri. Í gær sagðist hann hafa fundið fyrir miklum stuðningi eftir játningu sína.



**BARÁTTUJAXL** Charles Kennedy kvaðst í gær snortinn yfir stuðningnum sem honum hefði verið sýndur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vince Gable, sá sem hafði forgöngu um áskorun ellefumenninganna, sagði í viðtali við BBC í gær að kæmi til leiðtogaslags þar sem Kennedy væri á meðal þátttakenda myndi flokkurinn klofna. Því væri mikilvægt að Kennedy hætti sjálfviljugur.

Enn hefur enginn lýst yfir framboði en Sir Menzies Campell, hægri hönd Kennedys, segist ekki munu bjóða sig fram gegn honum. **- shg**

Framkvæmdastjóri Samiðnar:

# Siðleysi á þingi – græðgi hjá FL

**OFURLAUN** Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segir að samþykkt eftirlaunafrumvarpsins fyrir nokkrum árum hafi verið dapurlegt mál því að þar hafi alþingismenn sinnt sínum sérhagsmunum. Það hafi verið siðlaust af hálfu Alþingis.

Starfslokasamningana hjá FL Group telur Þorbjörn að ekki sé hægt að bera saman við eftirlaunin. Starfslokasamningarnir séu fyrst og fremst græðgi. Ef hluthafarnir séu tilbúnir til að haga sér með þessum hætti sé ekkert við því að gera en það jaðri samt við siðleysi. **- ghs**



**LÁTINNA MINNST** Krossar með hjálmum nokkurra námaverkamannanna hafa verið reistir í bænum Philippi, nærri Sago-námunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur kolanámumaður:

# Ennþá í dauðadái eftir slysið

**BANDARÍKIN** Eini verkamaðurinn sem lifði af sprenginguna sem varð í kolanámu í Vestur-Virginíu fyrr í vikunni er enn í dái og hugsanlegt er að hann hafi hlotið heilaskaða.

Randal McCloy yngri var yngstur þeirra þrettán sem festust inni í Sago-kolanámunni en tæpir tveir sólarhringar liðu áður en björgunarmenn komust til þeirra. Vegna misskilnings var fjölskyldum þeirra fyrst greint frá því að aðeins einn hefði látist og tólf bjargast en síðar kom í ljós að því var öfugt farið.

Talið er víst að ellefu mannana hafi látist af völdum eitraðra lofttegunda í námunni en einn hafi dáið í sprengingunni sjálfri. ■

Hassfundur í Eyjum:

# Rannsókn miðar vel

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglunnar í Vestmannaeyjum á fíkniefnamálinu sem kom þar upp á gamlársdag miðar vel. Lögreglan gerði nokkrar húsrannsóknir í gær og fyrradag og lagði hald á eitt gramm af hassi en áður hafði fundist hass, amfetamín, kókaín og e-töflur. Tugir manna hafa verið yfirheyrðir. Einn maður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á laugardag. ■

# Þurfa bleiur eftir endaþarmsmök

**Þverfagleg nefnd, með Landlæknisembættið í broddi fylkingar vinnur nú að áætlun til að sporna við afbrigðilegu kynlífi unglinga. Nefndin vill koma á meiri fræðslu með tilstuðlan skóla og foreldra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Þverfagleg nefnd, með Landlæknisembættið í fararbroddi, starfar nú að því að miðla betri upplýsingum til barna og unglinga um þá hættu sem stafar af afbrigðilegu kynlífi, svo sem endaþarmsmökum. Í nefndinni sitja meðal annars fulltrúar frá Heimili og skóla, Barnaheillum, prestum, skólakerfinu, umboðsmanni barna, læknanemum í HÍ og Barnaverndarstofu.

„Markmiðið með starfi hópsins er að börn og ungmenni fái betri upplýsingar, og það fyrr en áður,“ segir Salbjörg Bjarnadóttir, forvarnafulltrúi hjá Landlæknisembættinu. „Jafnframt að það sé talað við þau þannig að þau geri sér grein fyrir hættunni sem hlotist getur af endaþarmsmökum. Við viljum vekja foreldra til umhugsunar og eins huga að því hvernig byrjað sé að ræða kynfræðslu við krakka. Við erum að ræða þetta mjög ítarlega og stefnum á að hafa málstofu um klámvæðingu. Við höfum verulegar áhyggjur af munnmökum og endaþarmsmökum, ekki síst þegar krakkarnir lýsa því áliti sínu að hin fyrrnefndu séu ekki kynmök, heldur bara greiði sem maður gerir öðrum, til að mynda inni á salerni.“

Salbjörg segir að ekki sé um stóran hóp unglinga að ræða sem lendi í þessu. Hins vegar geti þeir farið mjög illa út úr endaþarmsmökum, bæði stúlkur og drengir, því þau geti orsakað lömun, þannig að fólk eigi erfitt með hægðir og geti jafnvel endað með bleiu. Æfa verði hringvöðvana upp á nýtt sem sé heilmikið mál. Þess vegna sé svo mikilvægt að unglingar fái réttar upplýsingar en ekki einungis hræðsluáróður. Einnig að þeir viti að þeir geti spurt foreldra og kennara og rætt málin.



**UNGLINGAR** Þverfaglegur starfshópur Landlæknisembættisins vill bæta kynlífsfræðslu unglinga og ungmenna til að koma í veg fyrir afbrigðilega kynlífshegðun, sem er sögð meiri hjá óhörðnuðum unglingum en þeim sem eldri eru. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

„Það hefur komið fram í viðtölum við unglinga í framhaldsskólum, að þetta afbrigðilega kynlíf sé meira hjá óhörðnuðum unglingum sem viti ekki betur, en taki þátt í einhverju sem eldri krakkar fái þá til að gera. Þess vegna finnst okkur svo mikilvægt að 12 til 13 ára krakkar fái góða fræðslu.“

Salbjörg bendir á að unglingar geti haft aðgang að endalausu ofbeldis- og kynlífsefni í sjónvarpinu og á netinu. Þess vegna sé afar áríðandi að þau fái rétta mynd af hlutunum strax í grunnskóla.

„Þeir sem byrja snemma að stunda kynlíf fara oft illa út úr því. Þeim fer að ganga illa í skólanum, hann fer að skipta minna máli, vinkonurnar eða vinirnir skipta ekki lengur máli og af þessu getur leitt þunglyndi og kvíði. Stúlkur á aldrinum 17 til 23 ára hafa lent í því að detta út úr öllu, því þær hafa byrjað svo snemma „að lifa lífinu“ og því fylgja miklar vökur, áfengi, fíkniefni og fleira óæskilegt, sem þau leiðast út í vegna innri óróleika. Þessi kvíði gagnvart því að vilja að öllum líki við sig og geta ekki sagt stopp, brýtur niður sjálfsmyndina. Þetta litar alla veruna inn í fullorðinsárin. Þessi atriði, og fleiri, tökum við inn í vinnuna í nefndinni, sem á viðamikið starf fyrir höndum.“

**jss@frettabladid.is**



**SALBJÖRG BJARNADÓTTIR** Segir unglinga sem byrja snemma að stunda kynlíf oft fara illa út úr því.

Bæjarpólitíkin á Akureyri:

# Sigbjörn í Sjálfstæðisflokkinn

**STJÓRNMÁL** Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi sveitarstjóri Skútustaðahrepps og þingmaður Alþýðuflokksins, hefur gengið til liðs við Sjálfstæðisflokkinn á Akureyri. „Ég ætla að gefa kost á mér í prófkjöriflokksins á Akureyri vegna komandi sveitarstjórnarkosninga og mun tilkynna í næstu viku á hvaða sæti ég stefni.“



**SIGBJÖRN GUNNARSSON** Sat á þingi kjörtímabilið ´91 til ´95 og var sveitarstjóri Skútustaðahrepps frá ´97 til ársloka í fyrra.

Prófkjörflokksins fer fram 11. febrúar næstkomandi og stefnir í töluverða endurnýjun. Hvorki Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar, né Þórarinn B. Jónsson, sem skipað hafa efstu sæti flokksins undanfarin ár gefa ekki kost á sér í þau sæti í þetta sinn.

Oktavía Jóhannesdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar sem tilkynnti í árslok að hún væri gengin í Sjálfstæðisflokkinn hefur ekki ákveðið hvort hún taki þátt í prófkjörinu. **kk**

Fíkniefnamál á Ísafirði

# Tveir í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Gæsluvarðhaldsúrskurður var kveðinn upp yfir tveimur einstaklingum sem handteknir voru í fyrrakvöld af lögreglunni á Ísafirði eftir að nokkurt magn fíkniefna fannst við húsleit.

Var húsleitin liður í sérstakri rannsókn lögreglunnar á fíkniefnadreifingu í fjórðungnum og munu einstaklingarnir verða áfram í haldi meðan rannsókn stendur yfir. **- aöe**

Haukur Dór BOÐSKORT



Listamenn

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ




Endurskoðun um skipan ráðuneyta er enn á byrjunarreit:

# Enginn fundur verið haldinn

**STJÓRNMÁL** Endurskoðun á skipan ráðuneyta og verkaskiptingu þeirra er á byrjunarreit þrátt fyrir tilmæli Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra til ráðherra í ágúst í fyrra um að slíkri endurskoðun skyldi hraða eftir föngum.

Í minnisblaði forsætisráðherra til ráðherra sinna þann 12. ágúst í fyrra er gert ráð fyrir að endurskoðunin verði undir forystu forsætisráðuneytisins en Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Árni Magnússon félagsmálaráðherra leiði starfið af hálfu ríkisstjórnarinnar.



**ÁRNI MAGNÚSSON, FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa ráðherrarnir tveir ekki enn haldið fund um málið og skipulagt endurskoðunarstarfið.

Í minnisblaði forsætisráðherra segir að skipan ráðuneyta hafi að mestu verið óbreytt frá árinu 1969 ef undan sé skilin stofnun umhverfisráðuneytisins. „Lagt er til að aðaláhersla verði lögð á endurskoðun á skipan ráðuneyta og verkaskiptingu milli þeirra... Stefnt verði að því að hraða endurskoðuninni eftir föngum,“ segir í minnisblaðinu.



**BJÖRN BJARNASON, DÓMSMÁLARÁÐHERRA**

Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, tók málið upp í áramótagrein í Morgunblaðinu og kvaðst vilja binda fjölda ráðherra við níu til tíu. **- jh**




**Lóð**
Koma í tösku
Ýmsir þyngdarmöguleikar
3899533

# Líkamsræktartæki










## Göngubretti
Rafdrifið og gert úr sterkri grind
Hægt að leggja saman
Mótor 1,5 hp
Hraði 0 - 12 km.
Sterkt, fjaðrandi belti 115 x 38 sm
Segulstýrður öryggisrofi
3 æfingakerfi
3 hæðastillingar
Púlsmælir í handfangi
Hámarks líkamsþyngd 110 kg
Þyngd 58 kg
3899532

## Alhliða þjálfunartæki
Öflugt tæki sem þálfar allan líkamann.
Mjúkar hreyfingar
Segulmótstaða
Púlsmælir í handfangi
Sterk og öflug grind
3899531

## Þrekhjól
Hljóðlátt með segulviðnámi
Mælir og sýnir tíma, vegalengd, heildar vegalengd og hraða.
Púlsmælir í handfangi
10 þyngdarstillingar
Þyngd 26 kg
3899530

# Áramótaheitið
## byrjar hjá okkur

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**VEISTU SVARIÐ**

1 *Hvað eru lýstar kröfur í þrotabú Slippstöðvarinnar háar?*

2 *Hvað heitir nýkjörinn forseti Bólivíu?*

3 *Hvaða lið hefur Alfreð Gíslason handboltaþjálfari samið við?*

SVÖRIN ERU AÐ FINNA Á SÍÐU 54

53 hafa fundist látnir í rústum hótelsins sem hrundi í hinni helgu borg Mekka:

# Enginn fannst á lífi í gær - aðeins lík

**MEKKA, AP** Að minnsta kosti 53 pílagrímar biðu bana þegar fjögurra hæða hús hrundi í hinni helgu borg Mekku í fyrradag. Björgunarsveitir leituðu ákaft í rústunum í gær en fundu aðeins lík.

Húsið er örskammt frá Masjid al-Haram-moskunni, þar sem hið ginnhelga Kaaba-hof er að finna, en húsinu hafði verið breytt í gistihús yfir pílagrímatímann Hajj sem er rétt nýgenginn í garð. „Enn er fólk grafið undir rústunum og ég hef fulla trú á að við finnum einhvern á lífi," sagði Hamad al-Ahmadi ofursti sem stýrir aðgerðum á vettvangi. Honum varð ekki að ósk sinni því þrátt fyrir ítarlega leit hefur enginn fundist á lífi.



**RÚSTIR EINAR** Hinir látnu eru sagðir vera frá Túnis, Indlandi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er vitað hvers vegna húsið hrundi en Habib Turkestani, eigandi þess, fullyrti að það væri sterkbyggt. „Byggingin var í góðu ástandi og það sem gerðist voru einfaldlega örlög og verk Guðs."

Enda þótt manntjónið sé mikið er ljóst að mun verr hefði getað farið en flestir gestanna voru við bænahald annars staðar í borginni.

Ófarir um Hajj-tímann eru því miður ekki óþekktar. Árið 1990 tróðust 1.426 manns undir í öngþveiti og fyrir tveimur árum lést 251 við svipaðar aðstæður. - shg

Í ójafnvægi vegna skilnaðar:

## Barði mann með bjórglasi

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur var dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi skilorðsbundið í tvö ár í Héraðsdómi Suðurlands í gær.

Piltinum var gefið að sök brot gegn valdstjórninni en hann sló lögreglumann á frívakt í andlitið á veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum. Hafði lögreglumaðurinn áður haft af honum afskipti. Skömmu síðar var honum gefið að sök að hafa, á sama stað, slegið tvítugan pilt með bjórglasi í andlitið, þannig að það brotnaði og sá skarst nokkuð á enni.

Dómurinn taldi sök piltsins sannaða, en hann bar því við að hafa verið í ójafnvægi og mikið drukkið sökum skilnaðar foreldra hans. Fram kom að hann hafi tekið sig nokkuð á og því þótti ástæða til að skilorðsbinda dóminn. - óká

Uppkaupsmönnum settur stóllinn fyrir dyrnar:

## Stjórn Gusts gengur inn í kauptilboð

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn hestamannafélagsins Gusts nýtti í gær forkaupsrétt sinn á þremur kauptilboðum í hesthús í Glaðheimum. Þetta kemur fram á heimasíðu félagsins og jafnframt að til skoðunar séu þrjú önnur tilboð sem stjórnin muni ákveða hvort hún gangi inn í á mánudag. „Ástæðan fyrir því að þetta er gert er sú að stjórnin hefur öruggar heimildir fyrir því að kaupsamningar séu nú í tvennu lagi," segir Þóra Ásgeirsdóttir formaður á heimasíðu Gusts. „Annars vegar kaupsamningur um húseignina og hins vegar um „lausafé". Þar með er það verð sem gefið er upp lægra nú en það hefur verið."

Segir enn fremur að fulltrúar kaupenda hafi hringt í félagsmenn og bent þeim á að nú verði þeir að fara að drífa sig að selja þar sem verðið sé að lækka. Þessa þróun kveðst stjórn Gusts vilja reyna að stöðva.

„Stjórnin hefur fyrir því heimildir að í öllum tilvikum sem hún veit um voru menn í góðri trú og áttuðu sig ekki á afleiðingunum," segir loks. „Þannig að þeir Gustarar sem hér eiga hlut að máli ætluðu ekki að baka þeim sem ekki hafa selt nein vandræði."

Ekki náðist í Þóru Ásgeirsdóttur formann í gærkvöld. - jss



**ÞJÓRSÁRVER** Í Þjórsárverum er mesta heiðagæsavarp í veröldinni.

## Ekki auðvelt að hætta við

**Iðnaðarráðherra telur ólíklegt að unnt sé að afturkalla leyfi fyrir Norðlingaölduveitu bótalaust. Eftir sé þó að leiða skipulagsþátt málsins til lykta.**

**UMHVERFISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra segir að þingmenn Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins hafi á sínum tíma greitt atkvæði með heimild fyrir Landsvirkjun til þess að ráðast í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu. „Umhverfisáhrif framkvæmdarinnar voru metin á sínum tíma. Kristinn H. Gunnarsson, þingmenn Samfylkingarinnar og frjálslyndir studdu þessa heimild í lögum um raforkuver á árinu 2003 og á grundvelli þeirra hefur Landsvirkjun leyfi til að ráðast í Norðlingaölduveitu," segir Valgerður.

Hún vekur athygli á að enn sé eftir að koma veitunni lögformlega inn í skipulag hálendisins og það sé enn óútkljáð. „Landsvirkjun hefur leyfið og við getum ekki afturkallað það bótalaust sýnist mér," segir Valgerður.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er nú meirihluti fyrir því í umhverfisnefnd Alþingis að hætta við Norðlingaölduveitu og stækka friðland Þjórsárvera.

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fagnar viðhorfsbreytingum þingmanna. „Við vonum að þetta sé merki um að þingheimur og stjórnvöld séu að breyta um afstöðu gagnvart stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Það merkir að ekki verður unnt að ráðast í Norðlingaölduveitu."

Árni bendir á að fyllilega sé raunhæft að stækka friðlandið í kjölfar úrskurðar umhverfisráðherra skömmu fyrir áramót og sleppa Norðlingaölduveitu. „Fyrir liggur þingsályktunartillaga vinstri grænna um stækkun friðlands Þjórsárvera, en hún hefur ekki fengist afgreidd úr umhverfisnefnd. Með fulltingi Kristins H. Gunnarssonar, varaformanns umhverfisnefndar, er von um að tillagan fáist afgreidd úr nefndinni til umræðu í þinginu," segir Árni.

Náttúruverndarsamtök Íslands hafa skorað á Alcan, sem rekur Straumsvíkurálverið, að styðja stækkun friðlands Þjórsárvera. Jafnframt hafa samtökin sent borgarstjóranum í Reykjavík sambærilegt erindi, en Reykjavíkurborg á 45 prósenta hlut í Landsvirkjun.

Stefán Jón Hafstein oddviti Samfylkingarinnar í R-listanum segir að erindið verði rætt í næstu viku. „Ef vernda á Gullfoss á það jafnvel enn frekar við um Þjórsárver," segir Stefán Jón.


NISSAN
PATHFINDER

NISSAN
SKIPT_um landslag



2006

HÖFUM ALLT ÁRIÐ SKEMMTILEGT!

Fullbúinn 7 manna jeppi með cruise control, spólvörn, skriðvörn, regnskynjara og miklu meira. Frábær aukahlutapakki fylgir í janúar!

| Tegund | Tilbúinn á götuna: |
|---|---|
| Pathfinder XE beinskiptur | 3.590.000,- |
| Pathfinder SE beinskiptur | 3.950.000,- |
| Pathfinder SE sjálfskiptur | 4.290.000,- |
| Pathfinder LE sjálfskiptur | 4.790.000,- |
| Pathfinder LE IT | 4.990.000,- |

Nýárstilboð – 250.000,- kaupauki

32" dekk, stigbretti og dráttarbeisli að verðmæti 250.000 krónur.

Veiðikortið 2006 og árs aðild að 4x4 klúbbnum í kaupbæti!

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

Fíton/SÍA


Flóðin á Jövu:

## 240 manns sagðir látnir

**INDÓNESÍA, AP** Óttast er að allt að 240 manns hafa týnt lífi í aurskriðum og flóðum á eynni Jövu undanfarna daga.

Björgunarsveitarmenn hafa síðustu daga unnið hörðum höndum við að grafa lík upp úr leðjunni sem hefur fært hafa nokkur þorp í fjallahéruðum eyjunnar í kaf. Þegar hafa 158 lík fundist en 80 manns er saknað og er talið útilokað að nokkur sé enn á lífi.



**LEITAÐ AÐ LÍKUM** Enn er 80 manns saknað en 156 lík hafa fundist. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Umhverfisverndarsinnar segja að vegna umfangsmikils skógarhöggs hafi losnað um jarðveginn í úrkomunni en ráðamenn vísa því á bug.

SKRIFSTOFUVÖRU

# MARKAÐUR

ALLT AÐ

# 60%

AFSLÁTTUR

2.-15. JAN.

Suðurlandsbraut 14

**Kaffihorn**

Boðið er upp á rjúkandi heitt kaffi og piparkökur, gómsætar Sómasamlokur og kalda drykki frá Vífilfelli í kaffihorninu okkar!

**Gateway fartölva M680XL**

**159.900 kr.**

**30.000 kr. afsláttur**

Intel Pentium M 750 1.86GHz,
1024Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni
17" Ultrabright WSXGA+TFT skjár
128MB ATI Radeon X700 PCIx skjákort
100GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100/1000 netkort
Microsoft Windows XP Professional






**Helstu bókhaldsvörur á frábæru verði**




**Skólatöskur og bakpokar**

**Aðeins 999 kr.**




**Kensington vörur**

**50-70% afsláttur**




**Esprit lífsstílsvörur**

**60% afsláttur**

ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR

Suðurlandsbraut 14 • opið virka daga 8:00-18:00 • laugardaga 10:00-16:00 • sunnudaga 12:00-16:00

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Umhverfisnefnd Alþingis á móti Norðlingaölduveitu.

## Hlífum Þjórsárverum

Tíminn virðist ætla að vinna með þeim sem vilja koma í veg fyrir Norðlingaölduveitu, og að Þjórsárver og umhverfi þeirra fái að lifa óskert í þeirri mynd sem þau eru í dag. Þetta eru ánægjuleg tíðindi, því þótt settur umhverfisráðherra Jón Kristjánsson hafi unnið að úrskurði um Norðlingaölduveitu af samviskusemi, eins og hans var von og vísa, þá var óhjákæmilegt að einhver röskun yrði á nánasta umhverfi Þjórsárvera, þó svo að margir varnaglar væru slegnir í úrskurðinum.

*Núverandi umhverfisráðherra ætti að taka af skarið við þessar aðstæður og gefa út afdráttarlausa yfirlýsingu um friðun næsta nágrennis Þjórsárvera, þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu.*

Þjórsárver eru einstakt svæði sem skilyrðislaust á að vernda. Það er ekki aðeins að þau sé mikilvæg fyrir náttúru Íslands, heldur eru Þjórsárver viðurkennt votlendissvæði samkvæmt alþjóðasamningum sem við Íslendingar erum aðilar að. Í Fréttablaðinu í gær kemur fram að meirihluti umhverfisnefndar Alþingis er á móti Norðlingaölduveitu, og þannig hefur áhugamönnum um verndun Þjórsárvera bæst mikilvægur liðsauki.

Núverandi umhverfisráðherra ætti að taka af skarið við þessar aðstæður og gefa út afdráttarlausa yfirlýsingu um friðun næsta nágrennis Þjórsárvera, þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna Norðlingaölduveitu. Þá mundi hún standa undir nafni sem ráðherra umhverfismála, en ekki vera að þvæla þessu máli til og frá í kerfinu með vísan til torskilinna lagakróka.

Menn verða að staldra við varðandi náttúru Íslands og virkjanamál. Kárahnjúkavirkjun er staðreynd, og þar verður ekki aftur snúið. Reyndar var landsvæðið í kring um Kárahnjúka og þar suður af svo til óþekkt öðrum en gangnamönnum og fuglum himinsins áður en umræðan um virkjunina hófst. Allt öðru máli gegnir um Þjórsárver og nágrenni. Reyndar er það svo að Kárahnjúkavirkjun hefur vakið marga af værum blundi um umhverfismál og er það vel, en þegar upp er staðið verður þetta svæði áreiðanlega eftirsótt af ferðamönnum, sumar sem vetur, því þarna verður auðvelt að komast um, bæði til að skoða hin miklu virkjunarmannvirki og náttúruna í kring.

Augu manna beinast nú í auknum mæli að jarðhitavirkjunum, og þannig er líklegt að miklar virkjanir verði á Þeistareykjasvæðinu, ef niðurstaðan af staðarvali fyrir álver á Norðurlandi verði sú að því verði valinn staður á Húsavík, eins og margt bendir til. En það þarf líka að fara varfærnum höndum um náttúruna, þótt um sé að ræða jarðvarmavirkjanir. Þeim fylgja líka háspennulínur og vegagerð um viðkvæm svæði, þannig að það er ekki allt fengið með slíkum virkjunum. Það þarf ekki að leita langt út fyrir höfuðborgina til að sjá hvernig friðsælt og gott útivistarsvæði á Hellisheiði hefur breyst í háspennumastraskóg og allt í kring eru blásandi borholur. Þarna er nú unnið í kapp við tímann við að virkja þann mikla jarðhita sem er í iðrum jarðar, og allt þetta byggist á því að orkuverðið hér er hagstætt stóriðjufyrirtækjunum.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vinstri áherslur

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja er ágætt og öflugt stéttarfélag en frá því heyrast stundum einkennileg viðhorf sem ólíklegt er að eigi sérstakan hljómgrunn meðal almennra félagsmanna. Þetta kann að stafa af því að formaður samtakanna er Ögmundur Jónasson alþingismaður, sem óhætt mun að segja að sé lengst til vinstri allra íslenskra stjórnmálamanna. Fyrir stuttu síðan sendi Ögmundur - afsakið BSRB - frá sér áskorun um að samningaviðræður á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar - Doha-viðræðurnar svokölluðu - verði stöðvaðar þar til „samningar hafa tekist um nýjar samningsforsendur og lýðræðislegri og opnari vinnubrögð“ eins og það var orðað. Tilgangur Doha-viðræðnanna er sem kunnugt er að auka frelsi í viðskiptum landa á milli.



### Staðreyndir

BSRB er þeirrar skoðunar að Doha-viðræðurnar hafi ekki leitt til aukinnar hagsældar alþýðu manna. Bil milli ríkra og snauðra hafi breikkað, atvinnuleysi í fátækasta hluta heimsins hafi aukist og tök fjölþjóðlegra auðhringa á efnahagsstarfsemi í heiminum styrkst. Er þetta rétt? Fellur allur ábatinn af viðskiptafrelsi og alþjóðavæðingu til auðstéttanna á Vesturlöndum? Staðreyndir benda í aðra átt, segir Ýmir Örn Finnbogason viðskiptafræðingur í grein á Deiglunni í gær. „Þegar efnahagsþróun fátækustu ríkja heims síðastliðin 40 ár er skoðuð kemur nokkuð athyglisvert í ljós. Efnahagsvöxtur í fátækjum ríkjum er mestur hjá þeim ríkjum þar sem þátttaka í alþjóðaviðskiptum fer vaxandi. Vöxtur í fátækum ríkjum er minnstur þar sem þátttaka í alþjóðaviðskiptum vex hvað minnst,“ skrifar hann.

### Opna markaði

Ýmir Örn bendir á að tölur sýni að hagvöxtur sé mun hraðari hjá fátækum opnum hagkerfum en hjá ríkum hagkerfum. „Þannig fer munurinn milli þeirra minnkandi. Fátæk lokuð hagkerfi vaxa hins vegar hægar en þau ríku þannig að munurinn fer vaxandi. Ástæðuna er að finna í afstöðu ríkja til frjálsrar verslunar og þátttaka í alþjóðavæðingunni.“ Niðurstaða hans er að það skipti miklu máli fyrir fátækustu lönd heimsins að opna eigin markaði og taka þátt í alþjóðavæðingunni. Það sé öruggasta leiðin til aukins hagvaxtar.

gm@frettabladid.is

## Úr fjötrum fátæktar

Í DAG
UPP ÚR EINS MANNS HLJÓÐI



ELLERT B SCHRAM

*Hvað sagði ekki Ólafur Thors við Einar [Olgeirsson]: „Ef ég væri af fátæku fólki kominn, þá mundi ég lika vera kommúnisti“.*

Á meðan við Íslendingar eyddum fimm hundruð milljónum í flugelda; í þann mund sem kauphækkanir æðstu embættismanna og starfslokasamningar virðulegra forstjóra náðu nýjum hæðum; þessa sömu vikudaga dundaði ég mér við að lesa Hugsjónaeld, minningar um Einar Olgeirsson og raunar þar á undan var ég nýbúinn að leggja frá mér bókina hans Gylfa Gröndal, Fólk í fjötrum. Hvort tveggja bækur sem lýsa því hyldýpi lífskjara sem Íslendingar bjuggu við og því hyldýpi, sem er á milli þeirrar veraldar sem var og þeirra tíma við lifum nú.
Þetta var þörf lesning.

Hvað var það sem heillaði mig við þessar bækur? Af hverju höfða þær svona sterkt til mín? Um fátækt og basl síðustu aldar, um kommúnista, sem sat uppi með steinbarn í maganum, eins og Laxness hefði orðað það. Um liðna tíð, um veröld sem var, tíma, sem vonandi koma aldrei aftur og koma okkur ekki við, þegar til framtíðar er horft. Eða hvað?

Saga íslensku þjóðarinnar langt fram eftir síðustu öld, var saga misskiptingar, misréttis og mannvonsku. Stærsti hluti þjóðarinnar bjó við skort, hvort heldur til sjávar eða sveita. Vistarbandið var ekkert annað en þrælahald og íslenskur „aðall“, íslenskur verkalýður, var réttlaus og allslaus. Um það vitna þessar bækur.

Og allt var þetta svona, til skamms tíma, rétt handan hornsins. Afar okkar og ömmur upplifðu þetta ástand. Við eigum öll, hin íslenska þjóð, uppruna okkar í þessari vesöld og vosbúð. Við eigum öll þessar rætur. Jú, jú, einstaka fjölskylda, velstæðir sjálfseignabændur eða dugmiklir útvegsmenn komu ár sinni fyrir borð, en allur þorri fólks getur rakið ættir sínar til þeirra tíma, þegar forfeður þeirra stunduðu vinnumennsku í blautum hosum, í lekum vistarverum, með ómegð barna, í kaldri vist og á vergangi og áttu sér enga framtíð aðra en þá að hokra sem leiguliðar í kotum og kofum. Flúðu seinna á mölina þar sem kjallaraholurnar tóku við, atvinnuleysið, réttleysið, heilsuleysið. Það er ekki svo ýkja langur vegur, frá kösinni á Laugaveginum á Þorláksmessu, sem fyllti búðirnar, til þeirra forfeðra okkar, sem ólu aldur sinn við þá sömu götu, í kreppu og kaldri vist.

Auðvitað er ástæða til að fagna þeirri lífskjarabyltingu sem orðið hefur Íslandi á undanförnum árum. En það er svo ótrúlega stutt síðan annað var upp á teningnum. Barátta upp á líf og dauða. Barátta gegn fátæktinni. Baráttan fyrir frelsinu. Og þarf þá nokkurn að undra, þótt ungir fullhugar, hugsjónamenn fyrri tíma, hafi fyllst eldmóði til að bæta kjörin, gefið valdsmönnum langt nef og barist fyrir lifibrauði og sjálfsögðum mannréttindum. Maður eins og Einar Olgeirsson var löngum atyrtur og hrakyrtur í orrahríð stjórnmálanna á sinni tíð. Heiftin var slík á þeim tímum að menn af hans sauðahúsi voru ofsóttir og útilokaðir frá vinnu. Fullfrískir verkamenn, jafnvel konur, þurftu að búa við þá niðurlægingu að standa í biðröð á hverjum morgni, í þeirri von að allsráðandi verkstjórinn aumkaði sig yfir þau og úthlutaði þeim starf við uppskipun einn dag í einu eða jafnvel ekki lengur en til hádegis. Engir kaffitímar, ekkert yfirvinnukaup, engar tryggingar, engin réttindi, ekkert lífsviðurværi. Þetta var auðvitað ekkert annað en þrældómur af verstu gerð og við þetta mátti alþýða landsins una, fram á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar. Ég þekki enn fólk sem bjó við þetta hlutskipti. Skyldi nokkurn undra þótt stórhuga eldhugar þessarar kynslóðar hafi gerst byltingarmenn og kommunistar? Hvað sagði ekki Ólafur Thors við Einar: „Ef ég væri af fátæku fólki kominn, þá mundi ég líka vera kommúnisti“.

Þegar við lítum yfir farinn veg í sögu þessarar þjóðar og miklumst af framförum og frelsi og þeim forréttindum að búa við hagsæld, velferð og góðan efnahag, þá er það þessu fólki að þakka, grasrót þjóðarinnar, alþýðunni, sem barðist til mannréttinda, rétti úr sér frammi fyrir auðvaldinu og yfirvaldinu, skóp þann jarðveg, það réttlæti, að hver maður, hversu lágt hann er settur í mannvirðingarstiganum og manngreinarálitinu, á sér tilverurétt og tilkall til sömu tækifæra og lífsgæða og aðrir.

Við erum öll sprottin úr þeim jarðvegi. Úr þeirri veröld sem var. Þangað sækjum við velsældina. Og manndóminn. Þessum manndómi eigum við ekki að glutra niður í ofgnótt og ofurlaunum, ekki misbjóða sigrum velsældarinnar og frelsisbaráttu forfeðranna, með því að fara úr öskunni í eldinn.



Hugur og líkami endist betur ef vel er um hirt.
Komdu í Rope Yoga
Frábært verð 4 vikur kr.9900
Nýtt námskeið byrjar 16. janúar

Kennari: Kristín Björg
Mánud. Miðvikud. og föstud.
Kl. 6.30, 7.30, 18.30 og 19.30
Sími. 565-0760. Hámark 10 manns í tíma.
TECHNOSPORT



MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871


OG NÚ ER FJÖR
rýmum fyrir nýjum vörum
Svefnsófar
15-50% afsláttur
Takmarkað magn
Teppasett
15-50% afsláttur
Hægindastólar
25-30% afsláttur
Gaflar og náttborð
15-50% afsláttur
Gaflar og náttborð
15-50% afsláttur
Nú er rétti tíminn
Gravity Zero stillanlegu rúmin
á ótrúlegu tilboði í Betra Bak.
Frábær tilboð á Tempur heilsudýnum
Spring Air
The Back Supporter®
NeverTurn™ Mattress
Ótrúlegt tilboð
lítið útlitsgölluð rúm
og skiptidýnur á miklum afslætti!!
www.design.is © 2006
Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16





MAÐUR VIKUNNAR

# Ákafur og metnaðargjarn sem embættismaður

SKARPHÉÐINN BERG STEINARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR FL GROUP

Talsvert hefur mætt á Skarphéðni Berg Steinarssyni, stjórnarformanni Fl Group að undanförnu, enda talsverðar umræður spunnist um starfslokasamninga sem gerðir voru við fráfarandi forstjóra félagsins. Skarphéðinn hefur verið til svars, en hann tók við stjórnarformennskunnu, þegar Hannes Smárason varð forstjóri Fl Group.

Skarphéðinn er fæddur árið 1963 og varð stúdent frá MS. Hann er viðskiptafræðingur að mennt, en hélt til framhaldsnáms í Bandaríkjunum og lauk þaðan MBA gráðu.

Þegar heim var komið að námi loknu réðst hann til starfa í fjármálaráðuneytingu. Þar vann hann meðal annars að undirbúningi einkavæðingar sem var á stefnu Viðeyjarstjórnarinnar. Þar var troðin ný slóð og þeir sem þekkja til starfa Skarphéðins Berg á því tímabili segja hann hafa haft mikinn áhuga og metnað fyrir þessu verkefni.

Það fer nokkuð eftir því hvaða skilning menn leggja í hugtakið embættismaður hvort Skarphéðinn Berg telst dæmigerður slíkur. Sem starfsmaður í ráðuneyti hefur hann vanið sig á það að tala varlega og láta einungis nauðsynlegar upplýsingar í té. Sú háttsemi hefur einnig fylgt honum í viðskiptalífinu, þar sem hann þykir traustur, orðvar og orðheldinn. Hann hefur að undanförnu komið fram og rökstutt ákvarðanir félagsins sem margar hverjar hafa verið umdeildar. Þar hefur einu gilt hvort ákvarðanirnar eru frá hans tíð sem stjórnarformaður eða hafa verið teknar af öðrum. Hann hefur komið sjónarmiðum stjórnar á framfæri og fært rök fyrir þeim.

Einkavæðingin var krefjandi verkefni og oft gustaði um þær ákvarðanir sem teknar voru í einkavæðingarnefnd, Skarphéðinn var starfsmaður nefndarinnar og þar nýttust eiginleikar hans að vera úrræðagóður og tilbúinn að stytta sér leið og taka áhættu ef með þurfti til að ná settu markmiði. Að því leyti var hann ekki dæmigerður embættismaður ef menn leggja til grundvallar mynd af hæggengum og ofurvarkárum einstaklingum.

Skarphéðinn Berg varð skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu og síðar í forsætisráðuneytinu. Honum var að sögn vís frami í stjórnsýslunni og hafa fuglar kvakað um það að ráðuneytisstjórastaða hafi verið innan seilingar, þegar hann ákvað að söðla um og ráða sig til Baugs. Þar mun Davíð Oddsson hafa haft hug á að gera hann að ráðuneytisstjóra í samgönguráðuneytinu.



Hreinn Loftsson var formaður einkavæðingarnefndar og stjórnarformaður Baugs. Þeir Skarphéðinn höfðu unnið náið saman að einkavæðingunni og fór vel á með þeim. Það fór reyndar einnig vel á með Skarphéðni og Davíð Oddssyni. Þeir sem hafa átt í miklum samskiptum við Skarphéðin bera honum vel söguna. Hann þykir þægilegur í umgengni og tilbúinn að hlusta á rök viðmælenda. Hann hann horfi fremur á stóru myndina, en að hann týni sér í smáatriðum. Hann er þó ekki skaplaus og lætur í sér hvína mislíki honum eitthvað, Það er hins vegar fljótt úr honum. Hann getur einnig verið fastur fyrir ef honum mislíkar. Þannig átti hann orðastað við ritjóra Morgunblaðsin sem gaf honum vottorð í Staksteinum um að Skarphéðinn væri vandaður maður og taldi annan hafa stýrt pennanum þegar Skarphéðin gagnrýndi skrif ritstjórans. Við það vildi Skarphéðinn ekki kannast og ítrekaði gagnrýni sína daginn eftir í blaðinu.

Í nógu hefur verið að snúast hjá Skarphéðni frá því að hann tók við Norrænum fjárfestingum Baugs. Hver stórfjárfestingin hefur rekið aðra og árangurinn af fjárfestingum í Danmörku hefur verið einkar góður. Skarphéðinn situr nú í stjórnum Stoða, Magasin du Nord, Illum og fasteignafélagsins Keops, auk stjórnarformennskunnar í FL Group. Hann var stjórnarformaður Dagsbrúnar sem á Fréttablaðið og stýrði sameiningu Norðurljósa, Og Vodafone, Fréttablaðsins og DV.

Skarphéðinn er af augljósum ástæðum mikið á ferð og flugi. Genetískt ætti alþjóðlegt umhverfi að eiga vel við hann, en faðir hans Steinar Berg Björnsson á að baki langan feril hjá friðaræslusveitum Sameinuðu Þjóðanna. Viðskiptagenið er líka í ættinni, því bróðir hans rekur fyrirtækið Senu og Next búðirnar, auk þess sem hann var hvatamaður að kaupmum á verslunarkeðjunni Merlin sem selur raftæki í Danmörku.

Ekki verður skilið við frásögn af Skarphéðni Berg, nema að geta þess að hann er mikill sælkeri. Haft er eftir honum að lífið sé of stutt til þess að borða vondan mat. Eins og með marga þá sem hafa kynnst hinum fínni blæbrigðum tilverunnar er honum nokkuð í mun að opna dyrnar að lystisemdum bragðlaukanna fyrir öðrum.







Tvíburarnir Snorri og Viðar virtust hressir en við hjartað leyndist lífshættulegur galli sem kallaði á tafarlaust inngrip. Endurhæfing á Reykjalundi hefur fært þeim nýjan styrk til að takast á við verkefni lífsins.

# takk

## fyrir að skila okkur báðum út í lífið á ný

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll.
Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

HÉR & NÚ / SÍA

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**

Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

**Hálfur milljarður í pottinum 2006**

27.517 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

# ÚTSAL

# 20-80% afsl





60% afsláttur

**STÆKKANLEGT BORÐSTOFUBORÐ**

**19.980** VERÐ ÁÐUR **49.980**

**IDA** Borðstofuborð með stækkunum B95 x L180 cm. Getur verið lítilsháttar gallað. kr. **19.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

HÚSGAGNAHÖLLIN

## FRÁBÆR KAUP

3 hæðir af flottum húsgögnum
og húsbúnaði

# LA Í FULLUM GANGI!

áttur



50%
afsláttur

**9.980** VERÐ ÁÐUR **19.980**

**MILANO** eldhúsborð með 4 stólum, B76 x L120 x H77 cm.



40%
afsláttur

**SÓFASETT 3 + 2**

**69.980** VERÐ ÁÐUR **119.980**

**DAVENPORT** sófasett 3 + 2 leður á slitflötum.
3 sæta B207 / 2 sæta B 151 cm. Fæst í
svörtu og creme. kr. **69.980**



**STÆKKANLEGT BORÐSTOFUBORÐ**

55%
afsláttur

**29.980** VERÐ ÁÐUR **69.980**

**BOLERO** borðstofuborð, olíuborin eik,
B98 x L158/206 cm. Getur verið
lítilsháttar gallað. Kr. **29.980**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.866 **-0,64%**

**Fjöldi viðskipta:** 1.022
**Velta:** 8.963 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| Marel | +2,77% | Straumur | -1,18% |
| Atorka | 2,27% | Actavis | -1,11% |
| Kögun | 1,60% | HB Grandi | -1,08% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 53,40 -1,10% ... Atorka 6,75 +2,30% ... Bakkavör 54,00 +0,20% ... Dagsbrún 6,05 -0,20% ... FL Group 20,20 -0,50% ... Flaga 4,61 +0,00% ... Íslandsbanki 18,60 -1,10% ... KB banki 792,00 -1,00% ... Kögun 63,50 +1,60% ... Landsbankinn 26,70 +0,00% ... Marel 70,40 +2,80% ... Mosaic Fashions 19,60 +0,50% ... SÍF 4,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,80 -1,20% ... Össur 117,00 +0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn*



### Slakað á

Svíar og Finnar taka sér gott frí yfir þréttándann og lengja helgina með því að taka sér frí á föstudegi. Meira að segja á verðbréfamarkaðnum eru menn rólegir en Kauphöllin í Stokkhólmi lokaði um hádegisbil á fimmtudaginn og opnar aftur ekki aftur fyrr en á mánudagsmorgun. Engin viðskipti fóru fram í Helsinki í gær. Vefútgáfa sænska viðskiptablaðsins Dagens Industri fór líka í frí og verður ekki uppfærð fyrr en á mánudaginn. Á sama tíma og frændir vorir njóta stundarinnar hefur aldrei verið meira að gera hjá verðbréfasölunum í Kauphöllinni sem sitja sveittir við símann og taka við pöntunum frá kaupglöðum löndum sínum.

### Ekkert slakað á

Skuldasöfnun heimilanna hefur verið mikil undanfarið og ef til vill fer hluti þeirra í að kaupa hlutabréf. Ekki vilja fjölskyldurnar í landinu missa af tækifærunum á markaðnum eftir allt tal um hækkanir síðustu vikur. Fjármálaráðherra stóð hins vegar í ströngu á síðasta ári í að greiða niður skuldir ríkissjóðs. Jukust afborganir lána um 90 prósent í fyrra. Tæpir 48 milljarðar voru notaðir til að borga erlend lán og 14 milljarðar vegna spariskírteina. Nýjar lántökur námu 7,7 milljörðum króna. Að auki greiddi ríkið 5,1 milljarð í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að greiða niður framtíðarskuldbindingar þess gagnvart starfsmönnum, sem aðrir höfðu trassað.

## MARKAÐSPUNKTAR

**Egla hf.** hefur stækkað skuldabréfaflokkinn EGLA 05 1 um 1000 milljónir króna að nafnvirði. Skuldabréfin verða seld í lokuðu útboði. Tilgangur útgáfunnar er að efla innri og ytri vöxt félagsins.

Á síðastliðnum þremur dögum hafa verið gefin út erlend skuldabréf í íslenskum krónum fyrir 11 milljarða króna. Í gær bættist við fimm milljarða útgáfa **Rabobank**, en bankinn hefur þá gefið út bréf í íslenskum krónum fyrri 29 milljarða og er stærsti útgefandi slíkra bréfa.

Atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 8,3 prósent þriðja mánuðinn í röð og hefur ekki verið lægra síðan í júlí 2002.

## Hagnaður stóreykst

Hagnaður fyrirtækja í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 eykst um 304 prósent gangi spá greiningardeildar Landsbankans eftir. Í heildina gera sérfræðingar deildarinnar ráð fyrir að hagnaður þessara sextán félaga nemi tæpum 55 milljörðum króna. Hlutfallslega verði mesti hagnaðurinn hjá bönkunum og FL Group.

Þá gerir greiningardeildin ráð fyrir að hagnaður þessara félaga dragist saman um tæplega 40 prósent á milli áranna 2005 og 2006. Ekki sé gert ráð fyrir að hlutabréf hækki jafn mikið og undanfarin þrjú ár.

# Kaupin á Sterling fá grænt ljós yfirvalda



**HANNES SMÁRASON FORSTJÓRI FL GROUP** Í lok nóvember 2005 námu heildareignir FL Group 114 milljörðum króna.

Búið er að ganga frá kaupum FL Group á danska lággjaldaflugfélaginu Sterling. Samkeppnisyfirvöld í Noregi, Svíþjóð og Þýskalandi hafa ekki andmælt kaupunum að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar Íslands. Samkeppnisyfirvöld í Danmörku og á Íslandi óskuðu eftir frekari upplýsingum varðandi kaupin. Ætla dönsk yfirvöld ekki að aðhafast frekar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála á Íslandi er að að kanna hvort tilkynna þurfi um kaupin til samkeppnisyfirvalda á Íslandi.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, stjórnarformaður FL Group, segir það meðal annars stafa af því að eignarhaldsfélagið Fons, sem seldi Sterling og fékk meðal annars bréf í FL Group fyrir, reki einnig Iceland Express. Þetta sé formsatriði og hann hafi ekki áhyggjur af því að þetta tefji ferlið. - bg








FASTEIGNAKAUP Í KAUPMANNHÖFNÍSLENDINGAR GERAST SÍFELLT UMSVIFAMEIRI Á FASTEIGNAMARKAÐI Í KAUPMANNAHÖFN, Í GÆR BÆTTUST VIÐ 150 ÞÚSUND FERMETRAR Í STÆRSTU FASTEIGNAVIÐSKIPTUM ÍSLENSKRAR VIÐSKIPTASÖGU.MYND: KRISTJÁN

# Stoðir kaupa Atlas Ejendomme

**Fasteignafélagið Stoðir hafa eignast 150 þúsund fermetra húsnæði í Kaupmannhöfn. Gengið var frá kaupum á danska fasteignafélaginu Atlas Ejendomme í gær.**

Með kaupum á Atlas Ejendomme eignast Stoðir 34 fasteignir sem alls eru 150 þúsund fermetrar. Stoðir eiga fyrir á Íslandi fasteignir sem eru um 260 þúsund fermetrar.

Kaupin á Atlas eru ein stærstu fasteignakaupin í Danmörku á undanförnum árum og stærstu fasteingakaup Íslendinga. Kaupverðið er trúnaðarmál, en gera má ráð fyrir að umfang viðskiptanna liggi á bilinu 25 til 30 milljarðar íslenskra króna.

Jónas Þór Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Stoða, verður framkvæmdastjóri beggja félaga. Hann segir Stoðir hafa keypt félagið eftir að eignir sem ekki tilheyrðu fasteignarekstrinum voru teknar út úr félagiun. „Við erum mjög ánægð með þessi kaup og höfum unnið að þeim undanfarna þrjá mánuði,“ segir Jónas Þór. Hann segir um eftirsóknarverðar eignir að ræða. „Við gerum okkur grein fyrir að Kaupmannahafnarbúar líta á margar þessar byggingar sem gersemar með mikið sögulegt gildi.“ Hann segir því áherslu lagða á að standa undir góðu orðspori Atlas Ejendomme í þeim efnum.

Jónas segir samrunaferlið ekki flókið, en stærðin nýtist við endurfjármögnun á Atlas. „Við endurfjármögnum Atlas samhliða kaupunum með evrópsku láni.“

Stærsti viðskiptavinir Atlas er danska ríkið sem leigir 22 prósent eigna félagsins. Skrifstofuhúsnæði er fyrirferðarmest í eignunum, en fjórtán prósent af fermetrunum eru verslunarhúsnæði.

Stærstu eigendur Stoða eru Baugur með tæplega helming, KB banki og Ingibjörg Pálmadóttir. Straumur Burðarás var ráðgjafi Stoða við kaupin. -hh

# Fylgst með Finnair

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, lýsir því yfir í viðtali við danska viðskiptablaðið Börsen að FL Group hafi áhuga á því að auka eignarhlut sinn í Finnair. Ef finnska ríkið minnki hlut sinn í flugfélaginu frekar hafi FL Group áhuga á að koma þar að málum.
Eins og komið hefur fram á FL Group um 6,3 prósent í Finnair og er þriðji stærsti hluthafinn á eftir finnska ríkinu, sem á 57 prósent, og Straumi-Burðarási sem á 10,7 prósent. Hannes sagði í samtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni að Finnair væri áhugavert og spennandi félag.



**SPENNTUR FYRIR FINNAIR** Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir við Börsen að félagið hafi áhuga á því að taka þátt í frekari fjárfestingu í Finnair.

Gengi hlutabréfa í finnska flugfélaginu var síðast í 13,36 evrum á hlut og hefur því hækkað um 130 prósent á einu ári. - eþa

# Undanfarin misseri hefur Framsóknarflokkurinn unnið að þessum málum:

Aukin framlög til heimahjúkrunar aldraðra • Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál • Stórátak í uppbyggingu í þágu fatlaðra • Forysta á sviði vetnisrannsókna • Hlutfall íbúðalána hækkað í 90% • Tækjavæðing á LSH • Stytting biðtíma á læknisaðgerðum • Neytendastofa • Hjúkrunarheimili fyrir langveik og fötluð börn • Sameining heilbrigðisstofnana • Endurskoðun stjórnarskrárinnar • Heyrnar- og talmeinastöðvar efld • Grunnþjónusta heilsugæslunnar efld • Miðstöðvar ung- og smábarnaverndar efld • Aukið fjármagn til sjúkraflutninga • Skólaheilsugæsla fyrir langveik börn efld • Aukin fjárframlög til geðheilbrigðismála • Löggjöf um starfsmannaleigur • Efling stoðþjónustu aldraðra • Hjúkrunarheimili á Vífilsstöðum • Fjölgun hjúkrunarrýma • Efling lýðheilsu og forvarna • Aukin fjárframlög til SÁÁ • Nýtt hátæknisjúkrahús • Aukin þátttaka í gleraugnakostnaði barna og unglinga • Hækkun almannatryggingabóta • Aldurstengd örorkuuppbót • Aukin endurgreiðsla ferðakostnaðar sjúklinga og aðstandenda • Aukin réttindi samkynhneigðra • Auknar endurgreiðslur sjúkrakostnaðar til tekjulágra barnafjölskyldna • Lyfjagagnagrunnur • Fjölskyldunefnd ríkisstjórnarinnar • Samræming stefnumótunar í vísinda- og tæknimálum • Aukin fjárframlög í Tækniþróunarsjóð • Sameining matvælarannsókna • Stórátak til fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum • Ný hönnunarmiðstöð • Átak til atvinnusköpunar • Talsmaður neytenda • Ný byggðaáætlun • Vaxtarsamningar • Efling rannsókna og tækniþróunar í líftækni • Fjárframlög til atvinnuskapandi stuðningsverkefna • Jarðhitaleitarátak • Rannsóknir og þróun á nýjum orkugjöfum og -berum • Framkvæmdir við stærstu vatnsaflsvirkjun landsins • Barna- og unglingageðdeild LSH efld • Efling samkeppniseftirlits • Skilvirkara eftirlit á verðbréfamörkuðum • Átak til fjölgunar kvenna í stjórnum fyrirtækja • Rannsóknarsetur verslunarinnar • Átak gegn kynbundnum launamun • Fríverslunarsamningar • Stofnun Landbúnaðarháskóla Íslands • Ný lög um vátryggingarsamninga • Stuðningsverkefni fyrir konur sem hyggja á atvinnurekstur • Aukið fjármagn til meðferðarstarfs fyrir börn og unglinga • Stórbætt vaxtakjör íbúðarkaupenda • Hagstæð lán til byggingar 1600 leiguíbúða • Efling Hólaskóla • Vöxtur hrossræktar • Björt framtíð loðdýraræktar • Stóraukin kornrækt • Ný tækifæri í landbúnaði • Framkvæmdaáætlun um aðgengi fyrir alla • Mikil uppbygging búsetuúrræða og þjónustu við geðfatlaða • Jafnréttisáætlun • Einfaldara Ísland • Hækkun og tekjutenging atvinnuleysisbóta • Aukin náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða • Karlaráðstefna um jafnréttismál • Endurskoðun á starfsemi stjórnarráðsins • Ný jarðalög • Ný landbúnaðarstofnun • Markviss hagræðing innan landbúnaðarins • Gæðastýring í sauðfjárrækt • Niðurgreiðsla 32 milljarða króna erlendra skulda ríkissjóðs



**VIð óskum þér og fjölskyldu þinni gleðilegs árs**

**FRAMSÓKNARFLOKKURINN**

# Ókeypis frétt - lausn á þjóðfélagsvanda

**Í Dagbók Þráins Bertelssonar er að þessu sinni meðal annars fjallað um eld og eimyrju og kristilegar sprengingjar til að kveðja gamla árið. Nýja árið hefst á 6000 ára gamalli frétt. Svo er sagt frá öfundsjúku undirmálsfólki sem sveltir sig til að skaprauna yfirvöldum og rannsókn sem leiðir í ljós að hægt er að leysa ákveðinn þjóðfélagsvanda með ókeypis brennivíni - sem gefur ýmsa spennandi möguleika.**



Kæra Dagbók

*Þráinn Bertelsson skrifar*

**LAUGARDAGUR, 31. DES.**

## Sprengingar í kristilegum anda

Kvöldið er indælt. Villibráð á borðum. Vinafólk okkar kemur í mat. Kettirnir okkar fá sérherbergi til umráða því að heiðursgestur kvöldsins er **tíkin Mandla** sem er einkennilega sljó til augnanna þegar hún heilsar mér enda hvísla húsbændur hennar að mér að hún sé undir léttum áhrifum róandi lyfja þessa stundina.

Í kristilegum anda förum við upp á Landakotstún til að sprengja burt gamla árið þegar áramótaskaupinu lýkur. Einu viðbrögðin við áramótaskaupinu voru þau að einhver sagði: „Hvað skyldi þetta hafa kostað?“ um leið og slökkt var á sjónvarpinu til að sleppa við **áramótaávarp útvarpsstjóra**. (Síðar kom í ljós að óþarfi var að slökkva á tækinu því að nýi útvarpsstjórinn mun hafa sýnt þau klókindi að hafa sig lítt í frammi).

Undir kirkjuveggnum heilsum við nýju ári og maður sér grilla gegnum púðurreykinn í fólk sem faðmast og kyssist þegar kirkjuklukkurnar taka að hringja.

Frá Landakotstúni sér maður Hallgrímskirkjuturn í gegnum eld og eimyrju, en í þeirri kirkjusókn hljóta að búa miklir sprengjuvargar, þótt þar sé guðskristni í hávegum höfð með fornum mótettusöng og orgeldrunum en léttúðugur djass er litinn hornauga og jafnvel bannaður í helgidómnum að maður tali nú ekki um nýtísku graðhestamúsík.

Mandla heilsar okkur með gelti og ég heyri ekki betur en röddin sé orðin ofurlítið drafandi enda mun einn helsti taugasérfræðingur landsins hafa mælt með að gefa henni aðra töflu af valíum rétt áður en áramótaskaupið hófst. Og þar er sennilega komin skýringin á því tómlæti sem hún sýndi hinum árlega gleðileik Sjónvarpsins.



**SUNNUDAGUR, 1. JAN. 2006.**

## Sex þúsund ára gamlar fréttir



Nýársdagsmorgunn er afar friðsæll.

Ég fer á netið að vitja um fréttir og festi einkum athyglina við eina frétt sem ég sé þarna og virðist vera nokkur þúsund ára gömul:

„Forn-Egyptar tilbáðu dvergvaxna guði og litu ekki á dvergvöxt sem fötlun, ef marka má niðurstöður rannsóknar við Georgetown háskólasjúkrahúsið í Bandaríkjunum. Stuðst var við jarðneskar leifar og heimildir um dvergvöxt í Egyptalandi hinu forna. Telja rannsakendur að dvergar hafi gegnt mikilvægum hlutverkum innan heimilisins.

Margir dverganna gegndu mikilvægum störfum á heimilum virtari embættismanna og hlutu íburðarmiklar útfarir í konunglegum kirkjugörðum við píramídana miklu. Einnig eru sannanir fyrir því að Forn-Egyptar hafi tilbeðið dvergvaxna guði eins og t.d. Bes og Ptah.“

Sennilega væri skynsamlegra að nota nýársdag til að skipuleggja verkefni og fjármál hins nýbyrjaða árs en lesa um kjör dverga í Egyptalandi hinu forna, en ég læt dvergana hafa forgang og ákveð að fresta fjármálaáhyggjum mínum um óákveðinn tíma.

**MÁNUDAGUR, 2. JAN.**

## Að svelta af fúsum og frjálsum vilja

Ekki veit ég hvernig ríkisstjórnin og heilbrigðisráðherrann ætla að bregðast við því ef ég verð dropinn sem fyllir mælinn og set ríkið á hausinn? Það er ekki á sjúklinga- og öryrkjahópinn bætandi en ég held að ég sé að missa heilsuna. Mér hefur slegið niður. Í besta falli er þetta áframhald af jólaflensunni. Í versta falli er ég að breytast í öryrkja. En eins og menn vita eru öryrkjar, gamalmenni, einstæðar mæður og láglaunafólk sá mannskapur sem stendur þjóðfélaginu fyrir þrifum.

Um jólaleytið fyrir tveimur árum tókst með naumindum að tryggja afburðafólki þjóðarinnar, alþingismönnum og ráðherrum, viðunandi lífeyriskjör og eftirlaun; þá voru samþykktar reglur sem jafngiltu 200 milljón króna starfslokasamningi fyrir forsætisráðherrann, þrátt fyrir að hvert mannsbarn sjái að slíkur höfðingi kemst engan veginn af með þá upphæð, enda varð manngarmurinn að ráða sig í vinnu í banka til að vera áfram matvinnungur.



Í stað þess að samgleðjast óskabörnum þjóðarinnar með eftirlaunakjörin sem þau skömmtuðu sér fyrir tveimur árum rauk **láglauna- og fátæktarklúbburinn** upp með öfundargjammi og reif sig svo aftur upp með æsing og frekju þegar Kjaradómur úrskurðaði um daginn að afburðafólkið ætti lagalega heimtingu á því að fá skitinn hundrað þúsund kall extra á mánuði - til að dragast ekki aftur úr öðru afburðafólki.

Það hlýtur að vera vandi að stýra þjóðfélagi þar sem almenningur kann ekki að samgleðjast leiðtogum sínum yfir velgengni þeirra, útsjónarsemi og ósérhlífni. Ekki síst þegar öryrkjar og ellilífseyrisþegar eru farnir að svelta sig af fúsum og frjálsum vilja til að storka yfirvöldunum af einskærri illgirni.

Samt virðist alltaf vera nóg framboð af fórnfúsum snillingum sem bjóða sig fram til að stjórna þessu vanþakkláta liði, jafnvel þótt hinn svokallaði almenningur virðist hafa sett sér það markmið að leggja stjórnmálamenn í einelti.

**ÞRIÐJUDAGUR, 3. JAN.**

## Geðheilsuhraustir sveitamenn



Mikið þarfaþing er þessi tölva mín. Hér get ég legið á sóttarsæng og þarf ekki annað en æpa og garga (með nokkrum þjósti) til að konan mín færi mér **jasmínu-te** með sítrónu og hunangi. Þegar ég ligg ekki í móki kveiki ég á tölvunni og fylgist með heimsmálunum.

Enn eina ferðina eru breskir vísindamenn að brillera og uppgötva með dýrum rannsóknum það sem allir vissu fyrir. Hér stendur:



„Breskir vísindamenn hafa komist að því að það eru aðeins minni líkur á því að fólk sem býr í dreifbýli þjáist af geðheilsuvandamálum heldur en hjá þeim sem búa í borgum og bæjum. Það hafa verið gerðar margar kannanir með misvísandi niðurstöðum en nú hefur birst ein könnun í British Journal of Psychiatry sem kemst að því að dreifbýlisbúar séu líklegri til að búa við góða geðheilsu.“

Þetta rifjar upp fyrir mér það sem **Friðrik mikli Prússakeisari** er sagður hafa tautað fyrir munni sér í ellinni: „Því betur sem ég kynnist mönnunum þykir mér vænna um hundinn minn.“

**FÖSTUDAGUR, 6. JAN.**

## Ókeypis brennivín

Nú hef ég því miður ekki tíma til að vera veikur lengur heldur ríf mig upp úr rúminu til að fara að vinna. Það eru stórmerkilegir hlutir að gerast úti í heimi. Kanadamenn hafa síðan 2002 verið að gera tilraun með að gefa útigangsfólki ókeypis í staupinu, og þessi til-raun hefur gefið svo góða raun að á 16 mánuðum hafa lögregluafskipti af þessum hóp minnkað um helming og sjúkrahúsvistanir hafa minnkað um þriðjung.

Þetta bendir til þess að sé í alvöru reynt að lina **þjáningar vímuefnasjúklinga** sé hægt að draga úr afbrotum þeirra, veikindum og dauðsföllum.

Reyndar hafa ákveðnir þjóðfélagshópar á Íslandi lengi búið við ókeypis aðgang að brennivíni, það er að segja forseti landsins og ráðherrarnir og verður ekki annað séð en það fólk sé allt saman sæmilega heilsuhraust og tiltölulega löghlýðið.

Kannski það verði ofan á að leysa vanda láglaunaklúbbsins og öryrkjanna með því að gefa þeim sjúss öðru hverju á kostnað ríkisins.

Skyldi þetta verða gleðilegt ár?







eplið og eikin

**Eplið og eikin er samsýning feðginanna Erlu Sólveigar Óskarsdóttur húsgagnahönnuðar og Óskars L. Ágústssonar húsgagnasmíðameistara í Hönnunarsafni Íslands, Garðatorgi 7, Garðabæ.**

Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14:00 - 18:00.
Sýningunni lýkur 20. janúar 2006




Tilboð vikunnar
eru á bonus.is
HARRY POTTER
TERTA OG
BÍÓMIÐI!
Helgartilboðin!
EKKERT BRUÐL
bonus.is
ALLAR RÆKJUR
Í BÓNUS 499KR.kg
ALLAR RÆKJUR
499 kg KR.
Harry Potter Torte
HARRY POTTER TERTA
599 KR.
BÍÓMIÐI Í KAUPBÆTI!
Próteinbomban!
Vestfirskur
úrvals hákarl
VESTFIRSKUR HÁKARL
399 100g KR.
HANN RÍFUR Í!
FROSNIR ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
NORÐANFISKUR ÞORSKBITAR
599 kg KR.
BITAFISKUR
999 200g KR.
BITAFISKUR FRÁ
GULLFISKI: 83%
PRÓTÍNINNIHALD
- AÐEINS 1% SALT
Hrefnukjöt
FROSIÐ HREFNUKJÖT
199 kg KR.
HREFNUKJÖT frosið í sneiðum.
Uppskriftir Úlfars á þremur fröskkum
eru í öllum Bónusverslunum.
Gamalt húsráð:
Gott er að þíða sneiðarnar í mjólk
en hún dregur í sig lýsisbragðið.
SJÓFRYST ROÐFLETT ÝSA
489 kg KR.
MERKT VERÐ 699KR.
SJÓFRYST OG
ROÐFLETT ÝSA
Fullsteiktar fiskibollur
- aðeins 1% fita!
STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 430g KR.
GÓÐ MILLI MÁLA
EKKERT BRUÐL
Bónus býður betur!
Vatnsmelóna
89 kg KR.
ERLENDIR TÓMATAR
98 kg KR.
Allt álegg frá
Kjarnafæði með
30% afslætti!
30% afsláttur við kassann
www.bonus.is

NICOLAS CAGE (1964-)
Á AFMÆLI Í DAG.

*„Til að vera góður leikari þarftu að vera líkt og glæpamaður, að vera tilbúinn til að brjóta reglurnar og keppa að því að gera eitthvað nýtt.“*

*Nicolas Cage er heimsfrægur leikari sem þekktur er úr kvikmyndum á borð við Wild at Heart, Leaving Las Vegas og Adaptation.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 7. JANÚAR 1990

# Skakka turninum í Písa lokað

Á þessum degi árið 1990 var skakki turninn í Písa lokaður almenningi í fyrsta sinn í átta hundruð ára sögu hans. Ástæðan var sú að hætta var talin á að turninn væri orðinn of skakkur og gæti því hrunið án viðvörunar. Því var hafist handa við miklar endurbætur árið 1992 og ári síðar var búið að rétta turninn eins mikið við og ætlunin hafði verið. Hins vegar kom bakslag í verkefnið þegar turninn hallaðist um 2,5 millimetra á einni nóttu í september árið 1995 sem var tíu prósent af því sem áður var búið að laga. Til að koma í veg fyrir að slíkt henti aftur var turninn studdur af tveimur stálstífum meðan verkinu var lokið. Þá var blýlóðum komið fyrir á norðurhluta turnsins og miklum jarðvegi mokað undan honum. Turninn var ekki opnaður á ný fyrr en árið 2001. Þá hafði hallinn verið minnkaður um 45 sentimetra. Hins vegar er því spáð að eftir 300 ár muni turninn halla jafnmikið og hann gerði árið 1990. Mörgum verkfræðingum þykir með ólíkindum að turninn hafi ekki verið fallinn löngu áður en hafist var handa við lagfæringarnar.



SKAKKI TURNINN Í PÍSA

## MERKISATBURÐIR

1610 Galileo Galilei uppgötvar tungl Júpíters.
1730 Árni Magnússon, handritasafnari og prófessor, andast 66 ára.
1906 Ungmennafélag Akureyrar er stofnað. Það hefur verið talið fyrsta ungmennafélagið hér á landi.
1942 María Markan syngur hlutverk greifafrúarinnar í Brúðkaupi Fígarós í Metrópólitan-óperunni í New York.
1979 Einræðisherranum Pol Pot er steypt af stóli í Kambódíu.
2001 Samningar takast í kjaradeilu framhaldsskólakennara og ríkisins eftir tveggja mánaða verkfall.



*Móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma*

**Svanlaug Pétursdóttir**
frá Sauðárkróki,

lést á Sjúkradeild Hrafnistu Hafnarfirði 5. janúar 2006. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigurður Sigfússon — Ingibjörg Hafstað
Stefanía Sigfúsdóttir — Snorri Jóhannsson
Ingvi Þór Sigfússon — Arnrún Antonsdóttir
Anna Pálína Þórðardóttir — Þórhallur Filippusson
og aðstandendur.



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa.*

**Ómars S. Zóphaníassonar**
Fögruhlíð 5, Hafnarfirði.

Kristín Theódórsdóttir
Theódór Kr. Ómarsson — Hafdís Sigursteinsdóttir
Marta G. Ómarsdóttir — Höskuldur Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Þorbjörg Jónsdóttir**
frá Kjörvogi,

Verður jarðsungin frá Fossvogskirkju mánudaginn 9. janúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Alda Guðjónsdóttir — Ásgeir Gunnarsson
Laufey Kristinsdóttir
Elísabet Guðjónsdóttir — Bragi Eggertsson
Sólveig Guðjónsdóttir
Guðmundur H. Guðjónsson — Dagný Pétursdóttir
Guðrún M. Guðjónsdóttir — Óskar Pétursson
Haukur Guðjónsson — Vilborg G. Guðnadóttir
Fríða Guðjónsdóttir — Karl Ómar Karlsson
Rannúa Leonsdóttir
Kristín Guðjónsdóttir — Þórir Stefánsson
Daníel Guðjónsson — María Ingadóttir
Þuríður H. Guðjónsdóttir — Garðar Karlsson
ömmubörn og langömmubörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.
Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

## JÓLIN ERU AÐ HEFJAST: SAMKVÆMT JÚLÍANSKA TÍMATALINU

# Rússneskt jólaball

Að kvöldi þrettándans ganga jólin í garð hjá rétttrúnaðarkirkjunni sem er sterkasta kirkjudeildin í Rússlandi, Úkraínu, Búlgaríu, Serbíu, Grikklandi og víðar en þar eru jólin ein helsta trúarhátíðin. Kirkja þessarar þjóða fer eftir júlíanska tímatalinu en það er þrettán dögum á eftir okkar tímatali, því gregoríanska.

Félagið MÍR - Menningartengls Íslands og Rússlands, hefur vetrardagskrá sína með jólaballi sem söfnuður rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar á Íslandi heldur fyrir börn og fullorðna í nýju húsnæði MÍR á Hverfisgötu 105, klukkan fjögur í dag. Dansað verður í kringum jólatréð, rússneski jólasveinninn, Frosti afi, og Snædrottningin koma í heimsókn. Þá dunar harmónikkutónlist og þjóðdans verður stiginn.

Haukur Hauksson hefur lengi starfað í félaginu MÍR og nam þar meðal annars rússnesku sem unglingur. „Þetta er félag sem stendur á gömlum merg og á yfir sjötíu ára sögu hér á landi,“ segir Haukur en MÍR á að hans sögn stærsta kvikmyndasafn rússneskra mynda norðan Alpafjalla. Auk þess á félagið gamlar og góðar sýningarvélar en allt þetta er í geymslu hjá Kvikmyndasafni Íslands. Kvikmyndasýningar hafa spilað stóran þátt í starfsemi félagsins en undanfarin ár hafa verið sýningar á rússneskum myndum alla sunnudaga.

Um 200 manns frá ýmsum löndum eru í rússnesku rétttrúnaðakirkjunni á Íslandi og hefur MÍR stutt nokkuð við þessa kirkjudeild í gegnum tíðina.

„Kirkjan þarna úti er mjög íhaldssöm stofnun og þeir hafa hvorki breytt stafrófinu né dagatalinu,“ segir Haukur sem sjálfur notar hið venjubundna gregoríanska dagatal en segir þá sem tilheyra kirkjunni og búa hér á landi noti einfaldlega bæði gregoríanska og júlíanska tímatalið. „Þetta getur verið hentugt að mörgu leyti því fólkið heldur jólin og áramótin með okkur. Síðan koma rússnesku jólin 6. janúar og trúaráramótin 14. janúar. Þannig að þetta er eins mánaðar gleði í staðinn fyrir tvær vikur,“ segir Haukur glettinn, en Rússarnir halda að hans sögn veglegar veislur þegar „gamla nýárið“ gengur í garð um miðjan janúar.

Haukur hefur lengi haft áhuga á Rússlandi og rússneskri þjóð og menningu. Hann var þar bæði við nám og var einnig fréttaritari RÚV lengi vel. Hann skipuleggur og ferðir til landsins og hyggur á að fara með hóp af fólki til Moskvu og Pétursborgar í lok maí. Hann býst við töluverðum fjölda af fólki á jólaballið. „Það eru allir velkomnir og best að fá sem flesta Íslendinga,“ segir Haukur með tilhlökkun. ■




**RÚSSNESK JÓLASTEMNING** Rússnesk jólakort í gamla stílnum henta vel í jólahaldið í janúar.



**RÚSSLANDSVINUR** Haukur Hauksson hefur lengi starfað innan MÍR. Hann var við nám í Rússlandi og var fréttaritari RÚV þar í landi.

## ANDLÁT

**Hulda Ingimars** frá Þórshöfn, lést á Landspítalanum Fossvogi aðfaranótt miðvikudagsins 4. janúar.

**Lúðvík G. Jónsson**, Faxabraut 13, Keflavík, andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 4. janúar.

## JARÐARFARIR

13.00 **Elín Björg Gísladóttir** frá Naustakoti á Vatnsleysuströnd, verður jarðsungin frá Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd.
13.30 **Tómas Tómasson** frá Helludal, verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju.
14.00 **Guðbjartur Ingi Bjarnason**, Feigsdal, Ketildölum, Arnarfirði, verður jarðsunginn frá Bíldudalskirkju.
14.00 **Jón Bergmann Guðmundsson** fyrrum bóndi á Breið, verður jarðsunginn frá Goðdalakirkju.
14.00 **Þórður Sveinsson** frá Barðsnesi, verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



**Trausti Valsson** arkitekt og skipulagsfræðingur er sextugur.

**Bergljót Baldursdóttir** útvarpskona er 52 ára.



**Kristján Hreinsson** skáld er 49 ára.



**Svava Johansen** kaupmaður er 42 ára.



**Anna Mjöll Ólafsdóttir** söngkona er 36 ára.



**VIÐ HÁTÍÐLEGA ATHÖFN** Sigurður Brynjólfsson, forseti verkfræðideildar HÍ, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, Gunnar Sigurðsson, Frú Vigdís Finnbogadóttir og Sigurður Jónsson.

# Úr sjóði stúdents

Úthlutað var úr Minningarsjóði Þorvalds Finnbogasonar stúdents við hátíðlega athöfn þann 21. desember síðastliðinn. Styrkinn hlaut að þessu sinni Gunnar Sigurðsson nemandi á þriðja ári í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands, fyrir hæstu meðaleinkunn að loknu öðru námsári.

Minningarsjóðurinn var stofnaður af foreldrum Þorvalds Finnbogasonar á 21 árs afmæli Þorvalds, þann 21. desember 1952.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja stúdenta til náms við verkfræðideild HÍ eða til framhaldsnáms í verkfræði við annan háskóla. ■

# Ljónaveisla

## Stökktu strax á ljónið á einstöku tilboði

**Komdu strax. Takmarkað framboð**




HÉR & NÚ / SÍA

www.peugeot.is

Frábært innlegg í sparnaðarmarkmið ársins: Þú getur sparað stórlega ef þú ert snar í snúningum NÚNA og nærð í þinn útvalda Peugeot á stórlækkuðu verði. Veldu frumlegasta, skemmtilegasta eða flottasta ljónið á veginum eða þá eiginleika sem þér þykja bestir. Peugeot hefur þá alla; glæsilegan stíl, hugvitsamlega hönnun, fjölbreytta tækni og frábæra aksturseiginleika. Ótrúlega mikið fyrir ótrúlega lítið. Þú kemur og setur saman þinn pakka í þinn útvalda Peugeot og við semjum um verðið. Betra boð gerist varla.

PEUGEOT

BERNHARD

**BERNHARD** ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



Það þótti sæta nokkrum tíðindum að stórleikarinn **Forest Whitaker** skyldi samþykkja að leika í kvikmynd eftir Baltasar Kormák. Leikarinn fer fögrum orðum um hinn íslenska leikstjóra og útilokar ekki frekara samstarf. *Freyr Gígja Gunnarsson* sló á þráðinn til Forests í tilefni af nýliðinni frumsýningu A Little Trip to Heaven.

# Á öll mín bestu ár eftir

Röddin var kunnugleg. Vinaleg, rétt eins og andlitið sem heillað hefur heimsbyggðina upp úr skónum síðan 1982. Leikarinn var nýkominn heim úr jólafríi með fjölskyldu sinni en fannst ekki mikið tiltökumál að gefa kost á sér í viðtal þótt hann væri nánast nýlentur.

Forest Whitaker á að baki magnaðan feril á hvíta tjaldinu. Kvikmyndir hans eru yfir fimmtíu talsins og hann hefur unnið með leikstjórum á borð við Oliver Stone, Clint Eastwood, Jim Jarmusch og Wayne Wang. Hann hlaut leikaraverðlaunin á Cannes-hátíðinni í Frakklandi 1988 fyrir frammistöðu sína sem Charlie Parker sem Clint Eastwood leikstýrði. Hann hefur þó alltaf verið óhræddur við að takast á við ólík hlutverk í kvikmyndum sem margir í hans stöðu myndu eflaust fúlsa við. Með því hefur Forest Whitaker skapað sér töluverða sérstöðu en um leið eignast nokkuð breiðan aðdáendahóp.

Forest leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni A Little Trip to Heaven sem var frumsýnd á annan í jólum. Hann hafði þó ekki frétt af frumsýningu myndarinnar hér á landi en gladdist yfir þeim fréttum að henni hefði verið tekið vel. Það er heldur engin lygi enda hafa gagnrýnendur keppst um að lofa myndina.



**FOREST KEMUR TIL LANDSINS** Leikarinn var hvergi smeykur við að taka að sér hlutverk í kvikmynd eftir nánast óþekktan leikstjóra enda hefur hann tröllatrú á hæfileikum Baltasars. FRÉTTABLAÐIÐ / ATLI

**Hvergi smeykur**

Nokkur ár eru síðan Baltasar Kormákur og Sigurjón Sighvatsson komu að máli við Forest Whitaker. „Þeir vildu kynna fyrir mig verkefni sem þeir voru að vinna í,“ segir leikarinn með sinni rólegu en djúpu rödd. „Mér leist strax vel á það og bað þá um að sýna mér handritið,“ heldur hann áfram. Þegar drög að handriti lágu fyrir horfði leikarinn á kvikmyndir Baltasars og sló til í framhaldi af því. Það liðu þó tvö ár þar til að honum gafst tími til að leggja upp í ferðalag á þetta krummaskuð í norðri enda dagskrá alþjóðlegrar stjörnu yfirleitt þéttsetin.

Forest segist hafa verið hvergi smeykur við að koma til Íslands og leika í mynd eftir tiltölulega óþekktan leikstjóra sem aðeins hafði gert tvær myndir í fullri lengd. „Ég horfði á bæði 101 Reykjavík og Hafið og leist vel á það sem hann var að gera,“ segir Forest af sannfæringu en hann hefur mikla trú á hæfileikum Baltarsars. „Hann hafði ákveðna sýn og tilfinningu fyrir því hvað hann ætlaði gera,“ heldur Forest áfram. „Baltasar vann mjög náið með okkur leikurunum og við ræddum saman hvert hann ætlaði sér með myndina,“ útskýrir Forest sem hreifst mjög af starfsaðferðum hins íslenska leikstjóra og lofar hann í bak og fyrir. „Hann var hvergi smeykur við að ýta okkur fram á ystu nöf og ég naut þess að vinna með honum,“ segir Forest en hann og Baltasar hafa rætt um frekara samstarf. „Tíminn verður bara að leiða í ljós hvað úr verður.“

**Hrifinn af óháðri kvikmyndagerð**

Forest hefur alltaf verið óhræddur við að taka áhættu og hefur unnið með mörgum af fremstu leikstjórum heims innan óháðrar kvikmyndagerðar. Nægir þar að nefna Jim Jarmusch og Wayne Wang.

Forest segir að vinnuumhverfið sé allt öðruvísi í sjálfstæðri kvikmyndagerð en innan hefðbundinnar Hollywood-kvikmyndar. Þannig hafi til dæmis hugmyndin að Ghost Dog kviknað út frá samtali sem hann átti við Jarmusch. „Mér þykir mjög vænt um þá mynd,“ skýtur leikarinn inn í.

Honum sjálfum finnst mikilvægt að starfa innan óháða geirans til að þróa sig enn frekar sem leikari. „Þessir leikstjórar hafa tækifæri til að segja sögur af venjulegu fólki sem lifir í hversdagsleikanum,“ útskýrir Forest. „Þeir þurfa líka að hafa ákveðnar hugsjónir til að lifa af,“ bætir hann við og segist njóta þess að vinna slíkar myndir.

**Sársaukalaus undirbúningur**

Whitaker hefur hlotið mikið lof fyrir frammistöðu sína sem trygginga-rannsóknarmaðurinn Holt. Einlægir aðdáendur hans hafa haft það á orði að þetta sé hans besta frammistaða hingað til, svo vitnað sé til tíðra ummæla Idol-dómara. A Little Trip segir frá áðurnefndum Holt sem þarf að ferðast til smábæjarins Hastings og rannsaka þar dularfullt andlát manns sem skilur eftir sig eina milljón dollara í líftryggingu. Ef allt reynist slétt og fellt þá fellur hún í skaut Isoldar en Holt hefur sínar efasemdir og fljótlega kemur í ljós að ekki er allt sem sýnist.

Whitaker undirbjó sig vel fyrir þetta hlutverk og vann meðal annars mjög náið með talsérfræðingi til að ná þeim hreim sem hann talar með í myndinni. Hann átti einnig nokkur samtöl við föður sinn sem er vel inni í tryggingamálum Bandaríkjanna. „Það hefði verið ómögulegt fyrir mig að koma á tökustað án undirbúnings því hreimurinn var nauðsynlegur og mér fannst ég þurfa a‘ þekkja til kerfisins svo að ég myndi verða trúverðugur í mínu hlutverki,“ útskýrir Forest sem vann einnig náið með Baltasar í útfærslu á persónunni. Forest hefur þó marga fjöruna sopið hvað undirbúning varðar. „Þegar ég lék í stríðsmyndum eftir Oliver Stone var okkur kennt að sitja og éta eftir kúnstarinnar reglum,“ segir Forest og hlær. „Undirbúningurinn fyrir A Little Trip var því tiltölulega sársaukalaus,“ bætir hann við og skellir upp úr.

**Nóg eftir**

Forest er þekkt andlit víða um heim og hefur notið mikillar velgengni í gegnum árin. Honum hefur engu að síður tekist að halda sig fjarri glys og glaumi frægа fólksins. „Ég ákvað snemma að halda börnunum mínum frá þessu því þetta umhverfi er þeim ekki hollt,“ útskýrir Forest. „Kannski hefur það verið ómeðvituð ákvörðun en ég hef alltaf reynt að halda þeim frá sviðsljósinu,“ segir hann en þó hefur sonur hans, Denzel, aðeins reynt fyrir sér á þessum vettvangi og lék meðal annars lítið hlutverk í Training Day.

Handritið skiptir Forest miklu máli þegar hann velur sér næsta verkefni en það er þó langt frá því að vera mikilvægast. „Yfirleitt fylgi ég þeirri tilfinningu sem ég hef fyrir verkefninu og nota eðlisávísunina mína,“ segir hann og hlær.

Þrátt fyrir að hafa verið að í rúm tuttugu ár segist Whitaker eiga nóg eftir og talar um sína nýjustu mynd, The Last King of Scotland, en þar leikur hann einræðisherrann Idi Amin. „Ég finn að það er eitthvað að gerast og sjálfum finnst mér ég eiga öll mín bestu ár eftir. Ég veit eiginlega ekki hvað er í gangi.“ ■

## Ferill Forest Whitaker



Forest Whitaker á skrautlegan feril að baki sem spannar gæðamyndir og rusl. Segja má að undir lok níunda áratugarins hafi hann verið á hátindi ferils síns en þá komu þrjár kvikmyndir sem allar fengu mikið lof gagnrýnenda:

**Platoon** (1986): Mögnuð stríðsádeila Olivers Stone sem lifir í minningunni sem ein af þeim bestu en eldist ekki vel.

**Good Morning Vietnam** ( 1987): Barry Levinson fylgdi í kjölfarið en ótrúlegur leikur Robin Williams skyggði á alla aðra. Whitaker fékk ekki það hrós sem hann átti skilið.

**Bird** (1988): Í þessum óð Eastwoods til eins af risum djassins fer Forest Whitaker hamförum sem hinn óhamingjusami en hæfileikaríki Charlie Parker. Tvímælalaust ein af hans bestu myndum, sama hvað hver segir.

**Smoke** (1995): Hversdagsleikinn hefur aldrei birst okkur jafn skýrt og í þessu meistarastykki Wayne Wang. Harvey Keitel, William Hurt og Forest Whitaker í mynd byggðri á skáldsögu Paul Auster? Getur ekki klikkað.

**Ghost Dog** (1999): Myndin naut í raun fáránlegra vinsælda hér á landi. Segir frá leigumorðingja mafíunnar sem lendir sjálfur í því að vera skotmark.


Anna 1 KRISTINSDÓTTIR
– ÞEKKIST AF VERKUNUM

Opnun kosningaskrifstofu

*Í dag klukkan tvö opnum við kosningaskrifstofu Önnu Kristinsdóttur í gamla Landssímahúsinu við Austurvöll. Ávarp Önnu, léttar kaffiveitingar, lifandi tónlist og hvetjandi spjall! Verið velkomin.*
***Stuðningsmenn***



www.annakr.is


tilboðsdagar
The Italian touch
Komdu núna og gerðu frábær kaup!
Afar vandaðir hvíldarstólar á frábæru verði!
Litir: Brúnt
Með áklæði
Tilboðsverð aðeins kr
34.900.-
Með leðri
Tilboðsverð aðeins kr
54.900.-
Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli
Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt
Tilboðsverð aðeins kr
49.900.-
Italsofa
The Italian touch
Vandaður hornsófi með slitsterku áklæði
Verð áður kr. 299.000.-
Verð nú kr. 199.000.-
Verð áður kr. 185.000.-
Verð nú kr. 139.000.-
Áklæði 3+1+1
Áklæði / 3+1+1
Verð áður kr. 190.000.-
Nú kr. 129.000.-
Áklæði / 3+2+1
Verð áður kr. 210.000.-
Verð nú kr. 149.000.-
Italsofa
The Italian touch
Afar vandað ítalskt leðursófasett 3+1+1
Margar gerðir!
Veronica
Verð áður kr. 199.000.-
Verð nú kr. 169.000.-
Italsofa
The Italian touch
Verð áður kr. 108.000.-
Verð nú kr. 69.000.-
Afar vandað sesslon, leður
3+1+1 Bycastleður
Verð áður kr. 219.000.-
Verð nú kr. 179.000.-
Bycast leður / 3+2+1
Verð áður kr. 249.000.-
Nú kr. 209.000.-
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
www.valhusgogn.is
Opið Laugard 11-16 - Sunnud.13-16
Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

# Blóðug saga alræmds götugengis

Stanley „Tookie“ Williams, einn forsprakki eins alræmdasta götugengis Bandaríkjanna, var tekinn af lífi í lok síðasta árs. Árið 1969 stofnaði hann **Crips-klíkuna**, sem ber ábyrgð á fjölda morða og annarra glæpa. Hún teygir sig í dag til að minnsta kosti 42 ríkja Bandaríkjanna. Höfuðandstæðingurinn er önnur klíka sem nefnist Bloods. *Trausti Hafliðason* skoðaði sögu klíkunnar.



**MEÐ 23 SKOTSÁR** Meðlimur Bloods-klíkunnar, höfuðandstæðings Crips-klíkunnar, sýnir nokkur skotsár sem hann hefur fengið í gegnum árin. Maðurinn hefur viðurnefnið „Blóðhundur“. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Stanley „Tookie“ Williams var tekinn af lífi í San Quentin-fangelsinu Kaliforníu hinn 13. desember. Tookie, eins og hann var iðulega kallaður, var í meira lagi umdeildur maður enda var hann einn af stofnendum hinnar alræmdu Crips-glæpaklíku í Los Angeles.

Aftökur eru alltaf umdeildar í Bandaríkjunum og í aðdraganda aftöku Tookie mótmælti fjöldi fólks. Auk þrýstihópa sem almennt vilja afnema dauðarefsingar vakti athygli að þó nokkur fjöldi frægra manna mótmælti aftöku Tookie. Þar fóru fremstir í flokki leikarinn Jamie Foxx og rapparinn Snoop Dogg.

### Dæmdur fyrir að myrða fjóra

Tookie var dæmdur til dauða árið 1981 fyrir að myrða fjórar manneskjur og sögðu vitni við réttarhöldin að hann hefði stært sig af morðunum og hlegið að fórnarlömbum sínum.

Vildu stuðningsmenn Tookie meina að í fangelsinu hefði hann breyst. Hann væri ekki lengur kaldrifjaður klíkuforingi heldur maður sem vildi gera allt sem í hans valdi stæði til að koma í veg fyrir að ungt fólk leiddist á braut glæpa. Bentu þeir á að í fangelsinu hefði hann meðal annars skrifað barnabækur þar sem glæpir og tilvist götugengja væru fordæmd og að hann hefði meðal annars verið tilnefndur til friðarverðlauna Nóbels fyrir forvarnarstarf sitt. Allt kom fyrir ekki. Tookie var tekinn af lífi.

### Þekktir stuðningsmenn

Foxx lék þennan fyrrum klíkuforingja í kvikmyndinni Redemption sem kom út í fyrra og má líklega rekja ákafan stuðning hans til Tookie til þessa. Stuðningur Snoop Dogg við Tookie kom hins vegar engum sem þekkir til gengja í Los Angeles á óvart. Snoop var, og er reyndar af mörgum enn talinn vera, meðlimur í Rollin‘ 20s, sem er einn angi Crips-klíkunnar.

Crips-klíkan er ein af elstu blökkumannaklíkum Bandaríkjanna. Meðlimir hennar bera ábyrgð á fjölda morða og annarra glæpa og þá hefur klíkan verið mjög umsvifamikil í fíkniefnaviðskiptum. Í upphafi samanstóð gengið af tiltölulega fámennum hópi ungmenna í suðurhluta Los Angeles. Í dag er Crips hins vegar samnefnari yfir net eða bandalag gengja sem teygir sig til allra helstu borga Bandaríkjanna. Talið er að þúsundir manna séu í klíkunni og þó þorri þeirra sé blökkumenn eru einnig meðlimir af öðrum kynþáttum í klíkunni í dag. Samkvæmt skýrslu sem alríkislögreglan gaf bandarískri þingnefnd árið 1997 teygði Crips sig til 42 ríkja.

### Hugsanleg stafsetningarvilla réð nafninu

Crips-klíkan á rætur sínar að rekja til loka sjöunda áratugarins þegar tveir fimmtán ára unglingar í Freemont-skólanum í Los Angeles, Raymond Washington og fyrrnefndur Stanley Tookie Williams, stofnuðu klíku sem hét Baby Avenues.

Tvímenningarnir litu mjög upp til annarrar klíku sem nefndist einfaldlega Avenues og vann ýmis skítverk fyrir samtök Svörtu hlébarðanna (Black Panthers). Síðar breyttist nafn Baby Avenues í Avenues Cribs og enn síðar í Cribs. Enska orðið cribs þýðir barnarúm og var með því verið að vísa til ungs aldurs meðlima gengisins. Enn síðar breyttist nafn gengisins í Crips. Ekki er alveg ljóst hvers vegna „b“ var skipt út fyrir „p“ en nokkrar kenningar eru þó til um það. Ein útgáfa sögunnar er að í árdaga klíkunnar hafi dagblaðið Los Angeles Sentinel greint frá því að nokkrir meðlimir klíkunnar hefðu ráðist á ferðamenn í Los Angeles.

Eitt af einkennum meðlima gengisins þá var að ganga með staf og eiga ferðamennirnir því að hafa sagt lögreglunni að fötluð (crippled) ungmenni hefðu ráðist á sig. Á dagblaðið að hafa kallað gengið Crips vegna þessa. Hins vegar eru þeir einnig til sem telja að notkunin á orðinu „Crips“ í dagblaðinu hafi einfaldlega verið stafsetningarvilla.

Í byrjun áttunda áratugarins höfðu Crips-klíkur sprottið upp víðs vegar í Los Angeles. Klíkurnar eru kenndar við hverfin sem meðlimir þeirra koma frá og þannig nefndust fyrstu klíkurnar Eastside Crips, Westside Crips, Compton Crips, Avalon Garden Crips og Inglewood Crips. Washington og Tookie hófu síðan útrás til hverfa þar sem Crips-klíkur voru ekki fyrir heldur aðrar sjálfstæðar klíkur. Fljótlega varð ljóst að tvær klíkur gátu ekki þrifist í sama svæði og urðu oft blóðugir bardagar milli gengja. Sumarið 1972 urðu mikil átök milli Compton Crips og gengis sem nefnist Piru Street Boys. Compton Crips hafði betur og í kjölfarið breyttist landslag gengja í Los Angeles. Andstæðingar Crips-klíkunnar áttuðu sig fljótlega á því að ef þeir mynduðu bandalag gegn Crips-klíkunni hefðu þeir meira í hana að segja.





**STANLEY „TOOKIE“ WILLIAMS** Tookie var tekinn af lífi fyrir að myrða fjórar manneskjur árið 1981.



**SNOOP DOGG MERKTUR CRIPS** Rapparinn Snoop Dogg hefur verið kenndur við Rollin‘ 20s Crips-klíkuna. Svo virðist sem hann hafi ekkert verið að fela tengsl sín við klíkuna þegar hann hélt tónleika í Egilshöllinni í sumar. Hann klæddist stórri blárri mussu sem svipar mjög til höfuðklútanna sem meðlimir Crips nota til að auðkenna sig. FRETTABLADID/TEITUR



**THE GAME MERKTUR BLOODS** Rapparinn The Game hefur haft tengsl við Bloods-klíkuna Cedar Block Piru frá Compton-hverfinu í Los Angeles. Á myndinni sést hann með rauða höfuðklútinn bundinn sem bindi og derhúfu hafnaboltaliðsins Cincinnati Reds en meðlimir Cedar Block Piru Bloods ganga með húfur þess liðs. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

### Samtök gengja gegn Crips

Síðla sumars 1972 funduðu foringjar gengjanna Piru Street Boys, Lueders Park Hustlers, L.A. Brims, Bishops og Denver Lanes. Allar þessar klíkur höfðu horn í síðu Crips, til að mynda höfðu Crips-félagar myrt einn meðlim L.A. Brims fyrr um árið. Niðurstaða fundarins var að stofnað var nýtt gengi - Bloods. Þetta gengi er enn í dag höfuðandstæðingur Crips-klíkunnar.

Strax frá byrjun reyndu meðlimir Crips-klíkunnar að skera sig frá öðrum með ýmsu móti. Líklega er frægasta einkenni þeirra blái liturinn. Meðlimir gengisins nota bláa höfuðklúta og klæðast bláum bolum. Bloods-gengið ákvað strax að nota rauða litinn sem sitt helsta einkenni og nota meðlimir Bloods rauða höfuðklúta og boli. Notkun klútanna og bolanna hefur þó minnkað nokkuð hin síðari ár vegna ótta meðlima gengjanna um að lögreglan sigti þá út séu þeir of áberandi. Enn má þó sjá þessi einkenni þó sífellt sé að verða algengara að þeir klæðist til dæmis bláum eða rauðum bol undir hvítum.

### Umsvifamiklir í fíkniefnasölu

Upp úr 1980 fór Crips-klíkunni að vaxa verulega fiskur um hrygg. Á þessum tíma er talið að um þrjátíu þúsund manns hafi verið í gengjum í Los Angeles. Árið 1972 voru átta Crips-klíkur í Los Angeles-sýslu, árið 1982 voru þær orðnar 109 talsins og í lok síðasta áratugar voru þær um 200.

Upp úr 1980 breyttist ýmislegt. Þá kom fyrst á markaðinn nýtt eiturlyf - krakk. Krakk er unnið úr kókaíni en er miklu ódýrara. Þetta þýddi að meðlimir gengja gátu selt það efnaminna fólki sem varð nánast strax háð því. Einstakir meðlimir gátu hagnast um tugi ef ekki hundruð þúsunda á einu kvöldi. Crips-klíkan varð gríðarlega umsvifamikil í sölu eiturlyfja og öðlaðist töluverða virðingu meðal annarra glæpamanna, ekki ósvipað og ítalska mafían á sínum tíma. Reyndar er alveg ljóst að gengi eins og Crips lítur upp til gömlu mafíunnar. Sín á milli kalla meðlimir Crips sig „cuzz“ sem er stytting á orðinu „cousin“ sem ítalskir mafíósar notuðu þegar ávörpuðu hver annan.

Í kjölfar aukinna fíkniefnaviðskipta og átaka um svæði til að selja þau á jókst ofbeldið einnig. Bandaríska alríkislögreglan telur að rekja megi þúsundir morða á hverju ári til glæpagengja. Árið 1992 og 1995 voru meira en 800 morð rakin til gengja í Los Angeles-sýslu einni. Árið 1998 voru 400 morð í sýslunni rakin til gengja.

Þó Crips- og Bloods-klíkurnar hafi eldað grátt silfur saman í gegnum tíðina hafa einnig verið innbyrðis átök í Crips-klíkunni. Til dæmis hafa Rollin‘ 60s-klíkan og Gangster Crips-klíkan, eða Eight-Trey eins og hún er líka kölluð, átt í hatrömmum deilum í meira en tvo áratugi.

### Meðal þeirra allra hættulegustu

Crips- og Bloods-klíkurnar eru enn þann dag í dag taldar meðal þeirra allra hættulegustu í Bandaríkjunum. Hins vegar hefur annað gengi vakið meiri athygli síðustu ár en það heitir Mara Salvatrucha eða MS 13. Mara Salvatrucha er líkt og hin tvö glæpagengi með stóru G. Gengið smyglar eiturlyfjum í stórum stíl frá Mexíkó til Bandaríkjanna og hefur tengsl við stóra eiturlyfjahringi í Suður-Ameríku.

Gengið smyglar einnig fólki og vopnum yfir landamærin og stelur þúsundum bíla í Bandaríkjunum á hverju ári. Þá hefur því einnig verið haldið fram að gengið hafi haft tengsl við al-Kaída. Uppgangur Mara Salvatrucha hefur vakið gríðarmikla athygli í Bandaríkjunum. Í byrjun ársins stofnaði Bandaríska alríkislögreglan (FBI) sérsveit til höfuðs genginu og er það í fyrsta skiptið í sögunni slík gerist. ■

## HELSTU KLÍKURNAR

Í skýrslu bandarísku alríkislögreglunnar til dómsmálanefndar öldungadeildar þingsins kemur fram að helstu glæpaklíkur landsins séu:

*Mara Salvatrucha 13*
*Crips*
*Bloods*
*Black Gangster Disciples Nation*
*Almighty Latin Kings Nation*
*Jamaican Posses*

## BK MERKIR „BLOOD KILLERS“



Blái liturinn er auðkenni Crips-klíkunnar og rauður er einkenni Bloods-klíkunnar. Algengt er að meðlimir gengjanna gangi með **höfuðklúta** og í bolum með þessum litum.

Hin síðari ár hafa meðlimir Crips gjarnan gengið í **íþróttaskóm frá British Knights**, skammstafað BK. Merkingin sem Crips-meðlimir leggja í þessa skammstöfun er hins vegar ekki British Knights heldur Blood Killers. Einnig auðkenna meðlimir gengjanna sig með skóreimum og beltum.



Algengt er að meðlimir gengja leggi aðra merkingu í ýmsar þekktar skammstafanir eða stafi. Bestu dæmin eru líklega **derhúfurnar**. Hvert einasta íþróttalið í Bandaríkjunum framleiðir derhúfur sem meðlimir gengja taka og gera að sínum. Meðlimir Gardena Crips-gengisins frá Los Angeles ganga til dæmis með derhúfur bandaríska fótboltaliðsins Green Bay Packers. Cedar Block Piru Bloods-gengið frá Compton notar derhúfur frá bandaríska hafnaboltaliðinu Cincinnati Reds.



Þá er húðflúr mjög algengt hjá gengjum sem og ýmsar **merkjasendingar með fingrum** sem eru í raun nokkurs konar táknmál sem meðlimir nota til að auðkenna sig.



Gengin hafa einnig búið til sitt eigið stafróf þar sem stafir eru skrifaðir með ákveðnum hætti. Þá er einnig vitað að meðlimir Crips forðast að nota stafinn B og Bloods að nota stafinn C, þannig biðja meðlimir Bloods um „bigarette“ í stað „cigarette“.

tmhusgogn.is

# ! ÚTSALA

útsala

útsala

## Verðdæmi:

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 1. **Monaco sófas, 3+1+1,** leður á slitfl. Litir: svart, drapp, lj.br. | 259.000 kr. | **159.000 kr.** |
| 2. **Monaco horns. 3 horn 2,** leður á slitfl. Litir: drapp, lj.br. a. rautt: 225x280cm | 198.000 kr. | **119.000 kr.** |
| 2. **Tungusófi Marco** leður, litir d.brún, svart, stærð: 200x220 | 212.000 kr. | **129.000 kr.** |
| 3. **Kommóða 76113,** plastl. Kirsub, hlynur stærð: 40x49x127 | 13.000 kr. | **6.900 kr.** |
| 4. **Kommóða 76112,** plast. Kirsub. Hlynur stærð: 76x49x127 | 15.500 kr. | **7.900 kr.** |
| 5. **Sófi Serenella 3ja sæta,** leður koniaks brúnt | 119.000 kr. | **74.000 kr.** |
| 6. **Borðstofurborð** cs/353 og 4 stólar cs/260, kirsub | 105.100 kr. | **79.500 kr.** |
| 7. **Sjónvarpsskápur 10599 Vet For** plast. mah. króm | 24.900 kr. | **9.900 kr.** |
| 8. **Rúm Comfort Kontinental 150x200** | 131.000 kr. | **98.250 kr.** |

**Wall Street hillusamstæður, ýmsar uppsetningar 25% afsláttur á meðan birgðir endast**

**10% afsláttur** af öðrum vörum á meðan á útsölunni stendur

**Opið**

**Mán. - fös. 10.00 - 18.00 • Laugard. 11.00 - 16.00 • Sunnud. 13.00 - 16.00**

**TM - HÚSGÖGN**
Síðumúla 30 - Sími 568 6822
- *ævintýri líkust*

# HUNDRUÐ VÖRUTEGUNDA

## SJÓNVARPSTÆKI
## MYNDBANDSTÆKI
## DVD SPILARAR
## HÁTALARAR
## HLJÓMTÆKI
OG FLEIRA
OG FLEIRA

# ÚTS

| 37% | 21% | 15% |
|---|---|---|
| TÖKUVÉL MEÐ DISK | 21“ SJÓNVARP | 42“ PLASMASJÓNV. |
| VERÐ ÁÐUR kr. 94.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 18.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 199.990 |
| TILBOÐ kr. 59.990 | TILBOÐ kr. 14.990 | TILBOÐ kr. 169.990 |
| AFSLÁTTUR kr. 35.000 | AFSLÁTTUR kr. 4.000 | AFSLÁTTUR kr. 30.000 |
| JVC MEÐ HÖRÐUM DISK | UNITED | THOMSON |

EKKI MISSA AF FRÁBÆRU TÆKIFÆRI

**BÍLGRÆJUR OG HÁTALARAR**
ALLT AÐ 50% AFSL.

**MYNDAVÉLAR MEÐ ALLT AÐ 30% AFSLÆTTI**
STAFRÆNAR GÆÐAVÉLAR

SPARAÐU STÓRFÉ Á ÚTSÖLUNNI

**14” UNITED SJÓNVARP**
AÐEINS KR. 7.990

**DVD SPILARAR MEÐ UPPTÖKU**
VERÐ FRÁ KR. 14.990

**PHILIPS ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR**
VERÐ FRÁ KR. 2.490

## RAFTÆKI Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

# MEÐ ROSALEGUM AFSLÆTTI

# ALLT AÐ 85% AFSLÁTTUR

## MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

JVC GRUNDIG DIBOSS THOMSON Dantax PHILIPS UNITED

# ALA

| 30% | 20% | 46% |
|---|---|---|
| DVD SPILARI - DivX | 21" SJÓNVARP - DVD | HEYRNARTÓL |
| VERÐ ÁÐUR kr. 9.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 24.990 | VERÐ ÁÐUR kr. 1.290 |
| TILBOÐ kr. 6.990 | TILBOÐ kr. 19.990 | TILBOÐ kr. 690 |
| AFSLÁTTUR kr. 3.000 | AFSLÁTTUR kr. 5.000 | AFSLÁTTUR kr. 600 |
| GRUNDIG DIVX VIDEO | UNITED DVD VIDEO | JVC |

HÁTALARAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Dantax JBL Infinity

TAKMARKAÐ MAGN ▶ FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!

MIKIÐ ÚRVAL AF HEIMABÍÓKERFUM FRÁ KR. 9.990 PHILIPS JVC UNITED

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-17

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SJÁIÐ TILBOÐIN Á HEIMASÍÐUNNI WWW.SM.IS

# KÆRI JÓN

Jón Gnarr ræður lesendum Fréttablaðsins heilt >

**Kæri Jón**
Ég þakka fyrir allan þann fjölda bréfa sem mér barst í vikunni. Nokkur bréf þurfa að bíða svars þar til í næstu viku. Ég byrja að þessu sinni á bréfi sem er ekki spurning heldur frekar svar við bréfi sem birtist í síðustu viku.

**Kæri Jón**
Ég get ekki orða bundist vegna bréfsins um fjármál heimilisins frá Svörtu Söru í blaðinu á gamlársdag.

Í fyrsta lagi þá er það ekki „fátækt" þegar heimili er með útborguð laun upp á 290.000-330.000 á mánuði.

Í öðru lagi þá er það hreint ótrúlegt að heimili sem ekki er með nema 300.000 á mánuði, eftir skatt, skuli láta sig hafa það að borga 40.000 kr. á mánuði í bílalán.

Svarta Sara

*Kæra Svarta Sara, losið ykkur við þetta bílalán strax. Fáið ykkur bíl sem þið hafið efni á að eiga. Ef þið eruð í einhvers konar neyslukeppni við vini, systkyni, nágranna eða einhverja aðra, hættið þá strax að taka þátt í leiknum. Þið hafið ekki efni á því. Það er hægt að fá prýðilega örugga bíla fyrir 200 - 300.000 kr. eins og markaðurinn er í dag og þó að það þurfi að fara með svoleiðis bíl á verkstæði stöku sinnum þarftu að hafa rosalega lítið vit á bílum og vera mjög óheppin til þess að sá kostnaður nálgist 480.000 kr. á ári. Ef þið eruð hins vegar útsjónarsöm fer sá kostnaður ekki mikið yfir upphæðina sem þið verjið núna í skylduga kaskótryggingu.*



*Ég á fleiri góð ráð fyrir þig. Takið saman alla reikninga sem þið borguðuð á síðasta ári og skráið upphæðirnar inn í töflu eftir mánuðum. Þá getið þið séð hvað þið eigið að borga á hverjum mánuði á næsta ári og verið viðbúin þegar að því kemur. Ekki borga bankanum of fjár fyrir að borga reikningana fyrir ykkur og hirða yfirdráttarvexti af öllu saman. Ég giska á að þið séuð að borga nálægt 50.000 kr. á ári í óþarfa yfirdráttarvexti. Hættið því. Hættið að nota debetkortið. Bara með því að losa ykkur við bílalánið tekur það ekki nema 1-2 ár. Ég vona einnig að þið séuð ekki að borga mörg þúsund krónur á mánuði í óþarfa áskriftir að sjónvarpi og blöðum. Ef svo er, hættið því þá strax og eyðið tíma í skemmtilegri hluti en sjónvarpsgláp. Þið þurfið ekki að hafa Stöð 2 barnanna vegna. Öðru nær. Og eitt að lokum: Talið um innihald fermingarinnar við börnin ykkar, ekki bara umgjörðina. Mér sýnist á upphæðinni sem þið borgið af húsnæðisláninu að þið búið í sæmilegu húsnæði. Ekki láta ykkur detta í hug að leigja sal úti í bæ fyrir fermingarveisluna og fá aðkeypta veisluþjónustu. Fermingarveisla sem maður heldur heima hjá sér og undirbýr sjálfur er miklu persónulegri, skemmtilegri og eftirminnilegri en þessar aðkeyptu gerilsneyddu veislur sem nú eru farnar að tíðkast.*

*Eftir að tekjur manns hafa náð því að duga fyrir mat, húsaskjóli og klæðum byrja fjármálin að snúast um útgjöld frekar en tekjur. Margir halda að fjármálin snúist alltaf um tekjur.*

*Gangi ykkur vel*

**Komdu sæll, Bryndís heiti ég.**
Ég sé að þú átt við gúrkutíð að stríða og mér finnst synd að horninu þínu sé ógnað með slíku, þetta er góður dálkur. Ég les þig að minnsta kosti alltaf og hef oft þá tilfinningu að þú sért gamall kunningi minn þegar lestrinum er lokið.

Ég hnaut um setningu hjá þér í svarbréfi í dag sem mig langar til að biðja þig að endurskoða. Þar segir þú eitthvað á þessa leið: „Ég hef mjög gamaldags hugmyndir um kynlíf, mér finnst að það eigi ekki að stunda það með þeim sem maður þekkir ekkert eða lítið ... ". Svo heldur þú áfram og kemur með punkta um kynlíf sem flest heilbrigt fullorðið fólk sem hefur reynslu af þessum hlutum veit, en margt ungt og óreynt fólk dregur í efa.

Mig langar til að breyta þessu viðhorfi hjá fólki með þroskaða reynslu af kynlífi, að það sé með gamaldags skoðanir. Það er ekki rétt. Í fyrsta lagi eru þetta ekki skoðanir, heldur niðurstöður byggðar á eigin reynslu. Í öðru lagi er ungt fólk ekki móttækilegt fyrir því sem hefur stimpilinn gamaldags.

Ég vil halda því fram að það sé gamaldags að trúa á frelsi í kynlífsmálum. Það er gamaldags að trúa því að það sé heilbrigt og rétt að stunda kynlíf með fólki sem maður þekkir lítið eða ekkert eða að gera hluti eða ætlast til að aðrir geri hluti sem fólki finnst óþægilegir eða vekja því viðbjóð. Það þarf ekki annað en að tala við ‚gamla' fólkið sem tók þátt í kynlífsbyltingunni nítjánhundruðsextíuogeitthvað til að komast að því að þetta eru gamlar og úreltar klisjur. Að öðru leyti finnst mér alltaf jafn gaman að sjá hvað þessi Jón Gnarr sem ég trúði að væri bullukollur hefur djúpvitur svör við mörgum spurningum.

bestu kveðjur,
Bryndís

**Sæl, Bryndís**
*Þakka þér kærlega fyrir ábendinguna. Þetta er alveg hárrétt hjá þér. Ég mun nýta mér þetta. Lifðu heil. Jón*

Sæll og blessaður Jón! Ég er aðdáandi þinn og hef fílaði þig alveg frá því þú varst á RÚV með Hótel Volkswagen. Ég er hef lengi verið með þann draum í maganum að verða frægur grínisti með sketsum og svoleiðis en ekki komið því í verk ennþá. Hef verið á báðum áttum hvort það sé eitthvað gott að vera frægur á Íslandi, allir að horfa og eitthvað svoleiðis. Sérð þú stundum eftir því að hafa ekki orðið frægur í Túrkmenistan og haft Ísland í friði þar sem þú gætir verið þú sjálfur. Hvernig ætlar þú að halda þér ferskum svo þú endir ekki eins og þeir í Spaugstofunni? Hvar er best að byrja til að tékka á hvort fólk fíli mann? Og aðal spurningin er þessi: Hvernig á maður hefja ferilinn, geturðu gefið einhver ráð hvað á að forðast og svoleiðis?

Kv. aðdáandi

Ps. Vil vera undirritaður aðdáandi því ég vil ekki verða frægur strax

AAAAAAAHAHAHAHA

**Sæll, kæri aðdáandi.**
*Jú, það er ágætt að vera frægur á Íslandi. Að vísu fylgja því engin sérstök fríðindi en margir sem brosa til manns. Ég sé ekki eftir neinu. En ef þú vilt verða grínisti þá þarftu fyrst og fremst að hafa löngun til að gleðja fólk. Ég held mér ferskum með því að reyna að vera heiðarlegur gagnvart sjálfum mér og öðrum. Ég geri greinarmun á grínista og skemmtikrafti. Skemmtun er afþreying en grín er listform. Auðvitað eru mörkin oft ógreinileg. Það er eins og munurinn á listmálara sem málar eftir hjartanu og öðrum sem málar það sem fólk biður hann að mála. Skilur þú? Hvorugt er betra eða verra. En þú þarft að komast að því hvor þú ert. Er þörf þín listræn eða fjárhagsleg, eigingjörn eða gefandi? Best er fyrir þig að byrja að skrifa stutta sketsa eða semja stand-up atriði og bera það undir fólk sem þú treystir. En þetta kemur ekki fyrirhafnarlaust og þú verður að hafa harðan skráp. Að lokum snýst þetta allt fyrst og fremst um að þora að vera maður sjálfur. Gangi þér vel.*

Kveðja Jón

**Sæll og til hamingju með afmælið um daginn.**
Ertu ekki ennþá að svara spurningum milli himins og jarðar í Fréttablaðinu, ef svo er þá hef ég eina. Veistu um einhverja aðferð til að losna við feimni? Ég drekk ekki þannig að ég vil ekki nota það, og ég hef reynt að breyta hugarfarinu en það gengur illa. Er ekki eitthvað sem ég get gert meira konkret en hugarfarið til að losna við feimni?

Takk

Einn alveg af fjöllum

*Sæll og blessaður og takk fyrir afmæliskveðjuna. Þó að feimni sé ekki í tísku núna þá er ég ekki viss um að hún sé endilega neitt röng. Kannski er feimni bara eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Kannski er hún gáfu- og þroskamerki. Kannski er feimnin bara hluti af því hver þú ert. Ég get bent þér á mjög skemmtilegt persónuleikapróf á slóðinni: http://similarminds.com/big30.html*

*En ef þú vilt auka sjálfstæði þitt og frumkvæði er líka fullt af alls konar námskeiðum í boði. Þú segist ekki drekka. Ef þú ert alkóhólisti þá skaltu biðja um orðið á AA fundum, fá þér trúnaðarmann og vinna sporin. Ef þú ert ekki alkóhólisti ertu kannski meðvirkur aðstandandi. Ertu kannski alinn upp við alkóhólisma? Þá mæli ég eindregið með Al-anon. Þú finnur allar upplýsingar á: http://www.al-anon.is/ Það eru til sérstakir karlafundir. Ég vona að þetta svari einhverju. Gangi þér vel.*

Kveðja Jón

Sendið Jóni spurningar. Netfangið er: jongnarr@frettabladid.is


Útsalan í fullum gangi!

allt að 50% afsláttur





Opið í dag, laugardag kl. 11 - 16.

Öndvegi

HÚSGAGNAVERSLUN

Síðumúla 20 | sími 568 8799 | www.ondvegi.is | ondvegi@ondvegi.is

Opið: Virka daga kl. 10 - 18, laugardaga kl. 11 - 16.

Grafíska smiðjan ehf. 12-05

Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.11 | 13.34 | 15.58 |
| Akureyri | 11.21 | 13.19 | 15.17 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# allt

**bílar** o.fl.
**KEPPNISBÍLAR**
Hópferð á Autosport International 2006
BLS. 3

**tíska** o.fl.
**YFIRHAFNIR**
Góð kápa er gulli betri í rysjóttri tíð
BLS. 5

**ferðir** o.fl.
**YFIRVIGT**
Of þungur farangur getur komið sér illa
BLS. 6



FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*
**Í dag er laugardagurinn 7. janúar, 7. dagur ársins 2006.**




**SMÁAUGLÝSINGAR**

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**


Guðmundi Jens eru allir vegir færir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Kemst langt á lögginni

***Keflvíkingurinn Guðmundur Jens Guðmundsson á lipran fararskjóta.***

Guðmundur Jens Guðmundsson rennur áreynslulaust um götur Keflavíkur á reiðhjólinu sínu sem er með bensínmótor við bögglaberann. „Ég fann þennan mótor á netinu og pantaði hann frá New York. Nú er komin um tveggja mánaða reynsla á hann og hún hefur verið góð,“ segir Guðmundur Jens þar sem hann er stöðvaður af forvitnum blaðamanni Fréttablaðsins. Hann stígur rólega af hjólinu og á greinilega fremur óhægt um vik að hreyfa sig. Því kemur honum vel að hafa hjólið mótordrifið. „Þetta er bensínmótor sem tekur 0,7 lítra og á þeirri lögg kemst ég 20 kílómetra þegar svona kalt er en ætti að komast um 30 kílómetra í sumar. Þá get ég skroppið í lengri túra, út í Garð og víðar,“ segir hann ánægjulega. Guðmundur Jens kveðst áður hafa verið með hleðslubatterí á hjólinu sem dugði 8-10 kílómetra og vó um 8 kíló. Bensínmótorinn vegur hins vegar bara 4 kíló fullur svo kostirnir eru ótvíræðir. ■


Mótorinn vegur 4 kíló fullur af bensíni.

# Vivienne Westwood á Íslandi

FÖT BRESKA HÖNNUÐARINS VIVIENNE WESTWOOD MUNU INNAN SKAMMS VERÐA TIL SÖLU Í VERSLUNNI KRONKRON Á LAUGAVEGI. ÞAÐ ER MJÖG SPENNANDI OG MIKILL HEIÐUR AÐ FÁ AÐ SELJA HÖNNUN HENNAR, SEGIR HUGRÚN ÁRNADÓTTIR VERSLUNAREIGANDI.


Kjóll úr sumarlínu Vivienne Westwood 2006.

Vivienne Westwood er einn af frægustu tískuhönnuðum heims og munu íslenskir tískuunnendur eflaust fagna mjög þeim fréttum að eftir nokkrar vikur verður hægt að kaupa hönnun hennar í versluninn Kronkron, Laugavegi 55. Hugrún Árnadóttir á og rekur Kronkron ásamt Magna Þorsteinssyni, manni sínum, og segir frábært að fá að selja hönnun Vivienne. „Það getur ekki hver sem er fengið umboð til þess þannig að þetta er í raun mikill heiður,“ segir Hugrún. „Ég valdi það úr línu Westwood sem mér fannst mest spennandi og þær flíkur verða til sölu í versluninni.“ Hönnun Vivienne Westwood bætist þá við í flóru hönnuða sem eru til sölu í Kronkron en Hugrún og Magni leggja áherslu á að selja vörur framsækinna og spennandi fatahönnuða.

# LIGGUR Í LOFTINU

**[ BÍLAR FERÐIR TÍSKA ]**



**Michelin** hefur tekið þá ákvörðun að innkalla sumarhjólbarða af gerðinni Michelin Pilot Sport 255/35 ZR20 97Y ExtraLoad. Þetta hefur verið ákveðið eftir nákvæma skoðun á hjólbörðum sem kvartað hafði verið undan og þeim skilað aftur. Skoðunin hefur að sögn danska tímaritsins Motormagazinet leitt í ljós misræmi sem í vissum tilfellum getur leitt þess að dekkið tapi loftinu skyndilega.

**Hönnuðurinn Phoebe** Philo hefur sagt stöðu sinni lausri hjá Chloe tískuhúsi. Philo gat sér gott orð þau fjögur ár sem hún hannaði fyrir Chloe og er hún að hætta til að sinna nýfæddu barni. Augun beinast nú að Roland Mouret sem fyrir tveim mánuðum hætti hjá tískufyrirtækinu sínu í London. Talið er að hann muni koma í stað Philo en það hefur ekki verið staðfest.



**Ferðaskrifstofurnar** eru flestar farnar af stað með bókanir í borgar- og sérferðir fyrir árið 2006 og nokkra áfangastaði fyrir sumarið 2006. Þeir sem hafa hug á að fara í páskaferðir út fyrir landsteinana ættu að panta sem fyrst þar sem ekki líður á löngu þar til uppselt verður í páskaferðirnar.

**Smáralind** hefur breytt opnunartíma verslanna sinna á fimmtudögum. Verslanir verða nú opnar til klukkan níu öll fimmtudagskvöld.





ENGIN SKILYRÐI UM ÖNNUR BANKAVIÐSKIPTI

4,35% VEXTIR

LÁNUM TIL KAUPA EÐA ENDURBÓTA

**FRJÁLS ÍBÚÐALÁN**

**Frjáls íbúðalán** eru verðtryggð fasteignalán með föstum **4,35%** vöxtum sem eru endurskoðaðir á fimm ára fresti. Þú hagar öðrum bankaviðskiptum eins og þér sýnist og kaupir nýtt húsnæði eða endurskipuleggur fjárhaginn. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í síma **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**.

DÆMI UM MÁNAÐARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 kr.*

| Lánstími | 5 ár | 25 ár | 40 ár |
|---|---|---|---|
| 4,35% vextir | 18.575 kr. | 5.474 kr. | 4.400 kr. |

*Lán með jafngreiðsluaðferð án verðbóta

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN

Fíton/SÍA F1015128

**Fjölskyldubíllinn** ætti bara að fá að standa óhreyfður heima í kvöld ef fólk er að fara að skemmta sér. Það er allt í lagi á svona kvöldum að splæsa í leigubíl.





Ævar Örn Jósepsson vonast eftir að fleiri fari að keyra um á vistvænum metanbílum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ánægður með vistvænan metanbíl

Ævar Örn Jósepsson, rithöfundur og útvarpsmaður, á Volkswagen Golf sem er í takt við tímans tönn. Bíllinn gengur fyrir metani en Ævar kýs frekar náttúruvernd en fína og flotta bíla þó svo að Golfinn sé ekkert slor.

Ævar hefur ætíð haft náttúruverndarsjónarmið að leiðarljósi þegar kemur að því að velja sér einkabíl. Hingað til hefur hann nær eingöngu átt bíla í smærri kantinum og seinast átti hann lítinn Opel Corsa enda eyða smærri bílar mun minna bensíni og menga þess vegna minna. Þrátt fyrir að hafa ekki beint verið að aka um á eðalvögnum hefur Ævar almennt mikinn áhuga á bílum. „Pabbi minn er bifvélavirki og margir í fjölskyldunni hafa verið að stússast í kringum bíla, þannig að það má eiginlega segja að bíladella hafi verið viðloðandi mig alla tíð.“

Það var síðan í sumar sem Ævar og kona hans, Sigrún Guðmundsdóttir, ákváðu að stækka við sig og fengu sér Volkswagen Golf station árgerð 2003 en hann hefur þá skemmtilegu sérstöðu að ganga fyrir metangasi. „Við fengum tækifæri á að kaupa svona metanbíl og tókum því fegins hendi.“

Ævar segir að bíllinn eyði um átta til tíu lítrum á hundraðinu en vélin í bílnum er tveggja lítra. „Ég fer 200 til 230 kílómetra á metanfyllingunni en ef ég ætla út á land er það ekkert mál, ég keyri bara á bensíni þar sem bíllinn er með fullvaxinn bensíntank og sér alveg um það sjálfur að skipta yfir á bensínið þegar gasið klárast. Maður finnur ekki fyrir neinum mun á bensíninu og metaninu fyrir utan að það kviknar ljós á mælaborðinu. Það er samt alveg eins að keyra metanbíl og venjulegan bíl, sami kraftur og allt það.“

Metan er eina innlenda eldsneytið fyrir bíla, framleitt á sorphaugunum í Álfsnesi. Það er því afurð neysluþjóðfélagsins, mengun sem losna verður við. Ævar hvetur því alla sem einn að fá sér metanbíla en segir til dæmis að ríkið og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu styðji ekki nóg vel við slík bílakaup. „Mér finnist það algjörlega óskiljanlegt hvers vegna sú stefna hefur ekki verið tekin upp fyrir löngu að kaupa eingöngu metanvagna við endurnýjun strætóflotans.

Um tvö byggðasamlög er að ræða, Sorpu og Strætó, og það liggur einhvern veginn beint við, finnst manni, að slá tvær flugur í einu höggi með metanstrætó, spara stórfé og draga umtalsvert úr losun gróðurhúsalofttegunda í leiðinni.“

Ennþá er aðeins ein metanstöð á landinu, hjá Essó á Bíldshöfða. „Það er mjög hagstætt fyrir okkur sem búum uppi í Mosfellsbæ og þurfum að keyra þarna fram hjá, næstum hvern einasta dag. En stöðvum hlýtur auðvitað að fjölga ef bílunum fjölgar,“ segir Ævar og er vonandi að fleiri taki þessa umhverfisvænu stefnu hans sér til fyrirmyndar.

steinthor@frettabladid.is



Honda Civic. Bernhard í Vatnagörðum er með tilboðsdaga á öllum Honda- og Peugeot-bílum.

# Honda og Peugeot á tilboði

***Honda- og Peugeot-bílar eru á tilboði hjá umboðsaðilum um allt land.***

Bernhard í Vatnagörðum er með tilboðsdaga á Honda og Peugeot. Veittur verður góður afsláttur af verði eða vænlegur aukahlutapakki.

Allir Peugeot-bílar eru á tilboði, þar á meðal 1007 ljónið með fjarstýrðri rennihurð sem sló í gegn í árekstrarprófi EuroNCAP. Peugeot á auknum vinsældum að fagna bæði fyrir fallega hönnun og fjölstjörnuöryggi.

Einnig er öll Honda-línan á tilboði, þar á meðal CR-V borgarjeppinn og HR-V borgarjeppinn. Einnig eru síðustu eintökin af Honda Civic og Honda Accord en innan skamms kemur ný hönnun af Civic og Accord til landsins.

Tilboðsdagarnir standa yfir fram í næstu viku hjá Bernhard í Vatnagörðum og hjá umboðsaðilum um land allt. ■

# Framleiðslumet Mini

***200.000 bílar það sem af er árinu.***

BMW tilkynnti á dögunum framleiðslumet á Mini, þegar tvöhundruðþúsundasti bíllinn ársins 2005 rúllaði af færibandinu. Sá bíll var númer 766.290 síðan framleiðslan á nýja Mini hófst árið 2001.

Mest seldi blæjubíll í Bretlandi það sem af er árs er Mini og í nóvember var salan á honum komin ellefu prósent fram úr best selda blæjubílnum 2004.

Yfir 23 prósent seldra Mini-bíla í Bretlandi á þessu ári eru blæjubílar. ■



Mini er mest seldi blæjubíll Bretlands.


SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep CHRYSLER DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA viðgerðaraðili
Almennar bílaviðgerðir
Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

SMS
Bílasprautun og réttingar
• Réttum og málum allar tegundir bíla
• Við vinnum fyrir öll vátryggingarfélögin
• Fljót og góð þjónusta
• Útvegum bílaleigubíla
• Yfir 20 ára reynsla
CABAS tjónamat
Smiðshöfði 12
110 Reykjavík
bilasprautunsms@simnet.is
Sími 567 1101
Gsm 868 8317
Fax 567 1182

BIFREIÐAVERKSTÆÐI
FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

CABAS verkstæði
Viðurkennt CABAS-verkstæði
NÝ SPRAUTUN
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Njarðarbraut 15 • Reykjanesbær • S: 421 2999 • Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@nysprautun.is
www.nysprautun.is

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum



Santa Fe HM 2006, viðhafnarútgáfa Hyundai í tilefni af HM í knattspyrnu, verður til sýnis hjá B&L um helgina.

# Sýning á Santa Fe HM 2006 í B&L

***Santa Fe HM 2006 viðhafnarútgáfa Hyundai verður til sýnis í B&L um helgina ásamt nýrri Artic Truck útgáfu af jeppanum Terracan.***

Um helgina verður B&L með sýningu á Santa Fe HM útgáfunni frá Hyundai ásamt nýrri Arctic Truck-útgáfu af Terracan-jeppanum. Santa Fe HM 2006 vísar beint til heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fram fer í Þýskalandi í sumar. Um sérstaka viðhafnarútgáfu er að ræða sem aðeins verður í boði í takmarkaðan tíma.

Hyundaiereinnaðalstyrktaraðili FIFA og var því ákveðið að tileinka heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sérstaka útgáfu af Santa Fe. Heiðar J. Sveinsson, forstöðumaður sölusviðs B&L, segir þetta best búnu útgáfuna af Santa Fe. Í viðhafnarútgáfunni eru meðal annars álfelgur, heilsársdekk, vindskeið, skriðstillir og samlitun. Verðmæti viðbótarbúnaðarins er talið nema tæpum 320 þúsundum.

Á sýningunni um helgina verður einnig Terracan-jeppinn frá Hyundai í nýrri 35“ Arctic Trucks útgáfu ásamt allri Hyundai-línunni. Þegar nær dregur vori mun B&L kynna nýja Arctic Trucks línu fyrir Terracan og verða þar á meðal 32“, 33“ og 35“ breytingapakkar.



## Volkswagen er vinsælastur bíla

VOLKSWAGEN HEFUR ENDURHEIMT FORYSTUSÆTIÐ Í EVRÓPU EF MIÐAÐ ER VIÐ FJÖLDA NÝSKRÁÐRA ÖKUTÆKJA.

Alls voru skráðir 1,416 milljón Volkswagen-bílar í Evrópu frá janúar til nóvember 2005 á EES-svæðinu. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá umboðsaðila Volkswagen hér á landi, Heklu. Markaðshlutdeild Volkswagen var 11,1 prósent í nóvember, rúmum 1,7 prósentustigum meira en næsta merki. Volkswagen Golf er langvinsælasta tegundin í Evrópu. Frá janúar til loka október voru nýskráningar á Golf um 500 þúsund. Kynningin á Golf Plus hefur átt mikinn þátt í þessari þróun. Aðrar gerðir sem voru kynntar til sögunnar árið 2005 náðu fljótt fótfestu á markaðnum.
Ásamt Golf Plus kynnti Volkswagen einnig nýjan Polo, nýjan Fox, nýjan Passat glæsivagn, nýja Jettu, nýja Bjöllu og nýja Bjöllu með blæju, nýjan Passat skutbíl og Golf R32. Að auki kynnti Volkswagen nýja Eos-bílinn á alþjóðlegu bílasýningunni í Frankfurt og EcoRacer á sýningunni í Tókýó.

## Hópferð á keppnisbílasýningu

AUTOSPORT INTERNATIONAL 2006, STÆRSTA KEPPNISBÍLASÝNING HEIMS, VERÐUR HALDIN Í BIRMINGHAM AÐRA VIKUNA Í JANÚAR. FYRSTA FLUGS FÉLAGIÐ HEFUR SKIPULAGT HÓPFERÐ Á SÝNINGUNA Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND EXPRESS.

Gunnar Þorsteinsson, formaður Fyrsta flugs félagsins, verður fararstjóri í ferðinni, sem taka mun þrjá daga. Autosport-sýningin er haldin í stærstu sýningarhöll Bretlands og þar verður nóg að sjá fyrir bílaáhugamenn. Meðal annars 66 bíla sem metnir eru á um 100 milljarða króna.

Meðan á ferðinni stendur fer hópurinn líka í skoðunarferð í höfuðstöðvar Williams F1-kappakstursliðsins. Gunnar segir það ekki síður spennandi en bílasýningin því mjög erfitt sé að komast inn í helgustu vé liðanna í Formúlu 1. Formúlu 1 kappakstursbílar leika aðalhlutverk á sýningunni en enn fremur verða stór svæði með rallíbílum, dýrustu sportbílum, gömlum bílum og



heimasmíðuðum bílum. Gunnar segir sýninguna þekkta fyrir líf og fjör, af nógu sé að taka fyrir áhugamenn um bíla og allt sem þeim tengist.

Nánari upplýsingar um ferðina er að finna á heimasíðu Iceland Express og hjá Fyrsta flugs félaginu í símum 561 6112 og 663 5800.

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Dekk • Bón og Þvottur • Smurþjónusta • Bremsuklossaskipti • Peruskipti • Rúðuþurkublöð • Rafgeymar • Sækjum og sendum

Hvað get ég gert fyrir þig?
-20%
afsláttur
af heilsárs -og nagladekkjum
Smurþjónusta
Rafgeymar
Sækjum og sendum
Bremsuklossaskipti
Dekkjahótel



Vaxtalausar léttgreiðslur!
BÍLKÓ bilko.is - Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
www.bgh-rettingar.is
Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig
CABAS verkstæði




Ný verðlistaverð á www.landrover.is
B&L, Grjóthálsi 1, umboðs- og þjónustuaðili LAND ROVER á Íslandi
Allir bílar með 3 ára ábyrgð – Öruggur umboðsaðili – Örugg þjónusta
LAND-ROVER
GO BEYOND™



**Flott stígvél** koma sér vel við öll tækifæri. Það getur verið gott að eiga að minnsta kosti ein slík því þau má nota jafnt við pils og gallabuxur.


ETROD

Síðumúla 34

NÝ SENDING AF FÖTUM!

Kíkið inn og sjáið nýjustu sendingu af ódýrum gæðafatnaði frá Danmörku.

ICETREND OUTLET – föt á lægra verði

Leiðbeiningar

Síðumúli

Fellsmúli

ICETREND OUTLET


# Tommy Hilfiger selur

***Tískusamsteypan Tommy Hilfiger hefur verið seld í heilu lagi.***

Bandaríska tískurisaveldið Tommy Hilfiger hefur verið selt til bresks fjárfestingarfélags að nafni Apax fyrir um 1,6 milljarða Bandaríkjadala eða sem nemur um 100 milljörðum íslenskra króna. Tommy Hilfiger sjálfur mun þó áfram hafa yfirumsjón með hönnun fyrirtækisins en hann sýndi fyrst vörur undir sínu nafni árið 1984.

Merkið og fyrirtækið sjálft hafa þó verið í miklum öldudal á undanförnum misserum þrátt fyrir að hafa meðal annars keypt línu Karls Lagerfeld til fyrirtækisins. Fyrirtækinu hefur þó gengið vel í Evrópu og í Asíu en í Bandaríkjunum hefur uppskeran verið langt undir væntingum. ■



Tommy Hilfiger má muna sinn fífil fegri. NORDICPHOTOS/GETTY



Tinna María Jónsdóttir söngkona er að fara til Danmerkur í söngnám. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Langar að endurnýja fataskápinn

Tinna María Jónsdóttir söngkona segir að hana vanti ýmislegt í fataskápinn. Hún hefur samt ekki farið á útsölurnar núna eftir jólin því hún er að spara þar sem hún er að fara til Danmerkur í söngnám.

Tinna María fór síðast í fataleiðangur fyrir jól og þá keypti hún sér ýmislegt. „Ég keypti mér síðast tvær peysur og einar buxur í Kiss. Peysurnar voru eins nema önnur var brún og hin var hvít. Þær voru frekar síðar með stroffi á ermunum og vaffhálsmáli og ógeðslega flottar. Buxurnar voru svartar mjaðmabuxur, rosalega víðar og mjög þægilegar,“ segir hún. Tinna María segist líka hafa keypt sér nokkra boli í Retro fyrir jól. „Það voru bara venjulegir bolir til þess að nota við gallabuxur. Svo keypti ég mér nýja kápu um daginn og þrjú skópör frá skór.is. Kápan er beinhvít og mjög klassísk fín kápa og skórnir eru svona hversdags stígvél,“ segir hún.

Tinna María segist ekki vera alveg nógu sátt við fataskápinn sinn eins og hann er. „Ég þarf að fara að endurnýja hann,“ segir hún. „Mig vantar eiginlega allt. Allt frá nærfötum upp í úlpur.“

Það sem er í mestu uppáhaldi hjá Tinnu Maríu af því sem hún á af fötum eru tvö pils sem hún keypti í London og jólakjóllinn hennar sem hún keypti í Coast í Smáralind. „Pilsin eru svona götusóparapils. Alveg síð og hvít á litinn í svolítið spænskum stíl. Jólakjóllinn er beinhvítur og hlýralaus og neðst á honum er svart blóm. Hann er frekar gamaldags og ótrúlega fallegur,“ segir Tinna María.

Tinna María kemur ekki heim aftur frá Danmörku fyrr en í sumar og það er ekki ólíklegt að hún finni eitthvað í fataskápinn á meðan hún er þar.

*emilia@frettabladid.is*


STARFSFÓLK ÓSKAST

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf og/eða hlutastarf í eftirtaldar verslanir:

galleri sautján

gs skór

DIESEL BARNADEILD

Upplýsingar veitir Hildigerður s. 512 1717 / 699 4006

NTC hf. Laugavegi 91

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

Opið laugardag og sunnudag





Útsala 50%

| | Áður | Nú |
|---|---|---|
| Ullarkápur | 29.900 | 15.000 |
| Mokkakápur | 25.900 | 13.500 |
| Ullarjakkar | 12.900 | 5.900 |
| Úlpur | 12.900 | 5.900 |
| Dúnkápur | 22.900 | 11.500 |
| Rússkinsjakkar | 16.900 | 8.500 |
| Pelsar | 26.900 | 13.500 |

Mörg góð tilboð

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6, 108 Reykjavík, sími 588 5518

Opið í dag laugardag 10-18


# Gott er að eiga gjafakort

***Gjafakort geta komið sér vel þegar farið er á útsölurnar í janúar.***

Margir hafa eflaust fengið gjafakort frá Kringlunni, Smáralind eða miðbænum í jólagjöf. Gjafakortin geta nýst til hins ýtrasta þessa dagana þar sem útsölurnar eru byrjaðar á þessum stöðum.

Í báðum verslunarmiðstöðvum og í miðbænum er hægt að nota gjafakortin á útsölunum, sem kemur sér eflaust vel fyrir marga.






Það má gera góð kaup á útsölunum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Yfirhafnir fyrir alla

***Kápur og jakkar eru nauðsynlegar flíkur yfir vetrarmánuðina og geta í mörgum tilfellum gengið jafnt við hversdagskæðnað og spariföt.***

Fallegar kápur koma sér alltaf vel og í verslunum má finna fjöldan allan af þröngum hálfsíðum kápum sem ganga jafnt utanyfir gallabuxur og galakjóla. Margs konar jakkar eru einnig í boði, allt frá fínum sparijökkum til töffaralegra leðurjakka og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.


Kápa 11.590. kr. Next.


Kápa 12.590. kr. Oasis.


Kápa 7.630. kr. Warehouse.


Diesel jakki 16.990. kr Sautján.


Leðurjakki 17.990. kr. Sautján. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Elle Macpherson hefur verið að gera góða hluti með undirfatalínunni sinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Macpherson verðlaunuð

***Hin árlegu undirfataverðlaun netverslunarinnar figleaves.com voru veitt fyrir stuttu. Brjóstahaldarar frá Elle Macpherson urðu hlutskarpastir.***

Brjóstahaldarar frá Intimate, undirfatalínu ofurfyrirsætunnar Elle Macpherson, fengu tvenn verðlaun, meðal annars aðalverðlaunin fyrir bestan árangur á árinu. Einnig fékk línan verðlaun í flokki gjafabrjóstahaldara en auk þess lenti Intimate-línan í öðru sæti í flokki toppa og þriðja sæti í flokki púðabrjóstahaldara. Intimate-línan frá Macpherson þótti sameina bæði praktíska og kvenlega kosti.

Tíu þúsund manns tóku þátt í könnuninni en figleaves.com er ein stærsta verslun sinnar tegundar á netinu. Af öðrum undirfatalínum sem komu vel út í könnuninni má nefna Fayreform sem fékk verðlaun í flokki nýliða en sá framleiðandi þykir hafa komið með skemmtilegar nýjungar í framleiðslu brjóstahaldara með stærri skálum. Einnig þótti Retro-línan frá Charnos skara fram úr í flokki kynþokkafulls undirfatnaðar. Nýjasta saumalausa línan frá Wonderbra úr satíni vann öruggan sigur í flokki púðabrjóstahaldara og kom það fæstum á óvart en sú lína slegið í gegn víða um heim að undanförnu. Calvin Klein hlaut verðlaun í flokki herraundirfata en eins og Wonderbra í sínum flokki hafa boxarar og önnur undirföt frá Calvin Klein haft algjöra yfirburði í sínum flokki fram til þessa.



TÍSKUVERSLUN
www.marialovisa.com
útsala
MARIA LOVISA
FATAHÖNNUÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 6A - SÍMI 562-6999

KOLAPORTIÐ

Leikfangabásinn við Kaffi Port auglýsir

ÚTSALA

50% afsláttur af leikföngum og verkfærum

DEPLA auglýsir

Thai Jasmine hrísgrjón 25 kg. 1.490.- kr.

OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17



**Ferðalög** geta alveg beðið betri tíma. Nú er sá tími sem flestum þykir best að vera sem mest heima hjá sér og slappa af.

# Nýr kortadiskur frá Landmælingum

***Fjórði kortadiskur Landmælinga er kominn út. Með útgáfunni hafa Landmælingar lokið útgáfu allra helstu kostaflokka á rafrænu formi en nú eru 240 kort fáanleg á geisladiskum.***



Það er langur vegur frá þessu landakorti Henderson frá 1818 til landakorta Landmælinga í dag.

Á diskinum er að finna 102 svokölluð DMA-kort (American Defence Mapping Agency) í mælikvarðanum 1:50.000 af miðhálendinu, Suðurlandi og Norðurlandi. Þar að auki er ferðakort af landinu öllu í mælikvarðanum 1:500.000 með nýjustu uppfærslum og viðbótum. 17.000 örnefni eru á kortinu og hefur leitarkerfi þeirra verið bætt verulega.

Með notkun tölvutækninnar er auðvelt að mæla fjarlægðir og flatarmál á kortunum og auðvelt er að tengja GPS-tæki við kortin. Diskurinn er að fullu samhæfður eldri kortadiskum frá Landmælingum. ■

# Fleiri miðar komnir í sölu

***Þriðja lota miðasölunnar fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Þýskalandi á næsta ári hófst í þessum mánuði.***

Þeir sem ætla að gera sér ferð til Þýsklands næsta sumar til þess að verða vitni að mestu knattspyrnuveislu sem um getur geta nú farið á netið og reynt að krækja sér í miða. Í mánuðinum hófst nefnilega þriðja lota í sölu aðgangsmiða á einstaka leiki keppninnar. Um er að ræða 250 þúsund miða og hægt er að fá miða fyrir á hvern einasta leik keppninnar fyrir utan opnunarleikinn.

Tímasetning miðakaupanna hefur hins vegar ekkert vægi. Salan á þessum miðum stendur til 15. janúar og ef eftirspurn verður meiri en framboð verður einfaldlega dregið um hver fær miðana. Þannig að það er í raun ekki hægt að tala um miðasölu, öllu heldur er hér um umsókn að ræða.

Þannig að það má byrja að skipuleggja ferð til Þýskalands næsta sumar, bara ekki hvert innan Þýskalands á að fara eða hvenær. ■



Allianz Arna í München er einn vettvangur HM í Þýskalandi á næsta ári.



Trafalgar-torgið í London.

# Áhugaverðir atburðir í London

***Næstu mánuðina er margt um að vera í höfuðborg Bretlands.***

Yfir vetrartímann er mikið af stórtónleikum en næstu þrjá mánuði má sjá tónlistarmenn eins og Bob Dylan, Black Eyed Peas, Coldplay, Duran Duran, Four Tops, Uriah Heep, Foo Fighters, Jethro Tull, James Blunt, White Stripes, Michael Bublé, Blondie, 50 Cent, Bloc Party, Jerry Lee Lewis og marga marga fleiri í London. Hægt er að sjá dagsetningar fyrir þessa tónleika og fleiri á www.pollstar.com.

Leikhúslífið í London er einnig afar líflegt. Þar má bæði sjá fræga söngleiki og ýmsar stórstjörnur í leikverkum. Þar má nefna Guys and Dolls (Ewan McGregor), Lion King, Mamma Mia!, Richard II (Kevin Spacey), Mary Poppins, A Few Good Men (Rob Lowe) og Phantom of the Opera en hægt er fá frekari upplýsingar um þessa atburði og fleiri og kaupa miða á heimasíðunni www.londontheatredirect.com.

Aðrir atburðir sem eru vel þess virði að athuga betur eru London Film Festival sem stendur frá 20. október til 4. nóvember, Henry Rousseau-sýning í Tate-listasafninu sem hefst 3. nóvember og stendur til 3. febrúar, Spitalfields-tónlistarhátíðin frá 12.-21. desember og síðan hið svokallaða Bonfire Night, 5. nóvember, þar sem Lundúnabúar skjóta upp flugeldum til þess að minnast Púðursamsærisins, þegar reynt var að sprengja upp breska þinghúsið árið 1603.

Ekki er heldur úr vegi að kíkja á stórleik í enska boltanum en í London eru heimavellir liðanna Chelsea og Arsenal, auk Charlton, Tottenham, West Ham og Fulham. Hægt er sjá leikjaskrár á heimasíðum liðanna.

Fleiri heimasíður:
londontown.com
whatsoninlondon.co.uk
eu.visitlondon.com/whats_on






# Ertu með yfirvigt?

***Oft þegar ferðast á milli landa vakna upp spurningar um hversu þungar, stórar og margar töskurnar mega vera sem ferðast er með.***

Á vef Flugleiða, icelandair.is, er svarað mörgum þeim spurningum sem upp koma þegar farangur er annars vegar. Þær upplýsingar sem gefnar eru í þessari grein skal þó aðeins hafa til viðmiðunar því reglur eru breytilegar eftir flugfélögum en eru þó að mestu leyti staðlaðar.

Oftast mega þeir sem ferðast á almennu farrými taka með sér farangur sem er alls tuttugu kíló að þyngd en þeir sem ferðast á viðskiptafarrýminu mega taka með sér þrjátíu kíló. Aðrar reglur gilda fyrir Kanada og Bandaríkin en þar er einungis leyfilegt að taka með sér tvær töskur sem ekki eru meira en 158 cm að rúmmáli og hvor taska má ekki vera meira en 32 kíló. Í handfarangri er leyfilegt að taka með sér eina tösku sem er ekki meira en sex kíló en níu kíló ef ferðast er á viðskiptafarrými.

Hjá Iceland Express má þó taka með sér tíu kíló í handfarangur. Auk þess má yfirleitt taka með sér í handfarangri, fyrir utan töskuna, ferðatölvu, litla handtösku, myndavél o.s.frv. en oftast er mælt með því að farþegar taki verðmæti með sér í handfarangur.

Sé maður hins vegar með yfirvigt má gera ráð fyrir að borga 1-2 prósent af því sem dýrasta almenna farrýmið kostar, fyrir hvert aukakíló. Í Bandaríkjunum er hins vegar greitt fast verð fyrir hverja umfram einingu. ■

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16






## GAMALT HANDVERK Í NÚTÍMANUM

*Heimilisiðnaðarskólinn lumar á gamalli þekkingu* SJÁ BLS. 18

[ SÉRBLAÐ UM NÁM – LAUGARDAGUR 7. JANÚAR 2006 ]

# skólar & námskeið



## EFNISYFIRLIT

MÖGNUÐ OG KRÖFUHÖRÐ VERK
*Dagar mannsins og Thor Vilhjálmsson* BLS. 2

MIKLU ÖFLUGRI EN HRAÐLESTUR
*Myndlestur* BLS. 4

MYNDLIST ROKKAR
*Myndlistarskólinn í Reykjavík* BLS. 6



PUNKTURINN AÐALSTAÐURINN
*Miðstöð lista og handverks* BLS. 8

NÁM ER FÓRNARINNAR VIRÐI
*Laun hækka og virðing eykst* BLS. 10

MIKILVÆGT AÐ FÁ GREININGU SEM FYRST
*Lesblinda* BLS. 12

BRUGÐIST RÉTT VIÐ
*Námskeið hjá Alþjóðahúsi* BLS. 16

EINBEITINGIN MEIRI Á ÍTALÍU
*Domus Vox* BLS. 20

:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Ármúla 12, 108 Reykjavík • Sími: 581 4022**

***Fjarnám allt árið! Þitt nám þegar þér hentar!***

**Skráning á vorönn fer fram 6. – 15. janúar 2006**

**á heimasíðu skólans. Slóðin er : www.fa.is**

# Í námi skiptir gott minni sköpum

Enginn vafi leikur á því að minnið er okkur afar dýrmætt enda er það hluti af því hver við erum og okkur nauðsynlegt til að lifa eðlilegu lífi.

Eðlilegt er með aldrinum að minnið fari að bila og er áberandi minnisleysi oft merki um öldrun. Minnisleysi getur samt sem áður herjað á fólk á öllum aldri, í mismiklum mæli þó. Allir verða fyrir því að gleyma hlutum og sumir eru þekktir fyrir að vera utan við sig og muna ekki neitt. Smávægilegt minnisleysi þarf hins vegar ekki að vera neitt áhyggjuefni enda getur það stafað af þeirri einföldu ástæðu að hugurinn dvelur við mikilvæg úrlausnarefni og í þeim efnum er oft talað um fólk sem algera prófessora.

Þrátt fyrir að ellin sé alræmd fyrir að ræna fólk minninu er hægt að skjóta henni ref fyrir rass með því að halda minninu og sjálfum sér í góðri þjálfun. Líkamlegt heilbrigði skiptir öllu máli. Helst eru það sjúkdómar eins og alzheimer eða vandamál eins og svefnleysi, of hár blóðþrýstingur eða fall á estrógenmagni líkamans sem geta haft áhrif á minnið.

VERT ER AÐ FYLGJA EFTIRTÖLDUM RÁÐUM TIL AÐ VIÐHALDA MINNINU OG EFLA.



- **Stundaðu líkamsrækt.** Líkamlegt heilbrigði og andlegt heilbrigði haldast í hendur.
- **Gefðu heilanum verkefni.** Lestu bækur, lærðu nýja hluti, leystu þrautir eða hvað sem er sem heldur huganum sterkum. Mundu að heilinn er eins og vöðvi að því leyti að hann þarf að þjálfa.
- **Lærðu utan að.** Veldu uppáhalds ljóðið þitt eða texta og lærðu hann utan að. Farðu með textann reglulega í huganum.
- **Ekki reykja.** Rannsóknir hafa sýnt að reykingafólk gleymir andlitum og nöfnum hraðar en þeir sem reykja ekki.
- **Borðaðu vel.** Með því að huga vel að mataræðinu heldurðu heilsunni lengur og getur komið í veg fyrir að fá sjúkdóma sem hafa slæm áhrif á minnið.
- **Fáðu nægan svefn.** Reyndu að ná að minnsta kosti átta tíma svefni á nóttu svo heilinn fái nægan tíma til að vinna úr því sem hann lærði yfir daginn.
- **Rifjaðu upp.** Eftir að hafa horft á bíómynd eða lesið bók skaltu rifja upp söguþráðinn í huganum.
- **Treystu á sjálfan þig.** Lærðu að muna hluti eins og símanúmer, heimilisföng og nöfn í stað þess að treysta bara á minnið í símanum. Auðveldasta leiðin er ekki alltaf sú besta.



„Thor gerir kröfur til lesandans, en ég ætla að fjalla dálítið um það og vonandi losnar eitthvað úr læðingi," segir Ástráður. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Mögnuð og kröfuhörð verk

Dagar mannsins er heiti á námskeiði hjá Mími sem Ástráður Eysteinsson prófessor mun stjórna í samstarfi við Menningarmiðstöð Gerðubergs.

„Það er magnað að lesa verk Thors, þau kalla á mikla athygli og jafnframt á nokkuð öðruvísi lestur en við eigum að venjast í hefðbundnum skáldsögum," segir Ástráður Eysteinsson, sem mun stjórna námskeiðinu Dögum mannsins hjá Mími, sem fjallar um verk Thors Vilhjálmssonar. Hann segir marga finna fyrir viðnámi í verkum Thors en hann ætli að velta fyrir sér hvernig ritverk þetta séu og stöðu lesendans gagnvart þeim. „Thor gerir kröfur til lesandans en ég ætla að fjalla dálítið um það og vonandi losnar eitthvað úr læðingi," segir Ástráður.

Námskeiðið kom að einhverju leyti til vegna ritþings sem haldið verður í Gerðubergi 21. janúar, þar sem fjallað verður um verk Thors. Samhliða því verður sett upp sýning á verkum hans í Gerðubergi og mun einu af þeim fjórum kvöldum sem námskeiðið spannar vera varið á sýningunni þar sem Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður mun leiða þátttakendur um sýninguna, í einhverjum tengslum við ritverkin. „Hin þrjú kvöldin verða í mínum höndum, þar sem fyrirlestrum og umræðum er blandað saman auk þess sem Thor sjálfur mun kíkja í heimsókn auk annarra góðra gesta," segir Ástráður.

Hann segist ekki ætla að setja upp neina leslista, enda sé námskeiðið stutt og fólk eigi misgott með að lesa mikið, en námskeiðið eigi bæði að höfða til þeirra sem þekkja verk Thors og þeirra sem eru að kynnast þeim í fyrsta sinn. „Ég verð með textadæmi sem ég legg til að fólk lesi og ef fólk getur lesið heilu skáldsögurnar fellur það vel inn í." Af nógu er að taka, enda hafa komið út eftir Thor ríflega þrjátíu frumsamdar bækur og fjöldinn allur af þýðingum og hann er enn að. Fyrsta bók Thors, sem heitir Maðurinn er alltaf einn, kom út árið 1950 og teygir ferill hans sig því yfir meira en hálfa öld.

Hvað heldurðu að þú sért?
kennsla.is

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Hjá Ekil ökuskóla getur þú tekið bóklegt ökunám heima í tölvunni. Þægilegur kostur að geta unnið námskeiðið þegar þér hentar. Skoðaðu þetta á ekill.is
Ekill ökuskóli býður einnig upp á aukin ökuréttindi, skráningar á næstu námskeið eru þegar hafin.
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800
www.ekill.is ekill@ekill.is

# Ókeypis fyrir nemendur HÍ

Nemendur við Haskóla Íslands eru svo sannarlega ekki á flæðiskeri staddir hvað varðar námsframboð. Í Tungumálamiðstöð HÍ er hægt að leggja stund á tungumálanám samhliða öðru námi.

Nám við Tungumálamiðstöðina er opið öllum nemendum Háskóla Íslands auk þess sem kennarar við skólann sækja þar endurmenntunarnámskeið.

Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður miðstöðvarinnar, segir námið fyrst og fremst vera nemendastýrt. „Nemendur geta skráð sig á námskeið sem metin eru til eininga og þá njóta þeir fulltingis tungumálakennara sem þeir hitta reglulega. Annars er miðstöðin opin nemendum og starfsmönnum HÍ daglega. Þangað geta þeir komið og hafa óheftan aðgang að öllum okkar gögnum."

Í miðstöðinni standa til boða erlendar sjónvarpsstöðvar, kvikmyndir, bækur, hljóðbækur, orðabækur og ógrynni af öðrum námsgögnum.

Boðið er upp á nám í sex tungumálum; ensku, dönsku, þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Segir Eyjólfur námið nýtast þeim sérstaklega vel sem vilja viðhalda þeirri kunnáttu sem þeir öfluðu sér í framhaldsskóla.

Eyjólfur segir að reynt sé að tengja tungumálanámið sérsviði hvers og eins í háskólanum. Þannig geti heimspekinemi til dæmis lesið heimspekirit á tungumáli að eigin



Eyjólfur Már Sigurðsson, forstöðumaður Tungumálamiðstöðvarinnar, býður háskólanemum nám í sex tungumálum.

vali. Þetta geti komið að meira gagni en að sitja almenn námskeið í viðkomandi tungumálum.

Í Tungumálamiðstöðinni er einnig hægt að taka tvenn stöðupróf í erlendum málum, Deve-prófið í spænsku og TestDaF-prófið í þýsku, en inngangа í þýska háskóla er háð því skilyrði að umsækjandi hafi staðist það próf.

Tungumálamiðstöðin er í kjallara Nýja garðs og er opin frá átta að morgni til sex síðdegis.




## SKÓLALAUSNIR NÝHERJA

## Betri lausnir fyrir kennslustofuna þína

### Canon iP 5200R bleksprautuprentari
**Hraðvirkur með þráðlausri prentun og netprentun**



- Upplausn: 9600x2400 dpi.
- Svarthvít prentun: 30 bls. á mín.
- Litaprentun: 24 bls. á mín.
- Ljósmyndaprentun: 10x15 myndir á 36 sek.
- Styður Wi-Fi og Ethernet fyrir þráðlausa og netprentun.
- ChromaLife100 kerfi sem eykur endingu ljósmynda.
- Single Ink blekhylkjakerfi sem stuðlar að lægri rekstrarkostnaði.

**Tilboðsverð 21.900 kr.**

### Canon LBP 5200 geislaprentari
**Nettur og hagkvæmur lita geislaprentari**



- Upplausn: 9600x600 dpi með „Image Smoothing".
- Svarthvít prentun: 19 bls. á mín.
- Litaprentun: 4 bls. á mín.
- Enginn upphitunartími eða bið.
- USB 2.0 háhraða tenging.

**Tilboðsverð 29.900 kr.**

### Toshiba T40 skjávarpi
**Hagkvæmur til sýningar á tjald og rafræna töflu**



- 1800 Ansi Lumen.
- XGA 1024x768 upplausn.
- DLP myndtækni.
- Lampaending 3000 klst.
- 2 x VGA inngangar.
- Monitor out / Audio out.
- Tveggja ára ábyrgð / 90 dagar á lampaeiningu.

**Tilboðsverð 109.900 kr.**

### ACTIVboard gagnvirk kennslutafla frá Promethean
**Hönnuð af kennurum fyrir kennara**



- 78" tafla.
- Tveir þráðlausir pennar.
- ACTIVstudio hugbúnaður.

**Tilboðsverð 149.900 kr.**

### Gyration þráðlaus lyklaborð
**Fyrir kennslustofur og fundarherbergi**



- Frábær lausn með RF sendi sem dregur 9 metra.
- Mús fylgir handahreyfingu notanda og þarf ekki að liggja á borði.
- Ein allra besta lausnin í þráðlausum lyklaborðum.
- Einnig til með 30 m drægni.

**Tilboðsverð 12.900 kr.**

### ThinkCentre A52 turntölva

- Örgjörvi: Intel Pentium 4 640 3,2GHz EMT64, Intel 945G.
- Minni: 512MB 533MHz DDR2 PC4200 (4GB mest, 4 raufar).
- Skjákort: 16-128MB Intel Graphics Media Accelerator 950 PCI Express.
- Diskur: 160GB 7200sn SMART S-ATA.
- Drif: DVD+/-RW Multiburner plus (Double layer 9,4GB) og diskettudrif.
- Netkort: 10/1000 ethernetkort á móðurborði.
- Tengi: 8 USB 2,0, line inn/út 1 serial og 1 parallel.
- Tengiraufar: 2 PCI, 1x PCI Express, 16x PCI Express.
- Lyklaborð með fingrafaralesara, skrunmús.
- Stýrikerfi: Windows XP Pro stýrkerfi.
- Þriggja ára ábyrgð á vinnu og varahlutum.



**Tilboðsverð 96.400 kr.**

### ThinkCentre A51 borðtölva

- Örgjörvi: Intel Pentium 4 630 3,0GHz EMT64, Intel 915GV.
- Minni: 512MB 400MHz DDR PC3200 (2GB mest, 2 raufar).
- Skjákort: 16-128MB Intel Graphics Media Accelerator 900.
- Diskur: 80GB 7200sn SMART S-ATA.
- Netkort: 10/1000 ethernetkort á móðurborði.
- Drif: 16x DVD drif í fullri stærð og diskettudrif.
- Tengi: 8 USB 2,0, line inn/út 1 serial og 1 parallel.
- Tengiraufar: 1 PCI, 1 PCI-E 1X.
- Stýrikerfi: Windows XP Pro stýrkerfi.
- Þriggja ára ábyrgð á vinnu og varahlutum.



**Tilboðsverð 77.800 kr.**

### 17" L171 TFT skjár



- 1280x1024 upplausn.
- Birtumagn: 270cd/m2.
- Skerpa: 500:1.

**Tilboðsverð 26.900 kr.**

### Lapsafe MiniMentor fartölvuvagn



- 15 véla vagn.
- Innbyggt hleðslutæki fyrir fartölvur – minna álag á rafkerfi hússins.
- Öruggasta lausnin á markaðinum.
- Lágspennt tengi – engin hætta fyrir nemendur.

**Tilboðsverð 339.900 kr.**

Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Nýherja sem bjóða þér faglega ráðgjöf við val á réttu lausninni.

Síminn er 569 7700 og netfangið er ver@nyherji.is

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



Þessir hafa kannski sótt bæði útivistar- og íslamnámskeiðið hjá Endurmenntun?

# Íslam og útivist

Nám samhliða starfi nýtur vinsælda nú sem aldrei fyrr. Endurmenntun Háskóla Íslands, sem hefur starfað í rúm tuttugu ár, er einn af þeim fjölmörgu kostum sem námsfúsir í vinnumarkaðinum hafa úr að velja.

Í vor býður Endurmenntun upp á nýtt námskeið um erfið samskipti íslamskra ríkja við Vesturlönd sem kallast Átök siðmenningarsvæða. Á námskeiðinu verða róttækar pólitískar hreyfingar múslima skoðaðar, þróun hugmyndafræðinnar rakin og fjallað um heimsmynd múslima og viðhorf þeirra til vestrænna samfélaga.

Uppgangur þessara róttæku hreyfinga verður metinn á guðfræðilegum, félagslegum, efnahagslegum og pólitískum forsendum og hið svokallaða stríð gegn hryðjuverkum verður brotið til mergjar.

Annað nýtt námskeið sem verður í boði í vor er útivistarnámskeiðið Á vit náttúrunnar, þar sem farið verður yfir undirstöðuatriði fjölskylduvænnar útivistar. Farið verður kerfisbundið í allar tegundir útivistar við sem ólíkastar aðstæður og nauðsynlegur búnaður og undirbúningur kannaður. Rætt verður um tilgang og siðfræði útivistar auk þess sem vísað verður á heppileg útivistarsvæði.

Nánari upplýsingar um þessi námskeið og mörg fleiri má finna á vef Endurmenntunar, endurmenntun.is.

# Miklu öflugri en hraðlestur

PhotoReading, eða myndlestur, er lestrar- og námstækni sem nú stendur Íslendingum til boða að læra í fyrsta sinn. Með aðstoð hans má margfalda lestrarhraðann og auka skilning á efninu.

Myndlestur kom fyrst fram á sjónarsviðið í Bandaríkjunum fyrir tuttugu árum og er nú kenndur í 31 landi. Myndlesturinn er sagður henta öllum sem hafa áhuga á að geta lesið mikinn texta vel á stuttum tíma.

„Myndlestur er miklu öflugri en það sem yfirleitt er kallað hraðlestur," segir Jóna Björg Sætran, uppeldis- og menntunarfræðingur og eini viðurkenndi myndlestrarkennari landsins. „Háskólanemar sem lokið hafa hjá mér námskeiði tala hreinlega um lífið fyrir og eftir myndlestur."

Jóna segist alls ekki hafa haft trú á aðferðinni í fyrstu. „Ég kynntist þessu af tilviljun fyrir fáeinum árum og þá fannst mér þetta svo lygilegt að ég afskrifaði þetta án umhugsunar." Hún hefur hins vegar orðið áþreifanlega vör við það í sínu starfi hve margir flosni upp úr námi vegna erfiðleika með að þröngva sér í gegnum doðrantana sem námið krefst. Því ákvað hún að skoða myndlesturinn nánar og komst snemma að því hversu vel hann reyndist.

„Flestir þrefalda hraðann strax eftir námskeiðið en það sem gerist líka er að einbeitingin magnast og skilningurinn á efninu eykst til muna," segir Jóna. „Þetta byggist í raun á því að maður notar undirmeðvitundina á meðvitaðan hátt."



Jóna Björg Sætran myndlestrarkennari.

Myndlesturinn er fimm þrepa ferli sem hefst á slökun og undirbúningi. Seinna er textinn lesinn með svokölluðum myndafókus, þannig að horft er á textann eins og um mynd sé að ræða. Fyrst þegar þetta hefur verið gert finnst lesandanum hann ekkert muna en það kemur síðan í ljós þegar efnið er rifjað upp að hann kannast við megnið eftir skimunina.

„Það eru ekki nema 4 til 11% af efni texta sem skipta raunverulega máli fyrir merkingu hans. Afgangurinn er bara uppfyllingarefni sem notað er til að gera textann læsilegri og fallegri. Myndlestrinum er ætlað að sía merkinguna úr textanum á sem fljótlegastan hátt," segir Jóna og bætir við að þessi tækni geti meira að segja hjálpað lesblindum að yfirstíga mörg sinna vandamála. „Ég hef ekkert fengið nema góð viðbrögð frá öllum sem hafa setið námskeiðið hjá mér."

Gylfi Sigurðsson sat námskeiðið hjá Jónu og staðfestir allt sem hún segir. „Þetta virkar. Það er ekki nokkur spurning," segir hann. „Ég get lesið texta á örfáum klukkutímum sem tók mig áður tvær eða þrjár dagsstundir að komast í gegnum og skilningurinn er mun betri."

Námskeiðin eru fimmtán klukkustundir og ný námskeið hefjast um miðjan janúar.



Þátttakandi í námskeiðinu niðursokkinn í undirbúning.


Tjáning - það sem gleymdist að kenna okkur kennsla.is

"Kom skemmtilega á óvart. Mjög vel skipulögð og góð kennsla. Frábær kennari og gott námsefni!"
**Aldís Einarsdóttir, 39 ára Háskólanemi.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
*Frábært, markvisst, hnitmiðað, nytsamlegt, áhugavert, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, þægilegt, lipurð, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.*

**...næsta námskeið hefst 30. janúar**
**...SELFOSS 25. janúar**
Skráning er hafin á www.h.is
og í síma 586-9400.

HRAÐLESTRARSKÓLINN


# Aldrei of seint að læra

Það er aldrei of seint að næla sér í menntun eða afla sér fróðleiks og þá gildir einu hvaða menntunarstig um ræðir.

Í Öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð má finna manneskjur af öllum stærðum og gerðum á öllum aldri - og jafnvel einhverjar sem ekki líta á námið sem starfsþjálfun eða aðgöngumiða að framhaldsnámi, heldur njóta einfaldlega fræðslunnar.

Ida Semey, deildarstjóri Öldungadeildarinnarinnar, segir að reglulega útskrifist fólk úr deildinni sem löngu hafi yfirgefið atvinnuheiminn og hyggist tæplega snúa þangað aftur. Nú síðast í haust hafi kona á áttræðisaldri útskrifast úr deildinni með stúdentspróf.

Deildin tekur einnig á móti fjölmörgum sem hafa ákveðið að ljúka loks framhaldsnámi eftir ára- eða áratugalanga fjarveru frá námi. Öldungadeildin er þægilegur kostur fyrir þá sem vilja stjórna námsyfirferðinni vegna þess að engar kröfur eru gerðar um lágmarkseiningafjölda hverja önn.

Algengt er að ellilífeyrisþegar leggi stund á háskólanám ánægjunnar vegna og það hlýtur að teljast góð leið til að verja ævikvöldinu, að minnsta kosti síst verri en hver önnur.

Næst þegar eitthvert unglambið barmar sér yfir seinagangi í námi væri réttast að benda á þessar staðreyndir. Tíminn er nægur.



# Skólaárið byrjar hjá okkur

## Veldu alvöru fartölvu í skólann



Inspiron fartölvurnar frá Dell eru alltaf búnar því allra nýjasta en eru samt á frábæru verði. Þú hoppar beint á þráðlaus net, tengir öll jaðartæki (nytsamleg jafnt sem ónytsamleg) og svo er líka hægt að leika sér!



### Dell Inspiron 6000

- Intel Celeron M 360 örgjörvi 1.40GHz/1MB, 400MHz FSB, Intel PRO WLAN 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
- 15.4" UltraSharp WSXGA+ TFT skjár (1680x1050)
- Intel GMA 128MB skjákort
- 40GB harður diskur og DVD/CD-RW geisladrif
- 6 Cell 53WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- SD minniskortalesari
- Microsoft Windows XP Home og Works 7.0
- 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Verð **129.900,-**

**Verð á mánuði** 11.356,-
Vaxtalaust í 12 mán. (VISA/Euro)

### Dell Inspiron 630

- Intel Pentium M 730 örgjörvi 1.86GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel PRO WLAN 2200 þráðlaust netkort 802.11 b/g og innbyggt Bluetooth
- 512MB 533MHz vinnsluminni
- 14.1" WXGA TFT True Bright skjár (1280x800)
- Intel GMA 900 innbyggt skjákort
- 60GB diskur, DVD/+RW geisladrif (brennir DVD)
- 6 Cell 53WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
- Ísl. lyklaborð og TouchPad mús
- Microsoft Windows XP Professional og Works
- 1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Verð **169.900,-**

**Verð á mánuði** 14.806,-
Vaxtalaust í 12 mán. (VISA/Euro)



**Janúartilboð með tölvu**
Coluco New York Red
PC-Cillin 2005 vírusvörn
MS Office 2003 námsútgáfa
**Að verðmæti**
**26.181,-**



Frekari upplýsingar um fartölvutilboð og fylgihluti færðu á www.ejs.is eða í síma 563 3000

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**
R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETHEIMAR / Aðalstræti 27 / ÍSAFIRÐI 456-5006 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • BVT / Vík / 487 1510 • TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000


Hjörtur Howser með besta vini mannsins, að hljóðfærunum undanskildum.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Annar hver Hafnfirðingur rútubílafær á hljóðfæri

Námsflokkar Hafnarfjarðar hófu að kenna tónlistarnámskeið í bland við önnur hefðbundnari fyrir fjórum árum.

Hjörtur Howser, hljómborðsleikari og kennari á námskeiðunum, segir tónlistardeildinni hafa vaxið fiskur um hrygg frá því að farið var af stað með hana. Fyrst hafi eingöngu verið um gítar- og píanónám að ræða en nú megi þar finna fleiri tónlistarnámskeið en nöfnum tjáir að nefna. „Eftir að við byrjuðum með gítarinn og píanóið var ákveðið að gera tilraun og athuga hvort það væri áhugi fyrir fleiru. Það bara varð allt vitlaust!“ segir Hjörtur. „Þeir sem stjórna námsflokkunum eru alveg ótrúlegir. Þeim vex ekkert í augum og eru til í allt.“

Auk gítars og píanós eru til dæmis í boði námskeið í bongótrommu-, fiðlu-, saxófón-, trommu-, harmonikku- og bassaleik, söng og textasmíðum.

„Ástæða þess að við höfum eflt þetta svona mikið er biðlistarnir. Krakkar þurfa jafnvel að bíða í þrjú ár eftir að komast að í tónlistarskólum. Þarna fá þeir námskeið sem viðhalda áhuganum, auk þess sem foreldrar nýta sér þau oft til að kanna áhuga barnanna.“

Námskeiðin eru flest einungis átta klukkustundir að lengd í heildina en Hjörtur segir þann tíma skila ótrúlegum árangri. „Fólk sem hefur aldrei snert hljómborð áður fer frá mér eftir átta skipti og spilar útskriftarlagið, sem er fyrsti þáttur fjórða kafla níundu sinfóníu Beethovens, með báðum höndum eftir nótum. Þetta er mikið stykki, kannski ekki erfitt að spila fyrir þá sem kunna eitthvað fyrir sér en er himinhár fjallgarður fyrir algjöra byrjendur,“ segir Hjörtur, sem hefur þegar ýtt framtíðarvirtúósum úr vör. „Ég get talið svona fjóra, fimm nemendur sem hafa lært hjá mér á þessum námskeiðum og eiga eftir að verða tónlistarmenn í fullu starfi. Þetta er fólk sem hafði aldrei snert hljómborð fyrir námskeiðið.“

Námsflokkarnir taka jafnt við börnum sem fullorðnum og einnig er boðið upp á hljómborðsnám fyrir sextuga og eldri. „Helmingur þeirra sem koma til mín er fullorðið fólk. Ég kenndi einni sjötugri sem fór á kostum. Ég þurfti að búa til nýtt framhaldsnámskeið sérstaklega fyrir hana. Svona fólk á ekki nokkurn möguleika á að komast í venjulega tónlistarskóla.“

Hjörtur segir að vel sé tekið í nýjar hugmyndir um námskeið og fólk ætti ekki að hika við að koma með uppástungur, því oft sé orðið við beiðnunum - þótt skrýtnar geti verið.

„Það kom mér á óvart hvað þetta virkaði vel. Það er svo gaman að taka þátt í einhverju sem steinliggur. Námskeiðunum mun bara fjölga á næstunni og vonandi lendum við í húsnæðisvandamálum og öllu því sem fylgir svona örum vexti. Okkar markmið og stefna er að eftir örfá ár verði í það minnsta annar hver Hafnfirðingur orðinn rútubílafær á hljóðfæri.“

## Köfun í Leiru

Í Sportköfunarskóla Íslands geta byrjendur sótt köfunarnámskeið og jafnfvel átt von á ævintýraferðum ef vel gengur.
Skólinn býður upp á PADI köfunarnámskeið sem eru virt og þekkt og veita öll réttindi til sportköfunar og leigu á köfunarbúnaði um allan heim.
Þegar lengra er komið geta nemendur farið í ævintýralegar kafanir, til dæmis í hina margfrægu Silfru á Þingvöllum, næturköfun í Leiru eða djúpköfun á Faxaflóa.
Nánari upplýsingar fást á dive.is.


Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastýra segir alla kennara við skólann vera starfandi listamenn.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Myndlist rokkar

Myndlistaskólinn í Reykjavík býður upp á fjölda námskeiða sem eru opin öllum, bæði þeim sem vilja sækja stök námskeið í frístundum og þeim sem hyggja á frekara listnám.

Ingibjörg Jóhannsdóttir skólastýra segir mikið lagt upp úr því að allir kennarar við skólann séu starfandi myndlistarmenn og hönnuðir.

Síðasta haust kenndu Ragnar Kjartansson, Trabantlimur og myndlistarmaður, og fjöllistakonan Ásdís Sif Gunnarsdóttir í fyrsta sinn námskeiðið „Myndlist rokkar“ við rífandi lukku að sögn Ingibjargar. „Við sýnum nemendum hvernig ýmis tónlist á rætur sínar í myndlist og skoðum þessi tengsl,“ segir hún. „Í haust unnu nemendurnir svo myndverk þar sem þeir léku sér með ímynd rokksins og framkvæmdu líka gjörninga, tróðu upp og gerðu stuttmyndir.“

Skólinn heldur líka námskeið ætluð þriggja til fimm ára gömlum börnum þar sem þau eru látin skoða umhverfi sitt, teikna og vinna þrívítt á ýmsan hátt. „Börn á þessum aldri eru svo upptekin af efninu í kringum sig. Þau eru laus við fordóma og afar móttækileg fyrir öllum nýjungum. Það getur ótrúlega mikið gerst hjá þeim á stuttum tíma á þessum námskeiðum,“ segir Ingibjörg.

Af öðrum námskeiðum má nefna íkonagerð og myndvinnslu fyrir fullorðna, leirrennslu og hreyfimyndagerð fyrir krakka og myndasögunámskeið fyrir unglinga. Öll verða þessi námskeið í


Skapandi nemendur á námskeiði.
Fréttablaðið/Heiða

ENSKA ER OKKAR MÁL
enska er okkar mál
Enskuskólinn
ENSKUNÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST
Okkar vinsælu talnámskeið, auka orðaforði og sjálfstraust
• Talnámskeið 5 og 10 vikur
• Viðskiptanámskeið
• Málfræði og skrift
• Enskar smásögur
• Námskeið fyrir 10. bekk
• Málaskólar í Englandi
• Ævintýranámskeið fyrir börn 5 til 12 ára
HRINGDU OG SKRÁÐU ÞIG Í VIÐTAL Í DAG
Hringdu í síma 588 0303 • FAXAFENI 8 • www.enskuskolinn.is

FM 98,9 BYLGJAN
Allir eru að hlusta!
Bjarni Ara
Alla virka daga 13-16

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## Þú færð allar námsbækurnar hjá Office 1

# Ódýrustu námsbækurnar

**Opið alla helgina!**

## Notaðar og nýjar!




**Verð getur lækkað án fyrirvara**

# LANG, LANG, LANG, STÆRSTI

## SKIPTIBÓKAMARKAÐUR LANDSINS SKEIFUNNI 17



## Office 1 Superstore

Skapandi skrif
kennsla.is

INNRITUN STENDUR YFIR
sfrodi.is
SÍMENNTUN Á SVIÐI MATVÆLAGREINA, FRAMREIÐSLUGREINA OG FERÐAÞJÓNUSTUGREINA

Námskeið hjá Sæmundi fróða á vorönn 2006

- Borðskreytingar fyrir framreiðslumenn í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands í Hveragerði
- Smurbrauðsnámskeið í umsjón Marentzu Poulsen
- Létt og gott í hádeginu að hætti Marentzu
- Brauðbakstur
- Matreiðsla á grænmetisfæði
- Upplýsinga- og tölvunámskeið
- Námskeið fyrir kjötiðnaðarmenn
- Námskeið í lestrartækni
- Sushi – matreiðsla
- Fyrirlestur um orkuþörf einstaklingsins
- Kaffinámskeið í samvinnu við Te&Kaffi
- Fagnámskeið II í samvinnu við Eflingu stéttarfélag
- Sérsniðin námskeið fyrir allar greinar eru í boði

SÆMUNDUR FRÓÐI

Sæmundur fróði, Digranesvegi 51, 200 Kópavogi. Sími 590 6402 og 594 4000. Netfang: sfrodi@sfrodi.is Veffang: www.sfrodi.is



Ekki er að spyrja að útkomunni, en handverksfólk sinnir ýmiss konar listum í Punktinum.

# Punkturinn aðalstaðurinn

Punkturinn á Akureyri hefur í tólf ár verið miðstöð lista og handverks, en að meðaltali nota um sextíu manns aðstöðuna þar á dag yfir vetrartímann.

„Þetta er hið margvíslegasta fólk sem hingað kemur, bæði fólk sem kemur á námskeið og þeir sem hafa komið á námskeið og eru bara að nota sér aðstöðuna,“ segir Kristbjörg Magnadóttir, sem starfað hefur sem forstöðumaður Punktsins síðan hann var opnaður. „Yfirleitt eru námskeiðin haldin á daginn eða kvöldin í miðri viku, og á daginn kemur þá fólk sem vinnur vaktavinnu og þeir sem eru útivinnandi allan daginn fara frekar á kvöldnámskeiðin.“

Í Punktinum er hægt að læra allt á milli himins og jarðar: fleygskurð, bókband, bókagerð, ullarþæfingu, myndvefnað, tóvinnu, vefnað, spjaldvefnað, útsaum, hálmvinnu, glerskurð, kertagerð, sápugerð, körfugerð, víravinnu, smokkaprjón og almennt prjón, vattarsaum, hekl og pappírsgerð svo fátt eitt sé nefnt. Síðar í þessum mánuði verður einnig haldið bróderingarnámskeið.

Jafnframt er fólki velkomið að koma inn og nota aðstöðuna í Punktinum, sem er afar vinsælt til dæmis hjá þæfingarfólki en oft getur verið erfitt að sulla í sápu og vatni heima fyrir. Þá borgar fólk fyrir efnið sem það vanhagar um en ekki fyrir sjálfa aðstöðuna, að sögn Kristbjargar.

„Og þá geturðu náttúrlega, ef þú strandar, kallað á einhvern til að aðstoða þig, en þá er ekki manneskja lengur yfir þér,“ segir Kristbjörg, sem hefur sjálf kennt ýmis námskeið í Punktinum, meðal annars þæfingar og glervinnu.



Góð aðstaða er til alls konar handverks í Punktinum á Akureyri.

Punkturinn var stofnaður fyrir tólf árum síðan þegar mikið atvinnuleysi ríkti á Akureyri vegna uppsagna í verksmiðjum.

„Þá var talið að það væri svo mikil handverksþekking í bænum að þetta væri besta leiðin til að halda fólki virku meðan þetta atvinnuleysi varaði, en fljótlega var ákveðið að opna Punktinn fyrir öllum áhugasömum,“ segir Kristbjörg. „Ég held að það sé styrkur staðarins.“

Punkturinn er nýfluttur í nýtt húsnæði í gamla barnaskólanum á Akureyri fyrir ofan kirkjuna. „Þar er Akureyrarbær að setja upp mjög skemmtilegt hús, þar sem Menntasmiðja kvenna er á einni hæðinni, Húsið menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks á annarri og við á einni,“ segir Kristbjörg.

Punkturinn er opinn alla virka daga frá klukkan 13 til 17 allt árið og mánudags- og miðvikudagskvöld frá klukkan 19 til 22 frá 15. september og fram á vor.



Getum bætt við okkur nokkrum nemendum á fiðlu, selló og í söng

Nánari upplýsingar í síma 553 9210
og á nyitonlistarskolinn.is

NÝI TÓNLISTARSKÓLINN
Grensásvegi 3–5, 108 Reykjavík

allt atvinna
Alla sunnudaga

# Börn og umhverfi

Rauði krossinn býður upp á spennandi námskeið fyrir börn og unglinga.



Á námskeiðinu Börn og umhverfi er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, leiðtogahæfni, agastjórnun, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Fjallað er um slysavarnir og algengar slysahættur og veitt ítarleg kennsla í skyndihjálp. Þátttakendur fá innsýn í sögu og starf Rauða krossins.

Á námskeiðinu Slys á börnum er fjallað um varnir gegn slysum á börnum og orsakir slysa almennt, þroska barna og slys sem tengjast aldri. Leiðbeint er í skyndihjálp við barnaslysum og áverkum af ýmsu tagi, endurlífgun barna, andlegum undirbúningi við komu barna á sjúkrahús o.fl.

Sjá www.redcross.is

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna á vorönnina*

# Tölvunám vorið 2006
# Menntun sem gefur forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 32.500 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner

PEARSON VUE Authorized Centre SELECT

## Veldu námskeið sem hentar þér og skráðu þig strax í nám hjá Tölvuskóla TV:

## MCSA og MCP nám

### Netumsjón MCP
Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærðu grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290).

Tvö MCP próf innifalin.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. *16:15-19:15*
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### MCSA netstjórnun
Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

**Lengd**: 225 stundir/150 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 299.900 • Allt að 5 ára lán

***Hægt er að sækja stök MCP námskeið:***
*Windows XP Professional (MCP 70-270)*
*Windows 2003 Server (MCP 70-290)*
*Exchange Server 2003 (MCP 70-284)*
*Stjórnun Windows neta (MCP 70-291).*

## .NET forritun

### Visual C# .NET (+ASP) forritun
Lærðu forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám. Krafist er góðrar tölvuþekkingar.

**Lengd**: 121 stund/81 klst. 18:00-21:00
**Verð**: 159.900 • Allt að 5 ára lán

### ASP .NET vefforritun
Taktu þátt í byltingu í vefsíðugerð og lærðu ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátta.

**Lengd**: 45 stundir/30 klst. 18:00-21:00
**Verð**: 79.900 • Allt að 3 ára lán

## Stjórnun tölvumála
Frábært stjórnendanám fyrir þá sem koma að stjórnun tölvumála í fyrirtækjum, stofnunum og öðrum rekstrareiningum.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst.
**Verð**: 119.900 • Allt að 3 ára lán

## Skrifstofunám

### Hagnýtt bókhald
Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, töluvbókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemm-ingar, undirbúningur uppgjörs og fleira

*Fullkomið bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 94 stundir/63 klukkust.
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Skrifstofu- og tölvunám
Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd**: 200 stundir/133 klst.
**Verð**: 139.900 • Allt að 5 ára lán
*(TÖK próf innifalin í námsgjaldi)*

### Skrifstofu- og bókhaldsnám
Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Fullkomið bókhaldskerfi innifalið í verði! **

**Lengd**: 300 stundir/200 klst.
**Verð**: 199.900 • Allt að 5 ára lán
*(TÖK próf innifalin í námsgjaldi)*

***Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)***

** Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

## Verkefnastjórnun

### Hagnýt verkefnastjórnun
Vertu betri verkefnisstjóri. Lærðu grundvallaratriði góðrar verkefna-stjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

**Lengd**: 50 stundir/33 klst.
**Verð**: 89.900 • Allt að 3 ára lán

## Góð byrjun

### Almennt tölvunám
Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar*
- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. á ýmsum tímum
**Verð**: 69.990 • Allt að 3 ára lán

### Tölvuþekking fyrir konur
Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd**: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld
**Verð**: 45.900 • Allt að 3 ára lán

### Tölvunám fyrir 50+
Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*
- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. dag eða kvöld
**Verð**: 59.900 • Allt að 3 ára lán

## Vefhönnun

### Vefhönnun og myndvinnsla
Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennt er að nota DreamWeaver, Photoshop Flash og HTML forritun. Að námi loknu hafa þátttakendur gott vald á öllu sem tengist vefsíðugerð og myndvinnslu.

**Lengd**: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
**Verð**: 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Vefsíðugerð með/án Photoshop
Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu sam-kvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

**Lengd**: 67 stundir/45 klst. með Photoshop
**Verð**: 68.900 • Allt að 3 ára lán
**Lengd**: 45 stundir/30 klst. án Photoshop
**Verð**: 44.500 • Allt að 3 ára lán

## Mest úrval styttri námskeiða:

**Grunnnámskeið**
Windows, Word og Excel
Tölvupóstur og Internetið
Windows XP fyrir byrjendur
Fingrasetning - tölvuvélritun

**Access**
Access I: Almenn gagnagrunnsgerð
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð
Access III: Fjölvar og forritun með VBA

**Word**
Word I: Almenn ritvinnsla
Word II: Kraftmikil ritvinnsla
Töflur og eyðublöð í Word
Vinnsla langra skjala í Word
Dreifibréf og markpóstur í Word

**Excel**
Excel I: Almenn töflureiknisnotkun
Excel II: Sérhæfð töflureiknisnotkun
Excel II: Fjármál, bókhald og endursk.
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA

**PowerPoint**
PowerPoint I: Glærur og kynningar
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð

**Outlook og OneNote**
Outlook: tímareiða, verkefni og póstur
OneNote: Hugmyndavinna og glósur

**Publisher**
Publisher: Bæklingar og kynningar

**Vefsíðugerð**
Vefsíðugerð I: FrontPage 2003
Vefsíðugerð II: FrontPage 2003
DreamWeaver MX vefsíðugerð
Flash: Gerð hreyfimynda og myndskeiða

**Myndvinnsla og grafík**
Stafræn ljósmyndun
Photoshop CS2: Ljósmyndir og grafík
Photoshop Elements
Freehand: Grafík, umbrot og auglýsingar
Visio: Grafík og teikning

**FileMaker**
FileMaker notendanámskeið
FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun

**Windows XP**
Gerðu Windows XP öruggara
Þráðlaus net og Windows XP

**Verkefna- og tímastjórnun**
Verkefnastjórnun með PRINCE2
Microsoft Project verkefnastjórnun
Project Server verkefnamiðlarinn
Tímastjórnun og Outlook

www.tv.is

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**

**Tölvunám TV til betri verka**
**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar**
**– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!**

**TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

Enn að leita?
kennsla.is

Líkamsrækt í vatni
Finnur þú fyrir verkjum í fótleggjum eða baki við líkamsþjálfun?

Þegar æft er í vatni minnkar álag um liði þar sem áhrif þyngdarkraftsins minnka. Það verður því auðveldara að þjálfa upp úthald og styrk án þess að það valdi of miklu álagi á liðina.
Bæði rólegir og kröftugir tímar í hádeginu og eftirmiðdaga, undir leiðsögn sjúkraþjálfara, í hlýrri og bjartri sundlaug við Laugarás.
Skráning og nánari upplýsingar í síma 897-2896 : Netfang: harpahe@hi.is


www.img.is
NÁMSKEIÐ
IMG RÁÐGJÖF

**Aukin hæfni í verkefnastjórnun** - námskeiðið er kennt á ensku
17. janúar kl. 13-18, 18.-19. janúar kl. 8:30-18
Verð: 92.000 kr.
Leiðbeinandi: Morten Fangel

**Starfsmannasamtöl**
25.-26. janúar kl. 9-12
Verð: 22.500 kr.
Leiðbeinandi: Halla Jónsdóttir

**Tímastjórnun**
2. febrúar kl. 8:30-12:30
Verð: 15.400 kr.
Leiðbeinandi: Sigurjón Þórðarson

**Að stjórna jafningjum**
8.-9. febrúar kl. 8:30-12:30
Verð: 29.500 kr.
Leiðbeinandi: Davíð Freyr Oddsson

**Árangursstjórnun og mælingar**
7.-8. febrúar kl. 8:30-12:30
Verð: 29.500 kr.
Leiðbeinendur: Símon Þorleifsson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Dr. Guðbjörg Andrea Jónsdóttir

**Einfalt gæðakerfi sem virkar**
7. og 9. mars kl. 8:30-16:30
Verð: 52.500 kr.
Leiðbeinendur: Símon Þorleifsson og Jenný Dögg Björgvinsdóttir

**Stjórnun fyrir nýja stjórnendur**
29.-30. mars og 5.-6. apríl kl. 8:30-12:30
Verð: 52.500 kr.
Leiðbeinendur: Vilmar Pétursson og Davíð Freyr Oddsson

**Ævintýralegur árangur**
6.-7. apríl, 2 dagar úti á landi
Verð: 150.000 kr.
Leiðbeinendur: Hákon Gunnarsson, Sigurjón Þórðarson, Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Símon Þorleifsson

**Lean Six Sigma** með viðurkenndri prófgráðu á alþjóðavísu
Námskeiðið spannar fjóra mánuði og hefst í byrjun hausts.
Nánari upplýsingar síðar.

**Skráning og nánari upplýsingar á www.img.is, namskeid@img.is eða í síma 540 1000**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Ingibjörg Sólrún Magnúsdóttir og Hrönn Veronika Runólfsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Námið er fórnarinnar virði

**Ingibjörg Sólrún Magnúsdóttir og Hrönn Veronika Runólfsdóttir, nemendur við viðskiptadeild HR, gerðu rannsókn haustið 2005 til að meta þann ávinning sem háskólanám með vinnu í viðskiptafræði skilar fólki úti á vinnumarkaðnum.**

Rannsóknin náði til útskrifaðra nemenda úr háskólanámi með vinnu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

„Það sem okkur kom á óvart við niðurstöðurnar var hve margir upplifðu meiri virðingu og sjálfstraust í starfi eftir að þeir luku háskólamenntun sinni. Þar sem háskólanám með vinnu fylgir álag, bæði í einkalífi og starfi, er ánægjulegt að sjá að allir álitu námið vera fórnarinnar virði. Það kom einnig á óvart hve stórt hlutfall þátttakenda naut stuðnings vinnuveitanda á meðan á náminu stóð. Af þessu má draga þá ályktun að vinnuveitendur kunni að meta að starfsmenn þeirra afli sér aukinnar menntunar. Stuðningurinn var með ýmsu móti, allt frá því að vera hvatning og velvilji og upp í að allur námskostnaður væri greiddur,“ segja Ingibjörg Sólrún og Hrönn Veronika.

„Okkur þótti spennandi að rannsaka hvort sú mikla vinna sem fylgir því að stunda nám samhliða vinnu komi til með að skila útskrifuðum háskólanemum auknum ávinningi úti á vinnumarkaði að námi loknu, ekki síst þar sem margir nemendur voru í vellaunuðum störfum þegar þeir hófu námið og höfðu víðtæka reynslu úr atvinnulífinu,“ segja þær Ingibjörg Sólrún og Hrönn Veronika aðspurðar um tildrög rannsóknarinnar.

Þær segja það jafnframt merkilegt hve fljótt áhrifa gæti af háskólamenntuninni á laun og hve mikil hækkunin sé. Laun þeirra sem luku BSc-gráðu í viðskiptafræði hafa hækkað að meðaltali um 43 prósent frá því áður en þeir hófu námið, sem er athyglisvert í ljósi þess að 73 prósent þeirra útskrifuðust 2005. Laun þeirra sem luku BSc-námi 2004 hafa hækkað töluvert meira frá því að þeir útskrifuðust en laun þeirra sem útskrifuðust 2005. „Þessar niðurstöður verða því að teljast jákvæðar þar sem stutt er liðið frá útskrift alls úrtaksins og því ljóst að áhrif menntunarinnar á laun eru rétt að byrja að skila sér,“ segja þær Ingibjörg Sólrún og Hrönn Veronika.

Við rannsóknina kom jafnframt í ljós að karlar sem lokið hafa BSc-gráðu hafa að meðaltali rúmlega 140.000 krónum hærri laun en konur með BSc-gráðu. Arðsemi menntunarinnar er þó meiri hjá konum þar sem laun þeirra hafa hækkað að meðaltali um 46 prósent á móti 37 prósenta hækkun hjá körlum. Hækkun launa hjá þeim sem luku diplóma-prófgráðu var einnig töluverð, um 30 prósent.

Í úrtakinu voru bæði þeir sem lokið höfðu diplóma prófgráðu og þeir sem lokið höfðu BSc-prófgráðu. Heildarfjöldi einstaklinga sem fengu könnunina senda var 142. Þar af svöruðu 111 og var svarhlutfall því

## Niðurstöður rannsóknarinnar

- Algengast er að laun þeirra sem lokið hafa háskólanámi með vinnu séu á bilinu 300-400.000 á mánuði.
- Meðallaun þeirra sem hafa lokið BSc-gráðu eru kr. 406.240 á mánuði, en meðallaun þeirra sem hafa lokið diploma-gráðu eru kr. 380.905.
- 33 prósent hækkuðu sérstaklega í launum í tilefni af útskriftinni úr háskólanámi með vinnu.
- Um 45 prósent þeirra sem lokið hafa háskólanámi með vinnu gegna stjórnunarstöðum í dag.
- Veruleg aukning hefur orðið á fjölda stjórnenda í hópnum eftir háskólanám með vinnu, samanborið við áður en nám hófst (25 prósenta aukning hjá körlum en 43% aukning hjá konum).

# Feit börn eiga erfiðara með nám

**Tvær rannsóknir sem Magnús Ólafsson heimilislæknir og fleiri hafa gert á börnum sýna að of þung börn eiga erfiðara með að einbeita sér og ná slakari námsárangri en félagar þeirra sem ekki eiga við offituvandamál að stríða.**


Niðurstöður rannsókna sem Akureyringar hafa staðið fyrir sýna að þyngri börn eiga erfiðara með nám en önnur börn.

„Í mjög stuttu máli má segja að þau börn sem eru þyngst sýni lakari námsárangur en þau sem eru innan þess sem má kalla venjulega þyngd,“ segir Magnús Ólafsson heimilislæknir, sem stóð að rannsóknunum ásamt fleiri aðilum. Öll börn í í 4., 7. og 10. bekk á starfssvæði Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri voru rannsökuð veturna 2000-2001 og 2003-2004 og fylgni milli ofþyngdar og gengis í skólanum könnuð.

„Það er mikilvægt að undirstrika að hér er ekki verið að fullyrða neitt um orsakasamband, en nýjar erlendar rannsóknir benda til þess að það sé eitthvað annað en þyngd-in í aðstæðum barnanna sem veldur þessum slaka námsárangri,“ áréttar Magnús. „En þyngstu börnin sem hópur hafa lakari námsárangur en hin og þyngdin hefur áhrif á líðan þeirra líka, þeim líður ekki eins vel.“

Fyrri rannsóknin benti til þess að offita hrjáði námsárangur eldri nemenda meira en hinna en síðari rannsóknin sýndi að of þung börn næði lakari árangri í námi í öllum þessum þremur árgöngum.

„Þó virðist þyngdarþróunin ekki eins slæm hér eins og víða annars staðar, sem er auðvitað fréttnæmt í sjálfu sér,“ segir Magnús, sem á von á því að þriðja rannsóknin verði gerð veturinn 2006-2007, en hún á að gefa enn sterkari heildarmynd af þessum málum.



Landsbankinn
Banki allra námsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
Námsstyrkir
Námsmenn glíma við hin ótrúlegustu vandamál á meðan á námi þeirra stendur. Okkar hlutverk er að létta undir með þeim þegar mest á reynir.
Árlega veitir Landsbankinn fjölda námsstyrkja til virkra viðskiptavina Námunnar.
Námsstyrkirnir skiptast þannig:
• Styrkir til framhaldsskóla og iðnnáms á Íslandi
• Styrkir til háskólanáms á Íslandi
• Styrkir til háskólanáms erlendis
• Styrkir til listnáms
rit.
mf a tempo
meno mosso
„Kæru nágrannar, nýtt æfingatímabil er að hefjast."
Nemi á 8. stigi í fiðluleik.
sýnum námsmönnum tillitssemi
GOTT FÓLK McCANN

allt tilboð
Alla föstudaga

NÁM SEM NÝTIST



**Endurmenntun Háskóla Íslands býður í vetur upp á fjöldann allan af námskeiðum sem sækja má sér til fróðleiks, dægrastyttingar eða aukinnar hæfni. Meðal námskeiða, sem í boði eru, má nefna:**

**Mozart, 23.01.–20.02.:** Skyggnst í klassíska tímabil tónlistarsögunnar og ferill Mozarts rakinn frá æskuárum til dánardags.

**Jómsvíkingasaga, 25.01.–01.03.:** Einstaklega skemmtileg lesning sem víða er getið í íslenskum fornritum.

**GÆS – Get, ætla og skal! 24.01.–26.01.:** Þjálfunarnámskeið í ákvarðanatöku og markmiðssetningu.

**Sjálfsstyrking og samskipti fyrir konur, 16.01.–23.01.:** Markmið námskeiðsins er að byggja upp aukinn sjálfsstyrk í einkalífi og starfi.

**Verkefnastjórnun I, 30.01.–31.01.:** Hvernig á að gera verkefnisáætlun sem leggur grunn að framkvæmd verkefnis og eftirfylgni.

**Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað, 16.01.–24.01.:** Kennt er samskiptalíkan sem auka á samstarfshæfni, þjálfa viðbrögð sem leysa ágreining og auka vinnugleði.

**Skattamál – nýlegar breytingar, 19.01.:** Kynntar eru helstu breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt á árinu 2005.

*Kynntu þér fjölbreytt námsframboð á*
*www.endurmenntun.is*
*eða hringdu í síma 525 4444.*

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
– að vaxa og dafna

ARGUS / 05-0854



Guðmundur Johnsen, formaður stjórnar Félags lesblindra, vill fá munnleg próf í skóla fyrir lesblinda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikilvægt að láta greina lesblindu sem fyrst

Fimmtungur þjóðarinnar er haldinn því sem í daglegu tali er kallað lesblinda. Mikilvægt er að láta greina lesblinduna hjá sérfræðingi sem allra fyrst.

Ólíkt því sem margir halda er lesblinda ekki einhver ein afmörkuð fötlun heldur hópur vandamála, allt frá geðrænum til taugafræðilegra, sem eiga það sameiginlegt að valda erfiðleikum með lestur.

Svo lengi sem elstu menn muna hefur lesblindum verið legið á hálsi fyrir að gera sér upp fötlun til að breiða yfir þá staðreynd að þeir séu einfaldlega vitgrennri en meðalmaðurinn. Þessi tilhneiging helgast yfirleitt af því að lesblinda er ekki sjáanleg fötlun og sá lesblindi er yfirleitt fullkomlega eðlilegur að flestu öðru leyti.

Önnur ástæða er vantrú á þær aðferðir sem notaðar eru við greiningar á lesblindu, en um þær eru ekki til algildar reglur og aðferðirnar því fremur ósamræmdar.

Guðmundur Johnsen, formaður stjórnar Félags lesblindra á Íslandi, segir Björn Bjarnason hafa gert lesblindum mikinn óleik þegar hann ákvað að leggja skyldi niður Lestrarmiðstöðina sem starfrækt var í Kennaraháskóla Íslands og sá um lesblindugreiningu.

Guðmundur heldur þó að mjög lítið sé um ofgreiningu á lesblindu á Íslandi og vill vísa fólki sem þarfnast greiningar á Lestrarsetur Rannveigar Lund, sem starfaði áður hjá Lestrarmiðstöðinni.

Að sögn Guðmundar eiga foreldrar það til að loka augunum fyrir ósviknum vandamálum barna sinna af ótta við óæskilegan stimpil frá samfélaginu. „Íslendingar eru bókaþjóð og enginn er maður með mönnum nema hann hafi lesið þrjátíu bækur yfir jólin eða þaðan af meira. Við erum föst í þeirri hugsun að enginn sé greindur nema hann geti lesið hratt og mikið. Þess vegna vill fólk oft horfa framhjá þessu vandamáli. Hver vill eiga heimskt barn?“

Það er þó afar varasamt að draga greininguna fram eftir aldri vegna þess að vandinn eykst með hverjum degi sem sá lesblindi þarf að eyða í skólanum grunlaus um ástæðu þess að honum gengur ekki sem skyldi.

Ef barni gengur áberandi verr en jafnöldrum sínum með lestur ættu foreldrar að leita strax til sérfræðings svo hægt sé að grípa inn í tæka tíð og forðast frekari erfiðleika. Jafnvel er mögulegt að sjá einkenni lesblindu löngu áður en barnið byrjar í skóla, ef það er til dæmis seint til máls er ástæða til að kanna hvað veldur.

Áhrif lesblindunnar ná ekki bara til skólagöngunnnar heldur líður félagsþroski barnsins einnig fyrir það ef ekkert er aðhafst. Lesblindir hafa oft lágt sjálfsmat og verða þess vegna iðulega fyrir einelti. Með greiningu má reyna að komast hjá slíku.

Guðmundur telur að best væri ef greiningin væri hluti af menntakerfinu og færi fram um leið og börnin lærðu að lesa. „Við höfum líka gagnrýnt það að lesblindir þurfi að taka skrifleg próf í stað munnlegra. Eins og svo margt strandar það á fjármagni.“

# Leikandi létt fyrir alla aldurshópa

Fáir Íslendingar þekkja gítarkennslu eins vel og Ólafur Gaukur Þórhallsson, sem starfrækt hefur gítarskóla í þrjá áratugi.

Ólafur segir að þess misskilnings gæti oft hjá fullorðnum að þeir hafi ekkert í tónlistarnám að gera því ef ekki sé byrjað á barnsaldri hafi maður brennt allar brýr að baki sér þegar kemur að hljóðfæraleik. „Það er ekkert vit í því að hugsa svona,“ segir Ólafur. „Á meðan þú hefur enn stjórn á eigin hug og líkama er ekki of seint að hella sér út í tónlistarnám. Aldurinn skiptir ekki nokkru máli.“

Gítarnámskeið Ólafs hafa verið í stöðugri þróun frá stofnun skólans og hann segir það hafa skilað sér í betra námi. „Við breytum náminu og högum seglum eftir vindi. Við bjóðum líka upp á bassanámskeið fyrir rafbassaeigendur,“ segir hann og tekur fram að öllu nótnagrufli sé haldið utan við nám á byrjendastigi nema annars sé óskað. „Hjá okkur er þetta allt saman leikandi létt.“



Ólafur Gaukur segir alla eiga erindi í tónlistarnám.

# Litið til námskeiðasetu við mannaráðningar

IMG er stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins og hefur á boðstólum fjöldann allan af námskeiðum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

„Ein nýjungin okkar í vetur er námskeið haldið með aðstoð þjálfara frá erlendu fyrirtæki sem tekur mið af leiðtogahæfileikum pólfarans Ernests Shackleton,“ segir Hildur Elín Vignir, forstöðumaður þjálfunarlausna hjá IMG. Shackleton þessi þótti sýna fádæma leiðtogahæfileika þegar skip hans strandaði á Suðurskautslandinu snemma á síðustu öld og áhöfnin þurfti að hafast þar við í tvö ár áður en hún bjargaðist.

Námskeiðahald IMG hefur verið í þróun í níu ár og nýjungarnar eru enn fleiri. „Skrifstofufærni er nýtt námskeið hjá okkur. Þar kennum við hinum almenna skrifstofumanni framkomu, þjónustu, markmiðasetningu, verkefnastjórnun og fleira.“

Flest námskeiðin á vegum IMG eru stjórnunar- eða rekstrartengd en einnig eru ýmis námskeið í boði fyrir fólk sem vill bæta persónulega færni, meðal annars skapandi hugsun og fjölmiðlaframkomu. „Svo höldum við eitt námskeið sem heitir „Á leið út í atvinnulífið“ og er ætlað fólki á leið úr námi í vinnu,“ segir Hildur.

Eftir námskeið fær fólk í hendurnar skjal sem staðfestir þátttökuna. Hildur segir eftirspurnina sívaxandi og að oft sé litið til námskeiðasetu sem þessarar þegar kemur að atvinuumsóknum.

Þorri námskeiða IMG er einungis haldinn ef eftirspurnin er nægjanleg eða ef fyrirtæki óska sérstaklega eftir því. Nokkur opin námskeið standa þó öllum til boða hverja önn auk lengri námsleiða sem eru nokkrir tugir klukkustunda að lengd.



Áhugasamir námskeiðsgestir skemmta sér og fræðast.

## Idol-stjarna



Námskeiðið Viltu verða Idol stjarna er haldið hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar í vetur. Aðalmarkmið námskeiðsins er að leyfa þáttakendum að fyrst fá verulega útrás fyrir söng- og tjáningaþörf sína. Þátttakendum verður leiðbeint hvað varðar raddbeitingu, öndun, lagaval og framkomu svo dæmi séu tekin. Kennt í alvöru söngkerfi. Frekari upplýsingar: bellag@simnet.is.



Eflaust er hægt að komast að því á vefnum hvort þessi lestrarstaða er vænleg til árangurs.

## Bættu námstækni

Margir eiga erfitt með að halda sér við efnið þegar lesnar eru langar námsbækur eða vinna ritgerðir aldrei fyrr en nóttina fyrir skiladag. Flestir kannast við það að hafa einhvern tíma verið kvíðnir fyrir próf og finnast þeir ekki muna nægilega margt.

Á vef Námsgagnastofnunar má finna ítarlegar leiðbeiningar um námstækni á slóðinni nams.is/namstaekni. Þar er meðal annars farið í minni og einbeitingu, prófkvíða, jákvætt hugarfar, glósur, ritgerðasmíð og tímaskipulag og fólki leiðbeint í því skyni að bæta námsárangurinn.

Öllum óöruggum námsmönnum er bent á að sækja sér hjálp á síðuna og vonandi mun það hafa jákvæð áhrif á nám sem flestra.







# Ólík nálgun tungumálsins eftir málsvæðum

Viðamikil kennsla á íslensku fyrir útlendinga er hjá Mími-símenntun. Aðstaða er fyrir allt að 700 nemendur og fer kennslan fram bæði á móðurmáli nemendans og á íslensku.



Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar, segir það spennandi að taka á móti fólki frá öðrum löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Eftir að Námsflokkar Reykjavíkur tóku þá ákvörðun að sjá ekki sjálfir um kennslu á íslensku fyrir útlendinga tók Mímir-símenntun við þeim kaleik til viðbótar við þá kennslu sem var þar fyrir.

„Gríðarleg aukning hefur orðið á kennslu í íslensku fyrir útlendinga og kennum við á fimm stigum auk sérstakra tal- og ritunartíma," segir Hulda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Mímis-símenntunar. Áherslu segir hún lagða á að mæta þörfum flestra og er byrjendum skipt í hópa eftir móðurmáli þeirra, til dæmis taílensku, kínversku, spænsku, pólsku, víetnömsku og Norðurlandamálum. Kennarar tala tungumál hópsins. Aðrir byrjendahópar eru blandaðir. Í öllum byrjendahópum er leitast við að kennslan fari að mestu leyti fram á íslensku. Flestir kennararnir eru íslenskir fyrir utan einn frá Víetnam og einn frá Tékklandi. Í framhaldshópum er kennt á íslensku og nemendur eru úr öllum áttum.

Aðspurð hvort nemendur gangi altalandi út úr tímunum svarar hún því að það sé að sjálfsögðu misjafnt en Mímir geri sitt besta.

„Hingað kemur fólk sem talar ekkert tungumál sem við skiljum, og ekki skilur það okkur. Það er mjög spennandi að taka á móti þessu fólki og fylgjast með framförum þess. Við lærum líka mikið af fólkinu sem kemur til okkar," segir Hulda. Á öllum íslenskunámskeiðum hjá Mími-símenntun er megináhersla lögð á að þjálfa nemendur í tali og daglegu máli. Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar til þess.

Kennsla í íslensku fyrir útlendinga fer fram á veturna en til stendur að halda úti námskeiðum yfir sumartímann.

Kennt er á þremur stöðum, við Grensás, Öldugötu og í Mjóddinni og hægt að velja um tíma á morgnana, síðdegis eða á kvöldin. Sjá www.mimir.is





birta er komin út

VANDAÐ, SPENNANDI DANSNÁM

Bjóðum upp á allt það nýjasta í dansheiminum í dag!

JASSBALLETT---FREESTYLE---STREETJASS---SÖNGLEIKJADANS---MODERN---LOCKING---OFL

Tökum inn nemendur frá 6 ára aldri. Byrjenda- og framhaldsflokkar. Ný námskeið hefjast 12. jan. 2006. Nemendasýning á vorönn í Borgarleikhúsinu

KENNARAR



KENNARAR eru með áralanga reynslu sem dansarar, þjálfarar og danshöfundar og með mikla reynslu úr danskeppnum, leikhúsum og söngleikjum.

GESTAKENNARI



GESTAKENNARI SELMA BJÖRNSD
Leikkona, söngkona, dansari

Dansskóli Birnu Björns

INNRITUN Í SÍMA 561 5100

INNRITUN Í SÍMA 561 5100
KENNSLUSTAÐIR:
SPORTHÚSIÐ, KÓPAVOGI,
BETRUNARHÚSIÐ, GARÐABÆ
OG ÞREKHÚSIÐ, REYKJAVÍK

NÁNARI UPPLÝSINGAR;
www.isf.is, undir dans. Netfang: dansskolibb@hotmail.com


Kápa nýju bókarinnar.

# Lætur draumana rætast

MARGIR ALA MEÐ SÉR DRAUM UM AÐ SPILA Á PÍANÓ. NÚ ER KOMIN ÚT BÓK SEM HJÁLPAR FÓLKI AÐ LÁTA ÞANN DRAUM RÆTAST.

Hljómar í bókstaflegum skilningi er bók sem höfðar til allra tónlistaráhugamanna. Hún er eftir Ástvald Traustason píanóleikara. Ástvaldur hefur þá bjargföstu trú að allir geti lært að spila á píanó og hefur síðustu ár rekið skólann Tónheima þar sem hann kennir meðal annars fullorðnu fólki að spila eftir eyranu. Þar stunda nú um 200 manns nám. Bókin hans Ástvaldar, Hljómar í bókstaflegum skilningi, er framhald af þessari kennslu. Hún er einföld og aðgengileg almenningi sem nú getur farið að spreyta sig heima.

# Espressonám



Þeim sem veikir eru fyrir espresso-kaffi býðst nú að sitja svokallað espressonámskeið hjá Kaffiskóla Lavazza.
Kaffiskólinn er ítalskur að uppruna og hefur verið starfræktur í Torino um árabil. Íslenski armur skólans var níunda útibú hans í heiminum og það fyrsta á Norðurlöndum. Nánari upplýsingar um námskeiðið og skráningu á það má finna á vefsíðunni matarlist.is

# Tarot og tölur

Hafi einhver áhuga á að skella sér á námskeið í óhefðbundnari kantinum væri ekki úr vegi fyrir hann að kíkja á vefsíðuna tarot.is og lesa sér til um námskeiðin sem þar eru í boði.
Yrsa Björg tarotlesari býður meðal annars upp á námskeið í tarotspilalestri og talnaspeki, en þar læra nemendur að rýna í tölur sem tengjast einstaklingum til að fá ýmsar upplýsingar um líf hans.

## Heimurinn



Ef þú ert forvitin(n) um heiminn í kringum þig þá er tilvalið að kíkja á námskeiðið Íran í hundrað ár sem Jóhanna Kristjónsdóttir kennir. Námskeið hennar um menningarheim araba hafa slegið í gegn og ekki við öðru að búast en að þetta námskeið muni gera það einnig. Sjá www.mimir.is


FAGLEG ÞEKKING
SKIPULAGNING OG STJÓRNUN
TÖLVUÞEKKING
ÞEKKING ER ALLT SEM ÞARF!
Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins
sími 590 64 10 www.metal.is



**Fjarnám**
með áherslu á starfstengt nám

**Byggingagreinar**
Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

**Tækniteiknun**
Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

**Tölvubraut**
Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

**Upplýsinga- og fjölmiðlabraut**
Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógrafía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

**Meistaraskóli**
Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

**Almennt nám**
Enska 212, ENS303, grunnteikning, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 15. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þáttöku.*

*Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.*

**Kvöldskóli**

**Bygginga- og mannvirkjagreinar**
Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

**Rafiðnanám**
Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

**Listnám**
Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar. Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

**Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar**
Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

**Tækniteiknun**
Fjölbreyttir áfangar í AutoCad.

**Meistaraskóli**
Allar rekstrar- og stjórnunargreinar. Faggreinar byggingagreina.

**Almennt nám**
Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, fríhendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, tölvugreinar, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

*Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 4. jan. 2006 á www.ir.is.*

*Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 3. og mið. 4. jan., frá kl. 16–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkorti). Kennsla hefst mán. 9. janúar 2006. Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.*

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK



Harvard-háskóli er yfirleitt talinn einn besti háskóli veraldar.

# Það skiptir máli að velja rétt

Fjöldi íslenskra námsmanna fer í víking yfir úthöf á ári hverju til að sækja sér menntun. Þegar stefnt er á háskólanám erlendis er margt sem huga þarf að.

Að námsgreininni undanskilinni er mikilvægast að velja sér ákjósanlegt land til að læra í. Af þeim tveimur þúsundum Íslendinga sem stunda nám í öðru landi ár hvert eru langflestir hjá frændum okkar í Danmörku, eða um þrefalt fleiri en í Bandaríkjunum eða Bretlandi, sem eru næstmest sóttu löndin.

Við val á skólanum sjálfum er rétt að athuga nokkur atriði. Er hægt að læra fagið sem um ræðir í viðkomandi skóla og hvenær rennur umsóknarfrestur út? Þarf að greiða skólagjöld, og þá hversu há? Er námið við skólann viðurkennt á Íslandi og er það lánshæft hjá LÍN? Hvernig er húsnæðismálum háttað í landinu ef ekki er heimavist í skólanum? Einnig gæti vegabréfsáritun verið skilyrði fyrir skólavist og skólinn getur krafist þess að umsækjandi hafi staðist alþjóðleg tungumála- og stöðupróf.

Á vef Alþjóðaskrifstofu Háskóla Íslands, á slóðinni ask.hi.is, má finna ítarlegar upplýsingar um einstaka skóla og skólakerfi í mörgum löndum heimsins auk svara við flestum þeirra spurninga sem hugsanlegir utanfarar kynnu að spyrja sig.





## Hentu í mig hamrinum!

**Starfstengd íslenskunámskeið Alþjóðahússins og námskeið í menningarfærni eru viðurkennd og hafa sannað gildi sitt**

**Umsagnir þátttakenda á íslenskunámskeiði fyrir aðstoðarfólk á Leikskólum Reykjavíkur**

*"Mér gengur betur að skilja hvað ég á að gera í vinnunni"*

*"Mér líður betur í vinnunni"*

*"Samskipti hafa breyst við starfsmenn og börnin"*

**Umsagnir þátttakenda á námskeiðum í menningarfærni:**

*"Frábært, nauðsynlegt, gagnlegt"* (Starfsmenntasvið Akureyrar)

*"Ein besta morgunstund sem ég hef átt lengi. Mjög vel framsett efni, kennari skýrmæltur og skemmtilegur, engar málalengingar. Efnið áhugavert og kom flest á óvart". Eykur skilning á aðstæðum innflytjenda og er það af hinu góða og nýtist í samskiptum."* (Landsbankinn)

**Íslenskunámskeið fyrir einstaklinga hefjast 9 janúar.**

Gerum tilboð í námskeið á vinnustöðum sem hæfa þínum þörfum.

STARFSMENNTA VERÐLAUNIN 2005

**Alþjóðahús er miðstöð þekkingar á málefnum innflytjenda**
Nánari upplýsingar hjá Alþjóðahúsi í síma 530-9300 og á www.ahus.is

AHÚS
ALÞJÓÐAHÚS
Intercultural Center
ศูนย์รวมวัฒนธรรมนานาชาติ
Интернациональный Культурный Центр
Centrum Międzynarodowe
مركز الثقافات العالمية
Centro Intercultural

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild




Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahúss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Brugðist rétt við

Alþjóðahús við Hverfisgötu sinnir fjölmenningarsamfélaginu á Íslandi af alúð, meðal annars með fræðslustarfi. Fræðsludeild hússins býður einnig upp á fjöldann allan af spennandi námskeiðum.

Gerður Gestsdóttir er verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahúss og segir hún flest námskeiðin sem haldin séu á þeirra vegum rata inn í fyrirtæki og skóla. „Við erum meðal annars að fara inn í þjónustufyrirtæki og kenna framlínustarfsfólkinu að þjónusta innflytjendur betur. Innflytjendur hafa ekki alltaf sömu þekkingu og Íslendingar á því hvaða þjónusta er í boði, auk þess sem margir þeirra tala ekki góða íslensku," segir Gerður. Námskeiðið Þjónusta í fjölmenningarumhverfi er þriggja stunda langt og tekur á þeim vanda sem getur komið upp í samskiptum milli þjónustuaðila og innflytjenda. Hún segir að ekki sé um neina tungumálakennslu að ræða, enda slíkt ómögulegt á svo skömmum tíma, heldur sé fyrst og fremst verið að kenna starfsfólki að bregðast rétt við. „Þetta eru nokkur atriði sem farið er yfir, en að mestu leyti snýst þetta um að hafa gott sjálfstraust," segir Gerður.

„Innflytjandi sem fær mann til sín frá Orkuveitunni sem er að lesa á mælana, veit jafnvel ekkert hvað er í gangi og þykir jafnvel óþægilegt að hleypa ókunnugum manni inn. Í tilfellum sem þessum getum við leiðbeint starfsmanninum svo hann bregðist rétt við og málið leysist," segir Gerður.

Hún segir námskeiðunum hafa verið afar vel tekið og minnist á námskeið eins og Menningarfærni og námskeið um málefni innflytjenda á Íslandi. „Öll námskeiðin okkar eru að mestu leyti sérsniðin, og ég er ekki mikið í því að endurtaka mig," segir hún og bætir við að þessi námskeið geti því hentað hverjum sem er, jafnt fyrirtækjum sem saumaklúbbum.

Frekari upplýsingar er að finna á www.ahus.is.

WWW.SVAR.IS

# FARTÖLVUR
## Á JANÚARTILBOÐI



acer

### ACER TRAVELMATE 2403WXMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino
256mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
40GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari**
14.1" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
Intel GMA 900 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
Windows XP home

STAÐGREITT:
**69.900-**

### ACER TRAVELMATE 2413LMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Celeron M 1.5Ghz - Centrino
256mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
60GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari**
15" XGA TFT 1024x768dpi skjár
Intel GMA 900 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
**Windows XP Pro**

STAÐGREITT:
**89.900-**



acer



acer

### ACER TRAVELMATE 4062WLMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

Intel Pentium M 1.73Ghz - Centrino - Dothan
512mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
60GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari (dual layer)**
15.4" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
**Intel GMA 915 128mb skjákort**
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
**Windows XP Pro**

STAÐGREITT:
**109.900-**

### ACER TRAVELMATE 4064WLMi

ALLAR ACER VÉLAR HAFA 3 ÁRA ÁBYRGÐ

**Intel Pentium 2.0Ghz - Centrino - Dothan**
512mb DDR2 (mest 2GB) vinnsluminni
80GB Ultra ATA 100 harðdiskur
CD Skrifari / **DVD Skrifari (dual layer)**
15.4" WXGA TFT 1280x800dpi skjár
Intel GMA 915 - 128mb skjákort
Innbyggðir stereo hátalarar
Innbyggð snertinæm mús
Windows XP Pro

STAÐGREITT:
**119.900-**




acer

svar) tækni

SÍÐUMÚLA 37 - SÍMI 510 6000 - WWW.SVAR.IS

# Gamalt handverk í nútímanum

Heimilisiðnaðarskólinn var stofnaður árið 1979 og er rekinn af Heimilisiðnaðarfélagi Íslands, sem var stofnað árið 1913.

„Við leggjum áherslu á að bjóða upp á námskeið þar sem kennd eru ýmis gömul vinnubrögð svo sem þæfing, tóvinna, orkering, knipl, vefnaður, vattarsaumur, útsaumur, prjónaskapur, útskurður, spjaldvefnaður, jurtalitun, baldýring og einnig þjóðbúningasaumur, til að nefna fátt eitt,“ segir Ásdís Birgisdóttir, ráðskona Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

Áherslurnar hafa verið þær sömu frá stofnun skólans en þar er boðið upp á námskeið sem eru ekki annars staðar í boði.

„Við kennum gamalt íslenskt handverk þar sem óvíða er hægt að fá vitneskju um. Þetta er þekking sem hefur verið með þjóðinni í hundruð ára, eins og til dæmis hvernig á að búa til sauðskinnsskó,“ segir Ásdís. Hún segir alltaf mikinn áhuga vera fyrir skólanum en það sé sveiflukennt hvað sé vinsælast hverju sinni.

„Mikið af handverkinu sem er kennt hér tengist þjóðbúningnum, og hafa vinsældir hans aukist talsvert síðustu árin. Þá er það að sjálfsögðu upphluturinn og peysufötin og svo búningarnir sem eru frá því fyrir 1900, sem við þekkjum ekki í dag í lifandi notkun, heldur meira inn á söfnum. Það er þá bæði faldbúningurinn, upphluturinn og skautbúningurinn og kyrtill,“ segir Ásdís.


Þjóðbúningar sem saumaðir voru á námskeiði hjá Heimilisiðnaðarskólanum. Lengst t.v. er skautbúningur, þá faldbúningar frá því fyrir 1800, peysuföt og faldbúningur.


Baldýring. Útsaumsgerð sem heyrir undir gullsaum. Afar gömul aðferð við að skreyta faldbúninga, skautbúninga og upphluti.

Aðspurð hvort nemendur skólans hafi nýtt þetta gamla handverk á nýjan hátt, segir hún að alltaf sé eitthvað um það, en mætti vera meira. Um þessar mundir segir hún til að mynda skemmtilegt verkefni vera í gangi, og gaman sé að sjá hvað kemur út úr því. Heimilisiðnaðarfélag Íslands veitir Samtökum norrænna heimilisiðnaðarfélaga formennsku til ársins 2007 og lýkur henni með stórri ráðstefnu hér á landi. „Fram að þeim tíma ætlum við að vera með þemaverkefni í gangi í samstarfi við skóla og stofnanir á Íslandi. VIð viljum að það endi með sýningu þar sem nemendur hafa tekið fyrir gamlar íslenskar útsaumsaðferðir eða búa til gamla hluti á nýjan hátt. Það er vel hægt að nota gamlar aðferðir og gömul mynstur á nýjan hátt,“ segir Ásdís.

Sjá www.heimilisidnadur.is.


Gamall íslenskur vettlingur úr handspunnu þelbandi með sérstöku íslensku mynstri.

Tónsalir

## Skemmtileg námskeið

**Gítarnámskeið**
10 vikna byrjendanámskeið í gítarleik fyrir börn og unglinga. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 7-15 ára. Kennt er í litlum hópum, 3-4 saman, þar sem nemendum er raðað saman eftir aldri og getu.

**Trommunámskeið**
10 vikna námskeið í undirstöðuatriðum trommuleiks fyrir börn og unglinga. Nemendur eru tveir saman í tíma með kennara, þar sem raðað er nemendum saman eftir aldri og getu.

**Bassanámskeið**
10 vikna námskeið í undirstöðuatriðum bassaleiks fyrir börn og unglinga. Kennt er í litlum hópum þar sem nemendum er raðað saman í tíma eftir aldri og getu.

**Partýgítarleikur**
7 vikna skemmtilegt byrjendanámskeið í gítarleik ætlað fullorðnum. Námskeiðið er ætlað fólki sem langar til að læra einföldustu gítargripin og vera fært um að spila í útilegunni eða partíinu, sér og öðrum til gamans. Kennt er í 5 manna hópum þar sem gleðin verður í hávegum höfð.

**Leikskólagítarleikur**
7 vikna skemmtileg byrjandagítarnámskeið, sérsniðið fyrir leikskólakennara, leiðbeinendur og aðra þá sem vilja læra að leika undir barnasöng.

Upplýsingar og skráning á heimasíðu okkar www.tonsalir.is

Tónsalir
Tónsalir Bæjarlind 2 (Löður-húsinu) sími 534 3700 www.tonsalir.is

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEFTV

GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

Býður upp á 14 vikna nám með vinnu í :

FOCAL SOFTWARE & CONSULTING

HAGNÝTRI GÆÐASTJÓRNUN

hefst 24 janúar


Svala Rún Hanna Þóra

MARKMIÐ námsins er að veita nemendum heildaryfirsýn yfir aðferðafræði gæðastjórnunar

EFNISÞÆTTIR:
- Skilgreining gæðastjórnunar
- Gæðakostnaður
- Stefnumótun og stjórnun gæðamála
- Uppbygging gæðakerfis
- ISO-staðlar
- Ferlastjórnun og mælingar á ferlum
- Meðhöndlun kvartana og frávika
- Innri úttektir
- Verkefnastjórnun og umbótaverkefni
- Rafræn gæðastjórnun

KENNT verður á þriðjudögum frá kl. 16:00-19:00 SKRÁNING og nánari upplýsingar eru í síma 540-0900 og á www.focal.is, þar má einnig sjá yfirlit yfir fjölda annarra námskeiða

KENNARAR SKÓLANS hafa mikla reynslu af gæðastjórnun bæði sem stjórnendur, ráðgjafar og kennarar á háskólastigi

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla Euró 2 mengunarstaðal, lærðu í nútímanum

ÖKUSKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 18. janúar

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn



Halldór Kristjánsson, stofnandi skólans sem útskrifað hefur rúmlega þrjátíu þúsund manns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Feimnismál að kunna ekki á tölvu

Tölvu- og verkfræðiþjónustan ehf. er elsti tölvuskóli landsins. Tuttugu ára afmælinu verður fagnað í mars á þessu ári og á þessum tæpu tuttugu árum hefur skólinn útskrifað ríflega þrjátíu þúsund nemendur. Skólinn er viðurkenndur sem framhaldsskóli af menntamálaráðuneytinu og býður upp á rúmlega sjötíu námskeið á ári hverju.

Halldór Kristjánsson, framkvæmdastjóri og eigandi skólans, segir margt nýtt og spennandi á döfinni á vormisserinu. Eitt af því er námskeið í vefhönnun og myndvinnslu.

„Það er ætlað þeim sem vilja öðlast færni til að setja upp og sjá um vefsíðu. Við förum yfir hvernig best er að setja upp vef á skipulegan hátt og leiðbeinum nemendum með notkun gagnlegra kóða og forrita," segir Halldór.

Skólinn hefur boðið upp á vel sótt námskeið fyrir börn og unglinga undanfarin fimmtán ár og hefur einnig haldið svokölluð 50+ námskeið. Þau sækir fólk sem hefur aldrei kynnst tölvum að neinu marki fyrr, en hefur áttað sig á því að það geti ekki án þeirra verið í tölvuvæðingu nútímans. „Ásóknin í þessi námskeið eykst bara," segir Halldór. „Staðreyndin er hins vegar sú að það er enn stundum feimnismál að kunna ekki á tölvu."

# Málþing um ferðaþjónustu í kringum Vatnajökul

Vatnajökull, þjóðgarðar og ferðaþjónusta – byggðaþróun í nýju ljósi er heiti á málþingi sem haldið verður á Höfn hinn 12. janúar.

Málþingið er hluti af alþjóðlegu verkefni sem Austur-Skaftfellingar taka þátt í ásamt Skaftárhreppi og aðilum í Skotlandi, Finnlandi og Svíþjóð og ber yfirskriftina NEST (Northern Environment for Sustainable Tourism). Verkefnið fjallar um uppbygginguferðaþjónustu í og við þjóðgarða sem er málefni sem snertir íbúa svæðisins afar mikið í tengslum við byggðaþróun á svæðinu og uppbyggingu Skaftafellsþjóðgarðs. NEST-verkefnið er að hluta til styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins, Interreg III B, Northern Periphery Programme. Allir eru velkomnir á ráðstefnuna sem haldin verður í Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Vefslóð: www.hornafjordur.is


Svæðið í kringum Vatnajökul er afar fagurt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Þjóðleg handverksnámskeið

Baldýring - Eldsmíði - Hekl - Keðjugerð (víkingakeðjur) - Leðurvinna - Knipl - Lopapeysuprjón - Myndvefnaður Möttulsaumur- Orkering
**Prjón:** handstúkur, íleppar, sjöl, hyrnur og dúkar, tvíbandavettlingar.
Sauðskinnsskór - Skartgripagerð (perlufestar) - Spjaldvefnaður - Tálgun - Tóvinna - Vefnaður - Vattarsaumur – Víravirki - Útsaumur – Útskurður -
Þjóðbúningar kvenna: upphlutur, peysufót, faldbúningur
**Þæfing;** grunnnámskeið, töskur og húfur eða framhaldsnámskeið

**HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN**
Laufásvegi 2 • 101 Reykjavík
Upplýsingar og skráning mánud. til föstud. kl. 12.00-16.00
Símar: 895-0780 • 551-7800 • Fax 551-5532
**hfi@heimilisidnadur.is • www.heimilisidnadur.is**



VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS



Alþjóðafræði Bókfærsla Danska Eðlisfræði Efnafræði Enska Félagsfræði Fjölmiðlafræði Franska Heimspeki Íslenska Jarðfræði Landafræði Listasaga Líffræði Lögfræði Markaðsfræði Menningarfræði Náttúrufræði Rekstrarhagfræði Rússneska Saga Sálfræði Spænska Stjórnun Stærðfræði Tölvunotkun Vélritun Þjóðhagfræði Þýska

- Áfangar í boði eru í samræmi við námsskrá Menntamálaráðuneytis fyrir framhaldsskóla.

- Nemendur geta m.a. tekið verslunarpróf í fjarnámi
- 90 áfangar í boði

FJARNÁM ÞITT NÁM Á ÞÍNUM HRAÐA

Innritun 4. til 17. janúar
*Öflugt og ódýrt fjarnám*

Nemandi sem tekur próf í því sem hann velur, fær kennslugjaldið endurgreitt að fullu.
Allar nánari upplýsingar á www.verslo.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Þinn tími er kominn!
kennsla.is

MIÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Í HAFNARFIRÐI



- TUNGUMÁL
- HANDVERK OG LISTIR
- HEILSA OG ÚTLIT
- TÖLVUR OG REKSTUR
- TÓNLIST OG DANS
- SÖNGNÁM OG LEIKLIST
- NÁMSAÐSTOÐ
- MATUR OG NÆRING
- PRÓFAÁFANGAR
- FJARNÁM VIÐ HA

**Námskeiðin að hefjast!**
**Innritun er hafin á vorönn 2006.**

Nánari upplýsingar um námsframboð í síma 585-5860 og frá og með 16. jan. á www.namsflokkar.hafnarfjordur.is



Margrét Pálmadóttir rekur óhemjuvinsælan söngskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Einbeitingin meiri á Ítalíu

Domus Vox er löggiltur söngskóli sem vaxið hratt frá stofnun hans fyrir sex árum.

Margrét Pálmadóttir skólastýra segir einn viðamesta hluta skólans vera Stúlknakór Reykjavíkur, risastóran kór 130 stúlkna á aldrinum fimm til nítján ára. „Í vor verður kórinn, ásamt þeim sem koma til okkar á söngleikjanámskeið, með uppákomu í Tjarnarbíói sem heitir Ó borg mín borg. Þar verður lítil hljómsveit og einsöngvarar stíga á stokk.“

Á söngleikjanámskeiðum hefur skólinn verið í samstarfi við dansskóla borgarinnar. „Mér finnst meiriháttar að skólar skuli ekki þykjast geta gert allt. Það er betra þegar þeir sérhæfa sig og vinna síðan saman að einhverju stóru,“ segir Margrét. Árið 2003 léku þátttakendurnir í Litlu stúlkunni með eldspýturnar á fjölum Íslensku óperunnar.

Eitt af aðalsmerkjum skólans er námskeið, aðallega ætluð fullorðnum, þar sem farið er í söngferð til Ítalíu. Ár hvert síðustu tíu ár, lengur en skólinn hefur verið til, hefur verið haldið til Toscana og jafnvel hafa verið haldnir tónleikar í dómkirkjunni í Massa. „Ástæða þess að við förum utan er að einbeitingin þar er mikli meiri. Það er engin truflun heldur bara unnið frá morgni til kvölds að söng og uppákomum.“

Símennt Háskólans í Reykjavík býður upp á fjölbreytt framboð af styttri og lengri námskeiðum fyrir starfsfólk og sérfræðinga í íslensku atvinnulífi. Hlutverk Símenntar HR er að efla þá einstaklinga sem sækja námskeið Símenntar til árangurs í lífi og starfi – og styrkja þannig samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

**Kíktu á heimasíðu Símenntar HR, www.ru.is/simennt, og skráðu þig á póstlista.**




Styrktu stöðu þína

Starfsfólk Símenntar Háskólans í Reykjavík veitir allar nánari upplýsingar.

**Símennt HR**
**Ofanleiti 2**
**103 Reykjavík**
**Sími: 599 6200**
**Fax: 599 6201**

**ru.is/simennt**

Þór Clausen, forstöðumaður
Sími: 599 6288
thorc@ru.is

Charlotta Karlsdóttir, verkefnastjóri
Sími: 599 6258
charlotta@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY
OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

FABRIKAN

# Hugsaðu eins og snillingur!

Með því að temja sér hugarfar snillings, ertu líklegri til að ná árangri. Hérna eru nokkur góð ráð sem vert er að fylgja.

**1. Skoðaðu verkefnið út frá mörgum hliðum og reyndu að finna nýjan flöt á málum sem engum hefur hugkvæmst áður.**
Leonardo Da Vinci trúði því að við úrlausn á verkefni þyrfti að skoða það út frá ólíkum sjónarhornum, því manni hætti til að vera hlutdrægur: Oft þyrfti að brjóta verkefnið upp og setja það aftur saman.

**2. Sjáðu hlutina fyrir þér.**
Þegar Albert Einstein tókst á við viðfangsefni taldi hann það ætíð nauðsynlegt að leitast við að leysa það á marga ólíka vegu, meðal annars með því að nota skýringarmyndir. Hann sá fyrir sér lausnina og taldi meðal annars orð og tölustafi ekki skipta svo miklu máli í hugsunarferlinu.

**3. Framleiddu. Eitt aðaleinkenni snillinga er mikil afkastageta.**
Thomas Edison var með 1.093 einkaleyfi. Hann sá til þess að hann og aðstoðarmenn sínir héldu uppi framleiðslu með því að setja upp hugmyndakvóta. Rannsókn sem unnin var við háskóla í Kaliforníu sýndi að merkustu vísindamenn sögunnar framleiddu ekki aðeins



mikið af góðum hugmyndum, heldur einnig mikið af slæmum. Þeir virtust ekki óttast almenningsálit eða meðalmennsku á leið sinni á toppinn.

**4. Búðu til nýjar samsetningar. Raðaðu og endurraðaðu hugmyndum, myndum og hugsunum. Settu ólíka hluti saman, ruglaðu röðinni og leitaðu eftir óvenjulegum samsetningum.**
Munkurinn Gregor Mendel blandaði saman stærðfræði og líffræði og bjó þannig til nýja fræðigrein, erfðafræði.

**5. Myndaðu sambönd milli ólíkra eðlisþátta og viðfangsefna.**
Leonardo Da Vinci kom á sambandi milli bjölluhljóms og steins sem skellur á vatn, sem hjálpaði honum að átta sig á því að hljóð ferðast í bylgjum.

**6. Hugsaðu í andstæðum.**
Eðlisfræðingurinn Niels Bohr trúði því að með því að hugsa í andstæðum víkkaði hugsunin og hún fyndi sér nýjan farveg. Hæfileiki hans til að hugsa um ljós hvort tveggja sem ögn og bylgju varð grunnurinn að sumum kenningum hans.

## Vínsmökkun

Ef vín er þín ástríða er tilvalið að þú skellir þér á námskeið í vínsmökkun. Þorri Hringsson, listmálari og víngagnrýnandi Gestgjafans, verður með vínnámskeið fyrir byrjendur á Nordica fimmtudaginn 26. janúar milli kl. 18 og 20. Hann býður upp á fyrirlestur og vínsmökkun. Sjá www. vinogmatur. is.



## Hættu að reykja



Guðjón Bergmann jógakennari heldur námskeið þar sem hann hjálpar fólki meðal annars að breyta hugarfari sínu og takast á við fráhvarfseinkenni nikótíns og lofar hann því að aðferðir hans virki. Námskeiðið tekur einn og hálfan dag og kostar jafngildi 30 sígarettupakka, eða pakka á dag í mánuð. Hann fylgir námskeiðinu eftir með því að hringja í þátttakendur og fylgjast með árangrinum. www.vertureyklaus.is

## Idol-stjarna



Námskeiðið Viltu verða Idol-stjarna er haldið hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar í vetur. Aðalmarkmið námskeiðsins er að leyfa þátttakendum að fá verulega útrás fyrir söng- og tjáningarþörf sína. Þátttakendum verður leiðbeint hvað varðar raddbeitingu, öndun, lagaval og framkomu svo dæmi séu tekin. Kennt í alvöru söngkerfi. Frekari upplýsingar: bellag@simnet.is.




# Gerðu góð

Alltaf ÓDÝRARI

## Fartölvur frá 49.999

60.000kr. afsláttur

Þyngd aðeins 2.2kg! Létt nett og þráðlaus!

**59.988** (119.988)

MEDION

MD95302

**MEDION M6 N1**

- Intel® Celeron® Mobile 350
- 14.1” W-XGA TFT (1280x768)
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512MB DDR PC2700
- 60 GB Harður diskur UDMA 4200RPM
- DVD Skrifari
- Wi-Fi® Intel® PRO/Wireless 2200BG
- FIREWIRE IEEE1394 - DV Ready
- Lithium-ion battery
- Microsoft® Windows® XP Home Edition

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni**

72.000kr. afsláttur

**59.988** (131.988)

MEDION

MD95124

**MEDION C6 CENTRINO 2070**

- Intel® Pentium® M 1.4 GHz (710) - DOTHAN
- 15” XGA TFT
- Intel® Extreme Graphics 2 technology
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 40 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
- Super DVDRW drive
- Wi-Fi® Intel® PRO/Wireless 2200BG (54Mpbs)
- Microsoft® Windows® XP Home Edition
- Microsoft® Works 7.0

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni**

Rugl verð

**49.999** (119.988)

TOSHIBA

PSL10E-00M01RED

**TOSHIBA SATELLITE L10-132**

- Intel® Celeron M 1.5GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari
- Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni og Egilsstöðum**

BT tryggir verðið merkið tryggir gæðin.

**95.988** (143.988)

TOSHIBA

PSM35E-003H0-G3

**TOSHIBA SATELLITE PRO M30 1.7G**

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 735 1.7 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- NVIDIA® GeForce™ FX Go5200 64MB DDR
- Super DVD Multi brennariSD kortalesari
- i.LINK® (IEEE 1394) - DV ready
- Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- Windows XP Pro

2.870* Tölvukaupalán 48 mán.

7.999 ** Vaxtalaust 12 mán.

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni, Selfossi og Egilsstöðum**

## Námið á fullum hraða!

V16 extra light

- 4 Mb/s hraði
- 3 póstföng

! Afnot af þráðlausum beini

! Mánaðaráskrift á tónlist.is

Allt þetta á aðeins

**3.890 kr.**

á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!

4Mb/s extra light ADSL V16

BTNET fleiri bitar • meiri hraði

108.000kr. afsláttur

**131.999** (239.988)

MEDION

MD95123

**MEDION C8 CLAWHAMMER TV**

- AMD Athlon™ 64 3000+
- 17” WIDE-XGA TFT (1440x900)
- ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 80 GB Harður diskur UltraDMA 4200RPM
- Super DVDRW drive
- 3x USB 2.0 & 1x 1394 FIREWIRE
- Wi-Fi® Wireless (802.11g) (54Mpbs)
- TVTUNER+SUBWOOFER+CAMERA
- 1x VGA OUT, 1x TVOUT,

3.830* Tölvukaupalán 48 mán.

10.999** Vaxtalaust 12 mán.

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni og Egilsstöðum**

60.000kr. afsláttur

**119.999** (179.988)

MEDION

MD95343

**MEDION C7 CENTRINO 3300**

- Intel®Centrino™ mobile tækni
- Pentium® M processor 1.7 GHz (735)
- 15.4” WXGA TFT (1280x800)
- ATI® MOBILITY RADEON ™ 9700 SE 128M
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- 512 MB DDRRAM 333MHz PC2700
- 100 GB 5400RPM diskur
- DVD Skrifari (DL)
- 54Mbit þráðlaust netkort
- TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth

3.510* Tölvukaupalán 48 mán.

9.999 ** Vaxtalaust 12 mán.

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni**

Rugl verð

**59.988** (95.999)

TOSHIBA

PSL10E-00H01

**TOSHIBA SATELLITE L10-110**

- Intel® Celeron M 1.4GHz
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 60GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- Intel extreme graphics2 skjástýring 64MB
- DVD Super Multi brennari
- Lithium-ion, Allt að 2.9 klst
- Þráðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni, Selfossi, Akureyri og Egilsstöðum**

BT tryggir verðið merkið tryggir gæðin.

**95.988** (131.988)

TOSHIBA

PSM40E-01Y01QED

**TOSHIBA SATELLITE M40-110**

- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 730 1.6 GHz (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 40GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
- ATI-X300 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- i.LINK® (IEEE 1394) - DV ready
- SD kortalesari
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps

2.870* Tölvukaupalán 48 mán.

7.999 ** Vaxtalaust 12 mán.

Takmarkað magn

Fæst aðeins í **BT Skeifunni, Selfossi, Ísafirði og Egilsstöðum**

BT

## Office 2003

**3 fyrir 1**

1 leyfi fyrir 3 tölvur!

**Inniheldur:**

- Microsoft Outlook,
- Microsoft Word
- Microsoft Excel
- Microsoft Powerpoint

**14.999**

Ekki láta hugbúnaðinn vanta!

799 ** 12 mán. vaxtal. m. fartölvu

Verð kr. 9.588 með fartölvu

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT

# tölvukaup

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA Í BT SKEIFUNNI

## Mulningsvélin

**MEDION® V8**

8077IS

**MEDION V8 X2**

- 19" "gamerskjár"
- Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
- nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
- 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
- 300GB, 7.200rpm, 2MB Cache, S-ATA
- DVD skrifari 16x Dual Layer
- DVD drif 16x
- Medion Media Bay
- Innbyggt 10/100 netkort
- Þráðlaust lyklaborð og geislamús

**6600GT** skjákort

**300GB** harður diskur

**1024MB** vinnsluminni

**Kaupauki** Logitech Hátalara-sett

Logitech X530 • 5.1 kerfi • 70RMS wött

**DIA GeForce 6600 GT 256MB Skjákort**
llra hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, FX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.

**AL CORE**
ylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum ama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum um. Nú geturðu gert meira á styttri tíma

**ita örgjörvi**
nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. u öruggur með tækni framtíðarinnar.

64 B



19"

8ms Gamer skjár 700:1 í skerpu

24.000kr. lækkun

**BTnet** Fleiri bitar – meiri hraði

**12.000 kr BTnet afsláttur***

Taktu 12 mánaða BTnet áskrift og fáðu 12.000 kr. aukafslátt af Medion tölvunni

FYLGIR

70W RMS

FYLGIR 15.999

4.473*

179.988

Þú velur greiðsluform sem hentar þér

| 4.473* | 12.999** | 155.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## Fartölvutilboð

**Tengdu við sjónvarp**
Auðvelt er að tengja tölvuna við sjónvarp.

WIDE SCREEN

**17" Risaskjár**
Alvöru skjár með Optiview tækni sem skilar betri litum og skýrari mynd.

**100 GB Harður diskur**
Geymdu öll gögnin þín og gott betur á stórum hörðum diski!

**Leikjaskjákort**
Ekkert mál að spila krefjandi tölvuleiki. DirectX 9.0 samhæft fyrir nýjustu leikina

FYLGIR

FYLGIR



17"

**MEDION®**

**C8 OPTIVIEW 17**

MD95303

- 17" Breiðtjaldsskjár (1440x900) " Optiview"
- Intel® Pentium® M 750 örgjörvi
- NVIDIA® GeForce™ GO 6600 128MB DDR
- 512 MB DDR2 minni
- 100 GB háhraða harður diskur
- Super DVD skrifari
- Þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g
- Media Bay kortalesari og Firewire tengi
- Lithium-ion rafhlaða

5.113*

215.988

| 5.113* |
|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. |
| 14.999** |
| Vaxtalaust 12 mán. |
| 179.988 |
| Staðgreitt |

Með fyrirvara um prentvillur, myndabrengl og uppseldar vörur. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum.

## Internet-vélin

**MEDION®**

6011IS

**MEDION INTEL D336 - með 17" flatskjá**

- Intel Celeron D 336
- 80 GB 5400 rpm
- DVD Writer Sony DW-Q30A
- LAN 10/100 Mbit
- 256 MB DDR-RAM PC3200
- PCI, 1 AGP, 2 SATA, 2 PATA, Graphic on board

MS Works 8.0
PowerDVD 5 (6CH)
Nero Burning ROM Software
Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
CA eTrust Antivirus (90 days)

**Kaupauki**

Stafræn myndavél!

FYLGIR 13.999

SONY

ZEISS Carl Ceiss Vario Tessar linsa

64 BITA

**64 bita örgjörvi**
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.

*Þú færð 12.000 kr. aukaafslátt ef þú færð þér BTnet með tölvunni.* M.v. 12 mán.

4Mb/s extra light ADSL V16

FYLGIR



17"

Ótrúlegt verð!*

| 2.448* | 6.666** | 79.992 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

2.488

Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444


NAMUS EST LIFSTILUM
Fyndinn er bóklaus maður!
Sæktu um bókastyrk fyrir 1. febrúar
10 heppnir KB Námsmenn fá 20.000 kr.
bókastyrk vegna vorannar 2006.
Sótt er um bókastyrki á kbnamsmenn.is.
Dregið verður úr umsóknum 1. febrúar.
KB Námsmenn
www.kbnamsmenn.is
ENNEMM / SÍA
KB BANKI

SUBWAY

### Dagvinna-Subway Spönginni

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 12-18, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund.
**Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum. Nánari upplýsingar gefur Margrét 696 7081.**

ALEFLI BYGGINGAVERKTAKAR

Óskum eftir að ráða smiði og réttindamenn á byggingakrana. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 660 4472, Magnús.

SUBWAY

### Dagvinna-Subway Faxafeni

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða 100% starf í vaktavinnu. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.
**Nánari upplýsingar gefur Hulda 696 7004.**

### energia / smáralind

Óskum eftir starfsfólki.
**Upplýsingar í s. 864 6600 & 896 4000 eða senda á energia@energia.is.**

Hive

### Hvar ert þú að vinna í vetur?

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma milli 18-22, mán-fim. Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@hive.is.**

### Súfistinn, kaffihús í Hafnarfirði auglýsir laus störf til umsóknar!

Um er að ræða hlutastarf þar sem unnið er aðra hvora helgi og tvö kvöld í mánuði á kaffihúsi Súfistans á Strandgötu 9 í Hafnarfirði.
**Umsóknir berist sem fyrst og er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á kaffihúsi Súfistans eða á sufistinn.is Frekari upplýsingar um störfin gefur Rakel B. Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 699-3742 alla virka daga milli kl. 10-15.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Fjarðarbakarí Hafnarfirði óskar eftir fólki til afgreiðslustarfa sem fyrst; tvískiptar vaktir. Upplýsingar í s. 895 8192 kl. 8-18.

Verkland ehf. óskar eftir kranamanni á libheer 112 HC, sem fyrst. Góður aðbúnaður. Laun eftir samkomulagi. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir smiðum í uppmælingu, góður aðbúnaður, næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

Verkland ehf. óskar eftir verkamönnum, laun eftir samkomulagi, góður aðbúnaður næg vinna. Uppl. í s. 897 7445.

## Tónskóli Guðmundar
### Seljahverfi – Breiðholti

Skemmtilegt og fjölbreytt námsefni fyrir alla aldurshópa, byrjendur og hina. Klassík, popp og sönglög. Rokk og ról.

- Hljómborð
- Píanó
- Gítar

Kennsla hefst mánudaginn 16. janúar.
**Innritun í síma 5678 150 og 822 0715**

**Tónskóli Guðmundar** Hagaseli 15, 109 Reykjavík.

VLF HLÍF

## Allsherjaratkvæðagreiðsla

Tillögur uppstillinganefndar og stjórnar Verkalýðsfélagsins Hlífar um stjórn, skoðunarmenn reikninga og stjórnir sjúkrasjóðs og orlofsheimilasjóðs félagsins fyrir árið 2005 liggja frammi á skrifstofu Hlífar frá og með mánudeginum 9. janúar 2006. Kosið er samkvæmt A-lið 22. gr. laga Hlífar í eftirtaldar stöður:

1. Formann, ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára.
2. Tvo varamenn í stjórn til tveggja ára.
3. Tvo félagslega skoðunarmenn reikninga og einn til vara til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.
5. Stjórn orlofsheimilasjóðs, formann, varaformann og ritara til eins árs og jafn marga til vara.

Öðrum tillögum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði, fyrir kl. 16:00 mánudaginn 16. janúar 2006 og er þá framboðsfrestur útrunninn.

Til þess að bera fram lista eða tillögu þarf skrifleg meðmæli eða stuðning 1/10 hluta fullgildra félagsmanna þó ekki fleiri en 100.

**Kjörstjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar**

## Langamýri 28-36 800 Selfoss
RE/MAX KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl. lögg.fasteignasali
Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is
Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Opið hús **í dag 7. jan.** kl. 14:00 – 14:30

Fimm glæsileg fjögurra herbergja raðhús á einni hæð, samtals 141 m² með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og hurðir frá HTH og tæki úr stáli frá AEG.. Húsin skilast fullbúin án gólfefna og að utan verður lóð grófjöfnuð. Fallegar og vel hannaðar eignir á góðum stað í Fosslandinu.

**Verð: 23,2-23,5 millj.**
Stærð: 141,0 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Bílskúr: 28

## Fífumói 5-7 800 Selfoss
RE/MAX KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl. lögg.fasteignasali
Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is
Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Opið hús **í dag 7. jan.** kl. 14:00 – 14:30

Fallegar og vel skipulagðar 94,8 m² íbúðir á efri og neðri hæð í nýjum fjórbýlishúsum. Íbúðunum er skilað fullbúnum en án gólfefna. Sérinngangur fyrir allar íbúðir. Eldhúsinnréttingar frá Modula úr hvíttónaðri eik. Eldhústæki frá AEG með burstuðum stálfronti. Fallegt útsýni í fjölskylduvænu hverfi. Hægt er að skoða nánar á www.remax.is/fifumoi.

**Verð: 16,3-16,5 millj.**
Stærð: 94,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2005

## Sóltún 21 800 Selfoss
RE/MAX KÓPAVOGUR



Þórarinn Jónsson hdl. lögg.fasteignasali
Konráð Sölufulltrúi **822 0491** konrad@remax.is
Gunnar Sölufulltrúi **822 3702** gv@remax.is

Opið hús **í dag 7. jan.** kl. 15:00 – 15:30

Glæsilegt endaraðhús við Sóltún á Selfossi. Eignin skiptist í forstofu, rúmgott sjónvarpshol, baðherbergi, tvö barnaherbergi, hjónaherbergi með útgengi á sólpall, eldhús með borðkrók, þvottahús með svefnlofti og bjarta stofu með útgengi á sólpall. Innangengt í bílskúr. Garðurinn er hinn glæsilegasti. Eign sem vert er að skoða.

**Verð: 24.900.000**
Stærð: 152 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 19.9 millj.
Bílskúr: 28,2

### Kassastarfsmaður

Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Spönginni, Faxafeni, Tindarseli og Smáratorgi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða á www.bonus.is.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir að ráða starfmann til þrifa í framleiðslu. Upplýsingar gefur Sigurður í síma: 561 1433 / 699 8076 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

Björnsbakarí-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa í bakaríum okkar. Vinnutími er frá kl. 7.00-13.00 / 13-18.30 virka daga. Vinsamlegast hafið samband við Sigríði í síma: 561 1433 / 699 5423 eða á netfangið: bjornsbakari@bjornsbakari.is.

### Byggingafélag

Getur bætt við sig smiðum og verkamönnum í vinnu. Uppl. í s. 893 9722.

Starfsmaður óskast til verksmiðjustarfa, vaktavinna, góður vinnutími, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 697 3426.

Óskum eftir véla- og verkamönnum til jarðvinnuframkvæmda. Upplýsingar á milli kl. 10-14 í síma 554 7410.

### Jolli Hafnarfirði

Starfsfólk óskast í vinnu frá 8-16 eða eftir nánara samkomulagi. Góð laun fyrir rétt fólk. Upplýsingar í Jolla, Helluhrauni 1, Hafnarfirði eða í s. 565 4990 & 898 6670.

Ferskir verkamenn óskast í byggingavinnu í Mosf.bæ. Viljum enga aumingja! Bara alvöru karlmenn! Uppl. í s. 898 9313, Pálmi.

Söluturninn Allt í einu, Jafnaseli 6, 109 Reykjavík, óskar eftir brosmildu starfsfólki í vaktavinnu annars vegar og kvöld- og helgarvinnu hinsvegar. Upplýsingar fást á staðnum og í síma 587 7010.

Flutningafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða vanan mann með reynslu í viðgerðum vörubíla til vinnu á verkstæði. Umsóknir sendist á addi@ift.is.

### Rizzo Pizzeria

Auglýsir eftir starfsfólki. Nánari uppl. í staðnum, Hraunbæ 121.

Vantar járnamenn í gott verkefni. Góð laun í boði fyrir dugnaðarforka. Frekari uppl. í s. 660 6155.

### Dagvinna

Starfsfólk óskast í dagvinnu, 100% starf frá 04.01.06. Bagel House Kringlunni. Umsóknir á staðnum og í s. 533 1227.

### Mekong Bæjarlind

Leitar að hressu og skemmtilegu starfsfólki í dagvinnu og útkeyrslu. Góð laun í boði. Uppl. eingöngu veittar á staðnum föstudag og mánudag frá kl. 13-17.

Þvegillinn Ehf. Vantar duglegan verkamann til starfa við hreingerningar. Þarf að geta hafið störf fljótlega. Uppl. í síma 896 9507.

Við á Lækjarbrekku getum bætt við okkur einum nema í matreiðslu nú í janúar. Reynsla í eldhúsi er æskileg og einnig er æskilegt að umsækjandi sé eldri en 20 ára. Áhugasamir hafi samband við Ágúst í síma 659 4165 og panti viðtal.

### Bakarí

Bakari óskast í bakarí Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370 eða 820 7370.

### Bakarí

Starskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí/kaffihús, Skipholti, hálfan daginn og annan hvern laugardag. Uppl. í s. 820 7370.

Leitum að matreiðslumanni á nýjan veitingastað í miðborginni. Sveinsbréf ekki skilyrði en reynsla æskileg. Uppl. gefur Gunnar í síma 821 5051 milli 12-17.

### Starf í mötuneyti

Starfsmaður óskast til afgreiðslustarfa í mötuneyti í 100% starf virka daga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 822 0035 & 822 0036.

Óskum eftir verkamönnum sem aðstoðamenn pípara og smiða. Upplýsingar í síma 581 2222 eftir kl. 13.

### Vélstjórar

Vélstjóra vantar á línuskip. Upplýsingar á skrifstofu Þorbjarnar Fiskanes hf. í Grindavík í síma 420 4400 og útgerðarstjóra 898 6825.

### Café Oliver

Óskum eftir vönum barþjónum og þjónum í sal. Áhugasamir hafi samband við Arnar í síma 821 8500 eða á arnar@cafeoliver.is.

### Kvöldvinna með skólanum

Búr ehf Bæjarflöt 2 óskar eftir starfsmönnum í kvöldvinnu upplagt með skólanum. Ekki yngri en 18 ára. Æskilegt að vera reyklaus. Nánari uppl. í s. 896 2836 á skrifstofutíma.

## Atvinna óskast

Sænsk 21 árs stúlka óskar eftir starfi sem Au-Pair. Reynsla af börnum. Uppl. í s. 849 5354.

29 ára danskur karlmaður óskar eftir vinnu, er enskutalandi. Allt annað en erfiðisvinna kemur til greina vegna meiðsla á hné. Uppl. í s. 845 4094 Karsten.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Lilla týndist frá Nýlendugötu í vesturbæ 8. okt. Er ómerkt og sárt saknað. Þeir sem hafa einhverjar uppl. vinsamlega hafið samb. í s. 693 0448.

## Tilkynningar

Viðskiptavinir Landsbankans í Smáralind. Vegna stækkunar verður útibúið í Smáralind lokað í dag og á morgun og á mánudag. Útibúið verður opnað aftur á þriðjudagsmorgun, 10 janúar. Við bendum viðskiptavinum á Einkabankann og á þjónustuver Landsbankans, sem er opið alla virka daga kl. 8 til 21 og laugardögum kl. 11 til 16. Hittumst á þriðjudaginn í stærra og betra útibúi. Landsbankinn, Smáralind.

Öðruvísi Vínartónleikar sunnudagskvöld. Íslenska Óperan.

## Einkamál



Legacy 99 4WD St. ek. 330 þ. ssk. Hvítur, nýleg nagladekk, dökkar rúður, beisli, ný tímareim, lítur vel út. 390 þ. S. 695 4697.



Toyota Hilux DC '96, ekinn 130 þús. 38" með öllu, þjónustubók frá upphafi, gormar o.fl.o.fl.o.fl. Upplýs. 862 3012. Verð 1.490.000.

### Konur ath: Upptökur óskast

Rauða Torgið vill kaupa "spennandi" upptökur kvenna, 18-40 ára. Nánari uppl. á www.raudatorgid.is (atvinna í boði) og í síma 535 9969.

Ungt par óskar eftir 3ja herb. íbúð, helst miðsvæðis. Reglusemi og skilvísar greiðslur, góð greiðslugeta. S. 699 8662, Unnur.

## STARFSFÓLK ÓSKAST

Óskum eftir starfsfólki
í fullt starf og/eða hlutastarf
í eftirtaldar verslanir:

galleri sautján

gs skór

DIESEL BARNADEILD

Upplýsingar veitir:
Hildigerður s. 512 1717 / 699 4006

NTC hf. Laugavegi 91


## Tollkvótar vegna innflutnings á nautgripa- og alifuglakjöti.

Með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 4. janúar 2006, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta vegna innflutnings á nautahakki og kjúklingakjöti, fyrir tímabilið 5. janúar til 30. júní 2006.

Nánari upplýsingar liggja frammi í ráðuneytinu á skrifstofutíma frá kl. 9:00 – 16:00. Skriflegar umsóknir skulu berast til landbúnaðarráðuneytisins, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 11. janúar n.k.

**Landbúnaðarráðuneytinu, 5. janúar 2006.**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## Garðaskóli- Skólaliði

Laust er 100% starf skólaliða.

Umsóknir skulu berast til skólastjóra, Ragnars Gíslasonar, sem veitir allar nánari upplýsingar í símum **590 2500** og **820 8594**.

Umsóknarfrestur er til 13. jan. nk.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga við Starfsmannafélag Garðabæjar.

***Deildarstjóri skóladeildar***

Fræðslu- og menningarsvið

## Allsherjaratkvæðagreiðsla

***Ákveðið hefur verið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kjör stjórnar og trúnaðarmannaráðs Félags járniðnaðarmanna fyrir starfsárið 2006 til 2007.***

Tillögum um skipan stjórnar og trúnaðarmannaráðs félagsins skal skila til kjörstjórnar, á skrifstofu félagsins að Borgartúni 30, 105 Reykjavík ásamt meðmælum a.m.k. 100 fullgildra félagsmanna.

Tillögur eiga að vera um 7 menn í stjórn félagsins og auk þess tillögur um 21 til viðbótar í trúnaðarmannaráð og 7 varamenn þeirra.

Frestur til að skila tillögum um skipan stjórnar og trúnaðarmannaráðs rennur út kl. 17:00 þriðjudaginn 17. janúar 2006.

**Stjórn Félags járniðnaðarmanna.**

**KÓPAVOGSBÆR**

Auglýsing um skipulag í Kópavogi.

## Hlíðarvegur 7. Deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Hlíðarveg. Í tillögunni felst að einnar hæða einbýlishús byggt úr holsteini árið 1940 er rifið og í þess stað byggt tveggja hæða parhús með tveimur innbyggðum bílskúrum. Grunnflötur er áætlaður allt að 300 m2 og nýtingarhlutfall allt að 0,5. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 13. desember 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 9. janúar til 6. febrúar 2006. Upplýsingar um tillöguna eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn 20. febrúar 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

**Skipulagsstjóri Kópavogs.**


SÖLUFÓLK

Góð laun í boði fyrir rétta fólkið.
Umsækjendur þurfa að hafa almenn ökuréttindi. ásamt því að hafa bíl til umráða. Vinnutími er frá frá kl 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515-6158 frá kl 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is

## Farandsalar framtíðarinnar

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt og skemmtileg verkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

ATLAS international
www.atlasinternational.com

# Húseignir á Spáni

## – Atlas fylgir þér alla leið –

- Yfir 100 starfsmenn í þjónustumiðstöð Atlas
- Vingjarnlegt viðmót, aðstoð og ráðleggingar
- 4ra daga skoðunarferð, 19.500 íkr. flug, gisting og fæði innifalið
- Allar húseignir á eignarlóðum
- Verð frá tæplega 7.000.000 íkr.
- Mörg hundruð eignir um að velja
- Nýjar og notaðar eignir
- Aðstoð við rekstur
- Tryggingar
- Húsgögn
- Leiguþjónusta
- 28 ára reynsla
- 68.000 viðskiptavinir





BENTLEY INTERNATIONAL PROPERTY AWARD WINNER 2005

# –SÖLUSÝNING–

í húsi
Ferðafélags Íslands
**Mörkinni 3**
Laugardaginn 7. janúar og sunnudaginn 8. janúar kl: 12-17

SPANISH PROPERTY AWARDS 2005



**Sími: 586 2880 Gsm: 696 1960**

**www.atlasinternational.com**

**sales@atlasiceland.com**

## SJÓNARHORN



Mosfellskirkja að vetrarlagi.
Fréttablaðið/Vilhelm

**Bergur D. Joensen, prestur**, er í heimsókn í Færeyska Sjómannaheimilinu um helgina.

Í þessu tilfelli verður samkoma **laugardaginn kl 20:30.** Kaffi á eftir.
**Sunnudaginn kl 15.00** verður guðsþjónusta í Háteigskirkju. Boðið er í kaffi á Sjómannaheimilinu á eftir.

## Ljósheimar – andleg miðstöð

Sunnudaginn 8. janúar höldum við Ljósheimadag- opið hús milli 13 og 18 íBrautarholti 8. Að vanda er boðið upp á prufutíma gegn vægu gjaldi eneinnig er boðið upp á tarotlestur. Við kynnum vordagskrá og tehúsið ersneisafullt af góðgæti. Vegleg kristallasýning- og sala með reglulegumfræðslufyrirlestrum um kristalla yfir daginn.

*Verið velkomin, allir í Ljósheimum*


vísir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS



ÚTSALAN ER HAFIN

cakewalk

Strandgata 29

**Opnunartími:**
**Þriðjudaga-föstudaga 16-18**
**Laugardaga 12-16**

Þinn tími er kominn!



**Tilboð í janúar**

**30% afsláttur af öllum kortum í opna kerfinu**

*Dansrækt JSB er staður fyrir konur á öllum aldri. Notalegt andrúmsloft og fjölbreyttir tímar í boði í opna kerfinu.*

Opnir *tímar*

| Kl | Mán | Þri | Mi | Fim | Fös | Lau | Sun |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06:30 | X | X | X | X | X | | |
| 07:30 | X | X | X | X | X | | |
| 08:30 | X | X | X | X | X | | |
| 09:30 | | | | | | X | |
| 09:45 | | | | | | X | |
| 10:30 | | | | | | X | X |
| 11:30 | | | | | | | X |
| 12:15 | X | X | X | X | X | | |
| 13:30 | X | | X | | X | | |
| 15:30 | X | X | | X | | | |
| 16:30 | X | X | X | X | X | | |
| 17:30 | X | X | X | X | X | | |
| 18:25 | | X | | X | | | |

Pallar, þúl, sveifla, lóð, JSB tímar, teygjutímar, einkaþjálfun, Yoga

RopeYoga
**Lokuð 8 vikna námskeið**
Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi.

**Vertu velkomin í okkar hóp!**



**Hafðu samband!**
*www.jsb.is*
*sími 581 3730*

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar
*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík*
*Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

**VÍSINDAVEFUR**
**HÁSKÓLA ÍSLANDS**

# Frosið vatn og krummafætur

**GETUR VATN FROSIÐ EF ÞAÐ GETUR EKKI ÞANIST ÚT, TIL DÆMIS EF VATNIÐ VÆRI LOKAÐ INNI Í ÞYKKUM STÁLKLUMPI?**

Já, vatn getur frosið þótt það hafi ekki tök á að þenjast út en til þess þurfa hita- og/eða þrýstingsskilyrði að vera með mjög sérstökum hætti eins og hér verður greint frá.

**Vatn þenst út þegar það frýs**
Eins og alkunna er þenst vatn út þegar það er fryst. Þetta gerist við 0°C við staðalþrýsting sem er ein loftþyngd. Þenslan kemur til af því að vatnssameindirnar breytast frá því að vera hreyfanlegar í vökvafasa í það að hafa fasta innbyrðis afstöðu sökum vetnistengja milli nærliggjandi sameinda. Við slíka umbreytingu myndast aukið holrými milli sameindanna. Rúmmál efnisins eykst því og eðlismassi þess, sem var áður kallaður eðlisþyngd, lækkar. Umrædd lögun íss er auðkennd sem fasaform Ih.

**Bræðslumarkið lækkar með auknum þrýstingi**
Þegar umhverfisþrýstingurinn er aukinn lækkar bræðslumark íss. Aukinn þrýstingur hefur líka þau áhrif að holrýmið í ísforminu verður minna og þar af leiðandi munar minna um lækkun eðlismassans (eða rúmmálsaukninguna) við storknunina. Þannig er þessu farið frá 0°C bræðslumarki og einnar loftþyngdar þrýsting niður í um -22°C og rúmlega 2000 loftþyngdir (200 MPa). Við frekari þrýstingsaukningu við lægri hita lætur sameindalögun ísformsins undan þrýstingnum, ef þannig má að orði komast, með þeim hætti að ísinn breytist í stöðugt eðlisþyngra form með vaxandi þrýstingi (form II, III o.s.frv.; sjá mynd). Samtals eru þekkt um 13 mismunandi fasaform íss!

Lítum nú á umbreytingu efnisins frá öðrum sjónarhóli. Ef umhverfisþrýstingur íss við 0°C er aukinn úr einni loftþyngd þarf einungis litla þrýstingsaukningu til að riðla sameindalögun íssins og mynda vökvaformið. Mun meiri þrýsting þarf hins vegar til að riðla lögun íss við meiri kulda. Lætur nærri að um 145 loftþyngda þrýstingsaukningu þurfi fyrir hverja einnar gráðu kælingu þegar ís er breytt í vökva á hitabilinu frá 0°C til -22°C.

**Frostveðrun og frostskemmdir**
Athugum nú vatn á vökvaformi í föstu rúmmáli þar sem þenslu efnisins er hamlað og skoðum hvað gerist við kælingu og frystingu. Vökvinn þrýstir í fyrstu á veggi ílátsins með um einnar loftþyngdar þrýstingi. Við 0°C mun frekari þrýstingsaukning vegna ísmyndunar þegar í stað leiða til röskunar íslögunarinnar og vökvi myndast. Ísmyndun væri því ekki möguleg við slíkar aðstæður. Við meiri kælingu á bilinu 0°C til um -22°C hefst ísmyndun samfara þenslu efnisins þar til þeim þrýstingsmörkum er náð að sameindalögunin riðlast og vökvaformið myndast. Þrýstingsmörkin hækka með aukinni kælingu upp í um 2000 loftþyngdir við -22°C. Þessi mikla þrýstingsaukning á hitabilinu 0°C til -22°C er einmitt orsök frostveðrunar og bergmolnunar í náttúrunni sem alþekkt er. Þetta er einnig ástæða þess að varast ber að skilja eftir vatn í vatnleiðslum utanhúss yfir veturinn því hætta er á frostskemmdum vegna þess hve þrýstikraftur íssins getur orðið gríðarlega mikill. Fasalínuritið sýnir að vatn sem lendir í miklu frosti ásamt mótstöðu gegn þenslu getur myndað svo gífurlegan þrýsting að það getur brotið eða sprengt næstum hvað sem er.

**Breyting verður við hitastig undir -22°C**
Fyrir hitastig undir -22°C gegnir hins vegar öðru máli. Þegar þrýstingur vegna þenslu íss á forminu Ih hefur náð um og yfir 2000 loftþyngdum umbreytist upphaflegi íshamurinn í nýja hami sem hafa sífellt meiri eðlismassa og minna rúmmál, fyrst í III á bilinu frá -22°C upp í um -34°C, síðan í II fyrir lægri hita en -34°C; þá V, VI o.s.frv.; sjá mynd.

Af fasalínuritinu á myndinni má einnig lesa ýmislegt fleira skrýtið sem gerist þegar vatn breytist í ís við mikinn þrýsting. Þannig sést dæmis, ef umhverfisþrýstingur á vatni er aukinn upp í um 9000 loftþyngdir (900 MPa) við 20°C, að þá myndast ís í ham VI.

Af ofangreindu er ljóst að eiginleikar þessa efnis sem við umgöngumst og snertum á degi hverjum, vatnsins, eru margbreytilegri en margan kann að óra fyrir.

*Ágúst Kvaran, prófessor í efnafræði við HÍ.*




**HVAÐAN ER ORÐIÐ KRUMMAFÓTUR KOMIÐ?**
Orðið krummafótur er tiltölulega ungt í málinu og fyrst og fremst notað við börn. Algengasta merkingin er að ‚hafa hægri skó á vinstri fæti og vinstri skó á hægri fæti' en einnig þekkist merkingin ‚að vera með sokkana niður um sig'. Það er líka kallað að vera með kálfsfætur eða kálfslappir.



VÍSINDAVEFUR

Hrafninn hefur þrjá stórar tær sem vísa fram og eina sem vísar aftur. Líklegasta skýringin á krummafæti er að spor eftir hrafninn minni á lag á fæti þegar farið hefur verið í rangan skó.

*Guðrún Kvaran, prófessor, forstöðumaður Orðabókar Háskólans.*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvað merkir að vera snöfurmannlegur, hvað er menningararfleifð, hvert er upphaf áramótabrennunnar á Íslandi og hvaðan kemur orðið ballarhaf?



SKÚFFUSKÁLDIÐ } ÁSGEIR HANNES EIRÍKSSON

# Um langa-langafa sem lagði til Jóns forseta

Ýmsar gerðir af skúffuskáldum fyrirfinnast hér á landi. Sá sem nú opnar hirslur sínar fyrir lesendur Fréttablaðsins hefur skammað þingheim í bundnu máli og stært sig af langa-langafa sínum með sama hætti. En þegar skáldagyðjan hrelldi hann sem mest tók hann sig til og þýddi heimsbókmenntir af stakri lipurð. Þetta er fyrrverandi þingmaðurinn og athafnamaðurinn Ásgeir Hannes Eiríksson.

„Ég hef svo sem ekkert verið að yrkja," segir skúffuskáldið eins og þeirra er háttur í fyrstu. En þegar betur er að gáð kemur annað í ljós. „Jú, ég kastaði saman einhverju þegar ég sat í fjárlaganefnd Alþingis en þá vildu þingforsetar kaupa Hótel Borg undir skrifstofur þingmanna og mötuneyti. Ég var á móti þeirri ráðstöfun og las yfir mönnum í næstu þingveislu í bundnu máli líkt og lög gera ráð fyrir á þeim mannamótum. Þennan brag kallaði ég Að kaupa ekki Hótel Borg. Hann hljóðar svona:

*Þótt forsetar telji þröngt á þingi*
*og þrotin bæði hús og torg.*
*Þá sæmir það ekki Íslendingi*
*að eyðileggja Hótel Borg.*

*Heim kom úr víkingi vígamaður,*
*sem víðförull barði menn og tröll.*
*Sinn höfuðstól lagði í hótel glaður,*
*hér handan við sjálfan Austurvöll.*

*Minning hans lifir þó mannfólkið hverfi,*
*meitluð í grjót og hlaðin í stein.*
*Og víst er að miðborgin ævilangt erfi*
*ef Alþingi vinnur húsinu mein.*

*Fyrir iðandi mannlíf er miðbærinn gerður,*
*máltíð fólk velur og áningarstað.*
*Ef ekkert hótel á vegi þess verður,*
*það víkur af leið og skundar um hlað.*

Sem betur fer varð ekkert af sölu Hótel Borgar undir skrifstofur en hvort það sé þessum brag að þakka læt ég ósagt látið," segir Ásgeir Hannes og hlær.

Líkt og skáldmæltum þingmanni rennur blóðið til skyldunnar að berjast með stílvopninu þegar mikilvæg mál ber á góma getur skúffuskáldið heldur ekki brugðist þegar hróður langa-langafa liggur við. „Í þessari sömu þingveislu vildi svo til að Guðrún vinkona mín Helgadóttir, þá þingforseti, sagði frá merkilegu atviki og kom langa-langafi minn þar við sögu. Hann hét Jörgen Pjetur Havstein og var amtmaður fyrir Norður- og Austurland en bjó á Möðruvöllum í Hörgárdal. Fjárkláði herjaði á landið á miðri nítjándu öld og skiptust landsmenn í tvær fylkingar. Önnur fylkingin vildi lækna kláðann og var Jón Sigurðsson frá Hrafnseyri fyrir þeim hópi en Jörgen Pjetur fór fyrir þeim sem vildu skera sýkta féð. Þeir deildu svo um fjárkláðann í þingveislu og amtmaðurinn sat þar í fullum skrúða með korðann við belti. Í hita leiksins brá karlinn sverðinu og lagði til Jóns forseta en síðan hafa sverð verið bönnuð í þingveislum og er það engin furða.

Guðrún hafði áhyggjur af því að mér hefði þótt miður að sitja undir þessari sögu af langa-langafa en það var síður en svo og í þingveislu ári seinna afhjúpaði ég málverk af amtmanni sem Guðmundur Björgvinsson hafði málað. Við það tækifæri lét ég líka þennan leirkennda kveðskap fylgja:

*Í fyrra í þingveislu forseti sagði*
*af fangbrögðum þingmanna á liðinni öld.*
*Þar sverðinu Pjetur minn langafi lagði*
*lárétt á Hrafnseyrar sverð, sóma og skjöld.*
*Eftir þann atgang þeir aftóku sverðin*
*svo enginn ber vopn hér á forseta í kvöld.*"

En skáldagáfa skúffuskáldsins hefur nýst því til annara hluta en að slá um sig á þingveislum. „Þegar ég var stráklingur sóttum við félagarnir í hverfinu allar fimmbíómyndir í Hafnarbíói og meðal þeirra voru svokallaðar hryllingsmyndir byggðar á ljóðum bandaríska stórskáldsins Edgar Allan Poe. Ég hafði sérstakt dálæti á meistaraverki Poe um Hrafninn og reyndi að læra ljóðið utanbókar en gleymdi jafnóðum. Mörgum áratugum seinna datt mér í hug að stela, stæla og staðfæra Krumma í íslenskum umhverfi nútímans á þrettándadagskvöldi í Þingholtunum. Ég kalla þessa útgáfu mína á Hrafninum hans Poe Krumminn á skjánum. Þetta á vel við núna þegar þrettándinn er nýafstaðinn:

*Þungstígur í Þingholtunum,*
*þögull grét í mínum sorgum,*
*þrekið var í þúsund molum,*
*á þrettándanum gat ei meir!*
*Óli lokbrá senn mig sótti,*
*í svefnrofanum sló mig ótti,*
*er létt þá einhver drap á dyr,*
*svo drepið var sem aldrei fyrr:*
*Ég reis á fætur, hrökk við hræddur,*
*„fer hér gestur eða tveir?"*
*Einn á ferð og ekkert meir!"*

Áfram þylur skúffuskáldið ein átján erindi af Krumma á skjánum og svo virðist sem minnið bregðist því ekki frekar en skáldagáfan. Blaðamaður verður hins vegar að fara enda varla vært í nærveru Krumma.


ÁSGEIR HANNES EIRÍKSSON SKÚFFUSKÁLD ÁSAMT LANGA-LANGAFA SÍNUM

# Jafnrétti og gömlu gildin fá á baukinn



Það er freistandi að láta stjörnuspeking lesa úr stjörnunum um það sem bíður manns þegar nýtt ár gengur í garð. *Jón Sigurður Eyjólfsson* leit til stjörnusálfræðingsins **Bjarndísar Arnardóttur,** sem litaðist um í kortum sínum og sá það sem bíður íslensku þjóðarsálarinnar á þessu ári.

Hvert stjörnumerki er táknrænt fyrir ákveðið þroskaskeið. Stjörnumerki Íslands er tvíburinn sem táknar unglingsskeiðið, þegar við erum að losa okkur úr faðmi foreldranna og hefjum leit okkar að eigin sjálfsmynd." Þannig hefur Bjarndís Arnardóttir stjörnusálfræðingur ræðu sína um leið og hún rýnir í stjörnukort íslensku þjóðarinnar.

„Þótt tvíburinn sé sveigjanlegt og þjóðfélagslega sinnað merki býr það yfir mjög sterkri sjálfstæðiskennd sem á erfitt með að hlýða utanaðkomandi reglum og tekur eigin ákvarðanir sem stundum eru á skjön við stefnu og álit annara þjóða. En við Íslendingar erum sem sagt dæmigerðir tvíburar; léttlynd og hress en erum ekkert of upptekin af því sem er undir yfirborðinu enda látum við hugsun og skynsemi ráða yfir tilfinningunum.

Við elskum bækur og fjörugar rökræður og þjótum á hraða ljóssins milli reynslusviða útúrtjúnuð og tætt. Við erum slök í að hugsa um gamla fólkið og kunnum illa að meta þá reynslu og þroska sem aldraðir búa yfir enda erum við sárþjáð af æskudýrkun því sem tvíburar erum við hálfgerðir unglingar og þeir hafa engan áhuga á öldungunum."

## Glíma við minnimáttarkenndina

En svo virðist sem þessi kokhrausti unglingur, sem íslenska þjóðin er, fái að finna til tevatnsins á þessu ári.

„Ein áberandi staða í kortinu sem við Íslendingar erum reyndar að vinna úr á árinu er hin landlæga minnimáttarkennd. Við munum þurfa að kenna á því að ástin kemur ekki sjálfkrafa heldur þurfum við að vinna hörðum höndum fyrir henni. Sú afstaða sem er í stjörnukorti Íslands er ein erfiðasta afstaðan í stjörnuspekinni því henni fylgir lágt sjálfsmat og mikil ónotatilfinning með sjálfan sig, útlitið og ástina. Þessu fylgir svo sú tilfinning að maður eigi ekkert skilið nema að vinna fyrir því hörðum höndum."



## Tilfinningar í tísku

En ekki fer það þó svo að við Íslendingar verðum barðir af örlögunum til stífni. Þess í stað virðist tími til kominn á þessu ári að slaka á og mýkjast. „Á árinu munu viðhorf til vinnu, ástar og fegurðar breytast. Við erum svo vitsmunaleg og stíf í þessum efnum að það hálfa væri nóg. En á árinu komum við til með að slappa af og leyfa tilfinningunum að gægjast út. Við höfum séð þetta í uppsiglingu í raunveruleikaþáttunum þar sem ákveðnu tilfinningalegu ferli er komið af stað; ekki síst í Íslenska bachelornum sem sumir segja að hæfi okkur ekki.

Þótt við verðum aldrei afslöppuð í sambandi við vinnu förum við að slaka á í þeim efnum og lærum þess meir að elska og meta fólk fyrir það sem það er en ekki fyrir það sem það afrekar."


BJARNDÍS ARNARDÓTTIR STJÖRNUSÁLFRÆÐINGUR Eftir að hafa rýnt í stjörnukortin segir Bjarndís að tilfinningar verði í tísku á árinu og Íslendingar muni læra að slappa af og leyfa tilfinningunum að gægjast út.

## Viljum karla í æðstu stöður

Þeir sem vinna að jafnrétti kynjanna kunna að verða fyrir nokkrum vonbrigðum með þróun mála á þessu ári. „Þau viðhorf að fjölga beri konum í æðstu stjórnunarstöðum munu mildast á árinu," segir Bjarndís.

„Hvort sem okkur líkar betur eða verr vilja Íslendingar karla í æðstu stjórnunarstöður þótt við berjumst á móti því. Þetta er einfaldlega innbyggt í stjörnukortið og þar með þjóðarsálina. Jafnrétti kemur því ekki eðlilega og áreynslulaust heldur þarf að gera meðvitað átak í þeim efnum. Okkur hættir einfaldlega ósjálfrátt til að líta meira upp til karla en kvenna."

## Hreinsun í stjórnmálum og málvernd fær á baukinn

Það þarf að taka til í þjóðarsálartetrinu eins og annars staðar. Þeir sem kunna slíkum hreingerningum illa er vorkunn því það virðist vera tiltektarátak í gangi. „Plútó, pláneta hreinsunar og umbreytinga, hefur verið sterk í stjörnukortinu fyrir Ísland og hafa Íslendingar fengið að kenna á því þessa síðustu og stormasömu tíma. Með jarðskjálftanum á Suðurlandi þann 17. júní árið 2000 hófst eitt mesta sálræna hreinsunarskeið Íslandssögunnar og mun það vara til ársins 2010. Sterkar líkur eru á því að öll helstu eldfjöll landsins láti í sér heyra fljótlega á þessu ári en það er mjög táknrænt fyrir þessa orku. En jafnframt því sem sori verður grafinn upp og stungið á kýli mun Plútó færa kraft og vilja til að gera drauma að veruleika og jafnframt munu nokkrir fjársjóðir og hæfileikar koma í ljós í þessum uppgreftri.




Stjórnsýslan, ríkisstjórnin og leiðtogar landsins munu ekki sleppa við hreinsunareldinn því uppstokkun og endurnýjun eru á næsta leiti. Einnig mun hrikta í gömlum stoðum þar sem við munum endurskoða gömul gildi sem áður voru í hávegum höfð en hamla nú þroska okkar sem þjóðar. Landbúnaðurinn mun gjalda fyrir þetta og íslenska tungumálið sem verið hefur í hálfgerðu glerbúri. Þessi rétttrúnaðarstefna í málverndinni sem leggur meiri áherslu á málfar barna en líðan þeirra fær ærlega á baukinn á þessu ári. Einnig munu mörkin milli óhefðbundinna og hefðbundinna lækninga verða gloppóttari á þessu ári," segir Bjarndís dularfull á svip og rúllar kortunum upp. ■




Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bilavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# Listafólk á leiðinni inn

Fyrir ekki löngu síðan þekktu allir alla á Íslandi og enginn stóð upp úr samfélaginu nema stöku ráðherra og kaupmaður sem fólk hneigði sig fyrir ef þeir sáust á götum úti. Nú er öldin önnur, þeir sem þykja fallegri, ríkari og í sumum tilfellum jafnvel hæfileikaríkari en aðrir ganga um bæinn með jötunsskrefum, standa í sviði í London, kaupa Búlgaríu og leikstýra heimsfrægum leikurum, Heill iðnaður hefur sprottið upp í kringum hin útvöldu, sem sýna okkur hvernig þau búa, hvar þau skemmta sér og hvenær þau skilja. En hverjir eru líklegir til að komast í hóp hinna útvöldu á næsta ári?

## Tónlist

Mikið er að gerast í tónlist eins og vanalega, þótt alltaf sé löng bið á því að það besta rati í útvarp og yfirleitt þarf útlendinga til að uppgötva íslensku neðanjarðarsenuna. En Músiktilraunir ná enn að vera ágætis mælikvarði á það besta úr bílskúrunum. Enn er beðið með eftirvæntingu eftir fyrstu plötu sigurvegaranna 2004, **Mammút**. Sigurvegararnir í fyrra, **Jakobínarína**, hafa verið á fljúgandi keyrslu, hituðu upp fyrir White Stripes og hafa fengið lag í spilun, en eiga enn eftir að leggja lokahönd á frumburð í fullri lengd. Önnur Músíktilraunahljómsveit sem hefur vakið forvitni tónlistaráhugamanna er **We Painted Walls**, sem samanstendur af þeim **Loga** og **Júlíu** sem kynntust við að mála veggi sumarið 2004. Útlitslega minna þau í fyrstu á White Stripes, en tónlistarlega eru þau meira í ætt við Belle and Sebastian, og hefur þeim verið lýst sem nokkurskonar No Wave kántríindí. **Bertel** hafa líka tekið þátt í tilraunum, og byrjuðu sem dauðarokkarar en eru nú að færast í áttina að synthpoppi ala Hot Chip. **Þórir** hefur einnig verið nefndur til sögunnar, en eftir aðra plötu sína telst hann fremur góður en efnilegur. **Hölt hóra** er ein besta tónleikasveit bæjarins, en á enn eftir að koma því til skila á plötu.



ÞORLEIFUR ÖRN ARNARSSON, LEIKARI OG LEIKSTJÓRI



GABRÍELA FRIÐRIKSDÓTTIR LISTAMAÐUR



KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR SKÁLDKONA, HÖFUNDUR KJÖTBÆJARINS



ÞÓRIR TRÚBADOR



ELÍN HANSDÓTTIR MYNDLISTARNEMI

## Myndlist

**Ásmundur Ásmundsson** lærði myndlist í LHÍ og School of Visual Arts í New York. Verk Ásmundar ganga oft gegn hefðum og venjum listarinnar, og hann starfar í Reykjavík jafnt sem Berlín, en Berlín virðist vera einhver helsta gróðrarstía íslenskra listamanna utan Reykjavík 101. **Þórdís Aðalsteinsdóttir** hefur einnig lært í sama skóla í New York og starfar mest þar í borg. Hún hefur sýnt í Stux galleríinu og fengið lofsamlega dóma. Myndir hennar sameina einfaldleika hversdagsins og draumheima. **Magnús Árnason** dvelur fremur í martröðum en draumum, og verk hans eru full af myrkum furðuverum, svo sem sköpunarverki hans Benedikt, sem reis upp úr hraunstraumi. Á listahátíð í sumar sýndi hann verkið „Metamorphosis,“ þar sem hann fláði fugla í bakgarði. **Elín Hansdóttir** er annar Berlínarbúi og var yngsti þátttakandinn á listahátíð í vor. **Gabríela Friðriksdóttir** er yngsti listamaður Íslands til að vera send á Bienale-hátíðina í Feneyjum, þar sem hún hlaut mikla athygli.



GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR SKÁLD

## Bækur

Nýhil-verksmiðjan hefur verið að framleiða efnilega höfunda á færibandi. **Eiríkur Norðdal** gaf út fyrstu skáldsögu sína, Hugsjónadrusluna, fyrir þarsíðustu jól, og **Ófeigur** gaf út sína fyrstu fyrir síðustu undir merkjum Traktors, **Óttar M. Norðfjörð** gaf út skáldsöguna Barnagælur á vegum Eddu og **Kristín Eiríks** gaf út ljóðabókina Kjötbæinn í fyrra hjá Bjarti. Öll hafa þau áður tekið þátt í ljóðaútgáfu Nýhils. Eitt efnilegasta skáld hópsins, **Haukur Már**, á þó enn eftir að gefa út frumraun í fullri lengd.

Tveir af þeim sem vöktu hvað mesta athygli með fyrstu skáldsögunum sínum fyrir jól eru Stefánsbræður **Hermann** og **Jón Hallur**. Fyrsta bók **Hermanns**, Sjónhverfingar, var á mörkum skáldskapar og fræðimennsku og með Stefnuljós sýnir hann enn tvístígandi við skáldsöguheiminn, en stórir hlutir eru í vændum ef hann tekur skrefið til fulls. **Jón Hallur** hefur verið útnefndur Krónprins Bjartsmanna og vona menn þar á bæ að hann taki við kórónu Vetrarkóngsins **Arnalds** í Þýskalandi. **Jón Atli Jónasson** hefur enn sem komið er unnið stærri sigra í leikritun en skáldskap, en er til alls vís. Fyrsta bók **Eiríks Bergmanns Einarssonar**, Glapræði, er kölluð skemmtisaga, og spurning hvað gerist ef hann fer að taka sig alvarlega, því fyrsta bókin var vissulega nokkuð skemmtileg. **Birgittu Jónsdóttur** tókst eftir mikið puð að koma frumraun sinni, Dagbók Kamelljónsins, frá sér og hefur hún fengið ágætis viðtökur. **Sölvi B. Sigurðsson** gef út sína fyrstu skáldsögu, Radíó Selfoss, fyrir tveimur árum en í ár kom út Gleðileikurinn djöfullegi, sem er nokkurskonar prósaljóð. **Yrsa Sigurðardóttir** gaf út sitt fyrsta fullorðinsverk fyrir jólin og er eiginlega strax orðin stórstjarna, en er komin yfir fertugt og telst varla til ungskálda. **Guðrún Eva Mínervudóttir** er líklega sá rithöfundur undir þrítugu sem mest kveður að, hefur verið að gefa út skáldsögur jafnt og þétt í sjö ár og menn telja nýjasta verk hennar, Yosoy, vera það besta hingað til.



ARNBJÖRG HLÍF VALSDÓTTIR LEIKKONA



ÓLAFUR STEINN INGUNNARSSON

## Baksviðs

**Börkur Jónsson** þykir afar efnilegur leikmyndateiknari og hefur starfað með **Gísla Erni Garðarssyni**. Einnig telja menn að **Drífa Ármannsdóttir** eigi framtíðina fyrir sér í leikmyndahönnun. **Kristín Eysteinsdóttir** skrifaði leikrit sem sett var upp í Klink og bank í sumar og fékk góð viðbrögð. **Þorleifur Arnarsson** átti öfluga frumraun þegar hann leikstýrði 1984 fyrir Stúdentaleikhúsið og lokaði leikaranna inni til að láta þá fá tilfinningu fyrir fangavist. Frumraun hans í leikritun, American Diplomacy, var nokkuð brokkgeng, en gaf fyrirheit um bjarta framtíð. **Þorleifur** er nú við nám í Berlín og spennandi verður að sjá hvað gerist þegar hann kemur aftur heim. **Jón Páll** leikstýrði Frelsi í Þjóðleikhúsinu og er að fara að setja upp Ladybird á Akureyri. Hann sló í gegn í fyrra með uppsetningu sinni á „Þú veist hvernig þetta er“ hjá Stúdentaleikhúsinu sem var valin besta áhugamannasýning ársins. **Þórdís Elva Bachmann** hefur verið að skrifa leikrit, meðal annars fyrir Hafnarfjarðarleikhúsið, sem lofa góðu. **Jón Atli** hefur verið rödd ungs íslensks leikhúss upp á síðkastið og ekki annað líklegt en að aldurinn fari honum einnig vel.

## Kvikmyndagerðarmenn

Endurnýjunin er hæg þegar kemur að kvikmyndagerðarmönnum, þar sem mikið basl er að geta sett saman og fjármagnað heila bíómynd. Því líða oft mörg ár milli verka, og menn eru lengur á listanum yfir efnilega hér en annars staðar áður en þeir komast alla leið. Í raun telst **Baltasar Kormákur** enn efnilegur kvikmyndagerðarmaður á flesta mælikvarða, með einungis þrjár myndir undir belti, þó hann sé löngu orðinn stofnun á Íslandi.

Allir virðast vera að gera heimildamyndir þessa dagana, en myndir Poppolímanna, svo sem Africa United og Blindsker, standa upp úr í þeim bransa. Þeir **Ragnar Santos**, **Ólaf Jóhannesson** og **Benedikt Jóhannesson** eru þríeyki sem á mikið eftir að kveða að, hvort sem það verður saman eða hver í sínu lagi. **Ragnar Bragason** hefur ekki gert kvikmynd í fullri lengd síðan Fíaskó, en hann gerði heimildamyndina Love is in the Air um Vesturport. Og samstarf hans við Vesturport heldur áfram með hinni væntanlegu mynd Börn. **Hrafnhildur Gunnarsdóttir** gerði hina bráðfínu heimildamynd Hrein og bein, og gaman verður að sjá hvað hún gerir næst. **Reynir Lyngdal** missti af Mýrinni, en mögulega verður sárabótamyndin meira en bara uppbót. Þrátt fyrir aðeins tvær bíómyndir í fullri lengd hefur **Dagur Kári** þegar stimplað sig inn sem einn af helstu kvikmyndargerðarmönnum þjóðarinnar.

Fyrir alla þá sem eru ekki á þessum lista en eigið það skilið; þið vitið hver þið eruð.



REYNIR LYNGDAL LEIKSTJÓRI

## Leikarar

**Ólafur Steinn Ingunnarson** útskrifaðist síðasta vor, og var það besta við leikritið Frelsi sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu. **Ólafur** mun áfram birtast á fjölum leikhúss allra landsmanna, og var nú síðast í Túskildingsóperunni. Nemendaleikhúsið setti í haust upp leikritið Forðist okkur byggt á teiknimyndasögum **Hugleiks Dagssonar** og Þrjár systur eftir Tsjekhov, og hefur hópurinn uppi hugmyndir um að halda samstarfi áfram að útskrift lokinni í anda Vesturports, Annars virðist leiðin að leikhúslífi Reykjavíkur liggja í gegnum Akureyri þessa dagana. Norðanstrákarnir **Jói** og **Gói** verða báðir í Litlu hryllingsbúðinni. **Maríanna Clara Lúthersdóttir** var þar í stóru hlutverki í fyrra og **Vigdís Pálsdóttir** fer norður seinna í mánuðinum. Sú leikkona sem hefur slegið hvað mest í gegn á undanförnum mánuðum er **Halla Vilhjálmsdóttir**, sem útskrifaðist nýlega frá RADA leiklistarskólanum í London og er einnig með 5. stig í söng. Hennar fyrsta hlutverk eftir heimkomuna er eitt aðalhlutverkið í jólaleikriti Þjóðleikhússins. **Anita Briem** útskrifaðist einnig frá RADA og er til alls líkleg. Parið **Ólafur Egill** og **Esther Talia Casey** eru búin að koma sér nokkuð vel fyrir og eru við það að vaxa upp úr að teljast einungis efnileg, Og **Arnbjörg Hlíf** útskrifaðist fyrir einungis þremur árum en er þegar orðin fastur punktur í leikhúslífi þjóðarinnar.



JÓN ATLI JÓNASSON RITHÖFUNDUR



DAGUR KÁRI PÉTURSSON LEIKSTJÓRI

# SÖLUSÝNING

## á Grand Hótel Reykjavík dagana 7. - 8. janúar

## Í fyrsta sinn á Íslandi, BOHEMIA vöruhús



Model 557 3+2+1. Verð aðeins 159.000.-kr. Margir litir.
Model 557 3+1+1. Verð aðeins 139.000.-kr. Margir litir.



Model B77 3+2+2x skemill. Verð aðeins 125.000.-kr. Margir litir.



Model 1695 3+2+1. Verð aðeins 129.000.-kr. Margir litir.
Model 1695 3+1+1. Verð aðeins 115.000.-kr. Margir litir.

**Stólar, borð, skenkar, sófasett, hillusamstæður, hægindastólar o.m.fl.**



Model B60 Hornsófi 6 sæta + skemill. Verð aðeins 99.000.-kr. Margir litir.

**Sjón er sögu ríkari**
**Frábært verð á frábærum húsgögnum**



Forest hornsófi. Verð aðeins 259.000.-kr.
Forest sófaborð. Verð aðeins 47.000.-kr.



Model D5801 Hilto borðstofuborð stækkanlegt. Verð aðeins 49.900.-kr.
Model MK081 Hilto borðstofustóll. Verð aðeins 9.900.-kr.

**100 heppnir viðskiptavinir fá boðsmiða á myndina Rumor Has it með Jennifer Aniston og Kevin Costner.**

**100 fyrstu kaupendurnir eru leystir út með gjöfum, annars vegar nýjasta nuddækinu á markaðnum í dag "Heima-nuddaranum" og hins vegar "Fóta-nuddaranum"**



Ilario sjónvarpsbekkur Model E5901. Verð aðeins 37.500.-kr



Cecilio sófaborð Model G5301. Verð aðeins 19.900.-kr.



Amato skenkur Model E5102. Verð aðeins 35.000.-kr.

Sigtún 38
104 Reykjavík

**Opið:**
**Laugardag kl. 10-18**
**Sunnudag kl. 10-18**

Visa og MasterCard létt- og raðgreiðslur

# BOHEMIA

VÖRUHÚS

- fyrir heimilið þitt


LINDA EVANGELISTA


CHRISTINA AGUILERA


KJARTAN MÁR LJÓSMYNDARI


HELENA CHRISTIANSEN

# ÍSLAND FRAM YFIR AGUILERA

## Kjartan Már ljósmyndari vann með stórstjörnunum í París.

Fyrsta verkefni mitt í París var að taka ljósmyndir af Christinu Aguilera. Það giltu mjög strangar reglur, meðal annars var bannað að horfa í augun á henni eða eiga nokkur samskipti við hana,“ segir Kjartan Már ljósmyndari. En hvernig endaði hann með Christinu í París?

Ég lærði ljósmyndun í Gautaborg en þar eru flestir íslenskir ljósmyndarar menntaðir. Þegar ég kom heim tók ég myndir fyrir Undirtóna og 24/7, sem var aukablað Morgunblaðsins. 27 ára gamall flutti ég til Parísar með lítið annað en myndavélina í farteskinu. Eftir rúma tvo mánuði var ég staddur á strippstað og hitti fyrir tilviljum Vincent Peters, þekktan þýskan ljósmyndara, en ég hafði einmitt verið mikið að stúdera myndir hans. Ágætis kynni tókust með okkur og þegar hann vantaði aðstoðarmann var ég ráðinn í starfið í mars 2003. Ég var líklega eini „first assistent“ í París sem ekki kunni frönsku, en síðan hef ég lært málið og allt er orðið auðveldara. Tískuljósmyndaheimurinn er alþjóðlegt samfélag og þar kunna allir ensku, en dagsdaglega er eiginlega nauðsynlegt að tala frönsku, þar sem sérstaklega eldra fólkið talar litla ensku.“ Fyrsta verkefnið með Peters var svo að taka myndirnar af Christinu Aguilera sem birtust meðal annars í ítalska Vogue, sem þykir einhver mesta tískubiblía Evrópu.

En Kjartan hefur einnig unnið með fleiri stjórstjörnum.

„Við fórum með Kate Moss til Ibiza og það var sama reglan þar, ekkert augnsamband. Jennifer Lopez var með 15 manna her með sér, og þegar það kom lag með Madonnu í útvarpinu gaf hún skipun um að það væri samstundis slökkt á því. Stella McCartney er mjög hörð grænmetisæta, og enginn mátti borða kjöt í návist hennar. Hilary Swank, sem fékk óskarsverðlaun fyrir Million Dollar Baby, var hins vegar mjög indæl, engir stælar. Allar þessar stórstjörnur eru með svokallaðan „publicist“ með sér, sem passar upp á það að allar myndirnar séu í samræmi við ímynd stjörnunnar. Til dæmis var Hilary þarna á nærbuxunum, og það var mjög vel passað upp á að enginn óviðkomandi fengi aðgang eða væri að sniglast með myndavél þarna. Einn sem ég þekkti tók myndir í leyfisleysi og var látinn þurrka þær út.“

Kjartan segist hafa fengið að vinna með sumum af helstu ljósmyndarafyrirmyndum sínum í París, svo sem Mario Testino og Mert og Marcus, en hugurinn leiti þó heim.

„Mér fannst enginn menningarmunur á því að búa í Svíþjóð eða á Íslandi, en það var fyrst í París að ég uppgvötaði Íslendinginn í sjálfum mér. Þar þérar maður alltaf ókunnuga en við Íslendingar erum svo vanir því að koma alltaf eins fram við alla. Það er hvorki betra eða verra að vinna hér en þar, bara öðruvísi. Það er eiginlega meiri sköpun í því að vinna í auglýsingum hér heima en fyrir tímarit erlendis. Það er hægt að gera fína hluti á Íslandi.“


EVA HERZEGOVA





KONUR AÐ STÖRFUM


NAOMI CAMPBELL


KJARTAN MÁR AÐ STÖRFUM ÁSAMT VINCENT PETERS

SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR
DVD SPILARAR LCD SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
ELDAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
MYNDBANDSTÆKI
KAFFIVÉLAR
MAGNARAR
REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 700 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR
ÖRBYLGJUOFNAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
RYKSUGUR
BLANDARAR
HRÆRIVÉLAR
SAMLOKUGRILL
VÖFFLUJÁRN
STRAUJÁRN
RAKVÉLAR
HÁFAR

HLJÓMBORÐ með allt að 70% afslætti
POTTAR og PÖNNUR með 30-50% afslætti
Amerískir KÆLISKÁPAR með miklum afslætti
NAD HLJÓMTÆKI með allt að 70.000 kr. afslætti
Philips SJÓNVÖRP með miklum afslætti
Vestfrost FRYSTIKISTUR frá kr. 19.995

NOKKUR VERÐDÆMI

Whirlpool 1400sn ÞVOTTAVÉL: Áður 64.995 – **Nú kr. 39.995**
Philips HEIMABÍÓ: Áður kr. 59.995 – **Nú kr. 44.995**
Sambyggð ÞVOTTAVÉL og ÞURRKARI: Áður kr. 69.995 – **Nú kr. 49.995**
Whirlpool 168sm KÆLISKÁPUR: Áður kr. 59.995 – **Nú kr. 49.995**
Whirlpool UPPÞVOTTAVÉL: Áður kr. 69.995 – **Nú kr. 54.995**

TAKMARKAÐ MAGN
Fyrstur kemur – fyrstur fær!

Opið laugardaginn 7. janúar 10-18
Opið sunnudaginn 8. janúar 12-18

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFROST Whirlpool




AFSLÁTTUR 10 % AFSLÁTTUR

**Amerískir sófar**
Margar gerðir
Sérpöntum

**NÝJAR VÖRUR SELDAR MEÐ 10% AFSLÆTTI MEÐAN ÚTSALAN VARIR**



AFSLÁTTUR 50 % AFSLÁTTUR

**Nimfa baststóll**
Leðursessa
Verð áður 29.000
**Verð nú 14.500**



AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**Púðar**
Nokkrar tegundir
**40% afsláttur**



AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**Luca leðurstóll**
Verð áður 28.500
**Verð nú 18.850**

AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**40% afsláttur af smávöru**



AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**Speglar og viðarkistlar**

**30% afsláttur**



AFSLÁTTUR 20 % AFSLÁTTUR

**Rúmteppi**
Margar tegundir

**20% afsláttur**



AFSLÁTTUR 40 % AFSLÁTTUR

**Tutti borð og 6 Arjan leðurlíkisstólar**
Stærð borðs 180x90
Verð áður 116.400
**Verð nú 69.840**

AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**30% afsláttur af Tutti húsgangalínunni**



AFSLÁTTUR 30 % AFSLÁTTUR

**30% afsláttur af KIDDO barnahúsgögnum**



40 % AFSLÁTTUR

**Cross-Country skrifborð m. tölvuhillu**
Litir: Svartur | Ljós | Brúnn
Verð áður 49.000
**Verð nú 29.400**



60 % AFSLÁTTUR

**Nice-Boy í microfiber-áklæði**
Litir: Brúnn
Verð áður 42.000
**Verð nú 16.800**



40 % AFSLÁTTUR

**Collector borð og 6 Portobello leðurstólar**
Stærð borðs 180x90
Verð áður 129.000
**Verð nú 77.400**

TEKK COMPANY
10-60% AFSLÁTTUR
FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL
BÆJARLIND 14-16

# ÚTSALAN ER HAFIN



30 % AFSLÁTTUR

**Hringborð 70cm**
Svört, ljós, og brún
Verð áður 16.500
**Verð nú 11.550**



40 % AFSLÁTTUR

**Ticker leðursæti**
Litir: Ljós | Brúnn

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3ja sæta | Áður | 124.000 | **Nú 74.000** |
| 2.5 sæta | Áður | 108.000 | **Nú 64.800** |
| Stóll | Áður | 74.000 | **Nú 44.400** |

FABRIKAN

TEKK COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-18

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

Ekkert blað í morgun?

Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

# STUÐ MILLI STRÍÐA Kjánaháttslausi umferðardagurinn

**JÓHANNA SVEINSDÓTTIR** HEFUR FENGIÐ NÓG AF BJÁNUM UNDIR STÝRI

Ég tók eftir því í gær þegar ég var að keyra í reykvískri umferð að Íslendingar kunna ekki að keyra. Við höfum þekkingu og færni til að setjast upp í bíl, starta honum, stilla útvarpið og setja í gír. En um leið og við erum komin út á götu, þar sem margir bílstjórar stjórna farartækjum sínum af áfergju og kunnáttuleysi, fer allt í steik.

Umferðin á Íslandi virðist full af bílstjórum sem halda að þeir séu einir á götunum, eða réttara sagt, hver bílstjóri telur sig hafa einkarétt á því að keyra á tiltekninni götu og allir „hinir“ eru fyrir honum. Svona hugsa allir, og það leiðir af sér að allir eru fyrir öllum.

Ég held að orsökin liggi í því að bílaumferð hefur ekki fengið langan tíma til að þróast sem samfélagsleg hegðun sem er fólki eðlislæg. Í stórborgum Bandaríkjanna er merkilegt að sjá hvernig allir bílar taka af stað á sama tíma og græna ljósið kemur á gatnamótum. Og þá meina ég allir, ekki bara fremsti bílinn og svo koll af kolli. Öll hersingin líðast af stað á sama tíma. Undursamlegt.

Þannig að ég ætla formlega að boða til kjánaháttslausa umferðadagsins, eins og boðað er til bíllausa dagsins og reyklausa dagsins. Sá dagur felur í sér að vera meðvitaður um það að umferðin er ein heildstæð keðja. Til dæmis var ég föst á ljóslausum gatnamótum í gær þar sem fjórir bílar biðu hver á sínu götuhorninu, en ekkert gerðist. Bílstjórarnir horfðu hver á annan og veltu fyrir sér hvert hinn ætlaði að fara. En engum datt í hug að nota stefnuljós. Allt var stopp og enginn vissi hvað átti að gera. Halló! Til hvers haldiði að stefnuljósin séu?

Ég sver það þetta fer svo í taugarnar á mér að ég er farin að hugleiða að ferðast með strætó... og þá er maður nú orðinn langt leiddur af umferðarópoli.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

TÚSKILDINGSÓPERAN

8. sýn. í kvöld lau. 7/1 örfá sæti laus, 9. sýn. sun. 8/1 örfá sæti laus, 10. sýn. fim. 12/1 nokkur sæti laus, fös. 13/1 örfá sæti laus, lau. 14/1 örfá sæti laus, fös. 20/1 nokkur sæti laus, lau. 21/1, fös. 27/1 nokkur sæti laus, lau. 28/1.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 29/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í dag lau. 7/1 **kl. 17:00** örfá sæti laus, sun. 8/1 örfá sæti laus, fös. 13/1 nokkur sæti laus, lau. 14/1, fös. 20/1, lau. 21/1, sun. 22/1.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

**Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður**

Sun. 15/1 kl. 18:00, sun. 22/1 kl. 18:00, sun. 29/1 kl. 18:00, sun. 7/2 kl. 18:00, sun. 14/2 kl. 18:00. Nánari upplýsingar á www.leikhusid.is

DÓMSALURINN KL. 20.30

RÉTTARHÖLDIN

Þri. 10/1 “Er allt til sölu?” Aðgangur ókeypis og öllum opinn.

LEIKHÚSKJALLARINN

**Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.**

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | 6 | | 2 | |
| 1 | | | | | | | | 6 |
| | | 6 | 9 | | 8 | 4 | | |
| 4 | | 7 | | 3 | | 6 | | |
| | | | 7 | | 9 | | | |
| | | 9 | | 2 | | 3 | | 7 |
| | | 4 | 2 | | 5 | 8 | | |
| 7 | | | | | | | | 5 |
| | 8 | | 1 | | | | 4 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 | 7 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 |
| 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 3 | 2 | 9 | 4 | 8 | 7 | 5 | 6 |
| 8 | 7 | 9 | 6 | 5 | 2 | 4 | 3 | 1 |
| 6 | 4 | 5 | 3 | 1 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 3 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 6 | 1 | 3 | 7 | 9 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa
Eftir SÖB




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# Santa Fe HM 2006

**Komdu og sjáðu stjörnu leiksins á glæsilegri sýningu um helgina.**
**Opið í dag laugardag frá klukkan 12 til 16.**

HYUNDAI SANTAFE HM 2006

**HM sýningarpakki fyrir allt að kr.100.000 fylgir aukalega öllum Santa Fe HM 2006 um helgina**

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006




## Upplifðu fjórhjóladrifinn lúxus hjá B&L

HM 2006 er hátíðarútgáfa af Santa Fe, tileinkuð heimsmeistarakeppninni í knattspyrnu sem fram fer í sumar. Þess vegna hefur í engu verið sparað til hennar, enda er um tímabundna útgáfu að ræða sem verður eingöngu í boði nú í aðdraganda keppninnar.

**Sýningarhelgina fylgir öllum Santa Fe HM 2006 aukalega sérstakur HM sýningarpakki að eigin vali fyrir allt að 100.000 krónur.**
**Fáðu Santa Fe HM 2006 með aukabúnað fyrir rúmlega 400.000 krónur.**
**Þú gerir ekki betri kaup** ***Gildir aðeins helgina 7. og 8. janúar.***

**Verðdæmi:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Hyundai Santa Fe HM** | **2.4 ltr.** | **145 hö.** | **bsk.** | **kr. 2.670.000** |
| **Hyundai Santa Fe HM V6** | **2.7 ltr.** | **173 hö.** | **ssk.** | **kr. 2.890.000** |
| **Hyundai Santa Fe HM** | **2.0 dísel** | **125 hö.** | **ssk.** | **kr. 2.950.000** |

### HM 2006 fylgir veglegur aukahlutapakki að verðmæti 317.000 kr.

Leðurstýri og skriðstillir


Leður á gírhnúð


Samlitun


Vindskeið


16″ álfelgur og heilsársdekk


ARCTIC TRUCKS

**Frumsýnum um helgina 35″ breyttan Terracan Arctic Trucks.**
**Komdu og sjáðu alvöru jeppa hannaðan fyrir íslenskar aðstæður.**

HYUNDAI Official Partner

B&L Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

**ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR** á nýju ári - sunnudagskvöldið 8. janúar kl. 20
Kammersveitin Ísafold flytur Vínartónlist í útsetningum eftir Arnold Schönberg og Anton von Webern. Stjórnandi: Daníel Bjarnason, einsöngvari: Ágúst Ólafsson barítón
Tryggðu þér miða á óvenjulega og skemmtilega tónleika!

**ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI**
**Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20**
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga-föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ




| Stóra svið | Nýja svið/Litla svið |
|---|---|
| **SALKA VALKA** | **MANNTAFL** |
| Su 8/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20 | Su 8/1 kl. 20 Lau 14/1 kl. 20 |
| Fi 26/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR! | Su 22/1 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR! |
| **WOYZECK** | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| Í kvöld kl. 20 Su 15/1 kl. 20 | SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í FEBRÚAR! |
| Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20 | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| **KALLI Á ÞAKINU** | Í kvöld kl. 20 Su 15/1 kl. 20 |
| Su 8/1 kl. 14 UPPSELT Su 15/1 kl. 14 | Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20 |
| Lau 21/1 kl. 14 Su 22/1 kl. 14 | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | Þr 10/1 kl. 20 FORSÝNING MIÐAV. 500- kr. |
| **CARMEN** | Mi 11/1 kl. 20 GENERALPRUFA MIÐAV. 500- kr. |
| Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr | Fi 12/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Fö 13/1 kl. 20 |
| Fö 13/1 kl. 20 FORS.ÝNING UPPSELT | Lau 21/1 kl. 20 Su 22/1 kl. 20 |
| Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT | **Naglinn** |
| Fi 19/1 kl. 20 Gul kort | e. Jón Gnarr í samstarfi við 540 Gólf leikhús |
| Fö 20/1 kl. 20 Rauð kort | Fö 20/1 kl. 20 FRUMS. UPPS. Lau 21 /1 kl. 20 |
| Fö 27/1 kl. 20 Græn Kort | Su 22/1 kl. 20 UPPSELT Fö 27/1 kl. 20 |
| Lau 28/1 kl. 20 Blá kort | Lau 28/1 kl. 20 |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

# Öðruvísi Vínartónleikar

**Vínartónskáldin Arnold Schönberg og Anton Webern heyrast sjaldan á Vínartónleikum um áramót. Útsetningar þeirra á verkum Strauss-feðganna verða þó leiknar á tónleikum kammersveitarinnar Ísafoldar á morgun.**



DANÍEL BJARNASON OG ÁGÚST ÓLAFSSON ÁSAMT KAMMERSVEITINNI ÍSAFOLD Stjórnandinn og söngvarinn ræða málið á æfingu fyrir „öðruvísi“ Vínartónleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þeir nálgast þetta viðfangesfni greinilega af mikilli virðingu og kunnáttu,“ segir Daníel Bjarnason, stjórnandi kammersveitarinnar Ísafoldar, sem efnir til „öðruvísi“ Vínartónleika í Íslensku óperunni annað kvöld. Þar hljóma verk eftir Johann Strauss yngri, Claude Debussy og Gustav Mahler í útsetningum tólftónapáfanna Arnolds Schönberg og Antons Webern.

„Þetta er rosalega vel gert hjá þeim, góðar útsetningar enda voru þeir miklir kunnáttumenn,“ segir Daníel. „Þeir voru samt ekkert að trana fram sinni fagurfræði eða tólftónakerfinu, heldur reyna þeir að gera þessu sem best skil.“

Þeir Schönberg og Webern gerðu útsetningar sínar fyrir tónleika sem haldnir voru af „Félagi um einkaflutning tónverka“, sem þeir stofnuðu ásamt Alban Berg og fleirum í Vínarborg árið 1918.

Tilgangur þessa félags var að kynna nýja tónlist fyrir almenningi, en tónleikarnir fóru fram vikulega og á þeim þremur árum sem félagið starfaði voru haldnir alls 113 tónleikar og flutt verk eftir fjölmörg tónskáld.

„Þeir höfðu ekki ráð á að vera með stórar hljómsveitir og þess vegna útsettu þeir þessi verk fyrir kammersveit en reyndu að láta þau hljóma eins líkt frumgerðinni og þeir gátu.“

Á tónleikunum í Íslensku óperunni verða fluttir tveir valsar eftir Strauss, annar í útsetningu Schönbergs en hinn í útsetningu Weberns. Einnig verða á dagskránni Söngvar förusveinsins eftir Gustav Mahler og forleikur að Síðdegi skógarpúkans eftir Claude Debussy, bæði verkin í útsetningum Schönbergs.

„Reyndar byrjum við á að leika eitt verk eftir Schönberg, Weihnachtsmusik, sem er sálmaútsetning eftir hann á sálminum Það aldin út er sprungið, en þetta verk er eiginlega mitt á milli þess að vera tónsmíð og útsetning.“

Í verki Mahlers er það Ágúst Ólafsson barítónsöngvari sem stígur á svið og syngur með kammersveitinni Ísafold, sem er skipuð ungu tónlistarfólki. Flest er það í framhaldsnámi erlendis, þar á meðal stjórnandinn Daníel sem er í námi í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn í Freiburg í Þýskalandi. Sveitin hefur verið starfandi í um þrjú ár og farið í tónleikaferðir vítt og breitt um landið á sumrin.

„Þetta verður í fjórða sinn í sumar sem við förum í svona ferð,“ segir Daníel.

Ísafold og Daníel voru tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2005 sem bjartasta vonin í flokki sígildrar og samtímatónlistar. ■



# Feneyjaverk Gabríelu


**ÚR VERKI GABRÍELU** Sýning á Feneyjaverki Gabríelu Friðriksdóttur verður opnuð eftir viku.

Nú er ljóst að verk Gabríelu Friðriksdóttur, Versation/Tetralógía, sem hún sýndi sem fulltrúi Íslands á Feneyjatvíæringnum síðastliðið sumar, verður sýnt í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Sýningin verður opnuð föstudaginn 13. janúar kl. 17 og stendur yfir í rúmar sex vikur eða til 26. febrúar.

Verkið sem Gabríela vann fyrir Feneyjatvíæringinn 2005, samanstendur af fjórum myndböndum, sem hún gerði í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson.

Hún fékk einnig Björk og Daníel Ágúst ásamt Borgari Þór Magnasyni og Jónasi Sen til að semja tónverk út frá píanóstefi sem hún impróvíseraði. Myndbands- og tónverkin eru síðan klippt saman og mynda Tetralógíu, sem í heild sinni býr til kvartett, þó að hvert myndband standi eitt og sér. ■


## Dansnámskeið

Þjóðdansafélag Reykjavíkur
Álfabakka 14 a. Mjóddinni

**Gömludansanámskeið**
á mánudögum kl. 20.00

**Þjóðdansar**
á fimmtudögum kl. 20.30

**Opið hús**
miðvikudaginn 11. jan.
kl. 20.30

***Allir velkomnir.***

Allar nánari upplýsingar í síma 587 1616.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

4 5 6 **7** 8 9 10

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 19.30 Austurríski bassabaritónsöngvarinn **Anton Scharinger** syngur á Vínartónleikum **Sinfóníuhljómsveitar Íslands** í Háskólabíói. Stjórnandi verður **Peter Guth**. Þetta eru síðustu tónleikarnir í ár.

☐ 20.00 **Víkingur Heiðar Ólafsson** píanóleikari, **Blásarakvintett Reykjavíkur, Margrét Sigurðardóttir** sópransöngkona og **Jónas Ingimundarson** píanóleikari koma fram á hinum árlegu stórtónleikum Rótaryhreyfingarinnar, sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi í dag og á morgun.

☐ **Björk, Zeena Parkins, Múm, Damien Rice, Lisa Hannigan, Ghostigital, Damon Albarn, Egó, Magga Stína, Mugison, Rass, Sigur Rós, KK, Ham, Hjálmar, Sigtryggur Baldursson, Magnús Pálsson, Roni Horn, Rúrí, Tjörvi Jónsson, Andri Snær Magnason, Gjörningaklúbburinn, Kristín Eiríksdóttir, Ingibjörg Magnadóttir** og **Ósk Vilhjálmsdóttir** auk leynigesta koma fram á stórtónleikum Náttúrufélags Íslands, Viltu verða náttúrulaus?, sem haldnir verða í Laugardalshöll.

### OPNANIR

☐ 14.00 Myndlistarmaðurinn **Helgi Már Kristinsson** opnar sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Sævars Karls.

☐ 14.00 **Aðalsteinn Svanur** sýnir bleksprautuprentaðar ljósmyndir á segldúk í Café Karólínu á Akureyri.

☐ 14.00 **Margrét Bára** opnar málverkasýningu í Listsýningasal Saltfiskseturs Íslands í Grindavík, og stendur sýningin til 27 jan.

☐ 14.00 **Pétur Ásgeirsson** og **Helgi Bjarnason** opna ljósmyndasýningu í kaffihúsinu Cultura í Alþjóðahúsinu, Hverfisgötu 18 í Reykjavík. Sýningin heitir Langt í suðri - Guatemala, Mexíkó.

☐ 15.00 **Kristján Jón Guðnason** opnar málverka- og höggmyndasýningu í Hún og hún, Skólavörðustíg 17b.

☐ 15.00 Sýning á tuttugu höggmyndum **Péturs Bjarnasonar** verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Listamaðurinn **Steve Hubback** flytur tónlist við opnun.

☐ 16.00 Systurnar **Ingileif** og **Áslaug Thorlacius** opna samsýningu í Gallerí + á Akureyri. Áslaug sýnir ljósmyndir og teikningar af íslenskum blómum en Ingileif myndbandsverk um hund sem fæddur er á Akureyri.

☐ 16.00 **Kees Visser, Þór Vigfússon** og **Ívar Valgarðsson** opna sýningu í Nýlistasafninu.

### SKEMMTANIR

☐ Skagfirðingurinn **Hörður G. Ólafsson** spilar og syngur á Catalinu. Frítt inn.

### FUNDIR

☐ 13.30 Opinn fundur verður haldinn í Norræna húsinu þar sem fjallað verður um náttúru Þjórsárvera og greint frá stöðu mála varðandi skipulag svæðisins og lögfræðileg álitamál. Til máls taka **Andri Snær Magnason** rithöfundur, **Gísli Már Gíslason** vatnalíffræðingur, **Þóra Ellen Þórhallsdóttir** grasafræðingur, **Katrín Theodórsdóttir** lögmaður og **Óskar Bergsson** formaður Samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálendisins.

### SAMKOMUR

☐ 22.00 Nýársdansleikur **Tónlistarfélags Akureyrar** verður haldinn í Ketilhúsinu á Akureyri á laugardag. Salonhljómsveit undir stjórn **Michaels Jóns Clarke** leikur Vínarvalsa til miðnættis en síðan tekur hljómsveit **Kristjáns Edelsteins** við og leikur fram á rauða nótt léttari danstónlist.






**> Svartir spariskór**

*... flokkast undir góð útsölukaup. Þessir eru frá Bossanova.*

# útlit

utlit@frettabladid.is

**SMEKKURINN: ELSA MARÍA BLÖNDAL AFGREIÐSLUSTÚLKA Í NONNABÚÐ**

## Loðstígvél og bleikir Marilyn Monroe skór



**Spáir þú mikið í tískuna?** Nei, ég get ekki sagt það. Mér finnst tíska vera fyrirbæri, búið til fyrir fólk sem forðast að hugsa sjálfstætt. Hins vegar spái ég mikið í falleg föt og skó.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Ó, en erfið spurning. Má einhver annar gera það? Rokk og ról...? Ég er bara í því sem mér finnst fallegt.

**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Dead, Vivienne Westwood, Alexander McQueen og allir litlir sjálfstæðir hönnuðir sem kunna ekki að sauma.
**Flottustu litirnir?** Svart og hvítt og bleikt.

**Hverju ertu veikust fyrir?** Skóm.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Kokteilkjól í Spútnik fyrir gamlárskvöld. Svart korselett með nokkrum lögum af pilsum.

**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Mig varðar voða lítið um tískuna.

**Hvað finnst þér nauðsynlegt að eiga í vetur?** Pelsinn minn.

**Uppáhaldsverslun?** Nonnabúð, Trílógía, Kron og 12 Tónar.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ekkert of miklu. Það veltur á ýmsu, fjárhag, tíma og fleiru.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Ég á svo margar uppáhalds! Yrði samt ónýt manneskja án svörtu loðstígvélanna og bleiku Marilyn Monroe skónna.

**Uppáhaldsflík?** Fyrrgreindir skór (og allir hinir líka! Get ekki gert upp á milli), pelsinn minn, blái kjóllinn, röndóttu buxurnar og fleira og fleira.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Til New York. Af því að ég þekki þá borg áætlega en París og Berlín eru líka spennó skó- og fataborgir.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Uss, ef ég hef keypt flík sem ég hef séð eftir síðar þá er það löngu grafið og gleymt og engin ástæða til að rifja það upp.



## MÓÐUR VIKUNNAR

**> MARTA MARÍA FER YFIR MÁLIN**

# Andlegur lottóvinningur

Ég upplifði mig sem sannan verðlaunahafa þegar ég kom heim til mín með spunkunýjar legghlífar í poka. Ég segi verðlaunahafa því það er ekki á hverjum degi sem ég vinn í tískuhappdrætti og hnýt um eins mikinn og góðan grip eins og þessar hlífar sem ylja í kuldanum. Það er líka svo gott fyrir sálina að luma á svona hlutum inni í skáp, sem kemur í veg fyrir allar tískukrísur sem geta herjað á mann þegar við ólíklegustu tækifæri. Svo eru þær margnota og hægt að skarta þeim við hátíðleg tækifæri en það er líka að vera í þeim við náttbuxurnar þegar ég stelst út í Bónus í mínu versta ástandi.

Legghlífarnar eru fagrar með teygju í hliðinni og mörgum tölum sem gera þær hæfilega gamaldags og hægt er að smeygja þeim yfir hvaða skó sem er. Þær gefa hugmyndafluginu lausan tauminn því þótt legghlífarnar séu svartar að lit má nota nánast hvaða skó sem er við. Hver segir að bleikir sebraskinnskór passi ekki við svartar legghlífar og appelsínugula sokka? Svo eru þær svo háar að þær ná alveg upp að hnjám (allavega ef þú ert í kringum 163-7 sm) sem mér finnst vera kostur. Leðurlegghlífar eru þó ekki bara góðar í íslenskum vetri. Það er frábært að ferðast í þeim, sér í lagi um háloftin því það er svo auðvelt að smeygja sér úr þeim ef manni verður of heitt. Tala nú ekki um fyrir alla þá sem fara á sólarstrandir um þessar mundir. Þetta er alveg skothelt.

Það var líka annað sem ég rak augun strax í og það er að legghlífarnar myndu spara mér mikið af peningum. Því með því að kaupa þær gæti ég róterað, verið í alls konar skóm við sem ég á heima og þyrfti ekki að kaupa mér enn ein stígvélin. Þegar stígvélakaup eru skoðuð á ársgrundvelli er þetta heilmikill sparnaður.

Ferðin í verslunina Verksmiðjuna (þar sem legghlífarnar fást) var eftirminnileg. Það er nefnilega farið að heyra til undantekninga að það sé dekrað við mann í búðum. Stúlkan sem afgreiddi mig snerist í kringum mig meðan ég var að máta og dældi í mig aragrúa af gagnlegum upplýsingum. Þegar ég var að borga áttaði ég mig á því að indæla stúlkan var sjálfur skóhönnuðurinn sem á heiðurinn legghlífunum. Þetta er einn af kostunum við litlu Reykjavík, þetta persónulega sem getur hent mann á hverju götuhorni ef maður er vakandi. Það er harla ólíklegt að skóhönnuður afgreiði í verslun í New York.











**KLASSÍSKT** Jakkapeysur eru góð fjárfesting á útsölum. Úr línu hönnuðarins Kate Sylvester.



**HLÝ PEYSA** Gott er að fjárfesta í klassískri hlýrri peysu sem getur dugað næsta vetur. Fæst í Zöru.

**PILS** Pencil pilsin verða áfram heit. Úr Benetton.

**HVÍT SKYRTA** Gengur hvenær sem er og er alltaf góð kaup. Úr Zöru.

**FLATBOTNA** Þeir fara aldrei úr tísku. Þessir eru úr Bossanova.

**STÓR** Töskurnar stóru halda áfram að vera vinsælar og því er óhætt að skella sér á eina. Úr Zöru.

# Góð kaup á útsölum

Nú standa útsölur sem hæst yfir og nauðsynlegt er að nýta sér þær á sem skynsamlegastan hátt. Á útsölum má oftast finna gömul trend í bland við klassísk föt. Að sjálfsögðu er mun skynsamlegra að fjárfesta í því síðarnefnda og gömul og lúin trend skal forðast eins og heitan eldinn. Hér má til dæmis nefna jakka í hermannastíl og lágskornar gallabuxur.

Aðrar reglur um útsölukaup eru til dæmis að kaupa aldrei neitt bara af því að það er ódýrt. Hugsaðu málið aðeins og pældu í því hvort flíkin muni passa við gömlu fötin þín og hvort þú munir virkilega nota hana. Ef flíkin passar ekki akkúrat, ekki kaupa hana! Þótt þig hafi langað lengi í hana þá er hún ekki þess virði ef hún passar ekki. Einnig er afar gott að hafa einhvern vin með sem getur gefið heiðarlegt álit á því hvernig sumar flíkur fara þér. Það er miklu betra en að fá ráð frá afgreiðslukonu sem þekkir þig ekki neitt.

Það sem er öruggt að mun haldast í tísku á komandi mánuðum og er óhætt að kaupa á útsölum núna er til dæmis niðurmjóar gallabuxur, bein pils, stórar töskur og tímabilastíll. Klassískar flíkur sem munu aldrei verða lummó og því alltaf gott að fjárfesta í á útsölum eru til dæmis hvítar skyrtur, jakkapeysur, hettupeysur, flatbotna skór, klassískir háhælaskór og stuttermabolir.

hilda@frettabladid.is



**ÞRÖNGAR** Dökkar gallabuxur úr Oasis.



**JAKKAPEYSA** Algjör nauðsyn í fataskápinn. Úr Zöru.



**RÖNDÓTT** Þverröndótt helst áfram inni eins og allt sem minnir á Andy Warhol og sjöunda áratuginn. Úr Oasis.



**RÚLLUKRAGAPEYSA** Klassísk og alltaf góð fjárfesting. Úr Zöru.



**BENETTON** Gott er að skella sér í Benetton og kaupa eina gæðalega og klassíska ullarpeysu fyrir næsta vetur.



**STUTTAR** buxur úr tvídefni verða dásamlegar við þykkar sokkabuxur í sumar. Fást í Oasis.



**BEINT** pils og sumarlegir bolir við.



**STÍGVÉL** Með mótórhjólalúkki verða þau heit næsta haust. Úr Bossanova.



**JAKKI** Það er óhætt fyrir okkur Íslendinga að kaupa jakka sem eru eilítið þykkir því sumrin eru nú ekki alltaf svo heit. Þessi fæst í Zöru.



**AFSLÖPPUÐ** Henni líður best í gallabuxum og strigaskóm. Hér er hún á sýningu hjá hönnuðinum Marc Jacobs og hefur ekkert of miklar áhyggjur af útlitinu.

# Litla fíngerða fegurðardísin

Natalie Portman er lítil og fíngerð og með eitt fallegasta andlitið í Hollywood. Hún klæðir sig sérlega smekklega en samt er erfitt að átta sig á því hvort það sé ekki bara þessi dásamlega fegurð hennar sem smitast yfir á allt sem hún klæðist.

Margir ráku upp stór augu þegar Natalie birtist skyndilega með krúnurakað höfuð en hún lét hárið nýlega fjúka fyrir myndina V for Vendetta. „Ég er hrifin af þessum hárstíl. Mér finnst það mjög sjálfstætt þegar konur fara á móti straumnum og eru ekki þessar venjulegu fallegu stúlkur sem stráka dreymir um, með sítt liðað hár,“ segir hún ánægð þó að aðdáendur hennar séu ekki allir sáttir við hármissinn.

Natalie er ávallt afar glæsileg á frumsýningum og eftirlætishönnuðir hennar eru Zac Posen og Isaac Mizrahi. Henni líður þó best í gallabuxum, stuttermabol og strigaskóm. „Ég held að ég muni aldrei sjást í háum hælum á venjulegum degi,“ segir hún. „Ég elska strigaskó og á örlítið safn af skóm frá Converse, Adidas og Puma,“ segir Natalie, sem er svo mikill dýravinur að hún gengur hvorki í leðurskóm né leðurfötum.



**GAMALDAGS** Hér er hún í kjól í stíl þriðja áratugarins á frumsýningu Garden State.



**LITRÍK** Hér er hún í sætum grænum kjól og rauðum skóm við.

# Töfralækning fyrir húðina

L´occitane-vörurnar hafa slegið í gegn hér á landi en fáir geta staðist þessar gæðavörur sem oftar en ekki ilma dásamlega. Ein línan dregur heiti sitt af shea-trénu og allar vörurnar í línunni innihalda shea-olíu sem er unnin úr hnetum shea-trésins en í Burkina Faso í Afríku er tréð talið heilagt. Olían verndar, nærir og gefur raka en í línunni er að finna vörur fyrir andlit, líkama, hendur, fætur og hár. Í gjafapakkningu frá L´occitane er að finna fjórar mismunandi vörur með shea-olíu.



**ULTRA RICH BODY CREAM** Skilur húðina eftir silkimjúka.

Sturtugelið í línunni er hægt að nota bæði fyrir húð og hár. Freyðandi gelið skilur húðina eftir mjúka sem silki og er einnig hægt að nota sem sjampó. Í gelinu er náttúruleg shea-olía, kókóshnetuolía og sojaprótín.

Húðkremið er hin fullkomna uppskrift að silkimjúkri húð. Kremið er upplagt fyrir þurra eða mjög þurra húð og gefur húðinni raka án þess að skilja eftir klístraða áferð. Kremið inniheldur meðal annars hunangsextrakt, apríkósuolíu og E-vítamín.

Shea-butter er eins konar feiti eða áburður sem endurnærir húð sem er þurr og skemmd eftir kulda, vind eða sól. Feitin mýkir, róar, endurnærir húðina og gefur henni raka. Einnig er hægt að nota salvann á varirnar. Að lokum er í línunni shea-sápan sem er eingöngu úr náttúrulegum hráefnum og er einstaklega rakagefandi og þurrkar ekki húðina.



**STURTUGEL** Gelið er hægt að nota bæði á húð og hár.



**SHEA-SÁPA** Þurrkar ekki húðina og er eingöngu úr náttúrulegum hráefnum.



**SHEA FEITI** Endurnærir skemmda húð og má nota hvar sem er.


DEBENHAMS

útsalan af enn meiri krafti

Allar útsöluvörur 50% afsláttur

DEBENHAMS

SMÁRALIND



**TÖSKUR OG BELTI** „Ég skreyti mig aðallega með töskum og beltum.“



**MKM FOOTWEAR** Hönnun Maríu má skoða frekar á vefsíðunni www.mkm-footwear.com.



**MARÍA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR** Útskrifaðist sem skóhönnuður frá skóla í Bretlandi.

# STÍLLINN HENNAR... MARÍU

Á milli þess sem hún ferðast um heiminn hannar hún dýrindis skófatnað eða hefur það huggulegt með fjölskyldunni. Hún er af þeim átta sem reka versluninna Verksmiðjuna. Hefur óstöðvandi áhuga á fólki og er opinn og hressandi karakter. *Borghildur Gunnarsdóttir* fékk að vita meira um skóhönnuðinn **Maríu Kristínu Magnúsdóttur.**

**STÚLKAN:** „Ég er skóhönnuður að mennt og lærði í Cordwainers College sem er hluti af London Colleges of Fashion. Ég er framkvæmdastjóri og rek eigið fyrirtæki sem heitir MKM-Footwear. Einnig er ég ein af átta sem rek verslunina Verksmiðjuna og sel skóna mína þar. Aðrar búðir sem selja skóna mína eru Valmiki í Kringlunni, Anas í Hafnarfirði, Móna á Laugaveginum og Nordica Hotel verslun.“

**FATASTÍLLINN:** „Ég er oftast í heldur þægilegum fötum sem eru einföld í sniðum en oft eru einhver smáatriði á þeim sem skreyta þau. Fylgist líka ógurlega mikið með því hvernig annað fólk klæðir sig og ég elska að horfa á það hvernig fólk setur fötin sín saman. Að sjálfsögðu pæli ég mikið í skóm og er til dæmis afskaplega hrifin af hönnuðinum Manolo Blahnik. “

**ÁDAGINN:**„Ég er oftast í gallabuxum og er mikil stígvélamanneskja. Ég er yfirleitt lítið eða ekkert máluð og ég er nánast aldrei í pilsi á daginn.“

**Á KVÖLDIN:** „Þá mála ég mig aðeins og fer kannski í pils og opna skó. Mér finnst gaman að vera í svona hælaskóm með böndum á kvöldin þegar ég er að fara eitthvað fínt.“

**MORGUNINN:** „Það eru nánast engir tveir morgnar eins. Ég fæ mér þó yfirleitt hafragraut eða Cheerios í morgunmat og tek lýsi. Svo fer litli strákurinn minn bráðum að fara á leikskóla og ætli morgnarnir verði ekki í aðeins meiri rútínu þá.“

**ÞRÍR HLUTIR SEM EINKENNA MARÍU:** „Í fyrsta lagi hugsa ég mikið á þeim nótunum að allt reddist, ég er mikið fyrir það mottó. Gallabuxur eru svo annað sem einkennir mig því ég er eiginlega alltaf í gallabuxum. Það þriðja er hversu opin ég er. Mér finnst rosalega gaman að tala við fólk og það að tala við ókunnuga manneskju gefur mér mjög mikið.“

**BÚÐIR:** „Ég verð að sjálfsögðu að byrja á því að nefna Verksmiðjuna. En annars finnst mér flottustu búðirnar í dag vera niðri í bæ. Það hafa margar áhugaverðar búðir opnað nýlega eins og Trilogia, Rokk og rósir og fleiri. Það þýðir samt ekki að ég versli alltaf þar. Mest versla ég á ferðalögum og þá versla ég mikið á sjálfa mig..“

**ÞRÁHYGGJA:** „Skór. Ég spái rosalega mikið í skó. Þegar ég hitti fólk eru skórnir það fyrsta sem ég tek eftir. Ég dæmi fólk þó ekki mikið út frá skónum enda er það misjafnt eftir aðstæðum hvernig skóm maður klæðist. Það er samt sniðugt að eiga skó fyrir hvert tækifæri og vera ekki alltaf í trömpurum.“

**SKARTGRIPIR:** „Helsta skartið sem ég nota eru belti og töskur. Ég skreyti mig með þeim. Ég á rosalega mikið af beltum og töskum og í mörgum litum.“

**HÁRIÐ:** „Þessa dagana er ég rosalega mikið með slegið hárið eða með snúð á annarri hliðinni. Ég tek svona tímabil. Annars erum við Óli Boggi, klipparinn minn, að safna hári núna. “

**FARÐI:** „Ég nota nánast engan farða dagsdaglega. Er samt mikið fyrir góðar vörur og nota til dæmis kremlínuna Mirandas. Núna nota ég líka Dior-maskara.“

**FRÍ:** „Skemmtilegast er að fara þangað sem ég hef ég hef aldrei komið áður. Sjá ný andlit, tala við fólk og kynnast annarri menningu. Það er alvöru frí. “

**HEIMA:** „Heimilið er ofsalega bjart og ljóst. Við erum með mikið af persónulegum hlutum sem skreyta heimilið og þeir eru margir hverjir frá ferðalögum eða frá okkur fjölskyldunni.“

**BARINN:** „Ég er lítið í því að fara á bari og eyði frekar tíma með fjölskyldunni þegar ég er heima.“

**DRYKKURINN:** „Á barnum finnst mér rauðvín best en dagsdaglega drekk ég mest vatn, kaffi og te. Ég drekk ekki gos.“

**TÓNLIST:** „Ég er hálfgerð alæta á tónlist. En ef ég á að segja eitthvað ákveðið þá verð ég að nefna soultónlist og líka diskó sem mér finnst algjört æði.“

**BÆKUR:** „Er að lesa tvær bækur í augnablikinu. Brekkukotsannál eftir Halldór Laxnes og Engla og djöfla eftir Dan Brown. Ég kann vel að meta þessa tvo höfunda.“

**TÍMARIT:** „Kaupi Vogue og Elle og stundum Elle Decoration. Ítalska útgáfan af Vogue er líka mjög góð.“

**TÍSKUFYRIRMYND:** „Margar frægar konur eru töff eins og Sarah Jessica Parker og Madonna. En mér finnst engin vera alltaf flott og ég fylgi ekki neinni ákveðinni fyrirmynd.

**BORGIN**: „Hong Kong er afskaplega skemmtileg borg. Ég hef einu sinni komið til New York og fannst hún æðisleg en svo fannst mér líka Berlín geðveik. “

**BOÐORÐ:** „Að setja sér markmið. Mér finnst það skipta miklu máli. Enginn annar er ábyrgur fyrir því sem maður gerir. Ég held það sé nauðsynlegt að hafa smá framtíðarsýn og taka ábyrgð á lífi sínu.“

**FRAMTÍÐIN:** „Er rosalega bjartsýn á framtíðina og horfi til hennar með tilhlökkun. Ég hlakka til að takast á við verkefni bæði í vinnu og í sambandi við fjölskylduna.“



**SMÁATRIÐI** Hún er hrifin af einföldum flíkum með fallegum smáatriðum.



**MINNINGAR** Á veggjum heimilisins eru ýmsir munir úr ferðalögum fjölskyldunnar.



**VERKSMIÐJAN** María er ein þeirra sem reka búðina. Auk þess selur hún skó sína þar.



# Met þátttaka

## í hönnunarkeppni

Hagkaup stóð fyrir hönnunarkeppni síðastliðið haust. **Úrslitin verða kynnt í Smáralind fyrir framan verslun Hagkaupa kl 16.00 í dag laugardaginn 7. janúar.**

Markmiðið með keppninni er styðja við bakið á íslenskum fatahönnuðum og gera þeim kleift að koma vörum sínum á framfæri.

Áhugi er mikill á fatahönnun hér á landi en yfir 100 hugmyndir bárust í keppnina.  Keppt var í hönnun á fatnaði eða fatalínu sem hentar vel til framleiðslu og sölu. Fatnaðurinn getur verið fyrir dömur, herra eða börn.

**9 hönnuðir hafa verið valdir í undanúrslit og munu þeir sýna verk sín í Smáralind:**



**Fanney Antonsdóttir**
**Petra Dís Magnúsdóttir**
**Hildur Hlín Jónsdóttir**
**Þórunn og Sveinbjörg Jónsdætur**
**Sunna Dögg Ásgeirsdóttir**
**Íris Auður Jónsdóttir**
**Anna Soffía Árnadóttir**
**Helga Ólafsdóttir**
**Vera Ósk Steinsen**

Allir sem komast í úrslit eiga möguleika á að þeirra vara verði framleidd og seld.

**Veitt verða þrenn verðlaun:**

| | |
|---|---|
| **1. Verðlaun** | **150.000** |
| **2. Verðlaun** | **100.000** |
| **3. Verðlaun** | **70.000** |

Vinningshafinn fær ásamt peningaverðlaunum að aðstoða við framleiðslu á sinni hönnun. Hagkaup kynna hönnuðinn og vörulínu hans í Hagkaupsblaðinu og öðrum miðlum. Vörulínan verður til sölu í Hagkaupum næsta vetur undir vörumerki hönnuðarins.

**Framkvæmdastjóri keppninnar er Olga Gunnarsdóttir fatahönnuður og kynnir er Ívar Guðmundsson.**

**Í dómnefnd eru:**

**Svavar Örn Svavarsson,** tískufrömuður
**Eva Dögg Sigurgeirsdóttir,** tískumarkaðsfræðingur
**Herdís Hrönn Árnadóttir,** fatahönnuður hjá Hagkaupum
**Valgerður Helga Schopka,** fatahönnuður hjá Hagkaupum
**Sigríður Gröndal,** Innkaupastjóri sérvöru Hagkaupa

*Hagkaup þakka fyrir góðar viðtökur og óska þeim sem komust í úrslit  til hamingju.*

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla









# Vonir bundnar við Stewart

Grínistinn Jon Stewart verður í fyrsta sinn kynnir við veitingu næstu óskarsverðlauna sem verður hin 78. í röðinni. Stewart hefur ágæta reynslu í þessum geira því hann hefur tvívegis verið kynnir við afhendingu Grammy-verðlaunanna bandarísku.

Stewart hefur stjórnað þættinum Daily Show við miklar vinsældir þar sem hann gerir óspart grín að stjórnmálamönnum og bandaríska fjölmiðlaheiminum. Vonast stjórnendur óskarsins til að Stewart muni draga að enn fleiri áhorfendur af yngri kynslóðinni en áhorf á þátt hans hefur einmitt verið mest hjá fólki á aldrinum 18 til 49 ára.



Stewart hefur einnig verið tíður gestur í spjallþáttum Jays Leno og Davids Letterman þar sem hann hefur látið allt flakka.

Hann studdi demókratann John Kerry í forsetakosningum Bandaríkjanna árið 2004 og hefur ekki sparað gagnrýni á forsetann George W. Bush í þætti sínum.

Stewart tekur við sem kynnir af leikaranum Chris Rock sem fékk misjafna dóma fyrir frammistöðu sína á síðustu óskarshátíð. Gerði hann m.a. grín að Jude Law sem féll í heldur grýttan












# Sjö lög og trommuheili

Þriðja breiðskífa rokksveitarinnar Singapore Sling, Taste the Blood of Singapore Sling, er að koma út eftir þó nokkra bið. Platan átti síðast að koma út á Þorláksmessu en einhverjar tafir urðu á vinnslu hennar.

Síðasta plata Singapore Sling, Life is Killing My Rock N´Roll kom út 2004 var ágætt framhald af fyrstu plötunni The Curse of Singapore Sling sem kom út tveimur árum áður. Rykugt eyðimerkurrokkið var í fyrirrúmi og töffaraskapurinn meiri en nokkru sinni fyrr. Áður hafði sveitin gefið út hina 8-laga demóplötu Overdrive í einungis þrjátíu eintökum.

Nýir meðlimir hafa bæst við Singapore Sling síðan síðast. Eru það gítarleikarinn Hákon Aðalsteinsson, sem semur tvö lög og útsetur með forsprakkanum Henrik Björnssyni, og bassaleikarinn Bíbí sem áður var í Kolrössu Krókríðandi.

Henrik segir að nýja platan sé styttri en sú síðasta, það sé helsti munurinn á gripunum tveimur. „Það eru sjö lög á þessari plötu og þetta var tekið upp með trommuheila og unnið mjög hratt. Við tókum þetta upp sjálfir,“ segir Henrik.

Hann bætir því við að hugmyndin um að nota trommuheila hafi bara verið ákvörðun sem hafi verið tekin því upphaflega hugmyndin hafi verið að gefa út EP-plötu með trommuheila.

Henrik segist vera mjög ánægður með nýju plötuna. „Það er helvíti gott að geta tekið upp svona plötu á átta rása tæki við erfiðar aðstæður og án peninga.“

Singapore Sling hefur gert nokkuð af því að spila úti í heimi og játar Henrik að tónleikahald ytra sé á döfinni en ekkert hafi þó verið ákveðið enn. Platan kemur alla vega fyrst út hér heima en um þessar mundir er verið að ganga frá útgáfumálum við erlenda aðila.

freyr@frettabladid.is



**HENRIK BALDVIN BJÖRNSSON** Söngvari og forsprakki Singapore Sling segir að nýja platan hafi verið unnin mjög hratt.

# Ástin blómstraði sumarið 1967

Árið 1967, þegar sumar ástarinnar var og hét, hefur verið kjörið besta ár allra tíma í popptónlistinni.

Það voru hlustendur bresku útvarpsstöðvarinnar Radio 2 sem tóku þátt í könnuninni. Þetta ár gáfu Bítlarnir út Sgt. Pepper, Jimi Hendrix gaf út Are You Experienced? og bæði The Rolling Stones og Pink Floyd slógu í fyrsta sinn í gegn í Bandaríkjunum.

Þess má geta að meðalaldur hlustenda útvarpsstöðvarinnar er 51 ár og muna þeir því vel eftir þessu fræga sumri.

„Þetta var mjög mótandi tími fyrir mig því þarna var ég að fá áhuga á tónlist,“ sagði tónlistarmaðurinn Paul Weller í spjalli við Radio 2. „Þetta var ár þema-platnanna og þarna komu út margar frábærar smáskífur eins og See Emily Play eftir Pink Floyd.“

Í öðru sæti lenti árið 1957 en þá náði Elvis Presley-æðið hámarki sínu. Næst á eftir varð árið 1973 þegar Pink Floyd gáfu út The Dark Side of the Moon. Árið 1999 var kjörið versta árið í popptónlist fyrr og síðar. ■

**BESTU TÓNLISTARÁR ALLRA TÍMA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. 1967 | 2. 1957 | 3. 1973 | 4. 1966 |
| 5. 1969 | 6. 1979 | 7. 1976 | 8. 2005 |
| 9. 1994 | 10. 1984 | | |



**BÍTLARNIR** The Beatles gáfu út plötuna Sgt. Pepper´s Lonely Hearts Club Band árið 1967.

MORGUNBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 11 LAUGARDAG OG SUNNUDAG Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

www.sambioin.is




## ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 3.50-6-8.10-10.20 | |
| DOMINO | KL. 5.30-8.10-10.45 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-3-5-6-8-11 | |
| CRONICLES OF NARNIA VIP | KL. 2-5-8-11 | |
| KING KONG | KL. 6-9-10 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 2-3 | B.I. 10 |

## KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-5-7.45 | |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 6-8 | |
| SAW 2 | KL. 10.30 | B.I. 16 |
| GREEN STREET HOOLIGANS | KL. 10 | B.I. 16 |
| DRAUMALANDIÐ | KL. 2-4 | |

## AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| RUMOR HAS IT | KL. 6-8-10.30 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-5-8 | |
| KING KONG | KL. 10 | B.I. 12 |
| HARRY POTTER OG ELDB. | KL. 2 | B.I. 10 |

## KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| DOMINO | KL. 8-11 | B.I. 16 |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 11-2-5-8-10.30 | |
| KING KONG | KL. 8 | B.I. 12 |
| JUST LIKE HEAVEN | KL. 3.50-6 | |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 11-2-5 | B.I. 10 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 11-12.30-2 | |

Gleðilegt ár! SAMBÍÓIN

## HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| DOMINO | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| RUMOR HAS IT | KL. 5.30-8-10.05 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 2-3-5.30-8.10-10.45 | B.I. 12 |
| KING KONG | KL. 2-5.30-9 | B.I. 10 |
| HARRY POTTER OG ELDBIKARINN | KL. 2-5.30-8.15-11 | |

Háskólabíó

# FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikarinn Tom Cruise er efstur á lista yfir þá leikara sem þéna mest í Hollywood. Er þetta sjöunda árið í röð sem Cruise skipar efsta sætið á þessum lista. Þá er þetta í átjánda sinn sem hann hefur komist á meðal þeirra tíu efstu á listanum. Hjartaknúsarinn Johnny Depp er í öðru sæti á og er á undan leikurum á borð við Brad Pitt og Angelinu Jolie. Könnunin, sem hefur verið framkvæmd á hverju einasta ári síðan árið 1932, er gerð opinber um hver áramót.



Leikkonan Gwyneth Paltrow, sem gift er söngvara Coldplay, Cris Martin, hefur gefið það út að hún sé að undirbúa sig undir fæðingu annars barns þeirra hjóna. Hafa hjónakornin keypt fæðingarlaugar sem þau hafa sett á bæði heimili sín á Bretlandi og í Bandaríkjunum þar sem þau vilja að Paltrow eignist barnið í vatni. „Hún hugsaði sig lengi um hvort hún vildi gera þetta á þennan hátt og komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri besta aðferðin, bæði fyrir hana og barnið," sagði talsmaður leikkonunnar.



Scarlett Johansson hefur skrifað undir margra milljóna dollara samning við snyrtivörufyrirtækið L'Oreal þess efnis að hún verði andlit fyrirtækisins næstu árin. Fetar hún í fótspor frægra kvenna svo sem Natalie Imbruglia, Claudiu Schiffer og Millu Jovovich sem hafa áður gegnt þessu hlutverki. Skrifaði Johansson undir samninginn sama dag og samningur hennar við fataframleiðandann Calvin Klein rann út.

Jackie Chan og Danny DeVito munu leika í nýrri spennugamanmynd sem ber heitið 90 mínútur. Fjallar myndin um knattspyrnulið tveggja skóla sem reyna að vinna inn peninga fyrir skólana sína. Framleiðendur myndarinnar vilja að hún verði tilbúin fyrir heimsmeistaramótið sem hefst í Júní. Tökur hefjast í febrúar næstkomandi.











## Jóhannes til AZ Alkmaar?

Líklegt er að knattspyrnumaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson gangi til liðs við hollenska félagið AZ Alkmaar í Hollandi en með íslenski landsliðsmaðurinn Grétar Rafn Steinsson er á mála hjá félaginu. „Ég veit af áhuga AZ Alkmaar en málið er ekki komið lengra en það að svo stöddu. En ég reikna með að fara yfir stöðu mína með forráðamönnum Leicester City á næstu dögum."

# sport

sport@frettabladid.is

DAGUR SIGURÐSSON: ORÐAÐUR VIÐ ÞJÁLFARASTÖÐUNA HJÁ MAGDEBURG

## *Að sjálfsögðu hef ég áhuga á Magdeburg*



Þýskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að Dagur Sigurðsson, fyrrum landsliðsfyrirliði og núverandi þjálfari Bregenz í Austurríki, sé einn af þremur hugsanlegum eftirmönnum Alfreðs Gíslasonar hjá Magdeburg, en sem kunnugt er var Alfreð rekinn frá félaginu í fyrradag. Dagur er nefndur ásamt Bogdan Wenta, þjálfara pólska landsliðsins og aðstoðarþjálfara Flensburg, og Jens Pfänder, þjálfara TUS Lübbecke. Wenta þykir líklegastur þar sem koma hans myndi líklega verða til þess að þá héldi liðið frekar í pólsku landsliðsmennina Karol Bielecki og Grzegorz Tkaczyk sem eru algjörir lykilmenn í liðinu.

„Ég hef ekkert heyrt frá neinum í Magdeburg," sagði Dagur þegar Fréttablaðið spurði hann fregna í gær. Dagur hefur þjálfað lið Bregenz við góðan orðstír sl. tvö ár og lagði liðið meðal annars Magdeburg í Meistaradeildinni fyrr í vetur. „Ætli þessi meinti áhugi sé ekki tilkominn vegna sigurs okkar í þeim leik," segir Dagur. Þrátt fyrir að hann sé vel þekktur í Þýskalandi eftir góðan feril sem leikmaður þar í landi gera fjölmiðlar ytra að því skóna að að reynsluleysi Dags sem þjálfari verði til þess að fæla forráðamenn Magdeburg frá.

„Ég hef áður sagt frá því að ég hafi mikinn áhuga á að taka við einhverjum af toppliðunum í Þýskalandi og að sjálfsögðu hef ég áhuga á Magdeburg," segir Dagur sem er nýbúinn að framlengja samning sinn við Bregenz til tveggja ára. „Mér líður mjög vel hér og ég er eiginlega ekki í aðstöðu til að velta mér upp úr þessum hlutum. Þó að það gæti verið að Bregenz myndi ekki standa í vegi fyrir mér ef tilboð kæmi frá Magdeburg þá er það ekki mitt að ákveða hvað verður. Ég er samningsbundinn Bregenz."

## > Fjölnota íþróttahús hjá FH

Ákveðið hefur verið reisa fjölnota íþróttahús og stúku við íþróttasvæði FH í Kaplakrika. Aðstaðan verður öll hin glæsilegasta og er meðal annars áætlað að áhorfendastúkan muni taka nokkur þúsund áhorfendur í sæti. Það ætti því að vera hægt að mynda skemmtilega stemmingu í gryfjunni í Kaplakrika þar sem áhorfendur sitja þétt upp við völlinn. Hver veit nema landsleikir Íslands verði spilaðir á Kaplakrikavelli í framtíðinni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

4 5 6 **7** 8 9 10

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.00 **Grótta** og **ÍBV** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta á Seltjarnarnesi.
- 14.00 **KFÍ** og **Haukar B** mætast í bikarkeppni Lýsingar og KKÍ kvenna í körfubolta á Ísafirði.
- 15.00 **Fram** og **KA/Þór** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Safamýrinni.
- 16.00 **ÍS** og **Fjölnir** mætast í bikarkeppni Lýsingar og KKÍ kvenna í körfubolta í Kennaraháskólanum.
- 16.00 **Grindavík** og **KR** mætast í bikarkeppni Lýsingar og KKÍ kvenna í körfubolta í Grindavík.
- 16.00 **KR B** og **Grindavík** mætast í bikarkeppni Lýsingar og KKÍ karla í körfubolta í DHL-höllinni.
- 16.15 **Stjarnan** og **Víkingur** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Ásgarði.
- 16.15 **HK** og **FH** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Digranesi.
- 18.15 **Haukar** og **Tindastóll** mætast í bikarkeppni Lýsingar og KKÍ kvenna í körfubolta á Ásvöllum.

### SJÓNVARP

- 09.25 **Inside the PGA Tour** á Sýn.
- 12.20 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Hull** og **Aston Villa.**
- 15.00 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Torquay** og **Blacburn.**
- 16.50 **Ensku mörkin** á Sýn. Mörkin úr ensku 1. deildinni.
- 17.20 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Luton** og **Liverpool.**
- 19.20 **Bestu bikarmörkin** á Sýn. Bikarveisla að hætti Liverpool.
- 20.15 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Espanyol** og **Barcelona.**
- 22.50 **Box** á Sýn. Útsending frá bardaga **Ricky Hatton** og **C. Maussa.**

# Erfitt að skíða fullur

**Bandaríski skíðakappinn Bode Miller opnaði sig í viðtali við 60 mínútur og segist hafa skíðað fullur. Miller útilokar ekki að endurtaka leikinn.**

**SKÍÐI** Bode Miller er einn besti og þekktasti skíðamaður heims í dag. Hann er einnig ákaflega umdeildur enda þekktur glaumgosi sem lætur sér fátt fyrir brjósti brenna. Miller játaði í viðtali við sjónvarpsþáttinn 60 mínútur að hann hefði skíðað fullur og þótt það sé lífshættulegt útilokar hann ekki að endurtaka leikinn.

„Það er svo sannarlega mikil áskorun að komast klakklaust niður brautina drukkinn. Það er mjög erfitt að skíða fullur," sagði Miller en ummæli hans eiga vafalítið eftir að hrista vel upp í skíðaheiminum. „Þegar þú ert í svigi er hættulegt að fara aðeins of seint inn í hliðið. Maður er að leggja líf sitt í hættu. Þetta er eins og að keyra fullur fyrir utan að það eru engin lög sem banna þér að skíða fullur. Ég vil samt ekki þvertaka fyrir að ég muni prófa að skíða fullur einhvern tímann síðar."



**GLAUMGOSI** Bandaríska skíðakappanum Bode Miller líkar ljúfa lífið og á það til að bregða sér á skíði undir áhrifum. Jafnvel þegar hann er að keppa. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Miller er mikill glaumgosi eins og áður segir og missir af fáum partíum. Hann segir að þetta stanslausa partíhald hafi oft haft áhrif á frammistöðu hans í brekkunni.

„Það hafa verið stundir þar sem ég hef verið í mjög slæmu ástandi efst í brekkunni," sagði Miller sem er núverandi heimsmeistari í samanlögðu og tvöfaldur silfurverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Salt Lake City. „Fólk vill að ég vinni endalaus verðlaun en mér er alveg sama hvað annað fólk segir."

henry@frettabladid.is



**ALFREÐ GÍSLASON** Alfreð tekur því nú rólega í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Stuðningsmenn Magdeburg:

## Vildu halda Alfreð lengur

**HANDBOLTI** Ekki voru allir á eitt sáttir með það að Alfreð Gíslason handboltaþjálfari hafi verið látinn fara frá þýska félaginu Magdeburg en hann var vinsæll með stuðningsmanna félagsins.

Borði var hengdur upp í íþróttahöllinni í Magdeburg þar sem á stóð „takk fyrir allt".

Fjölmiðlar í Þýskalandi greindu einnig frá því að aðdáendur Magdeburg hefðu ekki haft neitt á móti Alfreð sem þjálfara, þrátt fyrir að gengi liðsins hefði ekki verið eins og þeir vildu.

Alfreð er nú í fríi en hann tekur við liðið Gummersbach á næsta ári. - mh

Nýr þjálfari hjá FH:

## Dragi Pavlov ráðinn til FH

**FÓTBOLTI** Dragi Pavlov hefur verið ráðinn þjálfari meistara- og 2. flokks kvenna hjá FH en hann tekur við af Aðalsteini Örnólfssyni sem hætti seint á síðasta ári.

Pavlov er 42 ára gamall og uppalinn í Makedóníu. Hann á langan feril að baki sem atvinnumaður í knattspyrnu og lék meðal annars með franska liðinu Sedan í efstu deild í Frakklandi.

Pavlov kom til Íslands árið 1998 til þess þjálfa Neista á Djúpavogi en flutti sig fljótt til Egilsstaða þar sem hann var yfirþjálfari yngri flokka félagsins.

Pavlov hefur síðan meðal annars þjálfað hjá Stjörnunni og Knattspyrnuakademíu Íslands. Markmiðið með ráðningu Pavlovs er að stórefla meistaraflokk félagsins. - mh

Sam Allardyce, knattspyrnustjóri Bolton:

## Talar ekki aftur við BBC

**FÓTBOLTI** Sam Allardyce, knattspyrnustjóri enska úrvalsdeildarfélagsins Bolton, segist ekki ætla að tala aftur við fjölmiðlamenn breska ríkisútvarpsins eftir að útvarpsþáttastjórnandinn Alan Green gagnrýndi leikstíl liðsins eftir 2-2 jafntefli við Liverpool. „Ég hef rætt við stjórnarformanninn um að slíta öllu sambandi leikmanna minna við BBC og hann styður mig fullkomlega í því."

Green er afar umdeildur útvarpsmaður en þættir hans um enskan fótbolta eru mjög vinsælir í Englandi. Allardyce efast þó um að það sé BBC til framdráttar að hafa Green í vinnu hjá fyrirtækinu. „Ég myndi ekki treysta Green fyrir neinum störfum hjá Bolton," sagði Allardyce reiður eftir að hafa heyrt umfjöllun hans um leikstíl Bolton.

Roy Keane og knattspyrnustjórarnir Alex Ferguson, Joe Royle og David Moyes neita allir að tjá sig við Alan Green eftir óvægna gagnrýni hans á félög þessara manna. - mh



**SAM ALLARDYCE** Farinn í fjölmiðlabann hjá BBC eftir að fréttmaður þar á bæ vogaði sér að gagnrýna lið hans.

Kvennalið Hauka leikur í Evrópukeppninni:

## Leikmenn verða að ná fram sínu allra besta

**HANDBOLTI** Kvennalið Hauka mætir í dag króatíska liðinu RK Podravka Vegeta á Ásvöllum í Evrópukeppninni í handbolta en seinni leikurinn í einvíginu fer fram á morgun á sama stað.

Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka, segir króatíska liðið vera ógnarsterkt. „Það er ljóst að við erum að fara mæta mjög sterku liði. Það komst í úrslitaleik í Evrópukeppni bikarhafa í fyrra og það hefur verið einkar sigursælt á síðustu tíu árum. Liðið er ósigrað í deildinni heima fyrir og þá vann liðið æfingamót í Sviss milli jóla á nýárs en þar voru sterk lið frá Þýskalandi og Danmörku."

Guðmundur segist hafa kynnt sér leikstíl króatíska liðsins vel en hann hefur skoðað myndbandsupptökur af liðinu að undanförnu. „Það hafa öll lið veikleika og þetta lið er engin undantekning. Við þurfum að eiga virkilega góðan leik til þess að eiga möguleika á sigri í leiknum. En ég hef trú á mínu liði og ef allar stelpurnar verða einbeittar og tilbúnar í leikinn frá byrjun, þá eigum við möguleika á sigri. Við höfum æft virkilega vel undanfarna mánuði og vonandi tekst okkur að sýna allar okkar bestu hliðar." - mh

DHL-deild kvenna í handbolta hefst í dag eftir langt hlé:

## Fyrstu leikir ársins fara fram í dag

**HANDBOLTI** DHL-deild kvenna hefst að nýju í dag eftir langt frí með fjórum leikjum.

Díana Guðjónsdóttir, þjálfari meistara- og unglingaflokks hjá HK, segir fríið hafa komið sér vel fyrir lið sitt en mikill meirihluti leikmanna í meistaraflokknum er ennþá gjaldgengur í unglingaflokkinn. „Ég er nokkuð sátt við mitt lið það sem af er keppni í deildinni. Fríið hentar mínu liði ágætlega þar sem stór hluti stelpnanna var að spila með unglingaflokknum fram í desember, þannig að þetta var nú ekki voðalega langt frí fyrir mínar stelpur."



**HINGAÐ OG EKKI LENGRA** Aukse Vysniauskaité hjá HK sést hér í baráttu við einn leikmanna Hauka fyrr í vetur.

Keppni í DHL-deild kvenna hefur verið jöfn og spennandi í vetur. Haukar eru efstir í deildinni með tólf stig en ÍBV og Stjarnan koma næst með ellefu stig. „Deildin hefur þróast með svipuðum hætti og ég bjóst við. Það verður spennandi að sjá hvernig liðin bregðast við breytingum á leikmannahópunum."

HK tekur á móti liði FH á heimavelli sínum í Digranesi á morgun. Díana á von á hörkuleik. „Við munum sakna Tatjönu Zukovsku í leiknum en hún verður í banni. Það mun skipta miklu máli fyrir okkur en ég hef fulla trú á mínu liði og við ætlum okkur að sjálfsögðu sigur í leiknum."

Þrír aðrir leikir fara fram í dag. Stjarnan tekur á móti Víkingi á heimavelli sínum í Garðabæ, Fram fær KA/Þór í heimsókn og Grótta fær ÍBV í heimsókn. - mh

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# LENDA STÓRU LIÐIN Í VANDRÆÐUM?

| | | | |
|---|---|---|---|
| Í DAG | 12:20 | FA CUP | HULL - ASTON VILLA |
| | 14:50 | FA CUP | TORQUAY - BIRMINGHAM |
| | 16:50 | FA CUP | LUTON - LIVERPOOL |
| | 20:50 | SPÆNSKI | ESPAÑOL - BARCELONA |
| Á MORGUN | 13:50 | ÍTALSKI | SIENA - INTER |
| | 15:50 | FA CUP | BURTON - MAN. UTD. |
| | 18:20 | FA CUP | LEICESTER - TOTTENHAM |
| | 17:55 | SPÆNSKI | VILLARREAL - REAL MADRID* |
| | 20:20 | SPÆNSKI | VILLARREAL - REAL MADRID |

*Sýn Extra

# ENSKI BIKARINN



sýn
besta sætið

GOTT FÓLK McCANN




**ALLEN IVERSON** Hefur metnað fyrir hönd landsliðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Allen Iverson:

## Vill spila með landsliðinu

**KÖRFUBOLTI** Allen Iverson hefur lýst því yfir að hann vilji spila með bandaríska landsliðinu á HM 2006 sem og á Ólympíuleikunum 2008.

Þessa dagana fara forsvarsmenn körfuboltasambandsins á milli borga og ræða við helstu stórstjörnur NBA-deildarinnar um hug þeirra til landsliðsins en ansi stór skörð voru höggvin í landsliðið sem spilaði á ÓL í Aþenu þar sem liðið beið afhroð.

Shaquille O´Neal, Dwayne Wade og Tim Duncan munu gefa svar við því á næstu dögum hvort þeir vilji vera með landsliðinu en fyrir utan Iverson hefur Kobe Bryant þegar gefið jákvætt svar um að spila með landsliðinu.



**PATRICE EVRA** Evra hefur leikið stórt hlutverk í landsliði Frakka síðustu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Man. Utd styrkir vörnina:

## Evra búinn að skrifa undir

**FÓTBOLTI** Franski landsliðsmaðurinn Patrice Evra, sem leikið hefur með Mónakó í frönsku knattspyrnunni, gekk í gær til liðs við Manchester United.

Man. Utd. þurfti að greiða fimm og hálfa milljón punda fyrir Evra, eða um 650 milljónir íslenskra króna. Þetta er annar leikmaðurinn sem Manchester United fær til liðs við sig en báðir leikmennirnir eru varnarmenn. „Allt er nú frágengið. Við höfum fylgst með honum síðan í september þegar Gabriel Heinze meiddist,“ sagði Alex Ferguson, en Evra leikur í stöðu vinstri bakvarðar. **- mh**

West Ham á markaðnum:

## West Ham á eftir Zigic

**FÓTBOLTI** West Ham hefur boðið Nikola Zigic, 24 ára gamlan framherja Rauðu Stjörnunnar frá Belgrad.

Yfirmaður knattspyrnumála hjá Rauðu Stjörnunni, Stevan Stojanovic, segir þó ekki koma til greina að selja Zigic fyrr en eftir að yfirstandandi keppnistímabili lýkur. „Við héldum fund þann fimmta janúar í París með forráðamönnum nokkura liða sem hafa áhuga á því að fá Zigic til liðs við sig. Við greindum frá því að við höfum ekki áhuga á því að selja Zigic fyrr en í vor.“

West Ham hefur gengið vonum framar það sem af er tímabili en Alan Pardew, knattspyrnustjóri félagsins, hefur hug á því að styrkja liðið með tveimur leikmönnum nú í janúar. **- mh**

# Gamlar kempur spila með Bumbunni

**B-lið KR, betur þekkt sem KR-Bumban, hefur safnað saman gömlum kempum félagsins til að spila gegn Grindavík í 16-liða úrslitum bikarkeppninnar í dag. Þá mun liðið tefla fram mjög öflugum erlendum leikmanni.**

**KÖRFUBOLTI** Fyrir rúmum níu mánuðum var Melvin Scott að spila fyrir North Carolina í úrslitarimmu bandarísku háskóladeildarinnar. 40 þúsund manns mættu á opna æfingu liðsins og í úrslitaseríunni, þar sem North Carolina sigraði Illinois í sex leikjum, mættu að jafnaði 46 þúsund manns á leikina. Eftir stutt stopp í grísku og þýsku úrvalsdeildinni fyrr í vetur er Melvin genginn til liðs við KR-Bumburnar og mun spila með þeim einn leik, gegn Grindavík í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar í dag.

„Umboðsmaður minn sagði mér frá stöðu KR-B hér á Íslandi, ég er á milli samninga í augnablikinu og hafði engu að tapa ¿ þess vegna ákvað ég að slá til,“ sagði Melvin við Fréttablaðið, spurður um hvað í ósköpunum maður með hans bakgrunn væri að hugsa með því að spila með B-liði KR, KR-Bumbunni, í einum bikarleik. „Ég er að reyna að fá langtímasamning við eitthvert félag og vonast til að þessi leikur verði til þess að opna einhverja möguleika fyrir mig á Íslandi,“ bætti Melvin við en hann var í æfingabúðum með Utah Jazz í sumar en komst ekki að hjá liðinu fyrir tímabilið.

Ljóst er koma Melvins er mikill hvalreki á fjörur KR-Bumbunnar sem ætlar sér stóra hluti gegn úrvalsdeildarliði Grindavíkur. Liðið hefur safnað saman gömlum kempum sem spila munu leikinn, menn á borð við Hermann Hauksson, Ólaf Jón Ormsson, Pál Kolbeinsson og fleiri, og nú síðast bættist hinn meiðslum




**GOTT TEYMI** Hér sjást þjálfararnir Einar Bollason og Laslo Nemeth, fyrirliðinn Lárus Árnason, erlendi leikmaðurinn Melvin Scott og Böðvar Eggert Guðjónsson, formaður körfuknattleiksdeildar KR. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

hrjáði Baldur Ólafsson við í hópinn. Þjálfarateymi liðsins er ekki af verri endanum; Hörður Gauti Gunnarsson er aðalþjálfari en honum til aðstoðar verða þeir Ingi Þór Steinþórsson, Einar Bollason og sjálfur Laslo Nemeth, en allir eiga þeir það sameiginilegt að hafa stýrt KR-ingum til Íslandsmeistaratitils.

„Þetta er orðið hörkulið hjá KR-ingum og þarna eru leikmenn sem ég ber mikla virðingu fyrir,“ sagði Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur. „Það er ekkert nema gott um þennan liðssöfnuð KR að segja og ég held að þetta geti orðið mjög skemmtilegur og fróðlegur leikur,“ segir Páll Axel. Lárus Árnason, fyrirliði KR-Bumbunnar, segir að lykillinn að sigri þeirra sé að halda hraðanum í leiknum niðri. „Það segir sig sjálft að við erum ekki í jafn góðu formi og leikmenn Grindavíkur en með réttu skipulagi teljum við okkur eiga möguleika,“ segir hann.

Melvin segir það vissulega skjóta svolítið skökku við að vera að spila með liði sem kennir sig við bumbu því sjálfur er hann í mjög góðu formi. „En mér er sagt að við séum að fara að spila gegn mjög góðu liði svo að ég held að það skemmi ekkert fyrir að hafa einn og einn leikmann sem er ekki með bumbu. En ég er ekki kominn hingað til að láta valta yfir mig. Við stefnum á að vinna þennan leik,“ segir Melvin og Lárus tekur í sama streng. „Það er alveg ljóst að við förum í þennan leik til að sigra.“

vignir@frettabladid.is



**MELVIN SCOTT** Var hluti af sigurliði North-Carolina í háskóladeildinni í Bandaríkjunum síðasta vor. Þannig fetaði hann í fótspor Michaels Jordan sem einnitt varð meistari með North Carolina árið 1982. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES




**UNDIRBÚNINGURINN HAFINN** Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari sést hér stjórna lærisveinum sínum í íslenska liðinu á fyrstu æfingunni fyrir EM í Sviss. Fyrsti leikur Íslands á EM er gegn Serbum 26. janúar og hefur Viggó því þrjár vikur til að fínpússa leikkerfin og þjappa mönnum saman fyrir átökin sem framundan eru. Fimmtán leikmenn mættu á þessa fyrstu æfingu liðsins en Jaliesky Garcia var fjarverandi og er ekki útséð hvort að hann geti tekið þátt á mótinu. Landsliðið mun líklega æfa tvisvar á dag fram að æfingaleikjum gegn Noregi og Katar í lok næstu viku. Undirbúningnum lýkur síðan með tveimur æfinaleikjum gegn Frökkum hér heima 19. og 21. janúar áður en haldið verður til Sviss. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Alex Ferguson að gera allt vitlaust á Englandi með ummælum sínum:

# Chelsea þarf að fá malaríu

**FÓTBOLTI** Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, olli miklu fjaðrafoki í knattspyrnuheiminum á Englandi þegar hann sagði leikmenn Chelsea þurfa að veikjast af malaríu ef önnur lið í úrvalsdeildinni ættu að eiga möguleika á sigri í deildinni.

„Maður veit aldrei hvað gerist í fótboltanum. Kannski gerir malaría vart við sig á æfingasvæði Chelsea. Það þarf eitthvað svoleiðis að gerast. En ég trúi því að á einhverjum tímapunkti munum við ná Chelsea. Það eru



**ALEX FERGUSON OG CARLOS QUEIROS** Ferguson sést hér stýra æfingu hjá Man. Utd ásamt aðstoðarmanni sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

margir ungir leikmenn í hópnum hjá okkur sem eru alltaf að verða betri og betri.“

Yfirburðir Chelsea í ensku úrvalsdeildinni voru miklir á síðasta ári en svo virðist sem ekkert félag geti ógnað því eins og staða mála er nú. Ferguson telur þó bilið á milli Chelsea og annarra liða alltaf vera að minnka.

„Það er erfitt að halda liði á toppnum ár eftir ár. Ég efast um að Chelsea nái að halda sér í efsta sætinu í mörg ár en það er alveg ljóst að við, líkt og öll önnur lið í deildinni, þurfum að bæta okkur mikið til þess að hægt verði að minnka bilið á milli Chelsea og annarra liða,“ sagði Ferguson. **- mh**




**SHAUN ALEXANDER** Hefur farið á kostum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ameríski fótboltinn:

## Alexander valinn bestur

**NFL** Shaun Alexander, hlaupari Seattle Seahawks, hefur verið valinn besti leikmaður NFL-deildarinnar en hann setti met á leiktíðinni þegar hann skoraði 28 snertimörk. Alexander leiddi einnig deildina með flesta hlaupametra.

Hann tekur við titlinum af Peyton Manning, leikstjórnanda Indianapolis Colts, sem hafði verið valinn bestur tvö síðustu ár. Manning leið nokkuð fyrir það í kjörinu að hafa hvílt síðustu leiki þar sem Colts var löngu búið að rúlla upp deildinni. **- hbg**

Martina Hingis:

## Tapaði í undanúrslitum

**TENNIS** Tennisdrottningin Martina Hingis frá Sviss tapaði fyrir ítölsku stúlkunni Flaviu Penneta í undanúrslitum á sínu fyrsta móti í þrjú ár.

Hin 25 ára gamla Hingis varð að leggja skóna á hilluna vegna meiðsla á sínum tíma en virðist hafa endurheimt heilsuna og árangurinn á þessu móti var framr björtustu vonum en Hingis tekur í kjölfarið þátt á opna ástralska meistaramótinu sem er fyrsta stórmót ársins. **- hbg**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„The media is like the weather, only it's man-made weather.“**

**Svar:** Mickey úr kvikmyndinni Natural Born Killers frá árinu 1994.

# dagskrá

## Í TÆKINU TOBEY MAGUIRE LEIKUR Í SPIDER-MAN 2 Á STÖÐ 2 KLUKKAN 21.35

# *Var mútað af móður sinni*



Tobey Maguire fæddist í Kaliforníu árið 1975. Faðir hans var tvítugur kokkur og móðirin átján ára var ritari en þau skildu aðeins tveimur árum eftir fæðingu Tobeys.

Sökum skilnaðarins flutti Tobey oft í æsku og bjó meðal annars í Kaliforníu, Oregon og Washington. Hann hætti í skóla í níunda bekk og vildi verða kokkur. Móðir hans bauð honum hins vegar 10.000 krónur fyrir að fara í leiklist og hann tók því.

Á næstu árum lék Tobey í fjölmörgum auglýsingum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. Í prufu fyrir þættina Parenthood kynntist hann besta vini sínum, Leonardo DiCaprio.

Árið 1997 lék Tobey í myndinni The Ice Storm og hlaut mikla athygli fyrir leikinn. Í framhaldinu bauðst honum aðalhlutverk í fjölmörgum myndum, meðal annars í Pleasantville, The Cider House Rules og Wonder Boys.

Árið 2002 festi Tobey sig endanlega í sessi sem stjarna þegar hann lék í myndinni Spiderman. Hann hefur nú einnig leikið í mynd númer tvö og þriðja myndin um Spiderman mun koma árið 2007.

Tobey er grænmetisæta, forðast fíkniefni og áfengi og er í AA-samtökunum. Hann hefur gaman af því að elda, spila skák og póker.

Þrjár bestu myndir Tobeys: **Spider-Man** – 2002 **Wonder Boys** – 2000 **The Ice Storm** – 1997



▶ **20.10** *Kvikmyndir*

MEISTARA-VERKIÐ



▶ **21.35** *Spenna*

SPIDERMAN 2



▶ **21.20** *Spenna*

HEX



▶ **20.00** *Gaman*

ALL OF US



▶ **16.50** *Fótbolti*

LUTON – LIVERPOOL

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís (36:52) **8.08** Kóalabræður (48:52) **8.19** Fæturnir á Fanney (6:13) **8.32** Franklín (74:78) **8.58** Konráð og Baldur **9.11** Konráð og Baldur **9.26** Gormur (51:52) **9.50** Gló magnaða **10.00** Kóalabirnirnir **10.25** Stundin okkar **11.00** Kastljós **11.30** Formúla 1 2005

**12.30** Íþróttamaður ársins 2005 **14.10** Íslandsmótið í blaki **16.05** Íslandsmótið í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Hope og Faith (37:51)

**18.30** **Frasier** (Frasier XI) e.
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Hljómsveit kvöldsins** Sálin flytur nokkur lög. Kynnir er Magga Stína.
▶ **20.10** **Meistaraverkið** (Mr. Holland's Opus) Bandarísk bíómynd frá 1995 um tónskáld sem fer að kenna til að eiga fyrir salti í grautinn og ætlar að semja meistaraverkið sitt í frístundum. Leikstjóri er Stephen Herek og meðal leikenda eru Richard Dreyfuss, Glenne Headly, Jay Thomas, Olympia Dukakis og William H. Macy.
**22.35** **Arfurinn** (Arven) Dönsk verðlaunamynd frá 2003 um mann sem stendur frammi fyrir erfiðum spurningum þegar pabbi hans deyr og ætlast er til þess að hann taki við fjölskyldufyrirtækinu.

**0.20** Elskhugi að atvinnu (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e) **1.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Jellies **7.25** Músti **7.30** Ljósvakar **7.40** Pingu **7.45** Grallararnir **8.10** Barney 4 – 5 **8.35** Kærleiksbirnirnir (58:60) **8.50** Með afa **9.45** Kalli á þakinu **10.10** Spirit: Stallion of the Cimarron **11.35** Home Improvement 3 (9:25)

**12.00** Hádegisfréttir **12.15** Bold and the Beautiful **14.40** Idol – Stjörnuleit 3 **15.35** Idol – Stjörnuleit 3 **16.10** Meistarinn (2:21) **17.10** Sjálfstætt fólk **17.45** Martha

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.54** **Lottó**
**19.00** **Íþróttir og veður**
**19.15** **The Comeback** (Endurkoman) Glænýir gamanþættir með Lisu Kudrow, betur þekkt sem Phoebe úr Vinum.
**19.40** **Stelpurnar (18:20)**
**20.05** **Bestu Strákarnir**
**20.35** **Það var lagið**
▶ **21.35** **Spider-Man 2** (Köngulóarmaðurinn 2) Í þessari framhaldsmynd Sams Raimis um Köngulóarmanninn þarf hin rauðklædda hetja að glíma við illmennið Kolkrabba, leikinn af Alfred Molina, sem eins og sönnu illmenni sæmir hefur í hyggju að leggja undir sig heiminn. Meðal leikanda eru Kirsten Dunst og Tobey Maguire. Bönnuð börnum.

**23.45** Conviction (Stranglega bönnuð börnum) **1.30** Sniper 2 (Stranglega bönnuð börnum) **3.00** Threshold (Stranglega bönnuð börnum) **4.25** Juwanna Mann **5.55** Fréttir Stöðvar 2 **6.40** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**17.35** Party at the Palms (7:12) **18.00** Friends 5 (22:23) (e)

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Game TV**
**19.30** **Fabulous Life of (8:20)** (Fabulous Life of: Tom Cruise)
**20.00** **Friends 5 (23:23) (e)**
**20.25** **Friends 6 (1:24) (e)**
**20.50** **Sirkus RVK (10:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn á öllu því heitasta sem er að gerast.
▶ **21.20** **HEX (14:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Bönnuð börnum.
**22.05** **Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
**22.35** **Girls Next Door (10:15)** (Ghostbusted) Bönnuð börnum.

**23.00** Paradise Hotel (27:28) **23.45** Ken Park (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁREINN

**11.00** 2005 World Pool Championship

**12.30** Rock Star: INXS (e) **14.10** Charmed (e) **15.00** Jamie Oliver's School Dinners (e) **16.00** Lítill heimur (e) **17.00** Fasteignasjónvarpið **18.00** The King of Queens (e)

**18.30** **Will & Grace (e)**
**19.00** **Family Guy (e)**
**19.30** **Malcolm In the Middle (e)**
▶ **20.00** **All of Us** Sjónvarpsmaðurinn Robert James er að skilja við fyrrverandi konuna sína. Hann fær skilnaðarpappírana í hendurnar og spyr ungan son sinn hvort hann eigi að giftast núverandi kærustunni eða ekki.
**20.25** **Family Affair**
**20.50** **The Drew Carey Show** Stórundarlegir þættir um stórskrítið fólk.
**21.15** **Australia's Next Top Model** .
**22.45** **Hearts of Gold** Forboðin ást á tímum íhaldssemi og stéttaskiptingar. Ung kona af lægri stéttum fellur fyrir ríkum lækni og þarf að berjast við fordóma.

**23.30** Stargate SG-1 (e) **0.15** Law & Order: SVU (e) **1.00** Boston Legal (e) **1.45** Ripley's Believe it or not! (e) **2.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.00** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**8.55** US PGA Tour 2005 – Highlights **9.50** NBA 2005/2006 – Regular Season **11.50** Preview Show 2006

**12.20** FA Cup 2005 **14.30** FA Cup 2005 ▶ **16.50** Ensku mörkin **17.20** FA Cup 2005

**19.20** **Bestu bikarmörkin** (Liverpool – The Greatest Games) Bikarveisla að hætti Liverpool en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).
**20.15** **NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**20.50** **Spænski boltinn** (Espanyol – Barcelona)
**22.50** **Hnefaleikar** (Box – Ricky Hatton vs. Carlos Maussa) Endursýning frá hnefaleikakeppni í Bretlandi síðan í nóvember. Skærasta stjarna Breta í boxheiminum mætti í hringinn. Fyrr á árinu hafði hann mætt Kostya Tszyu og rotaðihann. Hér berst hann við Carlos Maussa.

**0.50** FA Cup 2005

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Spy Kids 3-D: Game Over **8.00** Cosi **10.00** Since You Have Been Gone **12.00** Dirty Dancing: Havana Nights **14.00** Spy Kids 3-D: Game Over **16.00** Cosi **18.00** Since You Have Been Gone **20.00** **Dirty Dancing: Havana Nights** (Í djörfum dansi: Havananætur) **22.00** **Confidence** (Svik)Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Girl Fever (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Robocop 2 (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Confidence (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** 101 Craziest TV Moments **13.00** 101 Craziest TV Moments **14.00** E! News Special **14.30** Celebrity Soup **15.00** Uncut **16.00** The E! True Hollywood Story **18.00** 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts **19.00** E! News Weekend **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News Special **23.30** Girls of the Playboy Mansion **0.00** Wild On Tara **0.30** Wild On Tara **1.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**13.30** Upphitun (e) **14.00** Charlton – Arsenal frá 26.12 **16.00** West Ham – Chelsea **18.00** Bolton – Liverpool frá 2.1

**20.00** **Dagskrárlok**


*Hugmyndaríkar konur ...*

*... athugið!*

*Impra – nýsköpunarmiðstöð heldur námskeiðið*

**Brautargengi** *í Reykjavík og á Akureyri*

***fyrir konur sem vilja hrinda viðskiptahugmynd í framkvæmd og hefja eigin atvinnurekstur.***

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur:

- skrifi viðskiptaáætlun
- kynnist grundvallaratriðum stofnunar fyrirtækis
- öðlist hagnýta þekkingu á þeim þáttum sem koma að fyrirtækjarekstri, s.s. stefnumótun, markaðsmálum, fjármálum og stjórnun.

Námskeiðið byggist upp á fyrirlestrum, verkefnavinnu og persónulegri handleiðslu.

Tímabil: ***Kennt er á miðvikudögum frá kl. 12:30 - 17:00; frá 25. janúar til 3. maí 2006.***

Nánari upplýsingar og skráning eru á vefsíðu Impru, ***www.impra.is***, eða í símum ***570 7267*** og ***460 7974***. Skráningu lýkur ***23. janúar*** n.k. Takmarkaður fjöldi.

***Þátttakendur á Brautargengi hafa verið styrktir af eftirfarandi sveitarfélögum:*** Reykjavík, Kópavogi, Mosfellsbæ, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Akureyri.

BRAUTARGENGI

impra nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnun

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Martha Stöð 2 kl. 20.35

### *Fjölmiðladrottningin með nýjan spjallþátt*

*Athafnakonan Martha Stewart, snýr aftur.*



Nýir spjallþættir með fjölmiðladrottningunni og athafnakonunni Mörthu Stewart hefja göngu sína á Stöð 2 í dag. Martha snýr til baka tvíefld með skemmtilegan og áhugaverðan spjallþátt. Hún fær stjörnuvini sína í heimsókn, eldar og spjallar eins og henni einni er lagið. Áhorfendur í salnum taka virkan þátt í spjallþættinum ásamt fólki úti á götu og jafnvel áhorfendum heima í stofu. Húsfreyjan duglega sameinaði einnig krafta sína og auðjöfursins Donalds Trump, í þættinum The Apprentice: Martha Stewart sem Stöð 2 tekur til sýninga á næstunni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn

**12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmennaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Glópagull og gisnir skógar e **16.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. **17.03** Frjálsar hendur Illuga e. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur e. **20.00** Laugardagsmorgunn e. **22.00** Hádegisútvarpið e. **23.00** Bókmenntaþátturinn e.

**0.00** Úr skríni e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.50** Bæn **7.05** Laugardagur til lukku **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Alþjóðavæðingin á Íslandi **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútvarp **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Tónlist á laugardegi **14.30** Í leit að sjálfri sér **15.00** Bryn Terfel **16.10** Orð skulu standa **17.05** Til allra átta

**18.26** Grúsk **19.00** Ópera mánaðarins: Idomeneo **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Uppá teningnum **23.10** Danslög

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Geymt en ekki gleymt

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturvörðurinn

**0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **20.45**
*Spjall*

SÖGUR AF FÓLKI – MEÐ HELGU VÖLU

## NFS

**10.00** Fréttir **10.10** Sögur af fólki – með Helgu Völu **11.00** Helgin – með Eiríki Jónssyni

**12.00** Hádegisfréttir/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða **12.25** Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur **13.00** Dæmalaus veröld **13.15** Sögur af fólki **14.00** Fréttir **14.10** Helgin **16.00** Fréttir **16.10** Frontline **17.10** Skaftahlíð umræðuþáttur **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir/Yfirlit frétta og veðurs**
**19.10** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**19.45** **Helgin – með Eiríki Jónssyni**
▶ **20.45** **Sögur af fólki – með Helgu Völu**
**21.35** **Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**22.15** **Veðurfréttir og íþróttir**
**22.45** **Kvöldfréttir/Yfirlit frétta og verðurs**

**9.00** Sögur af fólki – með Helgu Völu

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Alpine Skiing: World Cup Adelboden Switzerland **13.30** Biathlon: World Cup Oberhof Germany **15.00** Tennis: ATP Tournament Doha Qatar **17.00** Darts: World Championship Lakeside United Kingdom **18.00** Football: Friendly Tournament Efes Cup **20.00** Supercross: Dortmund Germany **21.30** Rally: Rally Raid Dakar **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews report **22.45** Fight Sport: Fight Club **0.30** Rally: Rally Raid Dakar

**BBC PRIME**

**12.00** Yes Prime Minister **12.30** Passport to the Sun **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** Doctors **14.30** Doctors **15.00** Friends Like These **16.00** Top of the Pops 2 Specials **16.40** As Time Goes By **17.10** 2 point 4 Children **17.40** Living the Dream **18.40** Casualty **19.30** Star Portraits **20.00** The Kumars at Number 42 **20.30** Maria Callas: A Big Destiny **21.30** Absolutely Fabulous **22.00** Teen Species **22.50** This Life **23.30** Linda Green **0.00** Meet the Ancestors **1.00** The Private Life of a Masterpiece **2.00** Discovering Science

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** Hunter Hunted **13.00** Hunter Hunted **14.00** The Super Twisters **15.00** Eruption At Pinatubo **16.00** Hunter Hunted **17.00** Seconds from Disaster **18.00** Seconds from Disaster **19.00** Asteroid – The Doomsday Rock **20.00** War of the Worlds – The Real Story **21.00** Two Men Went to War **23.00** D-Day **0.00** D-Day **1.00** War of the Worlds – The Real Story

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Miami Animal Police **13.00** City Slickers **14.00** The Beauty of Snakes **15.00** Monkey Business **15.30** Meerkat Manor **16.00** Animals A-Z **16.30** Vets in the Sun **17.00** Crocodile Hunter **18.00** The Planet's Funniest Animals **18.30** The Planet's Funniest Animals **19.00** Going Ape **20.00** Born Among Bushmen and Lions **21.00** Biggest Nose in Borneo **22.00** Predator Bay **23.00** Predator's Prey **23.30** Predator's Prey **0.00** Miami Animal Police **1.00** Born Among Bushmen and Lions **2.00** Biggest Nose in Borneo

**DISCOVERY**

**12.00** The Greatest Ever **13.00** Performance **14.00** Rebuilding a Race Car Legend **15.00** Extreme Crash Tests **16.00** Europe's Richest People **17.00** Ray Mears' World of Survival **17.30** Ray Mears' World of Survival **18.00** Surviving Extreme Weather **19.00** Mean Machines **19.30** Mean Machines **20.00** American Chopper **21.00** American Hotrod **22.00** Rides **23.00** Trauma **0.00** DIY Surgery **1.00** FBI Files **2.00** Rebuilding a Race Car Legend






## HRÓSIÐ

*...fær Gerður Kristný Guðjónsdóttir rithöfundur fyrir að nýta sér þekkingu úr þáttunum American's next top model þegar hún lék í auglýsingu KB banka.*

## + NÚNA

**Fjaðrir.** Finndu paradísarfuglinn í sjálfri þér og skreyttu þig með fjöðrum.



**Jurtate.** Hreinsaðu líkamann með hollum jurtum. Prófaðu nýju íslensku heilsubótartein sem fást í versluninni Maður lifandi.





**Tangó.** Seiðandi og sexí tónlist frá Argentínu. Hressandi.



**Fölbleikur varalitur.** Þetta er ekkert nema ljótt, sérstaklega við sólarbrúnku.

## BÚIÐ ÷

**Salt.** Langar þig virkilega að tútna meira út?





**Diskó.** Það dó fyrir löngu.



**LÁRÉTT**
**2** berjast **6** utan **8** efni **9** stormur **11** frú **12** bolur **14** frumefni **16** tveir eins **17** gerast **18** viður **20** tveir eins **21** tegund.

**LÓÐRÉTT**
**1** ullar **3** tveir eins **4** jafningi **5** for **7** hagnýta **10** bergtegund **13** viljugur **15** ráf **16** frændbálkur **19** persónufornafn.

**LAUSN:**
**LÁRÉTT: 2** etja, **6** án, **8** tau, **9** rok, **11** fr, **12** stofn, **14** flúor, **16** ææ, **17** ske, **18** tré, **20** ii, **21** tagi.
**LÓÐRÉTT: 1** hárs, **3** tt, **4** jafnoki, **5** aur, **7** notfæra, **10** kol, **13** fús, **15** reik, **16** ætt, **19** ég.

## VEISTU SVARIÐ?

1. 1,4 milljarðar króna
2. Evo Morales
3. Gummersbach

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



TARANTINO Fór hamförum í lýsingum sínum á gamlárskvöldi Íslendinga og þá sérstaklega þegar kom að íslensku kvenfólki sem er gefið fyrir vín. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

TARANTINO: YFIRLÝSINGARNAR FARA FYRIR BRJÓSTIÐ Á LANDSMÖNNUM

# Eli Roth finnst félagi sinn hafa komið illa fram

Ummæli bandaríska leikstjórans Quentins Tarantino í spjallþætti Conans O'Brian hafa vakið mikla athygli. Lýsingar hans á léttúðugu íslensku kvenfólki sem kunni ekkert með brennivín að fara hafa farið fyrir brjóstið á mörgum en Tarantino sagði að í Bandaríkjunum þyrftir þú að kaupa áfengi handa stelpum til að fá þær heim með þér. Á Íslandi væri þessu öfugt farið því þá þyrftir þú að koma þeim heim áður en þær lognuðust útaf eða ældu yfir þig.

Katrínu Önnu Guðmundsdóttur, talskonu Femínistafélags Íslands, komu þessar yfirlýsingar ekkert sérstaklega mikið á óvart. „Það er einfaldlega búið að markaðsetja Ísland á þennan hátt," sagði hún. „Það eru gerðar út ferðir frá bæði Bandaríkjunum og Bretlandi þar sem markhópurinn er karlar og íslenskar konur eru beitan," bætti Katrín við og sagðist jafnframt hafa heyrt af því að íslenskar konur væru hættar að segja frá hvaða landi þær kæmu vegna áreitis þegar þær væru erlendis. Hún sagði að íslenskar konur hefðu vissulega orð á sér fyrir að vera mjög sjálfstæðar en þær yrðu því miður oft fyrir barðinu á tvöföldu siðferði. „Mér finnst það ekki vera merki um sjálfstæði þegar eingöngu er talað um hegðun annars kynsins," sagði hún og taldi ólíklegt að talað væri á þessum nótum um íslenska karlmenn. „Konur geta því ekki hagað sér eins og þær vilja án þess að vera dæmdar út frá einhverjum ákveðnum forsendum."



KATRÍN ANNA Segir þessar yfirlýsingar ekki koma sér á óvart enda sé þetta hluti af markaðsvæðingu Íslands.

Ísleifur B. Þórhallsson stóð að komu Tarantino hingað til landsins og sagði að þetta hefði komið sér mjög á óvart. „Ég hef ekki þekkt hann lengi en mér fannst þetta svolítið úr karakter. Hann talaði við okkur um mun jákvæðari hluti," segir Ísleifur og bætti við að þetta hefði enn fremur komið flestum í kringum hann spánskt fyrir sjónir. „Þetta viðtal bregður upp brenglaðri mynd af veru þeirra hér því stærsti hlutinn af dvölinni fór ekki í djamm," bætir Ísleifur við. „Við gerðum mikið af því að fara út í náttúruna, hitta skemmtilegt fólk og hann hafði orð á því. Það að þátturinn skuli hafa snúist um þetta kemur okkur því í opna skjöldu." Ísleifur heyrði í leikstjóranum Eli Roth sem er mikill Íslandsvinur og góður félagi Tarantino. „Hann tekur þetta mjög nærri sér og finnst þetta bæði leiðinlegt og ósanngjarnt."

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Jóni Sæmundi Auðarssyni, listamanni og eiganda Nonnabúðar, var að sjálfsögðu boðið í veislu Tarantinos á Rex um áramótin. Jón Sæmundur er að mála portrett af Tarantino, hefur selt honum fjölda af flíkum og eru þeir orðnir mestu mátar. Hins vegar varð Jón fyrir því leiða óhappi í VIP horni veislunnar að týna uppáhaldsfrakkanum sínum og myndavélinni sinni sem meðal annars geymdi myndir af börnunum hans á áramótabrennu. Jakkinn er forláta gripur úr svörtum striga frá Viktoríutímabilinu og er sárt saknað. **Jón Sæmundur** vonar að jakkinn og myndavélin hafi verið tekin í misgripum og sé ekki floginn til New York með Tarantino og kompaníi, og lýsir eftir honum. Hann bætti því við að hann hefði líka týnt kettinum sínum honum Villa, sem er svartur og hvítur, en hann hvarf þó ekki á Rex eins og fyrrnefndir hlutir.



Samfylkingin í Hafnarfirði undir forystu **Lúðvíks Geirssonar** bæjarstjóra þykir hafa sterka stöðu fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Samfylkingin er með hreinan meirihluta eins og er, sex bæjarfulltrúa á móti fimm fulltrúum Sjálfstæðisflokks. Það er hins vegar sundrung meðal sjálfstæðismanna eftir að allt fór í bál og brand hjá þeim í kringum prófkjör fyrir áramótin. Þá gæti listi sjálfstæðismann liðið fyrir reynsluleysi frambjóðenda. Vinstri grænir þykja ekki hafa sterka fótfestu í Hafnarfirði og Framsóknarflokkurinn missti fótfestu sína í þessu forna vígi jafnaðarstefnunnar. Lúðvík og hans lið er því sigurstranglegt en eins og gengur með sigursæla bæjarstjóra eru líkur á því að Lúðvík muni hasla sér völl á framboðslista Samfylkingarinnar til alþingiskosninga árið 2007. Það má segja að Guðmundur **Árni Stefánsson**, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði, hafi skilið eftir sig skarð fyrir Lúðvík að fylla eftir að hann hvarf af þingi til annarra starfa í Stokkhólmi. Jafnaðarmenn í Hafnarfirði gera að sjálfsgögðu eindregna kröfu um að þeir eigi sterkan leiðtoga úr kjördæminu á þingi þannig að ef Lúðvík heldur velli í bæjarstjórnarkosningunum í vor hlýtur leið hans inn á framboðslista til alþingiskosninga á næsta ári að vera greið.





STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Opið laugardaga 10-14
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Ekki tími til að þegja heldur segja

Damon Albarn mun koma fram með hljómsveitinni Ghostigital á tónleikunum til stuðnings náttúruvernd sem verða haldnir í Laugardalshöll í kvöld.

Albarn mun fyrst spila á munnorgel með sveitinni og síðan mun hann taka sér hljóðnema í hönd og syngja með Einari Erni. Munu þeir flytja nýtt lag sem þeir félagar sömdu saman.

Einar segist hafa verið beðinn um að taka þátt í tónleikunum og ekki viljað skorast undan því. „Það er ekki tími til að þegja heldur segja," segir Einar. Hann segist hafa fylgst ágætlega með umhverfismálum í gegnum tíðina. „Ég held að þessir tónleikar séu fyrsta skrefið í því ferli sem við eigum öll að vera hluti af, að fylgjast með og taka þátt. Við búum til framtíðina fyrir okkur sjálf og alla hina sem fylgja á eftir okkur. Þó að það sé eitthvað sem hefur verið samþykkt þá þarf ekki að samþykkja allt annað og talandi um blússandi velferð í þjóðfélaginu og annað þá hef ég ekki tekið eftir því sjálfur."



**EINAR ÖRN BENEDIKTSSON** Einar Örn kemur fram á tónleikunum með Damon Albarn.

Tónleikarnir í kvöld, sem hefjast klukkan 18.00, verða teknir upp og gerðir aðgengilegir á heimasíðunni damnation.tv í næstu viku. Auk Albarns og Ghostigital koma m.a. fram Björk, Sigur Rós, Mugison, Damien Rice, Ham og Egó, sem lokar kvöldinu. Uppselt er á tónleikana og segir Einar Örn það bera merki um hugarfar almennings í náttúruverndarmálum. „Það er merkilegt að það eru allir að tala um að listamenn hafi ákveðið að koma saman og spila en það er fátt sagt um að þarna verði 5.500 manns í viðbót."

# Stórútsalan í fullum gangi




REGATTA

GREAT OUTDOORS ™

**Opið um helgina**

**laugard. 10-18, sunnud. 13-17, virka daga 10 – 18**

**ÚTIVIST&SPORT**

*verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta*

**Reykjavík** Faxafen 12 S. 533-1550 **Akureyri** Strandgata 3 S. 464-4450 **Keflavík** Hafnargata 25 S. 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Mánudaginn kl. 20:00
GREY'S ANATOMY




BAKÞANKAR


GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Náttúran

Ég reyndi oft að halda því fram í mótmælum mínum gegn Kárahnjúkavirkjun við ófá tækifæri rétt í þann mund er framkvæmdirnar þarna fyrir austan voru að hefjast, að það væru gjaldgeng rök fyrir því að menn ættu að stöðva framkvæmdirnar undir eins að ég sjálfur, sem góður og gegn Íslendingur og jarðarbúi, væri ekki enn búinn að fara þarna austur yfir og sjá svæðið óspjallað. Menn ættu sem sagt að bíða með að skemma það þangað til ég væri búinn að sjá það.

**ÉG** veit að þetta hljómar sjálfhverft. En það er það ekki. Virkjunarsinnar beittu því oftsinnis sem rökum fyrir því að þarna mætti skemma náttúruperlur, að það hefði hvort sem er enginn séð þær og að það hefði þar af leiðandi enginn áhuga á þeim. En þetta fannst mér alltaf öfugsnúið. Það eru einmitt frekar rök gegn því að skemma náttúruperlur að fólk á eftir að sjá þær og njóta þeirra. Uppgötva þær.

**OG** það besta við þessi rök mín fannst mér alltaf, í barnslegri einlægni, vera það að þau virkuðu þannig að aldrei yrði í raun hægt að byrja virkjunarframkvæmdir vegna þess að alltaf myndi nýtt fólk koma og segja: „Nei, bíðið aðeins! Ég á líka eftir að sjá.“ Börnin mín ættu eftir að sjá og börnin þeirra. Þannig myndu kynslóðirnar koma í veg fyrir eyðilegginguna bara með því að segja „Stopp, bíðið aðeins! Leyf mér að sjá áður en þið byrjið.“

**ÉG** gerði mér grein fyrir að vinnumennirnir myndu ekki fara í endalausa reykingapásu út af slíku í raunveruleikanum. Þetta var hálmstrá sem ég greip til í hita rökræðunnar, en það er sama. Þessi krafa eins manns um að mega sjá, upplifa og njóta náttúruperlunnar í þó ekki væri nema andartak rétt áður en hún yrði eyðilögð, fól í sér þögula en ófrávíkjanlega kröfu heilu kynslóðanna um að okkur beri að varðveita náttúrudýrgripi og þjóðargersemar, sem eru í okkar vörslu núna um stundarsakir, að eilífu.

**FYRIR** tveimur árum gekk ég upp frá Núpsstaðarskóg í hópi fólks í rigningu og þoku og barði skyndilega augum, nánast óviðbúinn, gríðarlega náttúrufegurð. Ég vissi ekki af henni áður. Hafði ekki séð hana og varla heyrt um hana. Kannski myndu einhverjir virkjunarsinnar telja allt í lagi að virkja á þessu svæði vegna þess hversu fáir hafa séð það. Þarna eru kröftugar ár sem renna af ógnarmætti ofan í djúpum gljúfrum.

**ÉG** vil bara segja það að ef einhver hefði verið búinn að sprengja sundur og saman þessi gljúfur og bora göng í fjallið og fjarlægja árnar og byggja stíflu og kaffæra landið með lóni, hefði ég, ásamt öllum öðrum, verið sviptur óendanlega dýrmætum fjársjóði sem ég kýs að skilgreina ekki mikið frekar. Segi þó bara það, að með því að skemma slíka dýrgripi í nafni atvinnustefnu er jafnframt verið að svipta tilganginum undan því að hafa atvinnu í þessu landi yfir höfuð. Svo ég útskýri þetta með dæmi: Það er eins og að selja barnið sitt til þess að geta keypt bleyjur.


ÚTSALA
27 desember - 22 janúar



© Inter IKEA Systems B.V. 2006

IKEA®

Opið 10:00 - **20:00** virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is